



# Aðalskipulag Skorradalshrepps

## 2010 – 2022

Greinargerð 20. apríl 2012



TEIKNSTOFA GUÐRÚNAR JÓNSDÓTTUR

TJARNARGÖTU 4 101 REYKJAVÍK SÍMI 5627750 FAX 5627710 TGJ@TGJ.IS WWW.TGJ.IS

# **Aðalskipulag Skorradalshrepps**

## **2010 – 2022**

**Greinargerð 20. apríl 2012**

**Unnið fyrir Hreppsnefnd Skorradalshrepps**



**TEIKNISTOFA GUÐRÚNAR JÓNSDÓTTUR**

TJARNARGÖTU 4 101 REYKJAVÍK SÍMI 5627750 FAX 5627710 TGJ@TGJ.IS WWW.TGJ.IS

## Aðalskipulag Skorradalshrepps 2010 – 2022

Verkkaupi: Hreppsnefnd Skorradalshrepps

Umsjónarmaður verkkaupa: Aðalskipulagsnefnd Skorradalshrepps, en í henni sitja Pétur Davíðsson formaður, Karólína Hulda Guðmundsdóttir og Jón Eiríkur Einarsson

Verktaki: TGJ Teiknistofa Guðrúnar Jónsdóttur ark. faí.

Vinnsla greinargerðar, texta, taflna, korta, skýringarkorta og uppsetning: Páll Jakob Líndal og Guðrún Jónsdóttir

Vinnsla aðalskipulagsuppráttar og hnitasetning frístundabyggasvæða: Árni Þorvaldur Jónsson og Ólöf Guðný Valdimarsdóttir

Aðstoð á TGJ Teiknistofu Guðrúnar Jónsdóttur: Ragnheiður Ragnarsdóttir

Aðstoð við öflun ýmissa gagna, val á myndum, yfirlestur, gerð heimildaskrár og fleira:

Aðalskipulagsnefnd Skorradalshrepps

Mynd 6: Borgþór Magnússon plöntuvistfræðingur

Kápumynd: Mats Wibe Lund

Útgefandi: Skorradalshreppur

Öllum er heimil afnot og ívitnanir í greinargerð þessa, en þá skal geta heimilda.

©2013 Skorradalshreppur

## Staðfestingarsíða greinargerðar

Aðalskipulag þetta, sem auglýst hefur verið samkvæmt 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum, var samþykkt í hreppsnefnd Skorradalshrepps, þann 14/6 2012



Aðalskipulag þetta var afgreitt af Skipulagsstofnun til staðfestingar umhverfisráðherra samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum, þann 17. 7 2013



Hafdís Hafliðadóttir Björn Bj.- Árnaldsson

Aðalskipulag Skorradalshrepps 2010 – 2022 var staðfest af umhverfisráðherra þann 15-10 2013

Myrýr Jónasson Þórarins Þórhallsson

Aðalskipulag Skorradalshrepps 2010 - 2022 er staðfest með fyrirvara um

- niðurstöður mats á umhverfisáhrifum þeirra framkvæmda sem háðar eru, eða kunna að vera háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt 5. og 6. gr. laga nr. 106/2000.
- að gert verði ofanflóðahættumat skv. lögum nr. 49/1997 um snjóflóð og skriðuföll með breytingum í lögum nr. 71/2000 og 41/2008 og reglugerð nr. 505/2000 með breytingum í reglugerðum nr. 495/2007 og 309/2010 við gerð deiliskipulags og við afgreiðslu einstakra byggingar- og framkvæmdaleyfisumsókna.

## Formáli

Fyrirmæli um aðalskipulag sveitarfélaga eru í skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 og nánar útfærð í reglugerð nr. 400/1998. Þar eru tilgreindir þeir landnotkunarflokkar sem hreppsnefndir eiga að fjalla um og móta rökstudda stefnu um og tekur áætlunin til alls lands innan viðkomandi sveitarfélags. Aðalskipulag er áætlun um landnotkun. Meta þarf áhrif aðalskipulags skv. lögum nr. 105/2006 um mat á umhverfisáhrifum. Lögin byggja á tilskipun Evrópusambandsins (2001/42/EB) og eiga að tryggja að ábyrgðaraðilar skipulagsáætlana taki tillit til *efnahagslegra, félagslegra og menningarlegra* þarfa, hafi *heilbrigði* og öryggi fólks að leiðarljósi og stuðli að *skynsamlegri* og *hagkvæmri* nýtingu lands og landgæða með **sjálfbæra þróun** að leiðarljósi. Þá þarf að taka tillit til margskonar opinberra áætlana og umhverfisverndarmarkmiða sem og til gildandi skipulagsáætlana (svæðis- eða aðalsk.) aðliggjandi sveitarfélaga. Viðmiðin og fyrirmælin eru því fjölmörg, þegar mótuð er stefna í aðalskipulagi.

Hér er í fyrsta sinn lagt fram aðalskipulag Skorradalshrepps og nær áætlunin til tólf ára (ASK 2010 – 2022). Hún er sett fram, annars vegar á uppdrætti og hins vegar í þessari greinargerð og unnin í samvinnu við ráðgjafa á Teknistofu Guðrúnar Jónsdóttur. Á uppdrættinum er yfirlit helstu stefnumiða og landnotkun sýnd í táknum og litum. Greinargerðin skiptist í meginindráttum í tvennt; annars vegar eru náttúrufars- og samfélagslegar forsendur og hins vegar er stefna í 18 landnotkunarflokkum (sjá efnisyfirlit).



ASK 2010 – 2022 er undirstaða og meginviðmið þegar kemur að margskonar áætlanagerð í hreppnum. Hér er mótuð stefna og settar reglur um deiliskipulag á jörðum, eða jarðarhlutum sem þarf að taka mið af. Þá er ASK 2010 – 2022 grundvöllur Staðardagskrár 21, þar sem ýmis stefnumið eru útfærð nánar í „verkefni“ (sjá fylgiskjal). Þá er áætlunin grunnur ýmissa liða í fjárhagsáætlun hreppsins. ASK 2010 - 2022 er því mikilvægt stjórntæki hreppsnefndar. Um leið er áætlunin opin íbúum og hagsmunaaðilum og öðrum sem hug hafa á, að kynna sér skipulagsmál og stefnumið Skorradalshrepps, á vefnum skorradalur.is.

Vinnslutími aðalskipulagsins hefur verið langur og hafa ýmsar forsendur breyst frá því byrjað var, um aldamótin 2000. Þá var nýlega samþykkt Svæðisskipulag norðan Skarðsheiðar (SnS 1997 – 2017). Forsendur eru mikið breyttar frá því síðan var gerð. Þannig hafa aðrir hreppar en Skorradalur, sem aðild áttu að SnS 1997 – 2017, sameinast með Borgarnesi í „Borgarbyggð.“ SnS 1997 – 2017 hefur nú verið fellt úr gildi en helstu stefnumið þess, sem enn eiga við, eru annars vegar hluti af aðalskipulagi Borgarbyggðar og verða það einnig við gildistöku ASK 2010 – 2022 sem hér er sett fram.

Skorradal, í apríl 2012,  
oddviti Skorradalshrepps

# Efnisyfirlit

<b>Staðfestingarsíða greinargerðar .....</b>	<b>i</b>
<b>Formáli .....</b>	<b>iii</b>
<b>Efnisyfirlit .....</b>	<b>iii</b>
Töflur.....	iv
Kort .....	v
Skýringarkort.....	v
Myndaskrá .....	vi
<b>Inngangur .....</b>	<b>1</b>
Hvað er ASK 2010 – 2022.....	2
Hvert er hlutverk ASK 2010 –2022.....	2
Fyrirliggjandi svæðis- og aðalskipulagssáætlanir.....	3
Leiðarljós ASK 2010 – 2022.....	3
Meginmarkmið hreppsnefndar.....	3
Framsetning .....	5
Vinnuferlið og kynning.....	5
<b>I. Forsendur - náttúran.....</b>	<b>7</b>
1.1 Staðhættir og náttúrufar .....	7
1.2 Jarðfræði og landmótun .....	9
1.3 Vatnafar .....	10
1.4 Lífríki -rannsóknir .....	10
1.5 Náttúruvernd .....	20
1.6 Veðurfar .....	22
1.7 Náttúrvá .....	23
<b>II. Forsendur - samfélag .....</b>	<b>25</b>
2.1. Saga, þjóðminjar og sagnir.....	25
2.2 Íbúaþróun og aldur .....	32
2.3 Byggð.....	33
2.4 Atvinna .....	35
2.5 Opinber þjónusta, frjáls félagastarfsemi og afþreying .....	39
2.6 Samgöngur .....	42
2.7 Veitur, lagnir og fjarskipti .....	44
2.8 Efnistökusvæði.....	48
2.9 Sorpfögunarsvæði .....	48
<b>III. Sérstakar forsendur .....</b>	<b>49</b>
<b>IV. Umhverfisskýrsla .....</b>	<b>51</b>
Samantekt.....	51
Umhverfisáhrif .....	51
Heildarniðurstaða .....	52
4.1 Inngangur .....	52
4.2 Helstu leiðir við gerð umhverfismats.....	53
4.3 Tengsl við aðra áætlanagerð.....	53
4.4 Heildarstefna hreppsnefndar.....	55
4.5 Yfirlit yfir umfang og efni umhverfismatsins.....	56
4.6 Núllkostur.....	56
4.7 Umhverfispættir .....	57
4.8 Einkenni og vægi áhrifa, einkunnargjöf .....	57
4.9 Vöktun – mat á umhverfisáhrifum.....	58
4.10 Matstöflur .....	58
4.10.1 Samgöngur .....	58
4.10.2 Hverfisvernd.....	62

4.10.3 Íbúðarsvæði .....	64
4.10.4 Frístundabyggðarsvæði.....	68
4.10.5 Efnistaka.....	70
4.11 Greinargerð hreppsnefndar Skorradalshrepps.....	73
<b>V. Skipulagsáætlun .....</b>	<b>78</b>
5.1 Landbúnaðarsvæði .....	80
5.2 Íbúðarsvæði .....	83
5.3 Frístundabyggð .....	85
5.4 Verslunar- og þjónustusvæði.....	90
5.5 Svæði fyrir þjónustustofnanir .....	91
5.6 Athafnasvæði .....	91
5.7 Iðnaðarsvæði .....	92
5.8 Efnistökusvæði.....	92
5.9 Óbyggð svæði.....	95
5.10 Opin svæði til sérstakra nota .....	95
5.11 Samgöngur .....	96
5.12 Náttúruverndarsvæði .....	98
5.13 Þjóðminjaværndarsvæði .....	98
5.14 Hverfisvernd.....	99
5.15 Vötn og ár .....	101
5.16 Náttúruvá.....	102
5.17 Veitur og vatnsvernd .....	103
5.18 Úrgangsmál .....	105
<b>VI. Heimildir .....</b>	<b>106</b>
<b>Viðauki I.....</b>	<b>110</b>
Tilgangur og hlutverk mats á umhverfisáhrifum .....	110
Framkvæmdir sem alltaf eru háðar mati á umhverfisáhrifum .....	110
Framkvæmdir sem kunna að vera háðar mati á umhverfisáhrifum .....	110
<b>Viðauki II.....</b>	<b>112</b>
Friðlýsing Vatnshornsskógar .....	112
<b>Viðauki III.....</b>	<b>114</b>
Samkomulag um sameiginlega friðun lands .....	114
<b>Viðauki IV .....</b>	<b>115</b>
Grunnástand og viðmið til grundvallar mati á áhrifum áhrifaþáttu á umhverfisþætti.....	115
<b>Viðauki V .....</b>	<b>116</b>
Athugasemdir og svör hreppsnefndar .....	116

## Töflur

Tafla 1. Breytingar sem hafa verið gerðar á SnS 1997-2017 og tilheyra Skorradalshreppi.....	3
Tafla 2. Jarðir í Skorradalshreppi, þar sem fornleifaskráning hefur farið fram .....	27
Tafla 3. Eignarhald jarða í Skorradalshreppi og búsetuform.....	33
Tafla 4. Yfirlit yfir fjölda íbúðarhúsa og stakra frístundahúsa á hverri jörd 1. desember 2009.....	34
Tafla 5. Yfirlit yfir heiti, flokkun, lengd og legu vega í Skorradalshreppi árið 2007 .....	42
Tafla 6. Yfirlit yfir umferð á vegum í Skorradalshreppi árið 2007. ....	42
Tafla 7. Helstu þættir sem kunna að verða undir áhrifum vegna lagfæringa fremsta hluta Skorradalsvegar (508 04). ....	59
Tafla 8. Helstu þættir sem kunna að verða undir áhrifum ef ráðist verður í framlengingu Fellsvegar (509 05) og tengingar við fremsta hluta Skorradalsvegar (508 04). ....	60
Tafla 9. Helstu þættir sem kunna að verða undir áhrifum ef núllkostur verður valinn. ....	61
Tafla 10. Helstu þættir sem kunna að verða undir áhrifum vegna hverfisverndar. ....	62
Tafla 11. Helstu þættir sem kunna að verða fyrir áhrifum ef núllkostur er valinn.....	63
Tafla 12. Helstu þættir sem kunna að verða undir áhrifum vegna þéttrar íbúðarbyggðar.....	65

Tafla 13. Helstu þættir sem kunna að verða undir áhrifum vegna gisinnar íbúðarbyggðar.	66
Tafla 14. Helstu þættir sem kunna að verða undir áhrifum ef ekki er gert ráð fyrir íbúðasvæðum.	67
Tafla 15. Helstu þættir sem kunna að verða undir áhrifum vegna frístundabyggðar.	68
Tafla 16. Helstu þættir sem kunna að verða undir áhrifum vegna núllkosts.	69
Tafla 17. Helstu þættir sem kunna að verða undir áhrifum vegna efnistöku.	71
Tafla 18. Helstu þættir sem kunna að verða fyrir áhrifum ef núllkostur er valinn.	72
Tafla 19. Landnotkun jarða í Skorradalshreppi.	78
Tafla 20. Óráðstöfuð heimild til deiliskipulags án þess að heildarskipulag jarðar sé gert.	81
Tafla 21. Yfirlit yfir íbúðarsvæði, flokk þeirra og stærð.	83
Tafla 22. Óráðstöfuð heimild til stakra íbúðarhúsa á jörð án breytinga á ASK 2010 – 2022.	83
Tafla 23. Heiti frístundabyggðar á einstökum jörðum, flokkun og stærð svæða.	85
Tafla 24. Lýsing á afmörkun einstakra svæða (og hnitasetning) eftir jörðum.	86
Tafla 25. Óráðstöfuð heimild til stakra fríst.húsa á jörð, án breytinga á ASK 2010 – 2022.	89
Tafla 26. Yfirlit yfir verslunar- og þjónustusvæði, stærð, staðsetningu og eðli.	90
Tafla 27. Yfirlit yfir þjónustustofanir, eðli og þjónustu.	91
Tafla 28. Yfirlit yfir athafnasvæði, stærð, staðsetningu og eðli.	91
Tafla 29. Yfirlit yfir iðnaðarsvæði, stærð, staðsetningu og eðli.	92
Tafla 30. Yfirlit yfir efnistökusvæði, staðsetningu, rétthafa, gerð og áætlaða stærð.	93
Tafla 31. Almennar reglur um efnistöku.	94
Tafla 32. Yfirlit yfir opin svæði til sérstakra nota, staðsetningu og eðli.	95
Tafla 33. Yfirlit yfir opin skógarsvæði til sérstakra nota.	95

## Kort

Kort 1. Tilraunasvæði skógræktar í Skorradal.	13
Kort 2. Skógar í Skorradal.	14
Kort 3. Hlutfall gróins lands, jöklar, stöðuvatna og auðna á landsvísu.	15
Kort 4. Meðalhitastig hvers mánaðar á Hvanneyri, Þingvöllum, Akureyri og Reykjavík.	22
Kort 5. Ársúrskoma í Andakílsárvirkjun, Hvanneyri, Þingvöllum, Akureyri og Reykjavík.	22
Kort 6. Meðalúrkoma hvers mánaðar í Andakílsárvirkjun, Hvanneyri, Þingvöllum, Akureyri og Reykjavík.	23
Kort 7. Íbúaþróun í Skorradalshreppi.	32
Kort 8. Aldursskipting íbúa í Skorradalshreppi.	32
Kort 9. Fjöldi starfandi einstaklinga eftir atvinnugreinum.	35
Kort 10. Fjöldi nautgripa, kúa og hrossa.	35
Kort 11. Fjöldi sauðfjár og áa í Skorradalshreppi.	36
Kort 12. Val erlendra ferðamanna á afþreyingu.	38
Kort 13. Aðalskipulagsuppráttur 2010-2022 smækkaður.	125

## Skýringarkort

Skýringarkort 1. Jarðfræðikort af Skorradalshreppi.	8
Skýringarkort 2. Gróðurfarskort af Skorradalshreppi.	16
Skýringarkort 3. Landnám og upphafleg skipting jarða á skipulagssvæðinu.	26
Skýringarkort 4. Forsælubær í Skorradalshreppi.	30
Skýringarkort 5. Dreifikerfi rafmagns í Skorradalshreppi. Línur og jarðstrengir.	46
Skýringarkort 6. Vegir, megin göngu- og reiðleiðir í Skorradalshreppi.	97

## Myndaskrá


Mynd 1. Mörk sveitarfélaga árið 2008 .....	1
Mynd 2. Úr Fitjahlíð, sem er eitt af frístundasvæðunum í Skorradal .....	6
Mynd 3. Skessuhorn (Heiðarhorn innra) .....	7
Mynd 4. Skarðsheiðin tilsvýndar .....	9
Mynd 5. Hvítserkur í Fitjaá .....	10
Mynd 6. Flókakræða .....	11
Mynd 7. Umhirða.....	13
Mynd 8. Rofbeltið árið 2005.....	17
Mynd 9. Landbrot í Fitjahlíð .....	17
Mynd 10. Glókollur .....	18
Mynd 11. Flórgoði .....	18
Mynd 12. Himbrimi.....	18
Mynd 13. Bleikja.....	19
Mynd 14. Urriði .....	19
Mynd 15. Vatnshornsskógur tilsvýndar.....	20
Mynd 16. Friðlandið Vatnshornsskógur .....	21
Mynd 17. Stálpastadahlíð .....	24
Mynd 18. Skráningarsvæði í Dagverðarnesi .....	27
Mynd 19. Stóravarða .....	28
Mynd 20. Skráningarsvæði í Hvammi.....	28
Mynd 21. Rúst Bo-136:001 .....	28
Mynd 22. Stráksvarða.....	29
Mynd 23. Stálpastadír.....	29
Mynd 24. Fitjakirkja .....	31
Mynd 25. Íbúðarhús við Birkimóá .....	33
Mynd 26. Skógrækt á Fitjum og í Bakkakoti .....	36
Mynd 27. Starfstöð Skógræktar ríkisins í Hvammi .....	37
Mynd 28. Sigurjón Magnússon afhendir Davíð Péturssyni oddvita nýja slökkvibílinn.....	40
Mynd 29. Fitjakirkja .....	41
Mynd 30. Horft suður að Geldingadraga.....	43
Mynd 31. Útsýni norðuraf Síldarmannagötum.....	43
Mynd 32. Magnús landpóstur frá Arnþórsholti, 1960.....	43
Mynd 33. Fitjaá .....	44
Mynd 34. Háafellsreitur.....	100
Mynd 35. Mófellsstæðir .....	101
Mynd 36. Skrifað undir auglýsingu um friðun Vatnshornsskógar .....	119

## Inngangur

Skorradalur er syðstur Borgarfjarðardala, um 25 km.á lengd. Aðliggjandi sveitarfélög eru Hvalfjarðarsveit og Borgarbyggð.

Skorradalshreppur er eina sveitarfélagið í Borgarfjarðarsýslu, sem ekki hefur sameinast öðru sveitarfélagi.

Aðalskipulag Skorradalshrepps 2010 - 2022 (ASK 2010 – 2022) tekur til alls lands innan hreppsins, sem er 216 km<sup>2</sup>.



Mynd 1. Mörk sveitarfélaga árið 2008

### Kennileiti

- Skarðsheiði, Skessuhorn og Heiðarhorn vestast á fjallinu hæst (1054 m.y.s.).
- Skorradalsvatn (57 m.y.s.) er um 15km<sup>2</sup> á lengd. Vatnið er stærsta stöðuvatn á Vesturlandi og hefur verið miðlunarlon Andakílsárvirkjunar í 50 ár.
- Eiríksvatn (278 m.y.s.) er 0,77 km<sup>2</sup> á eystri mörkum hreppsins.
- Fitjaá er útfall Eiríksvatns. Fellur í Skorradalsvatn.
- Andakílsá er útfall Skorradalsvatns. Fellur í Borgarfjörð. Áin er röskuð frá 1948 með stíflu í ósi Skorradalsvatns og stýringu Andakílsárvirkjunar, sem staðsett er þar sem áður voru Andakílsárfossar, um 5 km frá upptökum árinna.
- Vatnhornsskógur er hávaxnasti og vöxtulegasti birkiskógur á Vesturlandi.
- Sígrænn skógur er víða í dalnum.

Nánari lýsing útmarka. Víðast ráða vatnaskil:

#### • Í vestri:

Sunnan Andakílsár fylgja mörkin vesturmörkum Neðra-Hrepps, frá Brekkufjalli (409 m.y.s.) að Andakílsá, en norðan árinna liggja þau um Fossamela, vestan við Hálsa og fylgja mörkum jarða yfir Hestháls, austan Hestfjalls (128 m.y.s.).

#### • Í norðri:

Austur af Hesthálsi um Skorradalsháls (Skálafell hæst 435 m.y.s.), eftir mörkum jarða, víðast á vatnaskilum austur í Eiríksvatn.

#### • Í austri:

Úr Eiríksvatni eftir mörkum Efstabæjar til suðurs, austan við Veggi (585 m.y.s.). Mæta mörkum Hvalfjarðarsveitar og Borgarbyggðar, suðvestur af Kvígindisfelli (786 m.y.s.).

#### • Í suðri:

Fylgja jarðarmörkum frá Efstabæ vestur um Botnsheiði (Tvívörður hæst 589 m.y.s.) að Glámu austanverðri. Þaðan inn Grafardal að mörkum Vatnshorns og svo vestur eftir Hálsinum í Dragafell (478 m.y.s.). Þaðan víðast á vatnaskilum í Heiðarhorn (1054 m.y.s.) og eftir mörkum jarða í Brekkufjall.



## Hvað er ASK 2010 – 2022

- ASK 2010 – 2022 er *skipulagsáætlun* fram til ársins 2022, þ.e. rökstudd stefna og stjórntæki hreppsnefndar Skorradalshrepps um *alla landnotkun* innan marka hreppsins, eins og skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 mæla fyrir um.
- ASK 2010 - 2022 byggir á gefnum forsendum um landnotkunarflokkum sem tilgreindir eru í 4. kafla skipulagsreglugerðar nr. 400/1998. ASK 2010 - 2022 áætlar um þróun og markar stefnu í þessum flokkum fram til 2022.
- ASK 2010 – 2022 tekur mið af gildandi skipulagsáætlunum á sveitarfélagsmörkum, s.s. Svæðisskipulagi norðan Skarðsheiðar 1997 – 2017 (SnS 1997 – 2017) og stefnu stjórnvalda á landsvísu í ýmsum málauflokkum, t.d. samgönguáætlun og "Velferð til framtíðar". *Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Stefnumörkun til 2022.*
- ASK 2010 – 2022 tekur mið af alþjóðlegum skuldbindingum og er grundvöllur deiliskipulags einstakra svæða innan hreppsins, í samvinnu við landeigendur og almenning.
- ASK 2010 – 2022 er grundvöllur fjárhags- og framkvæmdaáætlana hreppsins, s.s. Staðardagskrár 21, sem er velferðaráætlun í tilteknum málauflokkum og byggð á hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar. Hún var fyrst gefin út í desember 2005. Önnur útgáfa S21 er fylgiskjal ASK 2010 – 2022.
- ASK 2010 – 2022 er háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana, en lögin hafa það markmið að ábyrgðaraðilar taki tillit til umhverfissjónarmiða eins og kostur er, með því að meta samkvæmt tiltækri þekkingu og þekktum matsaðferðum, áætluð umhverfisáhrif tiltekinna framkvæmda, sem stefna er mörkuð um og falla undir leyfisskyldu skv. lögum nr. 106/2000. Matið er sett fram í umhverfisskýrslu sem er fylgiskjal ASK 2010-2022.

## Hvert er hlutverk ASK 2010 –2022

Það byggist á markmiðum skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 um

- Að þróun byggðar og landnotkunar á landinu öllu verði í samræmi við skipulagsáætlanir, sem hafi efnahagslegar, félagslegar og menningarlegar þarfir landsmanna, heilbrigði þeirra og öryggi að leiðarljósi.
- Að stuðla að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja varðveislu náttúru- og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.
- Að tryggja réttaröryggi í meðferð skipulags- og byggingarmála, þannig að réttur einstaklinga og lögaðila sé ekki fyrir borð borinn þótt hagur heildarinnar sé hafður að leiðarljósi.
- Að tryggja faglegan undirbúning mannvirkjagerðar og virkt eftirlit með því að kröfum um öryggi, endingu, útlit og hagkvæmni bygginga og annarra mannvirkja sé fullnægt.
- Að komast að því hvort afla þurfi nýrrar þekkingar með rannsóknum/ athugunum vegna stefnu eða óska um landnotkun.



## Fyrirliggjandi svæðis- og aðalskipulagssáætlanir

Í Skorradalshreppi voru upphaflega fyrirliggjandi tvær slíkar skipulagsáætlanir:

- Aðalskipulag Dagverðarness – staðfest 16. nóvember 1994
- Svæðisskipulag sveitarfélaganna norðan Skarðsheiðar 1997 – 2017 – staðfest 19. febrúar 1998.

Tafla 1 sýnir þær breytingar sem gerðar hafa verið á SnS 1997 – 2017 innan sveitarfélagsmarka Skorradalshrepps fram að 20. desember 2010.

Tafla 1. Breytingar sem hafa verið gerðar á SnS 1997-2017 og tilheyra Skorradalshreppi<sup>1</sup>.

Jörð	Tegund breytingar	Málsnúmer breytinga hjá Skipulagsstofnun
Indriðastaðir	Frístundabyggð, stækkan	1999 110052
Grund	Íbúðarbyggð	2000 110007
Hvammur	17,5 ha stækkan frístundabyggðar	2002 020022
Indriðastaðir	Frístundabyggð og efnistaka	2003 020048
Hvammur	Frístundab., opið svæði til sérstakra nota, íbúðarsvæði og athafnasvæði	2003 090069
Indriðastaðir	35,2 ha golfvöllur (opið svæði til sérstakra nota)	2003 110001
Sultartangalína 3		2003 110081
Indriðastaðir	5,1 ha sv. til sérstakra nota og 1,3 ha sv. verslun og þjónusta	2003 110082
Hvammur	Hvammsskógar 10	2004 120032
Vatnsendi	2 svæði fyrir frístundabyggð	2005 060042
Indriðastaðir	33,8 ha stækkan frístundabyggðar	2006 010109
Indriðastaðir	4,56 ha svæði. Frístundabyggð verður landbúnaðarsvæði	2006 030076
Hálsar	Frístundabyggð stækkar í 113 ha	2006 100008
Vatnsendi	13 ha stækkan frístundabyggðar	2007 030034

Þá var gerð breyting á SnS þann 10. apríl 2006 og er greint frá henni sérstaklega í kafla 5.2. SnS 1997-2017 var fellt úr gildi 18. mars 2011.

Engar breytingar hafa verið gerðar á Aðalskipulagi Dagverðarness en skipulagið fellur úr gildi við staðfestingu ASK 2010 – 2022.

## Leiðarljós ASK 2010 – 2022

Landnotkun/nýting skal vera á forsendum sjálfbærrar þróunar sem miðar að því að tryggja núverandi kynslóðum góð lífsskilyrði, án þess að ganga á möguleika komandi kynslóða til hins sama.

## Meginmarkmið hreppsnefndar

Að nota Staðardagskrá 21 sem velferðaráætlun fyrir hreppinn. Þar stýrir „leiðarljós“ og stefnumörkun ASK 2010 – 2022 útfærð í verkefnalista, sem miðar að því að skapa enn betra

<sup>1</sup> Skipulagsstofnun, Guðrún Halla Gunnarsdóttir, tölvupóstur



*samfélag.* Í því felst að um leið og reynt er að mæta efnahags- og félagslegum þörfum samtímans, skal einnig séð til þess að ýmis grunngæði náttúrunnar og menningarsögunnar verði vernduð, til að draga ekki úr möguleikum komandi kynslóða á svæðinu, til hvorutveggja. Það felur einnig í sér að virða alþjóðlega umhverfisverndarsamninga og auka samráð og kynningu á málum er varða heildina.

Helstu stefnumið eru<sup>2</sup>:

Um byggðaþróun, að

- skapa góð atvinnu-, búsetu- og frístundaskilyrði í fallegu og öruggu umhverfi
- heildstætt deiliskipulag verði unnið fyrir hverja „jörð“ (skilgr. laga 81/2004)
- fjölga möguleikum á fastri búsetu í hreppnum.

Í atvinnumálum, að

- auka fjölbreyttni í atvinnulífi í hreppnum.
- landnotkun verði fyrst og fremst til „landbúnaðar“ (sbr. skilgr. laga 81/2004).
- leiga líða undir frístundabyggð verði skilgreind sem „hlunnindi“ (sbr. skilgr. laga 81/2004).

Um félagsleg markmið, að

- efla samvinnu við önnur sveitarfélög til að tryggja íbúum aðgang að opinberri þjónustu, á sviði mennta-, menningar- og heilbrigðisþjónustu.
- styrkja tengsl milli íbúa og eigenda frístundahúsa.
- auka íbúalýðræði og kynningu á málum er varða heildina.

Í samgöngum er

- stefnt að öruggara umferðarkerfi, auknu viðhaldi vega, lagningu og merkingu stíga. Einnig lagfæringu flóttaleiða vegna mögulegra gróðurelda í dalnum.
- stefnt að setningu reglugerðar um vélknúna umferð á Skorradalsvatni, sumar og vetur.

Hvað varðar öryggismál, æskilegar rannsóknir, jarðrask o.fl. er stefnt að því að

- ljúka áætlun um hættumat, viðbrögð og forvarnir vegna mögulegra gróðurelda fyrir 2018.
- vistkerfa- og búsvæðarannsóknir verði efldar í samvinnu við háskóla og opinberar rannsóknarstofnanir.
- móta stefnu um bátaskýli við Skorradalsvatn á grundvelli úttektar fyrir 2014.
- styðja við skráningu og verndun mennningarsögulegra verðmæta.
- friðlýsa birkiskógarvistkerfi landnámsjárðarinnar Vatnshorns.
- efla Veiðifélag Skorradalsvatns.
- ná samningum við Andakílsárvirkjun um minni yfirborðssveiflur í Skorradalsvatni og vinna að endurheimt Andakílsár til fiskgengdar.
- koma á vöktunarrannsóknum í ám, vötnum og á landi þar sem mengunarhætta er
- heilsteypt, áfangaskipt vöktunaráætlun fyrir valda umhverfisþætti liggi fyrir 2018 ásamt viðbragðsáætlun.

<sup>2</sup> Sjá einnig Staðardagskrá 21 fyrir Skorradalshrepp.



- á öllum framkvæmdasvæðum verði skyldt að halda jarðraski í lágmarki svo náttúrulegur gróður fari sem minnst forgörðum, með áherslu á birkikjarr/skóg.

## Framsetning

ASK 2010 – 2022 er á vef Skorradalshrepps: <http://www.skorradalur.is>, ásamt Staðardagskrá 21 fyrir Skorradalshrepp.

Aðalskipulagsáætlunin er sett fram með eftirfarandi hætti:

- Á uppdrætti í mælikvarða 1:25000, unnum á kortagrunn frá Loftmyndum ehf.
- Í greinargerð þar sem greint er frá í máli, myndum, töflum, línuritum og skýringarkortum, helstu forsendum í köflum I, II og III, umhverfisskýrslu í kafla IV og áætlun í átján málaflokkum í kafla V (sjá efnisyfirlit).

Mikilvægt er að ASK 2010 - 2022 sé *aðgengilegt, notað og endurskoðað* reglulega svo markmið þess sem *stjórntækis*, nýtist sem best.

## Vinnuferlið og kynning

Undirbúningur að vinnu að ASK 2010 - 2022 hófst síðla árs árið 1999, en margt varð þess valdandi að ekki var unnt að ljúka vinnu við áætlunina fyrr en 2012.

Ýmissa gagna var aflað á þessum langa tíma. Á árunum 2001 – 2002 var leitað til landeigenda hvað varðar upplýsingar um einstakar jarðir og framtíðarsýn. Þá var á vinnslutímanum fundað með opinberum aðilum s.s. Fornleifavernd ríkisins, Skógrækt ríkisins, slökkviliðsstjóra svæðisins, Brunamálastofnun, Húsaþriðunarnefnd, Veðurstofu Íslands, Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun, Vegagerð ríkisins og vegamálastjóra. Á vissum stigum var leitað eftir skriflegum umsögnum flestra þessara aðila um tillögugerðina.

Formlegar kynningar á tillögunni fram til 20. desember 2010 voru eftirfarandi:

- Á almennum íbúafundi í Skátakálanum 10. september 2003.
- Á fundi Skipulagsnefndar Miðhálendisins í Kríunesi 2. júní 2004 að ósk nefndarinnar.
- Á fundi formanna sumarhúsafélaga í Skorradal 1. júní 2009.
- Á almennum íbúafundi í Skátakálanum 8. júní 2009.

Vinnutillagan var send til umsagnar lögboðinna umsagnaraðila í ágúst 2010

Svör bárust fá:

- Borgarbyggð. Umsögn barst 10. september 2010.
- Flugstoðum ohf. nú Isavia. Umsögn barst 18. ágúst 2010.
- Fornleifavernd ríkisins. Umsögn barst 30. ágúst 2010.
- Húsaþriðunarnefnd. Umsögn barst 15. september 2010.
- Hvalfjarðarsveit. Umsögn barst 16. september 2010.
- Landhelgisgæslunni. Umsögn barst 10. september 2010.
- Landsneti Umsögn barst 20. september 2010.
- Orkustofnun. Umsögn barst 17. ágúst 2010.
- Sjávar- og landbúnaðarráðuneytinu. Umsögn barst 1. október 2010.
- Skipulagsstofnun. Umsögn barst 18. nóvember 2010.
- Skógrækt ríkisins. Umsögn barst 10. september 2010.
- Umhverfisstofnun. Umsögn barst 16. nóvember 2010



- Veðurstofa Íslands. Umsögn 15. nóvember 2010
- Vegagerðinni. Umsögn barst 27. ágúst 2010.
- Veiðimálastofnun. Umsögn barst 13. september 2010.

Brugðist var við athugasemnum úr þessum umsögnum í greinargerð fyrir auglýsingu (sjá athugasemdir og svör hreppsnefndar í Viðauka V).

Tillaga að ASK 2010 - 2022 var auglýst 22. des. 2010. Frestur til að gera athugasemdir rann út 24. febrúar 2011.

Alls bárust 11 athugasemdir frá eftirtöldum aðilum innan tilskilins frests:

1. Arngrímur Hermannson Dagverðarnesi, bréf dags. 21. febrúar 2011.
2. Eigendur Hálsa, bréf dags. 20. febrúar 2011.
3. Eigendur Þrætueyrar og Djúpalækjarmýrar, bréf dags. 22. febrúar 2011.
4. Haukur Engilbertsson, Vatnsenda, bréf dags. 20. febrúar 2011.
5. Landslög - lögfræðistofa v. Lynghvamms og Lerkihvamms í Hvammslandi, bréf dags. 24. febrúar 2011.
6. Landssamband hestamannafélaga, bréf dags. 7. febrúar 2011.
7. Lex-lögmannsstofa f.h. Hvammslands ehf. Bréf dags. 22. febrúar 2011.
8. Skipulagsstofnun, bréf dags. 18. febrúar 2011.
9. Skógrækt ríkisins, bréf dags. 20. febrúar 2011.
10. Stjórn sumarhúsaeigenda í Hvammi, bréf dags. 16. febrúar 2011.
11. Sumarbústaðaeigendur í Dagverðarnesi, bréf dags. 21. febrúar 2011.

Einn aðili gerði athugasemdir eftir að athugasemdafrestur var liðinn:

12. Skógrækt ríkisins, bréf dags. 7. mars 2011.

Sjá athugasemdir og svör hreppsnefndar í Viðauka V.



Mynd 2. Úr Fitjahlíð, sem er eitt af frístundasvæðunum í Skorradal



## I. Forsendur - náttúran

### 1.1 Staðhættir og náttúrufar


Skorradalur er syðstur þeirra dala sem ganga upp frá undirlendi Borgarfjarðar, um 25 km langur eins og áður segir og stefnir til austsuðausturs, inn í landið.

Tvær tilgáтур eru uppi um heiti Skorradals. Samkvæmt Landnámu dregur dalurinn nafn sitt af Skorra, sem „nam Skorradal fyrir ofan vatn“. Sumir fræðimenn telja hins vegar, að heitið eigi rót sína í gelíkska orðnu „sgorr“ sem merkir tindur eða hyrna, en hyrnur Skarðsheiðar eru áberandi kennileiti á svæðinu.

Hyrnan, sem nú kallast Skessuhorn, mun áður fyrr hafa gengið undir nafninu Heiðarhorn eins og syðri hyrnan. Þá var talað um ytra og innra Heiðarhorn<sup>3</sup>.

Vestasti hluti Skorradals nær upp að klappar- og melhryggnum við Andakílsárvirkjun. Þaðan upp af Fossamelum og norðurum að Hesthálsi sem er fremur lágor. Þá tekur Skorradalsháls við, lágreistur vestast en rís svo þegar innar kemur. Hlíðarnar verða brattari uns hálsinn rennur saman við hálendið við Eiríksfell sem stendur fyrir botni dalsins. Þá tekur Botnsheiði við í suður og vestur. Þar eru tvö fell Skúlafell og Bollafell hæst, en utar tekur Vatnshornshálsinn við, þá Dragafell fyrir miðjum dalnum og mynnist við Skarsheiðina til vesturs<sup>4</sup>.

Skipta má hreppnum upp í sex einkennandi landslagsheildir:



Mynd 3. Skessuhorn (Heiðarhorn innra)


- *Purrt mólendi, ræktað land:* Flatlendi sunnan Andakílsár að rótum Skarðsheiðar og út að Brekkufjalli.
- *Votlendisflákar, myra-, jaðargróður og skágivaxnir ásar:* Efra vatnasvið Andakílsár frá ósi Skorradalsvatns. Framræst votlendi að hluta.
- *Stöðuvatn og skógur:* Skorradalsvatn með bröttum hlíðum beggja vegna. Miðlunarlón, frístundabyggð og skógrækt.
- *Dalbotn á vatnasviði Fitjaár:* Um 1 km<sup>2</sup> óraskað votlendi með um 118 tegundir háplantna. Náttúruverndarsvæði að hluta og skógrækt. Alaskalúpína er ríkjandi á vatnasviði Fitjaár og breiðist til vesturs.
- *Hálendisvotlendi og flóar:* á Botnsheiði í um 350 – 450 m.y.s.
- *Lítt gróið land:* Ofan við 350 m.y.s. Á norður- og suðurmörkum svæðisins.

<sup>3</sup> Búnaðarfélag Skorradalshrepps 100 ára 03.07.83, s. 4.

<sup>4</sup> Byggðir Borgarfjarðar II 1998 s. 211-218; Árbók FÍ 2004, s. 107-122 eru dæmi um rit sem gefa greinargóðar lýsingar á staðháttum og náttúrufari í Skorradal. Á slóðinni www.skorradalur.is eru nánari lýsingar.



Skýringarkort 1. Jarðfræðikort af Skorradalshreppi<sup>5</sup>



<sup>5</sup> Heimild: Svæðisskipulag sveitarfélaganna norðan Skarðsheiðar 1997 – 2017. Kort TGJ



## 1.2 Jarðfræði og landmótun<sup>6</sup>

Jarðfræði Skorradalshrepps má í stórum dráttum skipta í tvö megintímabil. Frá vestasta hluta svæðisins og inn að dalbotni er mestmagns að finna basískt og ísúrt hraun eða móberg, 3,3 - 8,5 milljón ára gamalt. Þegar upp á Botnsheiði er komið og á innsta hluta Skorradalsháls, taka við yngri basískt og ísúrt hraun eða móberg, 0,8 - 3,3 milljón ára gamalt.

Jökull mun hafa legið yfir öllu Borgarfjarðarhéraði á síðari jökluskeiðum ísaldar, nema hvað háeggjar Skarðsheiðar hafa staðið uppúr. Talið er að jökullinn hafi verið nokkur hundruð metra þykkur og Skorradalsháls verið á kafi. Dalurinn er skorinn ofan í berggrunninn, sem hugsanlega gæti hafa verið forn rofsléttu, og hefur jökulsvarf átt sinn þátt í landmótuninni, enda eru hlíðar hálsanna beggja vegna dalsins yfirleitt sléttar og stroknaðar.

Þegar ísar tóku að bráðna í ísaldarlok, hækkaði jafnharðan í heimshöfunum og flæddi sjór yfir láglendi í stað jöklanna áður, þar sem tíma tók fyrir landið að rísa undan farginu. Mun sjórinn hafa náð upp í núverandi 40 - 60 m hæð yfir sjó í ísaldarlok og lágsveitir Borgarfjarðar, svo sem Andakíll og Bæjarsveit, verið á kafi. Melar hjá Fossum við Andakílsá, í mynni Skorradals virðast vera fornir sjávarhjallar, að minnsta kosti að utanverðu og því má gera ráð fyrir að sjór hafi náð þar að, en óvist er hvort sjór náði upp í Skorradalsvatn<sup>7</sup>.

Ummerki um heflun og fágun landsins er ekki eins mikil í Borgarfirði eins og víða annars staðar á landinu, en þó eru fallegar jökulstigamenjar víða um dalina, t.d. virðast vera jökulurðir skammt innan við og einnig nokkuð utan við Háafell, sem standast líklega á við urðarhóla sunnan vatns<sup>8</sup>.

Í Stóra-Sandholi sem er jökulruðningshóll niður undan Hornsdal í landi Horns hafa fundist skeljabrot sem eru meira en 12.000 ára gömul<sup>9</sup>.



Mynd 4. Skarðsheiðin tilsvýndar

<sup>6</sup> Byggt á 2. kafla SnS 1997-2017. Sjá einnig árbók FÍ 2004, s. 23-42.

<sup>7</sup> Setkjarnarannsóknir gætu m.a. skorið úr um þetta.

<sup>8</sup> Jarðfræðirannsóknir gætu m.a. skorið úr um þetta.

<sup>9</sup> Árbók FÍ 2004, s. 120.

## 1.3 Vatnafar

### Stöðuvötn og ár

Skorradalsvatn, jökulgrafið dalvatn, (57 m h.y.s.) er eitt af megineinkennum svæðisins og fyllir mest allan botn Skorradals. Vatnið er um  $15 \text{ km}^2$  á lengd og mesta dýpt er 48 m. Vatnasvið þess er um  $147 \text{ km}^2$  og auk ýmissa lækja sem falla úr hlíðum dalsins, falla Fitjaá og Dragá í Skorradalsvatn.

Fitjaá fellur úr Eiríksvatni (278 m h.y.s.), sem er um  $0,77 \text{ km}^2$  stórt, staðsett á eystri mörkum skipulagssvæðisins. Áin fellur um 8 km leið vestur í Skorradalsvatn. Meðalrennslí hennar er um  $3 \text{ m}^3/\text{sek}$ . Margir fossar eru í ánni og er Hvítserkur þeirra mestur.

Dragá fellur í Skorradalsvatn úr Skarðsheiði og veitir um  $1 - 2 \text{ m}^3/\text{s}$  til Skorradalsvatns.

Andakílsá er affall Skorradalsvatns og stærsta vatnsfall í Skorradal. Hún líður bugðótt vestur um Andakíl, alls um 13 – 14 km leið, uns hún fellur í Borgarfjörð. Náttúrulegt vatnsmagn hennar er  $6 - 8 \text{ m}^3/\text{s}$ , en því er stýrt um miðlunarmannvirki af Andakílsárvirkjun sem er staðsett í um 5 km fjarlægð frá upptökum árinnar, utan skipulagssvæðisins.

Vestantil úr Skarðsheiði falla Kaldá, Hornsá og Álfsteinsá, í Andakílsá. Allar framangreindar ár eru dæmigerðar dragár, sem bera fram mikla möl og urð í leysingum.



Mynd 5. Hvítserkur í Fitjaá

### Kalt og heitt jarðvatn<sup>10</sup>

Lítið er um gjöful lindarsvæði í Skorradalshreppi. Víða má þó finna smálindir, en útbreiðslu þeirra þyrfti að rannsaka m.t.t. framtíðar neysluvatnsmála í Skorradal.

Jarðhiti virðist bundinn við NA-SV gosbeltalínurnar. Talið er víst að hann tengist sprungum og misgengi og með borun megi fá heitt vatn víðar en nú er á yfirborði.<sup>11</sup> Borað hefur verið eftir heitu vatni á Stóru Drageyri og er sú borhola virkjuð. Í Hvammi hefur einnig verið borað eftir heitu vatni en borholan er óvirkjuð enn sem komið er. Einnig hefur sírennsli úr heitum hver notast í Hreppslaug í landi Efri- Hrepps.

## 1.4 Lífríki -rannsóknir

Tiltölulegar fáar rannsóknir hafa verið gerðar á lífríki svæðisins, en þó ein mikilvæg fyrir Skorradal þar sem skógur er ríkur landnotkunarþáttur, en það er skógarvistfræðirannsóknin „SKÓGVIST“, sem fjallar um líffræðilega fjölbreytni, framvindu og kolefnishringrás íslenskra skóga, sem gerð var undir stjórn dr. Bjarna D. Sigurðssonar og var samstarfsverkefni Landbúnaðarháskóla Íslands, Rannsóknarsstöðvar skógræktar á Mógilsá, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Landshlutaverkefna í skógrækt.

Niðurstöður hennar staðfesta, að verulegar breytingar verða á lífríkinu þegar skógur vex upp, en þær sýna jafnframt að með markvissu vali á trjátegundum, upphafspéttleika og grisjun (ljós/skuggi og umhirða) má hafa mikil áhrif á fram vinduna. Auk mikilvægi

<sup>10</sup> Sjá nánar í Staðardagskrá 21

<sup>11</sup> SnS 1997-2017, s. 14.



umhirðunnar sýna niðurstöður, að áhrifin fara einnig eftir aldri skóganna. Í skógunum fundust nýjar tegundir sveppa, fléttina og smádýra. Einnig fannst ný fuglategund í varpi, skógarsnípa. Áhrifin á jarðveg leiddu í ljós að mismunandi trjátegundir höfðu ekki marktækt ólík áhrif á sýrustig jarðvegs. Einnig kom í ljós að árleg kolefnisbinding (uppsöfnun kolefnis í lífmassa og jarðvegi) nam um tveimur tonnum kolefnis á hektara á ári fyrstu 15 árin eftir gróðursetningu. Þetta svarar til losunar einkabíls sem ekið er um 30.000 km á ári.

Athyglisvert er hversu margar nýjar tegundir fundust í birkiskógunum, sem rannsakaðir voru til samanburðar. Í Vatnshornsskógi fannst árið 2003 fléttutegundin „flókakræða“ (*Alectoria sarmentosa* ssp. *sarmentosa*) og er það fyrsti fundarstaður hennar í birkiskógi á Íslandi. Þetta sýnir að brýn þörf er á frekari rannsóknum á lífríki og vistfræði náttúruskóga landsins<sup>12</sup>.

Þá væri æskilegt að taka kerfisbundið fyrir svæði í Skorradal og vistgerðarflokka, því slík flokkun veitir mikilvægar upplýsingar um verndargildi lands og „er þýðingarmikið hjálpartæki við ákvarðanir um hvers konar landnotkun, svo sem við gerð skipulagsáætlana, mat á umhverfisáhrifum framkvæmda, náttúruvernd, skógrækt og landgræðslu“<sup>13</sup>.



Mynd 6. Flókakræða

Árið 1999 var á vegum eigenda Fitja gerð úttekt á gróðurfari votlendisins við ósa Fitjaár<sup>14</sup>. Gróðurgreiningin, ásamt örnefnum á svæðinu er nú aðgengileg á skilti við þjóðveginn. Þá hefur tegundafjölbreytni og útbreiðsla fugla verið könnuð á svæðinu (sjá Fuglar)<sup>15</sup>.

## Skorradalsvatn

Nokkrar rannsóknir hafa verið gerðar í *Skorradalsvatni*. Sú fyrsta beindist að bleikju (Jón Kristjánsson, 1974) og síðar var gert stofnstærðarmat á bleikju (Jón Kristjánsson & E.P. Nunnallee, 1978). Þá var gerð heildstæð úttekt á mörgum lífríkispáttum, auk mælinga á efna- og eðlisþáttum (Hilmar J. Malmquist o.fl., 1999, 2000, 2003). Rannsókn þessi var hluti af rannsóknarverkefninu *Yfirlitskönnun á lífríki íslenskra vatna*<sup>16</sup>.

Árið 1993 var unnin skýrla um *Vatnsborðssveiflur í Skorradalsvatni* fyrir Náttúruverndarráð. Þar segir m.a. um áhrif miðlunar á vistfræði vatnsins.

Bráðabirgðaniðurstöður um botndýralíf benda til þess að líttill þéttleiki er af dýrum á botni frá fjöruborði (núverandi stöðu) og niður á 5 m dýpi, eða þar til dýpi eykst snögglega. Má gera ráð fyrir að vatnsborðssveiflur og ölduhreyfingar valdi þar mestu. Auk þess fellur ís ofan á þetta botnsvæði, þegar vatni er hleypt undan ísnum að vetri til. Flatarmál þessa svæðis er um 2.2 km<sup>2</sup>, eða um 15% af heildarflatarmáli vatnsins. Vatnsborðssveiflurnar rýra því fæðuöflunarsvæði og hrygningarástöðvar silungs, sem eru aðallega vatnableikja og murta, en urriði finnst einnig í vatninu. Erfitt er að meta hver áhrifin eru á heildarframleiðslu vatnsins, en ljós er að vatnsborðssveiflur og ís geta rýrt framleiðslu botngróðurs og dýra á þessu botnsvæði<sup>17</sup>.

<sup>12</sup> Sjá niðurstöður Skógvistar í ræðu og riti á slóðinni: <http://www.rannis.is/sjodir/rannsoknasjodur/rannsoknsjodur--frettasida/nr/1187/>

<sup>13</sup> „Verndun svæða, vistgerða og tegunda.Tillögur N.I. vegna náttúruverndaráætlunar 2009-2013“, s.13. Sjá: [http://www.ni.is/media/midlunogthjonusta/utgafa/tillogur\\_v\\_naturuv\\_loka.pdf](http://www.ni.is/media/midlunogthjonusta/utgafa/tillogur_v_naturuv_loka.pdf)

<sup>14</sup> Náttúrufræðistofnun Íslands 99-002. Kristbjörn Egilsson og Guðmundur Guðjónsson.

<sup>15</sup> Gunnar P. Hallgrímsson og Hallgrímur V. Gunnarsson, 2004.

<sup>16</sup> Sjá slóð Náttúrufræðistofu Kópavogs: <http://www.natkop.is/page2.asp?flokkur=vatnaverkfni>

<sup>17</sup> Gísli Már Gíslason, 1993, s. 4. Skýrluna má lesa á [www.skorradalur.is](http://www.skorradalur.is)



Í bréfi Sigurðar Guðjónssonar, fiskifræðings, sent Andakílsárvirkjun og veiðiréttarhöfum 16. febrúar 1994 segir m.a.:

Vatnsgeymsla og miðlun úr Skorradalsvatni hefur án efa haft slæm áhrif á lífríki þess þar sem fjara stöðuvatna er oft auðug af lífi og einkum mikilvæg í djúpum vötnum eins og Skorradalsvatni. Í fjörunni eru botnfastir þörungar og gróður sem botn- og sunddýr lifa á og eru aftur mikilvæg fæða fisks (bleikju, urriða). Mikil miðlun velur því að fjaran fer á þurrt eða á mikið dýpi og raskar þar með öllu lífi. Miðlun er því vandamál sem erfitt er að finna lausn á þar sem takmörkun á miðlun getur valdið truflun í rekstri raforkuversins<sup>18</sup>.

Árið 2003 vann Náttúrufræðistofa Kópavogs greinargerð fyrir OR um „Áhrif vatnsmiðlunar á vatnalífríki Skorradalsvatns: "Forkönnun og rannsóknartillögur" að tilhlutan Veiðifélags Skorradalsvatns. Þar segir m.a.:

Ekki er talin þörf á frekari rannsóknum á botndýrum í fjörubelti til að renna stoðum undir, að vatnsmiðlun hafi áhrif á botndýralíf í fjörubelti Skorradalsvatns. Hins vegar, [...] þá er lítið vitað um framvindu botndýra og viðbrögð þeirra við vatnsmiðlun á mismunandi árstíðum yfir heilt ár. Slík rannsókn hefur ekki verið gerð hér á landi áður í miðlunarlóni og því áhugavert að ráðast í slíka úttekt. Rannsókn af þessu tagi getur m.a. varpað ljósi á hvenær á lífsferli botndýra þeim er hættast við áföllum af völdum vatnsmiðlunar, auk þess að upplýsa um umfang áhrifa af völdum vatnsmiðlunar.

Í ljósi kenningar um að botnset kunni að virka sem gildra fyrir næringarefni í vatninu er æskilegt að kanna botndýr í seti vatnsins og grennslast fyrir um, hvort merkja megi hugsanleg áhrif næringarefnaauðgunar á dýralífið. Setkjarnasýni eru til úr vatninu, en eftir er að vinna úr þeim. Í þessu sambandi er einnig mjög áhugavert að rannsaka lífsögu Skorradalsvatns áratugi og árhundrið aftur í tímann með því að greina dýra- og plöntuleifar úr setkjörnum. Slík rannsókn gæti varpað ljósi á það, hvort og þá hvernig vistfræðilegt eðli vatnsins hefur breyst í tímans rás, m.a. með tilkomu Andakílsárvirkjunar.

Svifdýrasamfélag Skorradalsvatns virðist lítt eða ekkert snortið af vatnsmiðlun og því eru rannsóknir m.t.t. áhrifa af völdum virkjunarinnar á þennan lífríkisþátt óþarf. Á hinn bóginn skiptir svifdýrasamfélagið mjög miklu máli fyrir orkumsetningu í vistkerfi vatnsins, m.a. sem fæða fyrir bleikju, og jafnframt er mörgum spurningum ósvarað um hegðun svifdýranna. Því eru athuganir á svifdýrasamfélagini mjög áhugaverðar, einkum er varðar dægurferðir dýranna og framvindu ólíkra tegunda yfir árið<sup>19</sup>.

Árið 2003 setti J. Nykvist fram þá kenningu í rannsókn til BS. gráðu sem nefnist "The effect of hydro –electric power on impounded lakes in cold climates-A comparations between Sweden and Iceland", að fosfór tapist úr vatnakerfi Skorradalsvatns, þar sem það lokist af í setbotni vatnsins fyrir áhrif vatnsmiðlunar Andakílsárvirkjunar<sup>20</sup>.

Þá hafa nemar í vatnalíffræði við H.Í. (próf.: Gísli M. Gíslason) unnið verkefni í Skorradalsvatni, eitt um botndýr (Bjarni Kr. Kristjánsson o.fl. 1993); eitt um dægurferðir svifdýra (Ellý Guðjohnsen o.fl., 1993); tvö um fisk (Edda S. Oddsdóttir o.fl., 1993; Arngerður Jónsdóttir o.fl., 1995); eitt um seiði (Þorsteinn E. Jónsson o.fl., 1993); eitt um

<sup>18</sup> Veiðifélag Skorradalsvatns. Bréfasafn

<sup>19</sup> <http://www.natkop.is/page2.asp?flokkur=utgefni>, s. 3.

<sup>20</sup> <http://www.rutilus.se/getfile.php?id=26>.


bandormssýkingar og fæðuval hornsíla (Ásrún Elmarsdóttir o.fl., 1995) og eitt um vorflugur (Ólöf Ýrr Atladóttir o.fl.). Auk þess var eitt um dýralíf í straumvatni þar sem Fitjaá og Andakílsá voru bornar saman (Broddi Reyr Hansen o.fl., 1993)<sup>21</sup>.

## Skógar

Áhrif hnattrænna loftslagsbreytinga kunna m.a. að leiða til hærri skógarmarka og betri skilyrða til skógræktar.<sup>22</sup> Rannsóknarverkefnið SKÓGVIST hófst árið 2002 og því lauk 2006. Niðurstöður þess geta nýtst ræktendum skóga og almenningi, en ekki síður til að *samhæfa* þau umhverfis- og byggðamarkmið sem stjórnvöld hafa sett. Það er því nauðsynlegt að gera grein fyrir helstu niðurstöðum hér, þar sem mismunandi skógavistkerfi eru á skipulagssvæðinu.

Markmið „SKÓGVISTAR“ var að rannsaka *vistkerfisbreytingar*, sem verða fyrstu 50 árin þar sem skógur vex upp á skóglausu landi. Rannsakaðar voru breytingar á *gróðurfari, jarðvegi, smádýralífi, fuglalífi, kolefnisforða og flæði kolefnis* í kjölfar gróðursetningar barrtrjáa og þegar birkiskógur vex upp í kjölfar beitarfriðunar. Rannsóknir fóru fram á Fljótsdalshéraði á Austurlandi og í Skorradal og Norðurárdal á Vesturlandi.

## „SKÓGVIST“ í Skorradal



Kort 1. Tilraunasvæði skógræktar í Skorradal

Mælingar fóru fram í mólendi og misgömlum lerki-, stafafuru-, sitka-greni- og birkiskógum. Samanburðarmælingar voru gerðar í beitilandinu í Háafelli. Þannig var mögulegt að kanna framvindu lífríkis (líffræðilega fjölbreytni) eftir aldri skóganna og hvort framvindan er mismunandi eftir trjátegundum og í samanburði við beitiland. Niðurstöður sýna að ekki skipti höfðumáli hvort um er að ræða birki eða barrtré. Áhrifin eru svipuð á þéttleika, tegundafjölda og tegundasamsetningu lífvera (plöntur, sveppir, skordýr, ánamaðkar og fuglar).




Mynd 7. Umhirða

<sup>21</sup> Veiðifélag Skorradalsvatns. Skýrslur.

<sup>22</sup> Hnattrænar loftslagsbreytingar og áhrif þeirra á Íslandi (2008). Skýrsla vísindaneftndar.

Lerkiskógar og birkiskógar hafa svipað lífríki, en ákveðnar líf-verur eru aðlagaðar sérstökum skógar-gerðum, t.d. fannst afbrigði flókakræðu *Alectoria sarmentosa ssp. sarmentosa* sem



Kort 2. Skógar í Skorradal<sup>23</sup>

fara einnig eftir aldri skóganna<sup>24</sup>. Rannsóknir sýna, að það er varhugavert að fullyrða um einsleit áhrif skógræktar á lífríkið.

Í „Vernd og endurheimt íslenskra birkiskóga“, skýrslu og tillögum nefndar<sup>25</sup> eru m. a. gerðar eftirfarandi tillögur um endurheimt og vernd birkiskóga:

- Við endurheimt birkiskóga verði lögð áhersla á stór, samfelld svæði.
- Við endurheimt birkiskóga verði lögð áhersla á fjölbreytni.
- Beitarstýring verði aukin og taki mið af endurheimt og vernd birkiskóga.
- Birki verði gróðursett í auknum mæli á skógræktarsvæðum, þar sem áhersla hefur verið lögð á innfluttar tegundir, t.d. í skógarjaðra til viðarframleiðslu og annarra nytja.
- Unnið verði áfram að friðun birkiskóga í samræmi við verndartillögur í Náttúruverndaráætlun 2004 - 2008. Jafnframt verði unnið að vernd/friðlýsingu þeirra birkiskóga, sem upp eru taldir á fylgiskjali 1.
- 39. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd verði beitt meira í því skyni að vernda og efla birkiskóga

Í stefnumörkun stjórnvalda „Velferð til framtíðar: Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi: Stefnumótun til 2020“, kafla um „tölulegar vísbindingar“ kemur fram, að náttúrulegir birkiskógar séu um 5% af grónu landi (eða um 1,15% af heildarflatarmáli og ræktaðir skógar um 1% af grónu landi eða um 0,23% af heildarflatarmáli landsins).

<sup>23</sup> Heimasíða Skógræktar ríkisins.

<sup>24</sup> Bjarni Diðrik Sigurðsson, LBHÍ, verkefnisstjóri SKÓGVIST. Erindi flutt á aðalfundi FsV 2009.

<sup>25</sup> Umhverfisráðuneytið 2007. Nefndin var skipuð fulltrúum frá landbúnaðar- og umhverfisráðuneytum, frá Samb. ísl. sveitarfélaga og Skógræktarfélagi Íslands. Skýrsluna má nálgast á slóðinni: [http://www.umhverfisraduneyti.is/media/PDF\\_skrar/Birkiskogar.pdf](http://www.umhverfisraduneyti.is/media/PDF_skrar/Birkiskogar.pdf)

Þá segir í kafla um „vernd lífríkis Íslands“ að „forðast verði eins og kostur er að skerða frekar votlendi, birkiskóga og önnur lykilvistkerfi Íslands“, áhersla er lögð á endurheimt votlendis og viðhald fjölbreyttra vistgerða<sup>26</sup>.

**Við stefnumörkun í ASK 2010 - 2022 hefur verið tekið tillit til framangreindra forsendna og sér þess stað í köflum 5.1; 5.2; 5.9; 5.12; 5.13 og 5.16.**

Rannsóknarverkefnið SKÓGVATN<sup>27</sup> varð til eftir ráðstefnu Vesturlandsskóga, Félags skógarbænda á Vesturlandi, Skógræktar ríkisins, Veiðimálastofnunar og Lbhí á Hvanneyri á Laugum í Sælingsdal 2004, þar sem fram kom, að mikil þörf væri á rannsóknum á sampili skógarþekju og lífs í ám og vötnum.

Markmið SKÓGVATNS er, að afla þekkingar á áhrifum skógarþekju á; a) vatnsgæði, b) vatnsbúskap og c) líf í straumvötnum. Valin eru svæði sem eru; I) skóglaus, II) vaxin barrskógi og III) vaxin birki. Rannsakað er hvernig gróðurfar hefur áhrif á A) vatnsbúskap (t.d. sveiflur í vatnsrennslí) og B) magn og eiginleika þess hluta lífrænnar framleiðslu þurrlendisvistkerfa sem berst í; 1) jarðvatn, 2) grunnvatn og 3) straumvatn og hefur síðan áhrif á; a) efnainnihald vatns, b) örveruinnihald vatns, c) smádýralíf í vatni og b) fiskistofna í straumvötnum.

Vistfræði fjölbreyttra skóga og sampil skógarþekju og lífs í ám og vötnum á skipulagssvæðinu og framþróun vistkerfa ætti að vera áhugavert rannsóknarverkefni.


## Votlendi

Í rannsókn sem gerð var á framræslu votlendis á Vesturlandi kemur fram að árið 1994 hafði 87% eða  $6,7 \text{ km}^2$  af flatarmáli votlendis í sveitarfélögnum árið 1930, neðan 200 m hæðarlínu, verið ræst fram eða því raskað, þannig að aðeins stóð eftir óraskað um  $1 \text{ km}^2$  og er það votlendi við ósa Fitjaár<sup>28</sup>.

Í gróðurfarsúttekt Náttúrufræðistofnunar árið 1999 segir að votlendissvæðið við ósa Fitjaár (um  $1 \text{ km}^2$ ) sé eina óraskaða votlendið í hreppnum og „telst vera einstök mýrargerð og því verðmæt ekki einungis fyrir Skorradal heldur allt Borgarfjarðarhérað“. Svæðið einkennist af flóa og mýrlendi, en alls fundust við úttektina 118 tegundir háplantna, sem er um fjórðungur íslensku flórunnar<sup>29</sup>.

## Jarðvegsrof

Í „Jarðvegsrof á Íslandi“ segir m.a. um Skorradalshrepp (sagður  $227 \text{ km}^2$ ): Jarðsilssvæði með rofeinkunnir 3 og 4 eru samtals  $53 \text{ km}^2$  og því er ljóst að jarðvegur í hlíðum er víða mjög



<sup>26</sup> Velferð til framtíðar: Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi: Stefnumótun til 2020, s 74 og 37. Skýrsluna má nálgast á slóðinni: <http://www.umhverfisraduneyti.is/utgefild-efni/nr/249>


<sup>27</sup> Sjá nánar á [www.skogvatn.is](http://www.skogvatn.is)

<sup>28</sup> Hlynur Óskarsson, 1998.

<sup>29</sup> N.I. 99-002, 1999, s 4.



Skýringarkort 2. Gróðurfarskort af Skorradalshreppi<sup>30</sup>



<sup>30</sup> Heimild: Svæðisskipulag sveitarfélaganna norðan Skarðsheiðar 1997 – 2017. Kort TGJ.



viðkvæmur og það þarf að hafa í huga við nýtingu þeirra. Hreppurinn er eigi að síður víða vel gróinn og rof er lítið á 68% lands.<sup>31</sup>

Jarðvegsrof er víða allmikið við Skorradalsvatn og má telja víst að ágangur Skorradalsvatns, þegar saman fer há vatnsstaða vegna vatnssöfnunar Andakílsár-virkjunar og illviðri, hafi þar mest að segja. Hafa sveiflur í vatnsyfirborðinu leitt til vistkerfisröskunar í og við Skorradalsvatn, bæði vegna þess að láglendi fór á kaf og jarðvegsrof er viðvarandi og áberandi (sjá Mynd 8 og 9).

Sigurjón Rist vatnamælingamaður taldi að náttúruleg yfirborðssveifla Skorradalsvatns hafi verið um 70 cm, en tæknilega getur sveiflan nú numið allt að 2 metrum við miðlunina. Fyrir um 50 árum heimilaði Atvinnumálaráðuneytið virkjuninni einhliða, að hún mætti hækka vatnsyfirborðið árlega um 50 cm, frá 15. september til 15. maí, en túlkun viðmiðunarpunkts hefur lengi verið ágreiningsefni.



Mynd 8. Rofbeltið árið 2005

Á árunum 1993 – 1994 var unnið að endurbyggingu miðlunarmannvirkja í ósi Skorradalsvatns og er ágreiningur um það hvort og þá hve mikið stíflugarðurinn hækkaði við aðgerðirnar, en heimamenn telja að vatnið sé nú viðvarandi í hærri stöðu en fyrir breytingarnar og að ófremdarástand skapist í flóðum, þar sem mannvirkin eru ekki hönnuð til að flytja það vatnsmagn, sem getur safnast upp við stíflugarðinn. Eignarhald virkjunarinnar hefur breyst frá fyrstu tíð. Orkuveita Reykjavíkur tók yfir reksturinn í byrjun árs 2002 og rekur hana einkum sem „toppstöð“ þ.e. á álagstímum.

Í skýrslunni Vatnsborðssveiflur í Skorradalsvatni (1993) segir m.a. eftirfarandi um landbrot:

„Farið var með löndum kringum vatnið, og var ekki að sjá landbrot að sunnanverðu. Að norðanverðu er land enn að brotna, enda stendur aldan á þann bakkann í suðlægum áttum. Mest var landbrot þar sem bakkar eru brattastir. Vegna vatnsborðshækkunar myndast nýtt fjöruborð, og hefur það ekki enn náð jafnvægi miðað við nýtt hámarksvatnsborð að norðanverðu“<sup>32</sup>.



Mynd 9. Landbrot í Fitjahlíð

Hafa sveiflur í vatnsyfirborðinu leitt til vistkerfisröskunar í og við Skorradalsvatn, bæði vegna þess að láglendi fór á kaf og jarðvegsrof er viðvarandi og áberandi víðsvegar við ströndina, einkum þar sem brattlendara er (sjá mynd 7).

<sup>31</sup> Ólafur Arnalds o.fl. 1997, s. 116.

<sup>32</sup> Gísli Már Gíslason, 1993. Skýrsluna má lesa á [www.skorradalur.is](http://www.skorradalur.is)

## Fuglar

Nokkuð fjölskrúðugt fuglalíf er í Skorradal, þó ekki sé hægt að tala um mikið fuglalíf, því þéttleiki flestra tegunda annarra en spörfugla virðist lítil. Svæðið er nokkuð vel þekkt með tilliti til útbreiðslu og fjölda varptegunda, sem eru um 27. Þekkingu er hins vegar ábótavant þegar kemur að and- og vatnafuglum. Þá vantar einnig talsvert upp á að þekking á þéttleika sé nægjanleg.



Mynd 10. Glókollur



Mynd 11. Flórgoði

Bakkakotsgil, Fálkagil og Nóngil austantil á svæðinu og Hrafnagil vestar, virðast henta hröfnum vel og fálki og smyrill eru óreglulegir varpfuglar á svæðinu, auk þess sem gulönd er líklega varpfugl innst í dalnum. Í myrlendinu er hrossagaukur mjög algengur. Við ósa Fitjaár er búsvæði margra tegunda eins og stelks, lóuþræls, jaðrakans, álfatar, grágæsar, sem hefur fjölgað umtalsvert á síðustu árum.

Í birki- og greniskógum Skorradals einkennist fuglalífið af skógarþresti, auðnutittlingi og músarindli. Um aldamótin 2000 varð í fyrsta skipti þess vart með vissu, að *glókollur*, minnsta fuglategund Evrópu, hefði orpið í dalnum. Glókoll er helst að finna á skógræktarsvæðum.

*Flórgoði* verpir við Álftarhólma í Skorradalsvatni, en tegundin er í útrýmingarhættu. Á mólen dissvæðum er heiðlöa nokkuð algeng, en sárlega vantar þéttleikamat á stofni<sup>33</sup>. Þá er þúfutittlingur víða um mólenið, en einnig algengur á fristundasvæðum.

Þegar á heildina er litið vantar frekari rannsóknir á þéttleika og útbreiðslu fugla á svæðinu. Æskilegt væri að koma á vöktunarrannsóknum um aðlögun fuglategunda að mismunandi vistkerfum.

*Himbrimi* er sagður vera konungur Skorradalsvatns, en auk hans er kría nokkuð algeng. Sandlöa og tjaldur sjást á svæðinu, en eru ekki sérlega algengar tegundir. Stokkond, rauðhöfðaönd, duggönd, brandönd og toppönd eru tegundir sem allar verpa í Skorradal, í mismiklu mæli þó. Auk þessara tegunda hefur sést til svartþrasta, stara, fýls, skúfandar og dílaskarfs<sup>34</sup>.



Mynd 12. Himbrimi

## Landspendýr

Þekkt er að refir, mýs og minkar eru víða á skipulagssvæðinu, en engar sérstakar athuganir eða rannsóknir hafa farið fram. T.d. þyrfti að kanna hvort refurinn sem yfirleitt velur sér samastað á opnu landi, helgar sér óðul í mismunandi skóglendi<sup>35</sup>. Refa- og minkaveiðar eru stundaðar á svæðinu.

<sup>33</sup> Á <http://www.ni.is/dyralif/fuglar/varputbreidslaislfugla> eru upplýsingar um vinnu að „Fuglavefsjá“ þar sem útbreiðslukort (varpstöðvar/þéttleiki) ýmissa fugla verður að finna á landsvísu.

<sup>34</sup> Gunnar Þór Hallgrímsson og Hallgrímur V. Gunnarsson, 2004.

<sup>35</sup> Liffraðistofnun HÍ: Páll Hersteinsson.



## Fiskar

Þrjár ferskvatnsfisktegundir eru í Skorradalsvatni: Bleikja, urriði (sleppt í vatnið upp úr 1970) og hornsíli, sem hafa verið þar frá ísaldarlokum. Samkvæmt áætlunum Jóns Kristjánssonar fiskifræðings var stofnstærð bleikju árið 1978 um tvísvar sinnum meiri en í þingvallavatni<sup>36</sup>.



Stærsta bleikja sem veiðst hefur á Íslandi var veidd í Skorradalsvatni, árið 1985. Hún vó hún 11,5 kg.

**Mynd 13. Bleikja. Teikning: JBH** Skorradalsvatns og þess hluta Andakílsár, sem er ofan virkjunar. Jarðaeigendur hafa einir heimild til netalagna.

Hægt er að kaupa stangveiðileyfi hjá bændum.

Í greinargerð Náttúrufræðistofu Kópavogs fyrir OR (2003) segir eftirfarandi:

Enda þótt fátt bendi til þess, að vatnsmiðlun hafi haft merkjanleg áhrif á bleikustofninn í Skorradalsvatni, a.m.k. liggja engar beinar mælingar því til stuðnings, er ekki hægt að útiloka slíkt. Mjög líklegt verður að teljast að óstöðugleiki í fjörubeltinu vegna vatnsmiðlunar hafi áhrif á bleikjustofninn, einkum á afkomumöguleika seiða (0+ og 1+ ára), en þau nýta fjörubeltið sem matarlind og afdrep. Æskilegt væri að ráðast í seiðarannsóknir til að varpa ljósi á þetta atriði<sup>37</sup>.

Engar athuganir hafa verið gerðar í Eiríksvatni og lítið er vitað um fiskbúskap í dragánum á svæðinu.

Um Andakílsá segir í skýrslunni *Vatnsborðssveiflur í Skorradalsvatni* (1993) m.a.:

Andakílsá neðan stíflu er mikið röskuð. Fellur áin úr vatnsútfalli í tilbúnum skurði fyrstu hundrað metrana. Vatninu er hleypt undan stíflumannvirkjunum, straumhraði þar er mikill og tekur væntanlega fyrir flutning á silungi úr ánni í vatnið. Við athugun á ánni 18.-20. september [1993] kom í ljós að mikill sandur og aur var í ánni neðan við skurðinn úr útfallsmannvirkjunum. Lítill þéttleiki dýra var þar í ánni og veiddustu 4 hornsíli á 50 m<sup>2</sup> botns<sup>38</sup>.

Í bréfi Sigurðar Guðjónssonar, fiskifræðings, sent Andakílsárvirkjun og veiðiréttarhöfum 16. febrúar 1994 segir m.a.:

Fyrir virkjun Andakílsár hefur fiskur hryngt í útfalli vatnsins og seiði síðan gegnið í vatnið þar sem þau ólust upp. Þegar kynþroskastærð var náð gekk sá fiskur aftur ofan í ána til hrygningar. Fyrir slíkar ferðir var tekið með stíflu í útfallinu.

Því gegnir fiskvegur nú milli vatnsins og árinnar, þar sem eingöngu stór fiskur kemst um, takmörkuðu



**Mynd 14. Urriði. Teikning JBH**

<sup>36</sup> Jón Kristjánsson & E.P. Nunnallee, 1978.

<sup>37</sup> <http://www.natkop.is/page2.asp?flokkur=utgefni>, s. 4.

<sup>38</sup> Gísli Már Gíslason, 1993. Skýrsluna má lesa á [www.skorradalur.is](http://www.skorradalur.is)

hlutverki. Í yfirborðslögum stöðuvatna á sér stað lífræn framleiðsla þar sem þörungar lifa og á þeim dýrasvif sem síðan er undirstaða fyrir sviflægan fisk (murtu). Hluti af svifinu rekur í útfall vatna og niður í útfallsárnar. Í útfalli vatna eru oft lífverur sem nýta sér þetta rek með því að veiða það og nýta fæðu, t.d. lirfa bitmýs.

Stíflur í útföllum vatna, þar sem yfirborðsvatn er ekki látið renna, koma í veg fyrir að rekið berist í útfallsárnar. Líklegt er að þetta hafi gerst við stíflugerð í Andakílsá. Ef þess væri kostur þá væri því mikilvægt að fá vatn úr yfirborðslögum úr vatninu niður í ána einkum á sumrin, þegar rek er á ferðinni úr vatninu. Gagnlegt væri einnig að útbúa svæði í ánni eða veituskurði fyrir seiðauppeldi með því að setja grjót í ána til að mynda skjól fyrir seiði. Nauðsynlegt er svo að tryggja þar vatnsrennsli. Að þessu fengnu gæti orðið uppeldi seiða í ánni.<sup>39</sup>

Ekkert hefur verið gert til at tryggja vatn í gamla farveg árinnar og að bæta farveginn með grjóthleðslum til að skapa þar uppeldissvæði og veiðistaði, eins og Sigurður lagði til í bréfi 16. júní 1994, til Veiðifélags Skorradalsvatns og Andakílsárvirkjunar. Fjórtán árum síðar, þann 6. okt. 2008 sendu hreppsnefndin og stjórn Veiðifélags Skorradalsvatns bréf til OR og lýstu áhuga á því:

að gerð verði úttekt á möguleikum þess að reisa fiskveg í útfalli vatnsins og vænta þátttöku OR í því verkefni. Í slíkri úttekt yrði faglegt mat lagt á þýðingu fiskvegar fyrir lífríki vatnsins og árinnar og lagt mat á, hvaða aðgerð/ir væri vænlegust til að endurvekja ána sem veiðiá út frá sjónarmiðum sjálfbærar þróunar.

Engin viðbrögð hafa fengist af hálfu Orkuveitu Reykjavíkur.

## 1.5 Náttúruvernd

Vatnshornsskógur er friðlýstur skv. lögum um náttúruvernd nr. 44/1999, en hann var meðal þeirra tillagna sem samþykkt var að vinna að friðlýsingu á skv. þingályktun um Náttúruverndaráætlun 2004 – 2008.

Í tillögu Umhverfisstofnunar um friðlýsingu segir að Vatnshornsskógur, sem er sá hluti Klausturskógar, sem stendur




Mynd 15. Vatnshornsskógur tillysndar

suðaustan við Ytri - Skorrhólseyri (1.9 ferkm. að stærð) sé hluti af svæði nr. 238 á Náttúruninjaskrá 1996 (Klaustursskógur og Fitjar). Sjá nánar Náttúruninjaskrá 1996. Markmið friðlýsingarinnar er að vernda náttúrulegan, lítt snortinn og hávaxinn birkiskog með gróskumiklum botngróðri, ásamt erfðaeiginleika og erfðafjölbreytileika íslenska birkisins. Á svæðinu er líffræðileg fjölbreytni mikil og þar er eini fundarstaður fléttutegundarinnar flókakræðu (*A. s. ssp. sarmentosa*). Meðal markmiða friðlýsingarinnar er að tryggja að líffræðilegri fjölbreytni vistgerða og vistkerfa svæðisins verði viðhaldið með því að vernda tegundir dýra, plantna og annarra lífvera ásamt erfðaaðlindum sem tegundirnar búa yfir og

<sup>39</sup> Veiðifélag Skorradalsvatns. Bréfasafn

búsvæði þeirra. Ennfremur er það markmið friðlýsingarinnar að treysta rannsókna-, útvistar- og fræðslugildi svæðisins<sup>40</sup>.



Mynd 16. Friðlandið Vatnshornsskógur

Þegar aðilar frá Náttúrufræðistofnun Íslands og Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins voru að velja rannsóknasvæði skógvistar vorið 2004 sáu þeir í birkitré í Vatnshornsskógi allstóran, ljósan fléttuflóka. Sýni var tekið af fléttunni og sent Herði Kristinssyni á Akureyrarsetri Ní til greiningar. Í ljós kom að barna var um að ræða sérstaka deilitegund af flókakræðu *Alectoria sarmentosa* ssp. *sarmentosa*, sem er vel þekkt ásæta í skógum á norðurslóðum, en hefur ekki fundist áður hér á landi. Deilitegundin *A. s. ssp. vexillifera* vex hins vegar allvíða um landið vestanvert, en hún myndar ætíð flóka á jörðu en ekki í trjám<sup>41</sup>.

Árið 2008 lá fyrir að áhugi væri á því að færa út mörk hins friðlysta svæðis, þannig að þau næðu til jarðarmarka Vatnshorns. Skorradalshreppur fylgdi þeirri tillögu á grundvelli markmiða um *heildstæða vistkerfisvernd* og af áhuga á eflingu vistkerfisrannsókna á svæðinu, sem og vegna áhugaverðrar tengingar við þjóð- og menningarminjar. Þá væri einnig áhugavert að varðveita „jörðina“ (sbr. skilgr. jarðalaga nr. 81/2004) þar sem jörðum kann að fækka með frjálsri sölu á landspildum, t.d. með uppskiptingu í lögbýli eða aðrar lóðir. Af framangreindum ástæðum telur hreppurinn æskilegt að miða mörk friðlandsins við hin fornu mörk Vatnshorns, enda er talið að um landnámsjörð í Skorradal sé að ræða. Að hafa möguleika á að sýna skýra mynd af byggðaþróun allt frá landnámi til nútíma í samhengi framvindu náttúrulegs birksiskógarvistkerfis, er auðlind á heimsvísu og þar að auki með innra upplifunargildi, sem ekki er auðvelt að mæla eða meta.

**Við stefnumörkun í ASK 2010 – 2022 hefur verið tekið tillit til framangreindra markmiða um friðunar- og verndarsvæði, sjá IV. kafla. Þá var tekið mið af II. hl. „Vernd náttúru Íslands“ í Velferð til framtíðar. Áherslur 2006-2009.**

<sup>40</sup> Sjá auglýsingum um friðlandið: <http://www.ust.is/Log og Reglur/Fridlysingar/Fridlond/nr/5824> og á [www.skorradalur.is](http://www.skorradalur.is).

<sup>41</sup> Í Noregi er þessi deilitegund nefnd hárfléttu (*norska: Hårlav*) og er notuð til litunar. Í Alaska nefnist tegundin nornahár (*enska: Witch's hair*). Þar nýta dádýr flókakræðu að vetrinum með því að krafsa upp úr snjó lufsur sem vindur hafði feykt úr trjánum. Áður tíndu frumbyggjar í Alaska flókakræðu og lögðu við sár og ungbarnarassa. Hún var einnig notuð í hár á grímur. Sjá upplýsingar í ársskýrslu NÍ 2003-4 á slóðinni <http://www.ni.is>

## 1.6 Veðurfar


Lítið er til af marktækri skráningu veðurfars á skipulagssvæðinu og því er hér notast við upplýsingar sem koma frá veðurstöðvum í næsta nágrenni, s.s. Andakílsárvirkjun, Hvanneyri og Þingvöllum. Ættu þær stöðvar að geta gefið grófa mynd af veðurfari á skipulagssvæðinu og í umfjöllun um tiltekna veðurbætti eru gögn frá Reykjavík og Akureyri notuð til samanburðar. Eftirfarandi upplýsingjar byggja á gögnum frá Veðurstofu Íslands.

### Hitafar

Kort 4 sýnir meðalhitastig á Hvanneyri og Þingvöllum eftir mánuðum á árunum 1964 - 2008 og er það borið saman við meðalhitastig á Akureyri og í Reykjavík. Eins og þar kemur fram þá er hitastig á Hvanneyri og á Þingvöllum nokkuð áþekkt, nema hvað heldur kaldara verður á Þingvöllum yfir vetrar-mánuðina. Hitastig þessara tveggja mælingastaða er mjög áþekkt hitastigi á Akureyri en öllu jafna lægri en í Reykjavík, þá sérstaklega frá október fram í apríl.

Meðalhitastig á ári á þessu tímabili var  $3,6^{\circ}\text{C}$  á Hvanneyri,  $3,4^{\circ}\text{C}$  á Þingvöllum,  $3,6^{\circ}\text{C}$  á Akureyri og  $4,7^{\circ}\text{C}$  í Reykjavík.

Á tímabilinu 1961 - 1990 voru frostnætur á Hvanneyri að meðaltali um 166 en til samanburðar 123 í Reykjavík. Frost undir 10 stigum var að meðaltali 34 daga á ári á Hvanneyri en um 8 í Reykjavík.



Kort 4. Meðalhitastig hvers mánaðar á Hvanneyri<sup>1</sup>, Þingvöllum<sup>2</sup>, Akureyri og Reykjavík á árunum 1964 - 2008.


<sup>1</sup>Gögn vantar fyrir árin 1994 – 1997.

<sup>2</sup>Gögn vantar fyrir árin 1983 – 1995.

Frost undir 10 stigum var að meðaltali 34 daga á ári á Hvanneyri en um 8 í Reykjavík.

### Úrkoma

Úrkoma hefur verið mæld í Andakílsárvirkjun frá því 1949 og hafa þær mælingar sýnt að úrkoma er talsverð. Sem dæmi má nefna að um 500 - 600 mm meiri úrkoma mælist í virkjuninni en á Hvanneyri á ári hverju, þrátt fyrir að fjarlægð milli staðanna sé innan við 10 km í beinni loftlinu. Skýrist þessi munur fyrst og fremst af því að virkjunin stendur mun nær norður-hlíðum Skarðs-heiðar þar sem talið er að úrkoma fari yfir 2.000 mm á ári.



Kort 5. Ársúrskoma í Andakílsárvirkjun, Hvanneyri<sup>1</sup>, Þingvöllum<sup>2</sup>, Akureyri og Reykjavík á árunum 1964 - 2008.

<sup>1</sup>Gögn vantar fyrir árin 1961 – 1963 og 1995 – 2008.


<sup>2</sup>Gögn vantar fyrir árin 1961 – 1963 og 1982 – 2008.

Kort 5 sýnir að ársúrkoma í Andakílsárvirkjun er þó mjög breytileg og að úrkumumagn er áþekkt á Þingvöllum og í Andakílsárvirkjun. Einnig má sjá að breytileiki í úrkumutölum á Hvanneyri er mjög svipaður þeim breytileika sem er í virkjuninni, en ársúrkoma þar er að meðaltali um 900 mm.

Í tæplega tvö ár var úrkoma mæld að Fitjum og virtist sú úrkoma ekki vera fjarri 1.100 mm á ári. Til samanburðar má geta þess að úrkoma á sama tímabili, var að meðaltali um 830 mm í Reykjavík og um 500 mm á Akureyri.

Kort 6 sýnir að meðalúrkoma hvers mánaðar í Andakílsárvirkjun og á Þingvöllum meiri en á Hvanneyri allt árið.

Yfir sumarmánuðina eru úrkumutölur í Andakílsárvirkjun og á Hvanneyri áþekkar, en meiri munur á öðrum árstínum. Úrkoma á Þingvöllum er jafnari yfir árið en í Andakílsárvirkjun, svo að heldur meira rignir þar á sumrin en minna á vetrum. Samanburðartölur frá Akureyri og Reykjavík sýna mun minni meðalúrkому.



Mánuðir

Kort 6. Meðalúrkoma hvers mánaðar í Andakílsárvirkjun<sup>1</sup>, Hvanneyri<sup>2</sup>, Þingvöllum, Akureyri og Reykjavík á árunum 1964 - 2008.

<sup>1</sup>Gögn vantar fyrir árin 1995 – 2008.

<sup>2</sup>Gögn vantar fyrir árin 1982 – 2008.

Mjög snjólétt er í lágsveitum Borgarfjarðar. Alhvítir dagar virðast vera færri en í Reykjavík. Á árunum 1970 – 2005 var að meðaltali 51 alhvítur dagur í Andakílsárvirkjun en til samanburðar voru 90 dagar í Brekku í Norðurárdal og 61 dagur í Reykjavík. Í Skorradalshreppi getur verið munur milli niður- og framdalsins.

**Rannsóknir á veðurfari í Skorradal eru nánast engar, en áhugavert væri að rannsaka þá þætti veðurfars sem einkenna svæðið, sér í lagi samspil hitafars, úrkumu og gróður- og vatnsbúskapar.**

## 1.7 Náttúruvá

### Ofanflóð

Í Jarðabókinni 1707 segir alloft um jarðir í Skorradal, að „túninu granda fjallskriður stórlega. Ekki er heldur bænum óhætt fyrir fjallskriðum og snjóflóðum.“<sup>42</sup> Sem heimild um tíð ofanflóð ber þó að hafa í huga hvert var hlutverk Jarðabókarinnar.<sup>43</sup> Hitt er þekkt að hækta á ofanflóðum (snjó- og aur) er víða í hlíðum Skorradals og hafa allmargar skriður og nokkur snjóflóð fallið á 20. öld. Því er tekið undir þau orð sem fram koma í bráðabirgðahættumati fyrir hverfi frístundahúsa í Dagverðarnesi „að rétt er að skipuleggja byggð í dalnum þannig að

<sup>42</sup> Úr umfjöllun um Vatnshorn, s. 163.

<sup>43</sup> Friðrik IV. Danakonungur gaf út erindisbréf vorið 1702 til handa Árna Magnússyni og Páli Vídalín um að skrá ásigkomulag jarða og hag landsmanna á Íslandi. Bókin var gerð árin 1702-1714. (<http://is.wikipedia.org>).

byggingarreitir séu í nokkurri fjarlægð frá hugsanlegum upptakasvæðum snjóflóða og þess gætt að hús séu ekki reist í eða við lækjarfarvegi þar sem skriðuhætta er að jafnaði mest”<sup>44</sup>. Bráðabirgðahættumati hefur einnig verið unnið í landi Hvamms og Vatnsenda.


Stór hluti Skarðsheiðar liggr innan marka Skorradalshrepps, en þar hefur engin skipuleg úttekt á snjóflóðahættu og skriðuföllum farið fram, sem er bagalegt þar sem talsvert er um gönguhópa á heiðinni. Því er þörf á hættumati vegna útvistarferða.

Með bréfi til Veðurstofu Íslands árið 2003 var óskað eftir bráðabirgðahættumati á fyrirhuguðum framkvæmdasvæðum í æðalskipulagi Skorradalshrepps. Því var hafnað. Árið 2006 var erindið endurtekið, en þá taldi Veðurstofan rétt að bíða með hættumati í dreifbýli „þar til nauðsynlegar lagabreytingar og ný reglugerð um slíkt mat verði sett“<sup>45</sup>.

Um flóðahættu af völdum mikillar úrkomu og hárrar vatnsstöðu í Skorradalsvatni, vísast til umfjöllunar um jarðvegsrof í kafla 1.4.

### Jarðskjálftar

Jarðskjálftamælingar hófust í Reykjavík 1936 og hafa oft mælst hræringar á Vesturlandi, sem fundist hafa í Skorradal án þess að valda tjóni. Myndin til hægri er tekin úr „þjóðarskjali“<sup>46</sup> og sýnir lárétta hönnunarhröðun í jarðskjálftum á Íslandi með 475 ára meðalendurkomutíma. Skorradalur er á grænu svæði, þar sem grunngildi hröðunar er lægst, eða 0.1 g = lítil hætta. Hætta á skaða af völdum jarðskjálfta er því metin lítil á skipulagssvæðinu.



Eurocode 8 staðall

### Gróðureldar

Við skipulagsvinnuna kom í ljós að brýnt er að afla nýrrar þekkingar og gera *viðeigandi ráðstafanir* vegna hættu á gróðureldum í Skorradal. Þótt ekki liggi fyrir hættumati eða viðbragðsáætlun, er vitað að hættan er mest frá mars til júní, en einnig ef þurrkatið er langvinn að sumri.

Hættan er sú að *stór samfellið svæði* geti brunnið, þar sem saman fer mikill og þéttur skógur í hlíðum og þétt frístundabyggð, ófullnægjandi vegakerfi og ófullnægjandi aðstaða til vatnstöku úr Skorradalsvatni<sup>47</sup>. Ljóst er að um óviðunandi ástand er að ræða.

**Skorradalshreppur hefur þegar hafið vinnu við gerð hættumats og viðbragðsáætlunar vegna mögulegra gróðurelda á svæðinu.**



Mynd 17. Stálpastaðahlíð

<sup>44</sup> Bréf Estherar H. Jensen, Veðurstofu Íslands til Bjarna Á. Jónssonar, dags. 05.05.2004.

<sup>45</sup> Bréf Þórðar Arasonar, Veðurstofu Íslands til Guðrúnar Jónsdóttur, dags. 30.11.2006.

<sup>46</sup> Staðlaráð Íslands, 2003. Þolhönnunarstaðallinn er Eurocode 8.

<sup>47</sup> Brunavarnaáætlun Borgarbyggðar, Skorradalshrepps og Eyja- og Miklaholtshrepps 2008.



## II. Forsendur - samfélag

### 2.1. Saga, þjóðminjar og sagnir

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, frá árinu 1707 eru þessar jarðir byggðar í Skorradalshreppi: Neðre Hreppur, Efre Hreppur, Horn, Mófellsstader, hjáleigan Mófellsstadakot ytra/Kolbeinsstader, önnur hjáleiga Mófellsstadakot Eistra/Vindheimur, Indriðastader, Litla Drageire, Stóra Drageire, Ytri Svange, Eistre Svange (nýbýli), Grafardalur (byggt innan 30 ára) Vatnshorn, Backakot (heimaland af Fitjum), Efste Bær, Sarpur, Fijtiar, Háafell, Stálpastader, Digras Nes/Dagverdarnes, Hvammur, Vatnsende, Grund (nýbýli) og Haalsar<sup>48</sup>.

Skorradalur er að hluta til sögusvið Íslendingasagnanna Laxdælu og Harðarsögu Grímkelssonar<sup>49</sup>.

Í tengslum við SnS 1997 – 2017 vann Fornleifastofnun Íslands árið 1996, svæðisskráningu á menningarminjum á skipulagssvæðinu. Helstu niðurstöður eru þessar:

- Líklegt er að meirihluti fornleifa á skipulagssvæðinu hafi eyðilagst á 20. öld og sést nú afar lítið brot þeirra rústa, sem áður voru til.
- Langmest af fornleifum er að finna á gömlum bæjarstæðum, sem oftar en ekki er enn búið á. Mikilvægt er að reynt verði að takmarka framkvæmdir á slíkum stöðum og fylgjast vel með öllu raski.
- Dregið hefur úr framkvæmdum í landbúnaði á síðastliðnum áratug [9.] og stafar því þeim tóftum, sem enn eru sýnilegar ekki jafnmikil hætta og áður af framræslu og túnsléttun. Stafar fornleifum nú mest hætta af skógrækt og aukinni sumarbústaðabyggð auk vegagerðar og línulagna. Þó er ekkert sem segir að hagsmunir skógræktar og minjavörslu geti ekki farið saman.
- Brynt er að gerðar verði vettvangsathuganir á fornleifum í Skorradal, en sérstaklega er mikilvægt að slíkar athuganir fari fram áður en landnotkun er breytt.<sup>50</sup>


Í SnS 1997 – 2017 eru skýringar og ýmis kort sem varpa ljósi á söguna, m.a.

- Bæjarstæði þar sem sól sést allt árið, eða nýtur ekki í allt að 17 vikur á vetri (kort 2).
- Fornar þjóðleiðir (kort 12).
- Svæði sem vel eru fallin til kynningar á menningarminjum (kort 13).
- Landnám og upphafleg skipting jarða (kort 15).
- Fornt matsverð jarða 1707 (kort 16).
- Kirkjur og bænhús á síðmiðöldum, sóknarmörk og kirkjujarðir um 1700 (kort 17).

<sup>48</sup> Jarðabók 4. bindi, s. 154-172. Ágætt yfirlit um sögu byggðarinnar er í Byggðir Borgarfjarðar II, s. 215.

<sup>49</sup> Sögurnar má lesa á <http://www.snerpa.is/net/isl/laxdal.htm> og <http://www.snerpa.is/net/isl/hardar.htm>

<sup>50</sup> FS016-95033 „Menningarminjar í Borgarfirði norðan Skarðsheiðar: Svæðisskráning.“ (OV) Skýrsla.

Skýringarkort 3. Landnám og upphafleg skipting jarða á skipulagssvæðinu<sup>51</sup>

<sup>51</sup> Heimild: Svæðisskipulag sveitarfélaganna norðan Skarðsheiðar 1997 – 2017. Kort TGJ.

Engar friðlýstar þjóðminjar eru í Skorradalshreppi, en á korti 13 í SnS 1997 – 2017 er stór hluti hans sagður „dæmi um einstaka minjastaði og svæði sem vel eru fallin til kynningar á menningarminjum.“ Ennfremur segir (á við allt svæðisskipulagssvæðið):

Móta þarf stefnu í varðveislu menningarminja á svæðinu og stefna að því, með aðstoð sérfróðra manna, að gera minjar sýnilegar. Gæta þarf þess að menningarminjum verði ekki raskað og láta fara fram umhverfismat á framkvæmdum, sem gætu orðið þess valdandi.<sup>52</sup>


Tafla 2 sýnir jarðir í Skorradal þar sem fornleifaskráning hefur farið fram.

Tafla 2. Jarðir í Skorradalshreppi, þar sem fornleifaskráning hefur farið fram

Jörð	Svæði innan jarðar	Ár	Skráningaraðili
Dagverðarnes	– Öll jörðin	2003	Fornlefastofnun Íslands / Elín Ósk Hreiðarsdóttir
Hvammur	– Deiliskipulag	2007	Fornlefastofnun Íslands / Oddgeir Hansson
	– Hvammshlíð	2002	Fornlefastofnun Íslands / Elín Ósk Hreiðarsdóttir
Indriðastaðir	– Deiliskipulagssvæði 1	2003	Fornleifafræðistofan / Bjarni Einarsson
	– Deiliskipulagssvæði 3	2005	Fornleifafræðistofan / Bjarni Einarsson
	– Golfvöllur	2003	Fornleifafræðistofan / Bjarni Einarsson
	– Deiliskiplag	2001	Þjóðminjasafn Íslands / Magnús A. Sigurðsson
Stálpastaðir	– Öll jörðin	2001	Þjóðminjasafn Íslands / Magnús A. Sigurðsson
Bakkakot / Efstibær / Fitjar / Fitjakirkjuland	– Sultartangalína 3	2003	Fornleifafræðistofan / Bjarni Einarsson
Vatnsendi	– Deiliskipulag	2007	Fornlefastofnun Íslands / Sólveig Guðmundsdóttir

Einu jarðirnar þar sem forneifaskráning tekur til „allrar jarðarinnar“ eru Dagverðarnes og Stálpastadír. Auk þess hefur farið fram skráning á deiliskipulagsstigi á tveimur svæðum í Hvammi, fjórum í landi Indriðastaða og einu í Vatnsenda og á línustæði Sultartangalínu 3.

Dagverðarnes



Mynd 18. Skráningarsvæði í Dagverðarnesi

Jörðin er nefnd Digra Nes í Jarðabókinni 1707 og sagt að „sumir kalli Dagverðarnes“. Í Harðar sögu og Hólmsverja er talað um Dögurðarnes. Útsýni er einna mest um Skorradal af bungunni hjá Dagverðarnesi, en þaðan sér næstum um allan dalinn og út á Snæfellsjökul, ef vel viðrar.

Í skýrslu Fornleifastofnunar Íslands er sagt að langflestar minjar á jörðinni dreifist á mjóa ræmu frá því neðan við þjóðveg og 200 – 300 m upp í hlíðina. Með lagningu þjóðvegar er áliðið að margar minjar hafi horfið undir vegstæði. Einnig að tún- og skógrækt hafi

<sup>52</sup> SnS 1997-2017, s. 69. Sjá einnig Staðardagskrá 21 fyrir Skorradalshrepp.




grandað nokkrum þeirra. Þá segir að ástæða sé til að íhuga hverfisvernd á þessum minjum og jafnvel gera tillögu um friðun þeirra. Samtals er getið um 22 minjastaðir í skýrslunni<sup>53</sup>, en þessir eru helstir:

- Bæjarhóll (Bo-137:001) er greinilegur, en þó hefur honum verið ýtt til að hluta. Túnakort frá 1918 segir til um staðsetningu fjóss, hesthúss, kálgarðs, brunns o.fl. í námunda við hólinn.
- Hlaðinn túngarður (Bo 137:016) um 10 – 15 m að lengd og 2 – 3 m á breidd stendur enn, en rutt hefur verið úr honum að hluta.
- Stóravarða (Bo-137:017), stendur að hluta til enn en úr henni hrundi árið 2000. Hún var um 1,5 m í þvermál.
- Fornistekkur (Bo-137:006) austan við Skollalæk, stærð 8 x 5 m auk garðlags 7 m sem gengur til suðurs
- Ytristekkur (Bo-137:008) austan við Kaldalæk, stærð 5 x 3,5 – 4 m og 8,5 x 6 m gerði vestan við eru einnig nefndir til sögu.



Mynd 19. Stóravarða

## Hvammur




Mynd 20. Skráningarsvæði í Hvammi

Við yfirferð heimilda í svæðisskráningu Fornleifastofnunar Íslands árið 1996 fundust vísbendingar um 10 fornleifastaði. Árið 2002 var gerð fornleifakönnun vegna sumarhúsabyggðar í landi Eflingar í Hvammslandi. Engar fornleifar fundust.<sup>54</sup>

Í janúar 2007 kannaði Fornleifastofnun Íslands svæði sem afmarkast í vestri af landamörkum Hvamms og Vatnsenda, í norðri við norðurmörk skógræktar í fjallshlíðinni ofan vegar, að austan fylgja mörkin „að mestu þess hluta Hvammslands, sem tilheyrir Skógrækt ríkisins“ auk spildu neðan/sunnan heimatúns að læk sem rennur meðfram túninu.<sup>55</sup>

- Rúst (Bo-136:011) er 18 x 10 m að stærð og hleðsluhæð mest 1 m. Rústin skiptist í fjögur misstór hólf. Hvergi sést í grjóthleðslu og er rústin mikil afmynduð af þýfi. Hnitsett ÍSN 379.005.1/450.415,6
- Rúst (Bo-136:001) um 590 m vestnorðvestur af starfsmannahúsi S.r. (sem stendur á gamla bæjarstæðinu) Sennilega leifar af fjárhúsi. Hnitsett ÍSN 379.462,1/450.048.



Mynd 21. Rúst Bo-136:001

<sup>53</sup> Fornleifastofnun Íslands, FS224-03131 Fornleifaskráning á Dagverðarnesi (EH). Skýrsla

<sup>54</sup> Fornleifastofnun Íslands, skráningarbréf 9.12.2002.

<sup>55</sup> ISLEIF, gagnagrunnur Fornleifastofnunar Islands.



Þess er getið að fleiri fornleifar séu á svæðinu en erfitt sé að átta sig á gildi þeirra, þar sem svæðið er erfitt yfirferðar vegna trjágróðurs. Því er almennt hvatt til varfærni, ef hróflað er við landi og gildir þetta fyrir alla jörðina.

## Indriðastaðir



Mynd 22. Stráksvarða

Samkvæmt heimildum var hér þingstaður í margar aldir, en engar minjar hafa fundist um það. Vitað er að hálfkirkja var á jörðinni frá 1397 og fram á 17. öld, þar sem „tíðir voru veittar fjórum sinnum á ári hverju, þá heimamenn voru til sacramentis”<sup>56</sup>. Ekki er vitað um staðsetningu hennar.

Fjórar fornleifakannanir hafa farið fram á jörðinni, auk yfirferðar heimilda í svæðisskráningu Fornleifastofnunar Íslands árið 1996, en þar er getið um 26 minjar í landi Indriðastaða, flestar í túni eða á svæðinu kringum Kaldá.

Í fornleifaskráningu minjavardar Vesturlands árið 2000 er lagt til að „Stráksvarða verði varðveitt og gæti hún verið prýði fyrir svæðið. Ef hrófla þarf við henni þarf að sækja um leyfi til þess hjá Fornleifavernd ríkisins”<sup>57</sup>.

Í skýrslu Fornleifafræðistofunnar árið 2003 er talað um sel „skammt austur af Indriðastöðum“, sem „verður að varðveita“<sup>58</sup>. Ástæða gæti verið til að hverfisvernda selið eða óska eftir friðlýsingu á því, ekki síst ef hægt væri að tengja sögu staðarins við minjarnar.

## Stálpastaðir

Stálpastaðir voru, ásamt fjórum öðrum jörðum í Skorradal, í eigu Brynjólfs biskups Sveinssonar (1605–1675) Skálholtsbiskups. Frá 1952 hefur hún verið í eigu Skógræktar ríkisins. Í svæðisskráningu Fornleifastofnunar Íslands skv. heimildum árið 1996, er getið um 12 minjar. Árið 2001 skráði minjavörður Vesturlands fornminjar í landi jarðarinnar og nefnir þessar helstar<sup>59</sup>:



Mynd 23. Stálpastaðir

- Fjóshlaða (134093-138.2) hefur minjagildi og vestan hennar vottar fyrir a.m.k. þremur rústum. Ástæða gæti verið til að hverfisvernda fjóshlöðuna og umhverfi hennar eða mæla með friðun.
- Hleðslu, stekk og sel er að finna á jörðinni en erfitt að finna margar þeirra í skóginum. Það er því nauðsynlegt að sýna aðgát, þegar hróflað er við landi á jörðinni.

## Vatnsendi

Á Vatnsenda hefur verið skráð, 11 ha deiliskipulagsreitur, vestan og suðvestan við íbúðarhús og fjárhús, austan við Húsagil. Nær reiturinn frá þjóðvegi og niður að Skorradalsvatni. Í skýrslu Fornleifastofnunar Íslands segir að engar fornleifar hafi fundist, hvorki við yfirferð heimilda né við vettvangsgöngu<sup>60</sup>.


<sup>56</sup> Jarðabókin 1707, s. 158.

<sup>57</sup> Sjá: [http://www.natmus.is/media/rannsoknir/2-2000\\_Indridastadir.PDF](http://www.natmus.is/media/rannsoknir/2-2000_Indridastadir.PDF)

<sup>58</sup> Tölvupóstur til Teiknistofu GJ 13.03.09 kl. 10:20 frá Bjarna F. Einarssyni

<sup>59</sup> Sjá: <http://www.natmus.is/minjar-og-rannsoknir/fornleifar/utgafa/nr/1520>

<sup>60</sup> Bréf til skipulagsfulltrúa Skorradalshrepps dags. 29.01.2007. Skjalasafn Skorradalshrepps.

Skýringarkort 4. Forsælubærir í Skorradalshreppi<sup>61</sup>

<sup>61</sup> Heimild: Svæðisskipulag sveitarfélaganna norðan Skarðsheiðar 1997 – 2017. Kort TGJ

Eins og sést af framansögðu hafa rannsóknir og skráningar á fornleifum í Skorradal verið mjög takmarkaðar og þarf að bæta úr því á skipulagstímanum. Stefnt er að því að gerð verði aðalskráning á öllum jörðum í Skorradalshreppi fyrir árið 2018. Þá skulu ávalt liggja fyrir fornleifakannanir þegar svæði og/eða jarðir eru deiliskipulagðar. Áherslur í köflum 5.12; 5.13 og 5.14 eru mótaðar á þeim forsendum, að rannsaka beri svæði sem kunna að hafa þjóð-menningarsögulegt gildi, í samræmi við stefnu SnS 1997-2017.

Fitjakirkja var byggð á árunum 1896 – 1897, vígð 1898 og endurgerð 1988 – 1994. Samkvæmt lögum nr. 104/2001 og 107/2001 nýtur hún friðunar. Kirkjan stendur í miðjum kirkjugarði og við göngustíg að kirkjudyrum er skilti, sem sýnir þekkt leiði og greinir frá fæðingar- og dánarstað viðkomandi. Þar eru einnig upplýsingar um kirkjuna. Viðburðaskilti er síðan utan garðsins.

Auk hefðbundinnar guðsþjónustu og athafna er kirkjan hentug til móttöku pílagríma, t.d. um Síldarmannagötur úr Hvalfirði eða um Hálsaleið úr Lundarreykjadal (sjá kf. 2.6), eða sem áfangi á lengri leiðum. Kirkjan var helguð heilögum Nikulási frá Mýru (Bár) og getur skýringin verið tengsl hennar við þjóðleiðirnar um fjallvegina, en tengsl gætu líka verið við kauphöfn innst í Hvalfirði og kaupstaðaferðir allt frá landnámi Ávangs hins írska í Botnsvogi<sup>62</sup>. Einn merkasti kirkjugripur þjóðarinnar er kaleikur á þjóðminjasafninu úr Fitjakirkju, talinn frá 12. öld. Kannski hann hafi komið um Síldarmannagötur, af kaupfari „curragh“ írskra manna?

Samkvæmt 23. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 skal gera bæja- og húsakönnun samhliða gerð deiliskipulags sem höfð skal til hliðsjónar við gerð deiliskipulagstillögu<sup>63</sup>. Fyrir liggur ákvörðun hreppsnefndar um bæja- og húsakönnun á jörðum í Skorradalshreppi, sem liggja mun til grundvallar deiliskipulagi viðkomandi jarða.



Mynd 24. Fitjakirkja



<sup>62</sup> Fí árbók 2004, s.. 113.

<sup>63</sup> „Þannig er tryggt að nægileg bekking sé til staðar til að taka upplýstar ákvarðanir um verndun gæði byggðar og einstakra húsa og til að móta hið byggða umhverfi til framtíðar. Bæja- og húsakönnun er „sjónlistarleg og byggingarlistarleg skoðun, greining, úttekt, mat og skráning bæjarumhverfis og einstakra bygginga og studd sagnfræðilegri könnun nauðsynlegra frumheimilda. Þannig fæst yfirsýn yfir bæi, bæjarhluta, þéttbýlismyndun og hús í þéttbýli og dreifbýli.“ Sjá: [www.hfrn.is/fraedsla/husakannanir/](http://www.hfrn.is/fraedsla/husakannanir/)


## 2.2 Íbúaþróun og aldur<sup>64</sup>

Þann 1. des. 2009 voru 61 manns með lögheimili á svæðinu, 33 karl og 28 konur.


Kort 7 sýnir þróun í fjölda íbúa í Skorradalshreppi á árabilinu 1994 - 2009.

Þótt íbúar með fasta búsetu á skipulags-svæðinu séu ekki ýkja margir þá segir það ekki alla söguna því mógr og margmenni dvelur í dalnum yfir sumarmánuðina og er dvalartími þess fólks sífellt að lengjast í kjölfar betri húsakosts og samgangna.

Kort 8 sýnir samanburð á aldursskiptingu íbúa á árunum 1998 og 2008. Þar sést að heldur hefur fjölgæð í þremur aldurshópum, 0 – 19 ára, 60 – 79 ára og 80+ ára. Hins vegar hefur fækkað í aldurhópnum 20 – 39 ára. Fjöldi fólks á aldursbílinu 40 – 59 ára stendur í stað.



Kort 7. Íbúaþróun í Skorradalshreppi á árunum 1994 – 2009.



Kort 8. Aldursskipting íbúa í Skorradalshreppi á árunum 1998 og 2008.

<sup>64</sup> Allar upplýsingar í kaflanum eru frá Hagstofu Íslands



## 2.3 Byggð

Samkvæmt skilgreiningu jarðalaga nr. 81/2004 voru 22 jarðir<sup>65</sup> í Skorradal 1. desember 2009. Föst búseta var á átta jörðum, þar af tvíbýli á tveimur. Fimm heilar jarðir voru í eigu Fjársýslu ríkisins, þar af hafði Skógrækt ríkisins umráð yfir þremur, auk hluta úr tveimur og LBHÍ umráð yfir 2. Þá er ein jörð í óskiptri sameign Fjársýslu ríkisins / Skógræktar ríkisins og Skorradalshrepps og ein jörð í óskiptri sameign Fjársýslu ríkisins / Skógræktar ríkisins og einkaaðila. Tafla 3 sýnir eignarhald jarða skv. Fasteignamati ríkisins og búsetuform.

Tafla 3. Eignarhald jarða í Skorradalshreppi skv. Fasteignamati ríkisins og búsetuform

Jörð	Eignarhald	Föst búseta	Jörð	Eignarhald	Föst búseta
Bakkakot	Fjársýsla ríkisins / Skógrækt ríkisins.	-	Indriðastaðir	Einkahlutafélag	+
Dagverðarnes	Einkahlutafélag	-	Kirkjutungur	Fjársýsla ríkisins / LBHÍ	-
Efri -Hreppur	Einkaeign	+	Litla -Drageyri	Einkaeign	-
Efstibær	Fjársýsla ríkisins / Skógrækt ríkisins og einkaeign (óskipt)	-	Mófellsstaðakot	Einkaeign	+2
Fitjar	Einkaeign	-	Mófellsstaðir	Einkaeign	+
Grund	Einkaeign	+2	Neðri -Hreppur	Einkaeign	+
Hagi	Einkaeign / Starfsmanna-félag Ríkissíptala (óskipt)	-	Sarpur	Fjársýsla ríkisins / Skógrækt ríkisins	-
Háafell	Einkaeign	-	Stálpastastaðir	Fjársýsla ríkisins / Skógrækt ríkisins	-
Hálsar	Einkaeign	+2	Stóra -Drageyri	Fjársýsla ríkisins	+1
Horn	Einkahlutafélag	-	Vatnsendi	Einkaeign	+
Hvammur	Eignarhaldsfélag	-	Vatnshorn	Fjársýsla ríkisins / Skógrækt ríkisins. og Skorradalshreppur (óskipt)	-

Jarðirnar í sveitarfélagini eru misvel hýstar. Á sumum stöðum eru bæði íbúðarhús og gripahús í góðu ásigkomulagi, en annars staðar eru hús ætluð til heilsársbúsetu, léleg eða ekki fyrir hendi.



Mynd 25. Íbúðarhús við Birkimóá

<sup>65</sup> Fitjakirkjuland telst vera afréttur sbr. 2. gr. jarðalaga nr. 81/2004.



## Heilsársbyggð

Sjö heilsárlóðir eru við götuna Birkimóá í landi Grundar, en á síðustu árum hefur aukist eftirspurn eftir lóðum til heilsárs-eða tvöfaldrar búsetu.

Reiknað er með að íbúum með fasta búsetu á jörðum eða skilgreindum íbúðarsvæðum í Skorradalshreppi muni fjölgja á skipulagstímanum

## Frístundabyggð

Þann 1. des. 2009 voru frístundasvæði á 10 jörðum, þ.e. Dagverðarnesi, Fitjum, Grund, Haga, Hálsum, Hvammi, Indriðastöðum, Litlu-Drageyri, Stóru-Drageyri og Vatnsenda.

Á nokkrum jörðum eru fastar tekjur (hlunnindi) af leigu lóða, en í Dagverðarnesi, Hálsum, Hvammi og Indriðastöðum hafa eigendur selt lóðir undan jörðum sínum að einhverju leyti. Það er stefna hreppsnefndar að vinna að því að leiga frístundalóða verði skilgreind sem hlunnindi jarðar.

Tafla 4. Yfirlit yfir fjölda íbúðarhúsa og stakra frístundahúsa á hverri jörð 1. desember 2009.

Jörð	Fjöldi íbúðarhúsa	Fjöldi stakra frístundahúsa
Bakkakot	1	0
Dagverðarnes	1	0
Efri-Hreppur	1	0
Efstibær	0	0
Fitjar	1	0
Grund	1	0
Hagi	1	3
Háafell	0	2
Hálsar	1	0
Horn	1	0
Hvammur	2	0
Indriðastaðir	3	2
Kirkjutungur	0	0
Litla-Drageyri	3	1
Mófellsstaðakot	2	1
Mófellsstaðir	2	1
Neðri-Hreppur	1	0
Sarpur	1	1
Stálpastastaðir	0	0
Stóra- Drageyri	1	0
Vatnsendi	1	0
Vatnshorn	1	1
Samtals	25	11

Tafla 4 sýnir fjölda íbúðarhúsa og stakra frístundahúsa á hverri jörð 1. desember 2009

Bátaskýli eru víða við Skorradalsvatn, en hingað til hafa ekki verið settar samræmdar reglur varðandi þau. Í kafla 5.3 er mörkuð stefna um bátaskýli.

## 2.4 Atvinna

Nýjar tölulegar upplýsingar um atvinnu í Skorradalshreppi eru takmarkaðar svo hér er byggt á atvinnutöluum frá tímabilinu 1998 – 2005.

Árið 2005, var fjöldi starfandi einstaklinga um 30\* en voru árið 1998 um 20.

Kort 9 sýnir þróun í fjölda starfandi einstaklinga ár hvert, eftir atvinnugreinum frá 1998 – 2005.

Fjöldi þeirra sem starfar við landbúnað er námundaður að 10 allt tímabilið.

Samkvæmt tolum Hagstofunnar frá 2004 voru 8 ársverk eða tæp 25% tengd *landbúnaði*, dýraveiðum og skógrækt.

Árið 2005 störfuðu um 10 manns við *iðnað*, þ.e. húsasmíði eða jarðvinnslu. *Þjónusta* tengist ferðapjónustu. Gera má ráð fyrir að ársverkum fjölgji á skipulagstímanum, enda verði viðurkennt að rekstur frístundasvæða falli undir landbúnað eða hlunnindi jarðar. Þá má reikna með að ársverkum í skógrækt og iðnaði tengdum úrvinnslu skógarafurða fjölgji með bættri umhirðu skóga.

### Búfé

Í árslok 2008 voru eigendur búfjár á átta jörðum í Skorradalshreppi.


Gróf flokkun á búum eftir bústofni:

- 3 blönduð bú, þar sem voru fleiri en 5 kýr og fleiri en 40 kindur.
- 2 sauðfjárbú, það eru bú með yfir 40 kindur og færri en 5 kýr.
- Ekkert hrossabú, það er bú með fleiri en 40 hross.
- Ekkert svínabú.
- Annar bústofn.


Fjöldi búfjár á svæðinu er ekki mikill, og ber að horfa á allar hlutfallstölur með það í huga.

Kort 10 sýnir að meðalfjöldi nautgripa á ári hverju frá 1996 til 2007 hefur verið um 80, þar af um 60% kýr. Hefur fjöldi gripa sveiflast lítið síðustu ár, en fæstir voru þeir árið 2002 eða 73 en flestir árið 1997 eða tæplega 100.

Meðaltalsfjöldi hrossa á þessu sama árabili hefur einnig verið um 80, en sveifla í fjölda þeirra hefur verið mun meiri en hjá nautgripunum. Flest voru hrossin 130 árið



Kort 9. Fjöldi starfandi einstaklinga eftir atvinnugreinum á árunum 1998 – 2005.



Kort 10. Fjöldi nautgripa, kúa og hrossa á árunum 1996 – 2007.


\* „Starfandi einstaklingar“ eru ýmist launþegar og/eða sjálfstætt starfandi. Allar tölur eru námundaðar að næsta tug. Aðalatvinnugrein telst vera sú, sem skilar einstaklingnum hæstum mánaðartekjum, burtséð frá fjölda starfa. Miðað er við lögheimilisfesti launþega fyrsta hvers mánaðar en ekki aðsetur launagreiðanda.

1997 en fæst 65, árið 2002.

Mjólkurframleiðsluréttur í Skorradalshreppi var um 133 þúsund lítrar árið 2006 en var árið 1998, um 98 lítrar og samsvarar tæplega 36% aukningu.

Til samanburðar var framleiðsluréttur á landinu öllu árið 1998, 102 milljónir lítra og árið 2006, 116 milljónir eða um tæp 14% aukning.

Kort 11 sýnir að talsverður samdráttur var í fjölda sauðfjár á tímabilinu 1996 til 2007, enda þótt uppsveifla hafi verið nokkur í lok tímabilsins. Árið 1996 var fjöldi sauðfjár í Skorradal um 1500, samkvæmt tölum Bændasamtaka Íslands en uppfrá því varð nokkur niðursveifla og fór fjöldinn niður í 880 gripi árið 2007. Að meðaltali eru um 75% sauðfjár ær og hefur fjöldi þeirra verið nokkuð í takt við heildarfjöldann á umræddu tímabili.



Kort 11. Fjöldi sauðfjár og áa í Skorradalshreppi 1996 - 2007

## Skógrækt



Mynd 26. Skógrækt á Fitjum og í Bakkakoti

Opinber stefna um „sjálfbæra nýtingu auðlinda“ er m.a.: „Ræktun skóga á tímabilinu mun hafa fjölpætt markmið, þar á meðal að endurheimta fjölbreytt vistkerfi landsins, vernda jarðveg, binda kolefni, auka tækifæri almennings til útvistar, byggja upp skógarauðlind og efla þar með sjálfbæra byggðaþróun og atvinnu í dreifbýli“<sup>66</sup>.

Einnig að á skipulagsstigi skógræktar „skuli taka tillit til fjölpættra landnýtingarsjónarmiða og líffræðilegs fjölbreytileika.“ Auk þess er lögð áhersla á að skógrækt „verði til að efla byggð og atvinnu í dreifbýli og falli sem best að landslagi og vistkerfi landsins“<sup>67</sup>. Við skógrækt er þess gætt að mikilvægum vistkerfum, náttúruminjum og þjóðminjum verði ekki raskað.

Nákvæmari stefnumörkun um skógrækt á Íslandi liggur ekki fyrir, en stefnumótunarvinna stendur yfir.

<sup>66</sup> Velferð til framtíðar. Áherslur 2006-2009, s. 23.

<sup>67</sup> Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Stefnumörkun til 2020, s. 46.

Skógrækt hófst í hreppnum árið 1938 þegar ungmannafélagar í Dagrenningu gróðursettu barrtré í Háafellsreit.<sup>68</sup> Þá var talið sjálfsagt að planta barrtrjám inn í birkiskógarvistkerfi. Slík vinnubrögð eru aflögð, en þóttu við hæfi langt fram á sjöunda áratug 20. aldar.

Skógrækt ríkisins eignaðist sína fyrstu jörð í Skorradal, Stálpastadei, árið 1952. Hún er miðsvæðis, norðan megin í dalnum og rúmlega 345 hektarar að stærð, þar af eru nú um 113 ha skóglendi. Landið er fremur bratt, grýtt og landhalli nokkur niður að Skorradalsvatni.

Í Jarðabókinni 1707 segir að skógur sé nægur til kolagjörðar og eldiviðar „og enn raftviður tekinn til húsabótar“<sup>69</sup> en með síðari tíma viðmiðum þótti jörðin ekki sérlega góð bújörð og 1943, þegar jörðin fór í eyði var ekki farið að nýta jarðir undir frístundabyggð, eða líta á slík landnot sem hlunnindi. Hjónin Soffía og Haukur Thors sáu að tré í Háafellsreitnum uxu vel og keyptu þau Stálpastadei með skógrækt í huga. Árið 1952 gáfu þau jörðina til Skógræktar ríkisins, og sama ár var hafist handa við að girða landið af og gróðursetja. Á næstu árum var allt kapp lagt á gróðursetningu. Byrjað var á því að grisja kjarrið sem fyrir var í landinu og gróðursetja í það, stærstu hríslunar voru látnar standa og mynduðu þær skjól fyrir nýju plönturnar.

Frá upphafi hafa verið gróðursettar á Stálpastöðum rúmlega 600.000 plöntur af 28 tegundum frá 70 stöðum úr veröldinni á rúmlega 100 hektara lands.

Nokkrir einstaklingar, fyrir utan Thorshjónin, hafa í gegnum tíðina gefið fé til uppbyggingar á Stálpastöðum. Hafa þessar gjafir oft skipt miklu um framkvæmdargetu Skógræktar ríkisins. Árið 1952 gáfu hjónin Ingibjörg og Þorsteinn Kjarval peningaupphæð sem varið var til gróðursetningar. Um nokkurra ára skeið, kringum 1955 gaf Ludvig G. Braathen, stórútgerðarmaður í Oslo, fé til gróðursetningar. Einnig má nefna gjöf sem nemendur Bændaskólans á Hvamneyri gáfu til minningar um skólastjóra sinn, Halldór Vilhjálmsson. Þau svæði sem gróðursett hefur verið í fyrir þessar gjafir hafa verið nefnd eftir gefendum. Á Stálpastöðum má því í dag finna; Kjarvalslund, Braathenslund og Halldórlund. Þá hafa stórfyrirtæki eins og Skeljungur, BYKO og Landsvirkjun styrkt einstaka verkþætti, ýmist með peninga- eða vinnuframlagi.

Aðalstarfsemi á vegum Skógræktar ríkisins var lengi í landi Hvamms samkvæmt leigusamningi, en við lok samningstíma ákváðu eigendur að selja jörðina. Í kjölfarið hafa hlutar jarðarinnar verið seldir undan henni, en Skógrækt ríkisins heldur um 24 ha umhverfis starfsstöðina.

Árið 1971 var reist minnismerkí um gjöf Soffíu og Hauks Thors. Minnismerkíð stendur miðsvæðis á Stálpastöðum, rétt við þjóðveginn. Umhirðu um skóginn hefur farið fram á síðari árum. Hefur Skógrækt ríkisins byggt upp stíga, smíðað borð og merkt trjásafn o.fl. Stálpastadei henta því einkar vel sem útvistarsvæði í ræktuðum skógi, líkt og Vatnshornsskógor hentar vel sem útvistarsvæði í náttúrulegum birkiskógi.



Mynd 27. Starfstöð Skógræktar ríkisins í Hvammi

<sup>68</sup> Árið 2008 studdi Skógræktarfélag Borgarfjarðar uppsetningu söguskiltis við reitinn.

<sup>69</sup> Jarðabókin 1707, s. 167.

Þær jarðir þar sem skógrækt er umtalsverður landnotkunarþáttur eru Bakkakot, Efri-Hreppur, Efstibær, Dagverðarnes, Fitjar, Hvammur, Indriðastaðir/Selskógur, Litla Drageyri, Sarpur, Stóra Drageyri og Stálpastaðir.


Árið 2002 gerðu tólf jarðir samkomulag um friðun lands fyrir búfjárbeit og til að tryggja þar betri skilyrði til skógræktar. Girt var úr Geitabergsvatni í Eiríksvatn, með tengingu við girðingar á nyrðri mörkum skipulagssvæðisins. Einnig milli Mófellsstæða, Indriðastaða og í girðingu Vegagerðar ríkisins við Villingadalsá<sup>70</sup>.

Skorradalur er í umdæmi Vesturlandsskóga, sem starfa á grundvelli laga nr. 95/2006 um landshlutabundin skógræktarverkefni. Engin jörð í hreppnum er í Vesturlandsskóga-verkefninu.

### Ferðaþjónusta

Samkvæmt Ferðamálastofu er ferðaþjónust sú atvinnugrein sem er í hvað örustum vexti. Á síðustu 10 árum hefur árleg aukning erlendra ferðamanna verið um 9% að meðaltali. Árið 2006 voru erlendir ferðamenn hér á landi, yfir 500 000 talsins.

Kort 12 sýnir tölur yfir val erlendra ferðamann á



afþreyingu á Vesturlandi frá 2004. Þar kemur í ljós að um

40% erlendra ferðamanna sem heimsækja svæðið velja náttúruskoðun sem afþreyingu. Rúmlega 30% fara í gönguferðir eða stunda fjallamennsku og um 25% stunda veiðar. Nýrri tölur gætu sýnt breytingu, eftir að Landnámssetur tók til starfa í Borgarnesi 2006, með áherslu á sögusýningar, en þær hafa reynst mjög vinsælar<sup>71</sup>.

Skorrdælingar ættu að geta boðið upp á (þjóð)menningartengda ferðaþjónustu, t.d. með samstarfi við ferðaþjónustuaðila á Vesturlandi. Þá gefa ólík skógvistkerfi í góðri umhirðu, t.d. á Stálpastöðum og í Vatnshorni, margvísleg tækifæri til upplifunar. Sem sögusvið atburða í Laxdælu og Harðarsögu gætu falist tækifæri. Þá væri upplagt að taka samfellt svæði til kynningar á búháttapróun, t.d. Haga, Vatnshorn, Bakkakot, Fitja og Sarp. Eins gætu falist tækifæri í kynningu á skáldum af svæðinu<sup>72</sup> og í heilsutengdri ferðamennsku sem gæfi t.d. gaum að auðlindum þagnar og kyrrðar fyrir andlega heilsu.

<sup>70</sup> Sjá afrit samkomulagsins í Viðauka III.

<sup>71</sup> Í Borgfirðingabók, ársriti sögufélags Borgarfjarðar 2007 er geinin „Landnámssetur eftir tíu mánaða starf“ gerir Kjartan Ragnarsson grein fyrir hugmyndafræðinni sem setrið byggir á.

<sup>72</sup> Má þar nefna t.d. Þorgeir Sveinbjarnarson (1905-1971) frá Efstabæ og Pétur Beinteinsson (1906-1942) frá Grafardal, en skáld úr Skorradal eru mun fleiri.



## 2.5 Opinber þjónusta, frjáls félagastarfsemi og afþreying

Einkenni félagslega þáttarins á skipulagssvæðinu er að fáir hafa lögheimilisfesti, um leið og umfang frístundasvæða sýnir, að þar geta dvalist þúsundir manna, til lengri eða skemmri tíma. Á vissum svæðum er því yfirbragð þéttbýlis og tvöföld búseta hentar sumum.

Vegna fámennis íbúa er almenn þjónusta fábreytt. Engir skólar eru á svæðinu, en í gildi er þjónustusamningar við önnur sveitarfélög. Fulltrúi Skorradalshrepps er aðili að fræðslunefnd Borgarbyggðar.

### Leikskóli

Skorradalshreppur kaupir leikskólapjónustu af Borgarbyggð, en leikskólinn Andabær er á Hvanneyri. Ótímabundinn samningur um þjónustuna er í gildi frá 1. október 2006 á milli Skorradalshrepps og Borgarbyggðar.

Í byrjun árs 2009 flutti Andabær í nýtt húsnæði og var nemendafjöldi eftir stækkun 44 börn, en gert ráð fyrir að hægt sé að taka við 60 – 70 börnum.

### Grunnskóli

Skorradalshreppur kaupir grunnskólapjónustu af Borgarbyggð og gildir samningur þar um til 2014.

Grunnskóli Borgarfjarðar rekur tvær starfsstöðvar. Á Hvanneyri er rekin deild fyrir yngri stig og voru nemendur þar 39 á skólaárinu 2008 – 2009. Á Kleppjárnsreykjum er heildstæður grunnskóli, þar sem börn stunda nám í 1. – 10. bekk. Nemendur þar á skólaárinu 2008 – 2009 voru 115.

### Framhaldsskóli

Skorradalshreppur er aðili að Fjölbautaskóla Vesturlands á Akranesi og stofnhluthafi í Menntaskóla Borgarfjarðar í Borgarnesi.

### Tónlistarskóli

Skorradalshreppur var einn af rekstraraðilum Tónlistarskóla Borgarfjarðar frá upphafi og fram að 2007, er samkomulag var gert milli Borgarbyggðar og Skorradalshrepps um að Borgarbyggð annaðist rekstur tónlistarskólans en íbúar Skorradalshrepps hefðu aðgang að honum.

Útibú eru frá skólanum í Grunnskóla Borgarfjarðar. Kennt er á öll helstu hljóðfæri auk söngs og er hljóðfærakostur skólans nokkuð góður. Einnig er forskóladeild við skólann.

Skólaárið 2008 – 2009 voru um 240 nemendur í skólanum.

### Félagsþjónusta

Um félagsþjónustu, öldrunarþjónustu, heimilishjálp og barnaverndarmál Skorrdælinga gilda þjónustusamningar við Borgarbyggð. Þá er svæðisskrifstofa fatlaðra í Borgarnesi.

Dvalarheimili aldraða er í Borgarnesi. Heimilið er sjálfseignarstofnun og rekið fyrir daggjöld.

Fulltrúi Skorradalshrepps er aðili að félagsmálanefnd Borgarbyggðar.

Þá hafa sveitarfélögin sameiginlegar reglur fyrir félagslega heimaþjónustu og fjárhagsaðstoð við heimili og einstaklinga. Kostnaður við hvert tilfelli greiðist af viðkomandi sveitarfélagi. Heimilishjálp er einnig veitt. Félagsmálanefnd annast einnig barnaverndarmál.



## Heilbrigðismál

Heilsugæslustöðin í Borgarnesi þjónar Skorradal. Þar er vaktþjónusta allan sólarhringinn og þar er sjúkrabíll.

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands hefur starfsstöðvar í Borgarnesi og á Akranesi.

Héraðsdýralæknir Mýra- og Borgarfjarðarsýslu er í Borgarnesi.

## Byggingar- og skipulagsmál

Byggingar- og skipulagsfulltrúi hefur verið eini starfsmaður Skorradalshrepps. Starfsstöðin hefur verið á Hvanneyri frá 2007.

## Slysa-, bruna- og almannavarnir

Þjónustusamningur er í gildi til 2012 milli Borgarbyggðar og Skorradalshrepps um brunavarnir og sér Slökkvilið Borgarbyggðar um brunavarnir í Skorradal. Skorradalshreppur á slökkviliðsbíl ágerð 2007, sem er staðsettur á Hvanneyri.

Um vatnstökustaði vegna brunavarna er fjallað í kafla 2.7.

Í 9. kafla brunavarnaáætlunar segir, að þegar „byggt verður björgunarhús við Skorradalsvatn skal slökkvilið hafa eftirlit með búnaðinum, sbr. 4 gr. viðauka við þjónustusamning Borgarbyggðar og Skorradalshrepps um brunavarnir.“ Í kafla 3.5 segir: „Nauðsynlegt er í framtíðinni að unnin verð áætlun um rýmingu fristundabyggða á svæðinu. Stefnt skal að gerð áætlunar í samráði við lögreglu, fulltrúa almannavarnadeilda Ríkislöggreglustjóra og sveitarstjórna á svæðinu“<sup>73</sup>.

Sjúkrabíll er við Heilsugæslustöðina í Borgarnesi.

Skorradalshreppur er aðili að Almannavarnanefnd Borgarfjarðar og Dala, sem hefur aðsetur hjá sýslumanninum í Borgarnesi.

## Þjónusta þjóðkirkjunnar

Skorradalshreppur tilheyrir Hvanneyrarprestakalli. Prestsetrið er Staðarhóll á Hvanneyri.

Í hreppnum eru tvær sóknir, Hvanneyrar- og Fitjasókn og eru skiptin um lönd jarðanna Vatnsenda/ Hvamms að norðanverðu og milli Haga/Stóru Drageyrar að sunnanverðu. Þessi sóknaskipting má heita að séu einu leifar þess að Fram-Skorrdælingar áttu fyrrum mun meiri

### Slökkvibíllinn Skorri

Ford F-550 Super Duty, beinskiptur með sex lítra 325 ha V8-díselvél og fjórhljóladrifinn. Bíllinn er með öflugu spili, GPS-tæki, bakkmyndavél, ljósamastrí, leitarljósi á þaki og ljóskösturum að framan svo nokkuð sé nefnt. 2.100 lítra vatnstankur er í bílnum auk 130 l froðutanks. Hann er búinn tveimur rafdrifnum slönguhjólum með 70 metra slöngu á hvoru hjóli, slöngurekkum og tilheyrandi slöngum samtals um það bil 400 metra að lengd. Mestu afköst dælu eru 2.200 lítrar á mínútu og froðubúnaðar á háþrýstingi 1-6%. Í bílnum er 3 kw rafstöð auk reykblásara. Kassi undir klöppur, fimm metra brunastigi, monitor og fleira. Festingar fyrir reykköfunartæki eru í skápnum í yfirbyggingum, og einnig í aftursæti bílsins er gert ráð fyrir að tveir reykköfunarmenn geti setið með tækin á sér. Laus dæla á kerru er geymd utandyra á Hásum, en hún er eingöngu notuð af slökkviliðsmönnum, en ekki til útláns.



Mynd 28. Sigurjón Magnússon afhendir Davíð Péturssyni oddvita nýja slökkvibíllinn sem fyrirtæki Sigurjóns útbjó fyrir Skorradalshrepp.

<sup>73</sup> Brunavarnaáætlun 17/12/08.



samskipti við Lunddælinga og Grafardal sem tilheyrdi Skorradalshreppi og Fitjasókn fram til 1955, fremur en við niðurdalinn. Árið 2008 má heita að „mannauðn“ sé í Fitjasókn, eða 4 skráðir aðilar. Í Jarðabókinni 1707 er Fitjakirkja talin útkirkja þ.e. „annecteruð með Lunds kirkjusókn“<sup>74</sup> en síðar færðist þjónustan til Hestþinga, þar til 1944 að prestsetur var aflagt á Hesti og flutt að Staðarholi, sem var að fornu hjáleiga frá Hvannayri, en lögfest sem prestsetur 1952. Þá breyttist nafn prestakallsins úr Hestþingum í Hvanneyrarprestakall.



Mynd 29. Fitjakirkja

## Kirkjugarður

Þjónusta kirkjugarðs er á Fitjum og þar eru þekkt yfir 50 leiði, flest fyrrum Skorrdælinga<sup>75</sup>.

## Söfn

Þjónustusamningur er við Borgarbyggð um aðild hreppsins að Safnahúsi Borgarfjarðar í Borgarnesi. Þar er bókasafn, byggðasafn, listasafn, náttúrugripasafn og héraðsskjolasafn. Rekstrarþáttur fer eftir íbúafjölda einstakra sveitarfélaga.

Skorradalshreppur er aðili að Snorrastofu í Reykholti sem er sjálfseignarstofnun.

## Félags- og íþróttaaðstaða

Íþróttafélagið Íslendingur er starfrækt í Skorradal. Félagssvæðið nær einnig yfir fyrrverandi Andakílshrepp. Félagið hefur tekið þátt í uppbyggingu íþróttaaðstöðu á Hvannayri. Þá er sundlaug með heitum pottum við Efri-Hrepp, svonefnd Hreppslaug, í eigu ungmannafélagsins og hefur Skorradalshreppur stutt rekstur hennar á hverju ári. Skorradalshreppur og Borgarbyggð eiga og reka félagsheimilið Brún í Bæjarsveit.

## Frjáls félagastarfsemi

Búnaðarfélag Skorradalshrepps er félag bænda og fleiri aðila í Skorradalshreppi.

Golfklúbbur er starfræktur á Indriðastöðum og er golfvöllur í uppbyggingu þar.

Skátaskáli er á Stóru-Drageyri á vegum Skátafélags Akraness. Þar er aðstaða til fundahalds, námskeiða og gistingar.

Félagssvæði ungmannafélagsins Íslendings nær inn á svæðið, en það byggði Hreppslaug árið 1928 og rekur hana enn.

Félög sumarbústaðaeigenda eru starfrækt í Dagverðarnesi, á Fitjum, Hásum, í Hvammi, á Indriðastöðum og Vatnsenda.

Skorradalshreppur er aðili að Skógræktarfélagi Borgarfjarðar.

Kvenfélagið 19. júni nær yfir Skorradalshrepp og aðliggjandi svæði.

Tjaldsvæði er í Selsskógi á vegum Skógræktar ríkisins.

<sup>74</sup> Jarðabókin 1707, s. 165.

<sup>75</sup> Nánari upplýsingar um Fitjakirkjugarð: <http://www.gardur.is/gardur.php?gID=325>



## 2.6 Samgöngur<sup>76</sup>

Skorradalshreppur er skammt frá höfuðborgarsvæðinu. Eftir opnun Hvalfjarðarganga er hægt að velja um tvær meginleiðir frá Reykjavík (báðar um 85 km) að vestari enda Skorradalsvatns. Leiðin vestan Hafnarfjalls er með bundnu slitlagi að Hvammi. Ef farið er um Hvalfjörð liggur leðin um Ferstikluháls og þaðan um Geldingadraga. Frá Ferstiklu er malarvegur að krossgötunum við Hestháls.

### Vegir

Tafla 5 sýnir heiti, flokkun, lengd og staðsetningu vega í Skorradalshreppi.

**Tafla 5. Yfirlit yfir heiti, flokkun, lengd og legu vega í Skorradalshreppi árið 2007**

Heiti vegrar (vegnr.)	Flokkun / ástand	Lengd (km)	Staðsetning
<b>Skorradalsvegur (508)</b>	Tengivegur (C2)	24,53	
508 01	- bundið slitlag	6,05	Frá Borgarfjarðarbraut (50) að Dragavegi (520).
508 02	- bundið slitlag að Hvammi	5,68	Frá Dragavegi (520) að Hvammi.
508 03	- malarvegur	12,8	Frá Hvammi að Fitjum.
F508 04	landsvegur / malarvegur	9,93	Frá Fitjum að Uxahryggjavegi (52).
<b>Dragavegur (520)</b>	Tengivegur	24,16	
520 01	- malarvegur	14,52	Frá Hvalfjarðarstrandarvegi (47) að Fellsvegi (509 4)
520 02	- malarvegur	5,30	Frá Fellsvegi (509 4) að Skorradalsvegi (508)
520 03	- malarvegur	4,34	Frá Skorradalsvegi (508) að Uxahryggjarvegi (52)
<b>Fellsvegur (5095)</b>	Héraðsvegur / malarvegur	<b>3,62</b>	Frá Dragavegi (520) að Felli.
<b>Mófellsstaðavegur (507)</b>	Héraðsvegur / malarvegur	<b>6,72</b>	Frá Borgarfjarðarbraut (50) að Dragavegi (520).

Tafla 6 sýnir umferðartölur á vegum í hreppnum árið 2007 samkvæmt talningum og útreikningum Vegagerðarinnar.

**Tafla 6. Yfirlit yfir umferð á vegum í Skorradalshreppi árið 2007.**

	ÁDU	SDU	VDU
<b>507 Mófellsstaðavegur</b>	78	125	47
<b>508 Skorradalsvegur</b>			
01	202	313	131
02	212	330	137
03	213	338	126
04	7	11	2
<b>520 Dragavegur</b>			
01	126	250	38
02	115	232	38
03	115	232	38

<sup>76</sup> Upplýsingar í kaflanum frá Vegagerð ríkisins.



## Göngu-, hjóla- og reiðleiðir

Frá fornu fari hafa verið göngu- og reiðleiðir um Skarðsheiði, Botnsheiði og Geldingadraga. Síldarmannagötur hefjast Hvalfjarðarmegin, við stóra vörðu, rétt utan við smáána Brunná. Í vörðunni er box þar sem nálgast má leiðarlýsingu og grípa með sér. Farið er upp Síldarmannabrekkur. Á vatnaskilum Botnsheiðar við Tvívörður er útsýni gott, þar skiptist leiðin. Eystri leiðin liggur niður á móts við Sarp. Þetta er gönguleið og þarf að príla yfir girðingu. Vestari leiðin kemur niður hjá Vatnshorni og er bæði göngu- og reiðleið.

Önnur gönguleið um Botnsheiði liggur innst úr Botnsdal frá bænum Stóra-Botni, upp Svartahrygg og norður Botnsheiði eftir Grillrahrygg og niður í Skorradal vestan Skúlagils, gegnt Efstabæ. Þaðan áfram til Lundarreykjadal og enn áfram Okveg. Þetta var vermannaleið úr ofanverðum Borgarfirði á veturna og var þá farið áfram um Hrísháls til Brynjudals, um Reynivallaháls og Svínaskarð til Inn-Nesja eða sunnar. Þetta var líka fjárekstrarleið úr framdölum Borgarfjarðar þegar farið var með sláturfé til Reykjavíkur, langt fram á 20. öld.

Efstibær var því í þjóðleið, áður en bílvegir voru lagðir.

Þriðja leiðin, en erfið og minna farin, er frá Hrafneyri utan Hrafnabjarga, en þar var verslunarútibú á fyrsta fjórðungi 20. aldar. Farið er um Álfaskarð (Brekkuskarð) og komið inn á hinum leiðirnar norðar á Botnsheiðinni og þaðan ofan í Skorradal.



Mynd 32. Magnús landpóstur frá Arnþórsholti, 1960

Yfir Skarðsheiðina liggur hin gamla þjóðleið Skarðsheiðarvegur, sem liggur frá Leirárgörðum upp Leirárdalinn um gil og kamba vestan árinnar að Miðfitjum efst á heiðinni. Einnig er hægt að fara yfir ána neðan við Leirárdal og upp austurkinn dalsins, vestan við Snók (yfir 570 m y s). Þar kemur slóðin saman við gamla leið sem lá frá Neðra-Skarði. Liggur hún svo vestur yfir Leirá á móts við Heiðarhorn og kemur þar á Skarðsheiðarveg. Frá Miðfitjum liggur leiðin upp utan í Miðfitjahól en austan í honum sunnanverðum er klettastallurinn Skessusæti<sup>77</sup>. Efst á Miðfitjahól er afar gott útsýni norður yfir Borgarfjarðarhérað. Komið er niður eftir Sauðahrygg í landi Efri-Hrepps.

Vestasta leiðin, er Mávahlíðarsneið, frá Grund yfir að Mávahlíð í Lundarreykjadal. Um Skorradalsháls, frá Háafelli, utan við Stekkjargil liggur skágata Krosshólsvegur upp hlíðina, yfir í Lundarreykjadal hjá Snartarstöðum og svo áfram að Lundi. Þetta var kirkjuvegur Lundarpresta þegar Fitjakirkju var þjónað frá prestsetrinu á Lundi og póstgata, fram yfir 1960. Gatan er vel greinileg og hefur trúlega verið mikið farin, e.t.v jöfnum höndum og inn Lundarreykjadal, áður en farið var austur um Bláskógaheiði, yfir á Þingvöll. Víðar var farið um Skorradalsháls, og er gott að þræða hryggi og holtaklasa, sem liggja þvert um hálsinn, t.d.



Mynd 30. Horft suður að Geldingadraga



Mynd 31. Útsýni norðuraf Síldarmannagötum

<sup>77</sup> Segir sagan að þar hafi skessa nokkur setið fyrir ferðamönnum þar til Grundarbóndi óó hana. Svo illa var henni við kristni í landinu að hún hugðist varpa steini á kirkjuna á Hvanneyri þegar hún var reist. Missti hún marks, en Grásteinn í mýrunum austur frá Hvanneyri er þar til „sannindamerkis“.

Langás innan við England. Reið- og gönguleiðir eru að öðru leyti meðfram eða á vegum um dalinn, einkum sunnantil.

Engir sérmerktir hjóreiðastígar eru. Fara má upp úr Skorradal um 10 km línuveg /landsveg frá Fitjum og er þá komið inn á Uxahryggjaveg. Línuvegur liggur einnig upp frá brú á Fitjaá (við leið inn á Síldarmannagötur eystri) um Botnsheiði til Grafardals. Um Vatnshornsskóg liggur slóði, sem er allt í senn; göngu-,reið-,hjóla- og flóttaleið.

## 2.7 Veitur, lagnir og fjarskipti

### Vatnsveitur

Í heildina tekið er ástand neysluvatnsmála á svæðinu sæmilegt. Vatn er yfirleitt tekið úr lindum/brunnum, eða borholum á viðkomandi jörð og leitt þaðan í byggingar, sem tilheyra jörðinni, hvort sem um er að ræða heilsárshús, landbúnaðarbyggingar eða frístundabyggð.



Mynd 33. Fitjaá

Gera má ráð fyrir að vatnsnotkun á hvern íbúa í frístundabyggð sé 200 – 250 l/sólarhring, 300 – 350 l/sólarhring á íbúa í íbúðarbyggð og 600 – 700 l/sólarhring á íbúa á jörðum, þar sem stundaður er búskapur.

Í Skorradalshreppi eru fjögur vatnsból með starfsleyfi sbr. 4. gr. og 12. gr. neysluvatnsreglugerðar nr. 536/2001. Þau eru vatnsból sem þjóna Grund, Hvammsskógi, Vatnsendahlíð og tjaldsvæði í Selsskógi.

Við Birkimóá í landi Grundar er vatnsveita í eigu Skorradalshrepps, en sökum smæðar flokkast hún ekki undir ákvæði 12. greinar reglugerðar nr. 536/2001 og telst því ekki starfsleyfisskyld.

Um flokkun vatns segir eftirfarandi í 8. gr. reglugerðar nr. 796/1999 m.s.br.

- *Til þess að viðhalda náttúrulegu ástandi vatns og til þess að vernda það gegn mengun frá mannlegri starfsemi skulu heilbrigðisnefndir flokka vatn í samræmi við 9. og 10. gr. [sömu reglugerðar]. Heilbrigðisnefndir skulu skilgreina langtíma markmið fyrir vatn. Flokkun vatns gildir um yfirborðsvatn og grunnvatn hvarvetna á landinu.*
- *Hreppsnefndir og heilbrigðisnefndir skulu grípa til aðgerða sem miða að því að viðhalda náttúrulegu ástandi vatns.*

Um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda m.s.br. segir í 5. gr. reglugerðar 804/1999:

- *Gera skal viðeigandi ráðstafanir til að draga úr hættu á að vatn mengist og koma í veg fyrir mengun í vatni af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði eða af öðrum orsökum.*
- *Í 9. gr. reglugerðarinnar segir: Viðkomandi heilbrigðisnefnd skilgreinir og kortleggur sérstaklega vatnasvæði sem talin eru viðkvæm og hafa lítið viðnám gegn köfnunarefnismengun, eru menguð eða gætu mengast af völdum köfnunarefnis, ef ekki er gripið til sérstakra aðgerða til verndar.*



Ekki er talin mikil hætta á köfnunarefnismengun vatns frá landbúnaði og því hefur þessu ekki verið sinnt í hreppnum. Flokkun vatns og skilgreining langtíma markmiða um varnir gegn mengun þess hefur ekki heldur farið fram, en er í Staðardagskrá 21. Kostnaður við flokkun hleypur hins vegar á milljónum króna og er óljóst hverjir eigi að bera hann.<sup>78</sup>

Skrá um vatnstökusvæði vegna slökkvistarfa á bújörðum liggur fyrir í slökkvibílnum Skorra,<sup>79</sup> en aðgengi að vatni ef um stærri elda, eða gróðurelda er að ræða er ekki nægilega tryggt. Í brunavarnaátælun er gert ráð fyrir að Skorradalsvatn, ár og lækir nýtist sem vatnstökustaðir.

### Hitaveitur

Árið 1994 boraði Skorradalshreppur eftir heitu vatni í landi Stóru-Drageyrar. Vatnsmagn í borholunni er u.p.b. 25 – 30 l/sek. af 96°C heitu vatni.

Árið 1996 var stofnuð Hitaveita Skorradals ehf. og lagði hún heitt vatn að eftirtöldum bæjum: íbúðahverfinu Birkimóá, Efra Hreppi, Grund, Hálsunum, Horni, Indriðastöðum, Mófellsstöðum, Mófellsstaðakoti og Neðra-Hreppi. Síðar var frístundasvæðið á Indriðastöðum tengt veitunni sem og fyrirhugað frístundabyggðarsvæði á Hálsunum. Orkuveita Reykjavíkur tók við rekstri hitaveitunnar í ársbyrjun 2007.

Þá hefur verið borað eftir heitu vatni í Hvammi, en sú borhola hefur ekki verið virkuð.

### Rafveitur

Á árunum 1952 - 1973 var lagt rafmagn á svo til alla bæi í Skorradalshreppi, sem höfðu fasta búsetu. Hagi fékk þó ekki rafmagn fyrr en árið 1988, á sama tíma og frístundasvæðið á Indriðastöðum. Ekkert rafmagn er enn á nokkrum jörðum í hreppnum. Þetta á við um allar jarðir í Fram-Skorradal, þ.e. innan Dagverðarness og Haga, nema Fitja, sem keypti rafmagn í kjölfar raflagnar í Fitjahlíð 1992.

Rafveitan er rekin af Rafmagnsveitum ríkisins og liggur 19 kV raflína frá tengivirki (spennistöð) í landi Vatnshamra í Borgarbyggð, inn dalinn. Tengivirkið var tekið í notkun árið 1976 og var fyrsta tengivirki byggðalínu Landsvirkjunar nú Landsnets. Þessi lína heitir nú frá tengivirki í landi Vatnshamra að Brennimel í Hvalfirði Vatnshamralína 1 (132 kV). Línan liggur frá tengivirkini um hluta af landi Neðra-Hrepps til suðurs, en sveigir svo til suðvesturs yfir Skarðsheiði og að Brennimel. Þá heyra flutningslínurnar Andakíslína 1 (66 kV) og Vatnshamralína 2 (66 kV) undir Landsnet.

Sama á við um Sultartangalínu (SU1) sem liggur um hluta Skorradals nánar tiltekið um lönd Efstabæjar, Sarps, Fitja, Bakkakots, Vatnshorns og afréttarlandsins á Botnsheiði, sem enn er kallað Fitjakirkjuland. Línan liggur frá Hrauneyjarfossvirkjun, að tengivirki við Brennimel í Hvalfjarðarsveit.

Sultartangalína 3 (SU3) var spennusett árið 2006. Liggur línan að mestu samsíða Sultartangalínu 1 (SU1) en fer þó ekki niður í innsta hluta Skorradals, heldur um Botnsheiði að tengivirki við Brennimel. Helgunarsvæði hennar er á bilinu 26,1 – 38,8 m frá miðlinu í báðar áttir eða 52,2 – 77,6 m belti<sup>80</sup>. Þessi lína er einnig í eigu Landssnets.


<sup>78</sup> Heilbrigðiseftirlit Vesturlands og heimamenn

<sup>79</sup> Búnaðarsamtök Vesturlands stóðu fyrir brunavarnátaki í sveitum árin 2006-7.

<sup>80</sup> Línhönnun: Sigurjón Ísaksson og www.lh.is.



Skýringarkort 5. Dreifikerfi rafmagns í Skorradalshreppi. Línur og jarðstrengir<sup>81</sup>



<sup>81</sup> Heimild: Svæðisskipulag sveitarfélaganna norðan Skarðsheiðar 1997 – 2017. Kort TGJ



## Fráveitur

Fráveitukerfi bújarða og frístundasvæða í hreppnum miðast við rotþrær. Á nokkrum stöðum er óljóst hvar þær eru staðsettar. Heilbrigðiseftirlit Vesturlands hefur eftirlit með fráveitum, samanber ákvæði reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Samningar eru við Hreinsitækni ehf um losun rotþróa á þriggja ára fresti. Rannsóknir á jarðvegsmengun vegna rotþróa hefur ekki farið fram og brýnt að komið verði á vöktunardagskrá og vinnu í samræmi við lög nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna. Í Staðardagskrá<sup>21</sup> Skorradalshrepps er þessu nánar fylgt eftir.

Hreppsnefnd Skorradalshrepps óskaði eftir sýnatoku úr Skorradalsvatni haustið 2004 og vorið 2005, en sú sýnataka fór ekki fram<sup>82</sup>. Hreppsnefnd hefur styrkt kaup og niðursetningu rotþróa á jörðum.

## Fjarskipti

Á undanförnum árum hefur Síminn unnið mikið starf í að efla fjarskipti í sveitum landsins og m.a. hefur verið lagður ljósleiðari frá Borgarnesi um Hvanneyri og þaðan að Kljáfossi og áfram að Hreðavatni sem síðan tengist aftur í Borgarnes og fæst þannig hringtenging um héraðið sem eykur til muna allt öryggi í fjarskiptum. Símnotendur í Skorradal eru tengdir við símstöðina á Hvanneyri og getur Síminn nú uppfyllt alþjónustukvöð á svæðinu og boðið öllum íbúum gagnaflutning með a.m.k. 128 kbita gagnaflutningi (ISDN). Á næstu árum stendur til að efla enn frekar 4G háhraða-farnetsþjónustu á Vesturlandi, þ.m.t. í Skorradal í tengslum við verkefni Símans og Fjarskiptasjóðs<sup>83</sup> Fjórir GSM sendar Símans eru á svæðinu.

Vodafone er með fjarskiptarekstur á þremur stöðum í Skorradalshreppi, á Haga, í lokuhúsi Andakílsárvirkjunar og á Vatnsenda. Með þessum rekstri er Vodafone með aðstöðu til fjarskiptarekstrar, hús og / eða mastur á tveim af umræddum stöðum, Haga og við lokuhús Andakílsárvirkjunar. Vodafone býður upp 34MB bandvídd á svæðinu sem er stækkanleg gerist þess þörf. Sendar fyrir GSM og 3G eru til staðar í lokuhúsi Andakílsárvirkjunar og í Haga<sup>84</sup>.

Árið 2004 var undirritaður samningur milli Skorradalshrepps og eMax um uppbyggingu þráðlauss breiðbandskerfis í hreppnum, en slíkt kerfi nýtist sem burðarlag fyrir margskonar þjónustu svo sem að tengjast Internetinu, flytja útvarps- og sjónvarpssendingar og fyrir eftirlits og öryggiskerfi sem t.d. má nota við fjarvöktun á sumarhúsum, svo dæmi séu tekin. eMax fékk nýtt eignarhald þann 1. mars 2008 og í kjölfar þess var bandvídd aukin, sendum og móttökurum í Haga og Stóru Drageyri skipt út. Þá hefur verið bætt við sendistöðum á Hálsum og Grund og hafa allir íbúar og dvalargestir möguleika á því að tengjast kerfinu óháð staðsetningu.<sup>85</sup>

<sup>82</sup> Heilbrigðiseftirlit Vesturlands annast heilbrigðiseftirlit á Vesturlandi í umboði heilbrigðisnefndar. Sveitarfélögin á Vesturlandi sameinuðust um reksturinn árið 1999. <http://www.borgarbyggd.is/starfsemi/heilbrigdismal/heilbrigdisftirlit-vesturlands/>

<sup>83</sup> Síminn, Margrét Stefánsdóttir tölvupóstur

<sup>84</sup> Vodafone, Sigurður Ingi Hauksson tölvupóstur

<sup>85</sup> eMax, Daníel Gunnarsson tölvupóstur

## 2.8 Efnistökusvæði


Almenn þekking á áhrifum af efnistöku úr ám á lífríkið er þekkt, en lífríkið er mjög tengt gerð undirlagsins, straumhraða, næringarefnainnihaldi vatnsins, ljósmagni, hita- og úrkomufari. Lífkeðjan er stutt í ferskvatni hérlandis og hefur grófleiki botns mikið að segja um framleiðslugetuna. Þá er samhengi milli grófleika botns og straumhraða. Takmarkaðar rannsóknir hafa verið gerðar á lífríki á Anna á svæðinu, en ár eru mjög misjafnar hvað varðar vistgerð og lífmagn. Vegna stöðugs aurburðar dragánna, einkum úr Skarðsheiðinni, er þó talið unnt að taka efni sem þær bera fram, án þess að lífríki þeirra stafi hætta af. Almennt gildir að umfang efnistöku úr árfarvegum getur aldrei verið nema „minniháttar“ og miðast einkum við eyrarsvæði, en einnig við ósasvæði þar sem upphleðsla verður<sup>86</sup>. Efnistaka hefur farið fram á eyrum við/í Skorradalsvatni, en slíkt samræmist illa þeirri stefnu sem sett er í ASK 2010 - 2022. Önnur efnistaka hefur verið hverfandi lítil.



## 2.9 Sorpförgunarsvæði

Á átta stöðum eru gámar fyrir heimilissorp og gámar fyrir járn- og timburúrgang eru við Mófellstaði. Að öðru leyti hefur sorp ekki verið flokkað. Gámaþjónusta Vesturlands annast sorphirðu samkvæmt samningi við sveitarfélagið. Gert er ráð fyrir að íbúar/dvalargestir fari sjálfir með úrgang spilliefna á viðurkennda móttökustaði.

Sá úrgangur sem til féll í Skorradal árið 2008, var um 212 tonn, þar af 130 tonn af blönduðum úrgangi, 75 tonn af timbri og 24 tonn af járni. Út frá umhverfissjónarmiðum væri æskilegt að hvetja til „vistverndar í verki“ enda er hægt að endurvinna flestan úrgang með vandaðri flokkun og viðeigandi móttökustöðvum. Slíkt kallar hins vegar á vandaðar leiðbeiningar, tilkostnað við kynningu og uppsetningu flokkunararbúnaðar og mikla vandvirkni – og er áskorun til íbúa og eigenda frístundahúsa á svæðinu.<sup>87</sup>



<sup>86</sup> „Malartekja úr ám“ 2008. Erindi á fræðaþingi landb.; Námur, efnistaka og frágangur 2002, s. 47-49.

<sup>87</sup> Sjá Staðardagskrá 21 fyrir Skorradalshrepp.



### III. Sérstakar forsendar

„Eina leiðin inn í framtíðina verður sem sagt að byggjast á hugmyndafræði sjálfbærar þróunar, þar sem látið er af „hinum gamla húsgangshætti, að hugsa eingöngu um stundarhaginn, nokkra aura í svipinn, en láta sér standa á sama, hvort gerður er stórskaði öldum og óbornum“<sup>88</sup>

Út frá sjónarmiði sjálfbærar þróunar vill Skorradalshreppur stuðla að því að jarðir í hreppnum viðhaldi sem mestu af „dýrleika“<sup>89</sup> sínum til komandi kynslóða. Því mælist hreppsnefnd Skorradalshrepps til þess að lóðir á íbúða- og fristundabyggðarsvæðum séu fremur leigðar en seldar undan jörðum. Með því að skilgreina lóðir til leigu og sem hlunnindi viðkomandi jarðar er ekki verið að „hugsu um stundarhaginn“ því jörðin heldur möguleikum sínum til framtíðar. Þessi forsenda „miðar að því að tryggja núverandi kynslóðum góð lífsskilyrði, án þess að ganga á möguleika komandi kynslóða til hins sama,“ sem er leiðarljós stefnumörkunar ASK 2010-2022.

#### Gögn og gæði lands

Aldarfarið birtir okkur misjafna sýn á „gögn og gæði“ lands, en um aldir hafa *hlunnindi* birt ríkjandi gildismat á dýrleika jarða, sem aftur hefur lagt grunn að verðmati þeirra. Í Jarðabókinni 1707 eru þessi helst í Skorradal: Torfrista, stunga og reiðingsrista, móskurður til eldiviðar, hagar, beit, upprekstur, lax- og silungsveiði, (flæði)engi og tún, skógur til kolagerðar, raftviðar og eldiviðar, sortulyng og rifhrís. Þessi hlunnindi tilheyrdú sjálfsþurftarbúskap fyrri tíðar, allt fram á sjötta áratug 20. aldar þegar búvélabytingin varð. Fyrir tíma framræslunnar þóttu flæðiengjar mikið kostaland. Þær höfðu hátt „framleiðslugildi“ til heyöflunar og voru t.d. verðmætasti landnotkunarflokkurinn sem gerðardómendur lögðu til grundvallar bótum vegna lands sem „fer forgörðum eða spillist af hækkun Skorradalsvatns“ rétt fyrir 1960. Aðrir flokkar í því mati voru tún, ræktanlegt land og beitiland. Önnur landnot voru ekki virðismetin og framfarasinnum þess tíma, þótti hvorki tiltökumál að náttúrulegt stöðuvatn væri nýtt sem miðlunarlón, né að affall þess yrði beislað í miðlunarskurði.

Hálfri öld síðar, um aldamótin 2000 fór jarðaverð í Skorradal að mestu eftir möguleikum til fristundabyggðar. Áratug síðar eru hins vegar teikn á lofti um að land, sem kann að henta til matvælaframleiðslu verði verðmeira en verið hefur og að e.t.v. verði hlunnindi af silungsveiði metin meira en síðustu áratugi. Af þessu má draga þann lærðom að það flokkist undir *stundarhag* að selja land undan jörðum, því með slíkri ráðstöfun er næstu kynslóðum gert ófært að lifa af jörðinni, þ.e. á þeim verðmætum sem talin eru mikilvægust á *hverjum tíma*. Leiga lóða er afturkræf ráðstöfun, og rýrir í engu langtímahagsmuni jarðaeigenda. Sala á landi undan jörðum rýrir hins vegar dýrleika þeirra til frambúðar.

<sup>88</sup> eins og Þorvaldur Thoroddsen orðaði það fyrir 114 árum“ sagði Stefán Gíslason umhverfisstjórnunarfræðingur Staðardagskrárskrifstofunni í Borgarnesi: „Umhverfismál á tímum bankakreppu“ Sjá:

<http://stefangisla.blog.is/blog/stefangisla/entry/697121/>

<sup>89</sup> Orðið „dýrleiki“ merkir verðmæti, en frá því 1097, þegar tíund var lögtekin og fram á miðja 19. öld var eitt jarðamat á Íslandi, ákveðið í jarðarhundruðum (sjá kort nr. 17 í SnS 1997-2017)



## Samlegðaráhrif mismunandi landnotkunar

Við stefnumörkunina eru innbyrðis áhrif stefnumörkunar í einstökum málauflokkum metin sem og samlegðaráhrif þeirra, í samræmi við *hlutverk aðalskipulags*. Þannig er t.d. áætlun um stækkan verndarsvæða álitin mótvægi við stækkan frístundabyggðarsvæða<sup>90</sup>

### Pörf á skýrari viðmiðum

Eitt af hlutverkum aðalskipulags er „að komast að því hvort afla þurfi nýrrar þekkingar með rannsóknum/ athugunum vegna stefnu eða óska um landnotkun“ (sjá 1. kafla, s. 13 og 15).

Hér er mörkuð sú stefna að líta á gróðurelda sem „náttúrvá“ og talið er mikilvægt að aflað verði þekkingar um þennan þátt, sem hingað til hefur ekki verið gert í skipulagslögum. Ekkert er fjallað um gróðurelda eða viðbragðsáætlanir í skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 né skipulagsreglugerð nr. 400/1998 í flokki 10 um „svæði undir náttúrvá“ og í frumvarpi til skipulagsлага sem lagt var fyrir 135. lög. (þskj. 616 - 374. mál) var ekki tekið á þessu atriði, þrátt fyrir ábendingar hreppsins o.fl.

Þá taka hvorki skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 né skipulagsreglugerð nr. 400/1998 á landnotkunarþættinum „jarðvegslosun“ í dreifbýli þar sem allt land er í einkaeign. Með einhverjum hætti þarf að huga að þessu við endurskoðun skipulagsлага.

**Það er mat hreppsnefndar Skorradalshepps að taka þurfi til endurskoðunar skilgreiningar í 2. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, annars vegar um „þéttbýli“ og hins vegar „frístundabyggð“ í samhengi skilgreiningar á „íbúðarsvæði“. Þessar skilgreiningar reynast úreltar miðað við notkun húsa og umfang byggðarinnar í Skorradalshreppi, sem víða ber svipmót þéttbýlis og tvöfaldrar búsetu<sup>91</sup>.**



*... annað hvort getum við reynt að hafa áhrif á framtíðina,  
eða látið skeika að sköpuðu ...*

<sup>90</sup> Í Viðauka I er landnotkun SnS 1997-1017 borin saman við tillöguna í ASK 2010-2022

<sup>91</sup> Hér má benda á að Borgarbyggð telur „nauðsynlegt að gera ráð fyrir dulinni búsetu“ í aðalskipulagstillögu sinni kf.4.2, en skilgreining „dulinnar búsetu“ er sambærileg skilningi á „tvöfaldri búsetu“ hér.



## IV. Umhverfisskýrsla

### Samantekt

Leiðarljós ASK 2010 – 2022 er að landnýting skuli vera á forsendum sjálfbærrar þróunar, sem miðar að því að tryggja núverandi kynslóðum góð lífsskilyrði, án þess að ganga á möguleika komandi kynslóða til hins sama.

Með því er m.a. átt við að skapa góð atvinnu-, búsetu- og frístundaskilyrði í fallegu og öruggu umhverfi, og á öllum framkvæmdasvæðum verði skyldt að halda jarðraski í lágmarki svo náttúrulegur gróður fari sem minnst forgörðum.

Í tillögunni er mörkuð sú meginstefna að landnotkun á skipulagssvæðinu verði fyrst og fremst til landbúnaðar, sbr. skilgreiningu jarðalaga nr. 81/2004 um landbúnað. Stefnt er að fjölgun íbúa á skipulagstímabilinu er því víða gert ráð fyrir íbúða- og frístundasvæðum, lögð áhersla á að lóðir á slíkum svæðum séu frekar leigðar en seldar til að tryggja sjálfbærni jarða. Samfara þessu er lögð áhersla á uppbyggingu verslunar- og þjónustu, sem og sköpun annarra atvinnutækifæra. Þá er gert ráð fyrir margvíslegri aðstöðu til frístundaiökunar auk þess sem mörkuð eru óbyggð svæði, sem henta vel til útvistar.

Í tillögunni eru gerðar tillögur um friðun staða og svæða skv. lögum um náttúruvernd nr. 44/1999 og þjóðminjalögum nr. 107/2001, auk þess sem stór svæði lúta ákvæðum hverfisverndar. Einnig eru settar fram sértækar reglur er varða bæði skógrækt og efnistöku í hreppnum, í því skyni að rýra ekki ásýnd og möguleika svæðisins.

Í ASK 2010 - 2022 er lögð áhersla á góðar og öruggar samgöngur innan hreppsins, sérstaklega er hugað að öryggi íbúa og gesta. Þá er mörkuð stefna er varðar veitur, mengun og úrgangsmál.

### Umhverfisáhrif

Við umhverfismat ASK 2010 – 2022 eru fimm áhrifabættir metnir og eru þeir samgöngur, hverfisvernd, íbúðarsvæði, frístundabyggð og efnistaka.

Niðurstöður mats sýna að tenging Skorradalsvegar (508) við Uxahryggjaveg og tenging Fellsvegar (509) við fremsta hluta Skorradalsvegar hafa báðar nokkuð neikvæð áhrif á náttúru og rýri gæði svæðisins að einhverju leyti. En á móti telur hreppsnefnd að öryggi íbúa og dvalargesta verði best tryggt með því að skapa möguleika á hringakstri um Skorradalsvatn.

Hverfisvernd mun hafa veruleg jákvæð áhrif í för með sér s.s. á landslag og gróðurfar, en takmarkar og jafnvel kemur í veg fyrir aðra landnotkun. Hverfisvernd samræmist þó mjög vel áherslum hreppsnefndar er lúta að náttúru- og þjóðminjaværnd.

Í umhverfismati þessu eru litið til áhrifa þéttrar og gisinnar íbúðarbyggðar, en hvor valkosturinn sem er, er talinn stuðla að fjölgun íbúa í hreppnum og styrkja byggð, auk þess að stuðla að efnahagslegum ávinningi. Niðurstöður matsins sýna að slík byggð mun þó hafa ýmis neikvæð áhrif í för með sér s.s. á landslag og gróðurfar, auk þess sem hætta á hvers kyns mengun kann að aukast. Á þetta fremur við þétta íbúðabyggð en gisna, en hreppsnefnd



gerir engu að síður ráð fyrir henni á tveimur stöðum, til að auka fjölbreytni í lóðaframboði og telur nauðsynlega svo tryggja megi nægjanlega fjölgun íbúa.

Fyrirhuguð frístundabyggð er talin styrkja byggð og auka eftirspurn eftir þjónustu. Líkt og með íbúðarbyggð er frístundabyggð þó talin hafa neikvæð áhrif á margvíslega þætti s.s. á landslag og gróðurfar, samfara aukinni hættu á mengun.

Efnistaka er talin hafa neikvæð áhrif í för með sér í náttúrufarslegu tilliti. Stór hluti fyrirhugaðra efnistökusvæða er í eða nærri árfarvegum og geta framkvæmdirnar því raskað lífríki á þeim stöðum, sem og ásýnd svæðanna. Á móti kemur að framurður margra áa á svæðinu er mikill og upphleðsla í árfarvegum þekkt. Getur slíkt stuðla að því að ár breyti farvegum sínum og/eða flæða yfir bakka sína sem aftur getur haft töluvert tjón í för með sér.

## Heildarniðurstaða

Sé litið til markmiða hreppsnefndar Skorradalshrepps um eflingu byggðar, atvinnu, öryggis og tengsla við nærliggjandi sveitarfélög, er talið nauðsynlegt að þeir áhrifaþættir sem teknir eru fyrir í matskýrslu þessari komist til framkvæmda. Vissulega eru umhverfisáhrif sumra þeirra að einhverju leyti í andstöðu við stefnu sveitarstjórnar um verndun náttúru- og þjóðminja, en til mótvægis leggur hreppsnefnd Skorradalshrepps á það áherslu, að framkvæmdir fari fram í eins mikilli sátt við umhverfið og frekast er unnt, auk þess sem hvers kyns raski verði haldið í lágmarki og stór svæði séu tekin frá sem opin svæði til útivistar fyrir almenning og afþreyingar af ýmsu tagi. Dæmi um það eru t.d. Vatnshornsskógur og Stálppastaðaskógur.

Þá er gerð tillaga um gerð vöktunaráætlunar í samstarfi við Umhverfisstofnun vegna hugsanlegrar mengunar grunnvatns, Skorradalsvatns, Andakílsár og jarðvegs við rotþrær.

### 4.1 Inngangur

ASK 2010 – 2022 fellur undir lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana, en þar segir í 1. grein: „Markmið þessara laga er að stuðla að sjálfbærri þróun og draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og jafnframt stuðla að því að við áætlanagerð sé tekið tillit til umhverfissjónarmiða.“

Umhverfisþættir eru þeir þættir sem geta orðið fyrir áhrifum vegna framfylgdar aðalskipulagsins og hefur Skipulagsstofnun gefið út leiðbeiningar um flokkun umhverfisþátta. Samkvæmt þeim eru umhverfisþættirnir átta talsins, þ.e. andrúmsloft og veðurfar, vatn, land, vistkerfi, heilsa og öryggi, hagrænir og félagslegir þættir, náttúru- og þjóðminjar og landslag.

Með umhverfismati áætlana er reynt að greina þau áhrif sem skipulagbreytingar kunna að hafa á þá umhverfisþætti sem eiga við hverju sinni, í ljósi þeirra upplýsinga sem liggja fyrir og vægi þeirra metið. Til að meta slík áhrif eru stefnuskjöl stjórnvalda og samþykkt stefnumörkun hreppsnefnd Skorradalshrepps notaðar til viðmiðunar.

Ennfremur er gerð grein fyrir hvort endurmetsa beri valkosti eða grípa þurfi til sérstækra aðgerða t.d. í deiliskipulagi eða með gerð vöktunaráætlunar, þannig að draga megi úr umhverfisáhrifum.

Með mati þessu er reynt að tryggja að ákvarðanataka um þá þætti sem taldir eru hafa umtalsverð áhrif á umhverfi verði skýr og gagnsæ. Þannig má líta á að í matsskýrslu sé að finna röksemdarfærslu hreppsnefndar um ákvarðanir og stefnumótun um veigamestu þætti skipulagsins.

Helstu viðmið sem notuð eru:



#### Alþjóðlegir samningar:

- Ramsarsamningurinn: Alþjóðlegur samningur um verndun og skynsamlegri nýtingu votlendissvæða í heiminum, sérstaklega sem lífsvæði fyrir votlendisfugla.
- Ríosamningurinn: Alþjóðlegur samningur um verndun líffræðilegs fjölbreytileika.
- Heimsminjaskrá: Alþjóðlegur sáttmáli um verndun menningar- og náttúruminja heimsins.
- Bernarsamningurinn: Samningur um vernd villtra dýra, plantna og vistgerða í Evrópu.

#### Íslensk lög:

- Lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.
- Lög nr. 44/1999 um náttúruvernd.
- Lög nr. 107/2001 þjóðminjalög.
- Lög nr. 73/1997 Skipulags- og byggingarlag.
- Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.
- Lög nr. 3/1955 um skógrækt.

#### Önnur íslensk stefnuskjöl:

- Náttúruminjaskrá 1996.
- Náttúruverndaráætlun 2004 – 2008 og síðari áætlanir. Tillögur Umhverfisstofnunar um friðlýsingar.
- Svæðisskipulag Miðhálendis Íslands 2015.
- Velferð til framtíðar - sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Stefnumörkun til 2020

#### Stefnuskjöl hreppsnefndar Skorradalshrepps:

- Svæðisskipulag sveitarfélaganna norðan Skarðsheiðar 1997 – 2017 m.s.br. (SnS 1997 – 2017 m.s.br.).
- Staðardagskrá 21 fyrir Skorradalshrepp (St21).

### 4.2 Helstu leiðir við gerð umhverfismats

Sú aðferðafræði sem beitt var við gerð umhverfismats var eftirfarandi:

- Umhverfisvízar voru valdir af TGJ Teiknistofu Guðrúnar Jónsdóttur í samráði við skipulags- og byggingarnefnd Skorradalshrepps, með hliðsjón af leiðbeiningum Skipulagsstofnunar (sjá Viðauka IV).
- Farið var yfir helstu breytingar í aðalskipulaginu og þær metnar með tilliti til umhverfisvíssanna.
- Tekinn var saman listi, sem annars vegar innihélt yfirlit þau atriði í stefnu aðalskipulagsins sem mögulega gætu haft í för með sér óæskileg umhverfisáhrif.
- Kannað var hvernig markmið aðalskipulagsins samræmast öðrum skipulagsáætlunum, s.s. Svæðisskipulag Miðhálendis Íslands 2015.

### 4.3 Tengsl við aðra áætlanagerð

Skorradalshreppur var aðili að SnS 1997 – 2017, sem tók gildi í ársbyrjun 1998 og tók yfir fimm sveitarfélög í Borgarfjarðarsýslu. Frá gildistöku SnS 1997 – 2017 hafa fjögur sveitarfélaganna, þ.e. öll nema Skorradalshreppur, sameinast undir merkjum Borgarbyggðar. Árið 2010 kom tillaga frá Samvinnunefnd Svæðisskipulags norðan Skarðsheiðar um niðurfellingu svæðisskipulagsins og var SnS 1997-2017 fellt úr gildi 18. mars 2011.



Í SnS 1997 - 2017 kom framtíðarsýn sveitarfélaganna um uppbyggingu og þróun byggðar á skipulagstímabilinu, fram auk margra annarra þátta, s.s. samgangna, náttúruverndar, þéttbýliskjarna og þjónustumiðstöðva, frístundabyggðar, þjóðminja, búsetulandslags o.fl.

Í ASK 2010-2022 hefur ýmsu verið breytt og nýjar áherslur lagðar frá því sem gert var ráð fyrir og getið um í SnS 1997-2017 hvað snertir Skorradalshrepp og eru helstu breytingarnar talðar upp hér á eftir:

- Á landbúnaðarsvæðum er heimilt án þess að aðalskipulagi sé breytt, að allt að þrjú íbúðarhús óháð búrekstri geti staðið á jörð<sup>92</sup> og þrjú stök frístundahús geti staðið á jörð á þeim jörðum, sem ekki hafa afmarkað frístundabyggðarsvæði skv. ASK 2010 - 2022. Einnig eru heimiluð íbúðarhús á tilteknum opnum svæðun í Hvammi og í Dagverðarnesi (sjá nánar kafla 5.2).
- Sett eru fram sértæk viðmið varðandi skógrækt á landbúnaðarsvæðum.
- Íbúðarsvæði eru stækkuð og flokkuð í I-1 og I-2. Íbúðarsvæði skv. ASK 2010 – 2022 eru 84,9 ha og eru settar fram almennar reglur um landnotkunina, sem og ákvæði fyrir hvorn flokk (sjá nánar kafla 5.2).
- Frístundabyggðarsvæði eru stækkuð og flokkuð í F-1 og F-2. Frístundabyggðarsvæði skv. ASK 2010 – 2022 eru 872 ha og eru settar fram almennar reglur um landnotkunina, sem og ákvæði fyrir hvorn flokk (sjá nánar kafla 5.3).
- Verslunar- og þjónustusvæðum er bætt við í ASK 2010 – 2022 og eitt fellt út (sjá einnig kafla 5.4).
- Gert er ráð fyrir að öryggishúsnaði (slökkvistöð) verði reist við vesturenda Skorradalsvatns, (sjá nánar kafla 5.5).
- Athafnasvæðum er fjölgæð. Auk þess er gert ráð fyrir athafnasvæði, þar sem áður var iðnaðarsvæði, afmörkun eins svæðis er breytt frá fyrra skipulagi (sjá nánar kafla 5.6).
- Eitt iðnaðarsvæði er fellt út (sjá nánar kafla 5.7).
- Tvö óbyggð svæði koma inn (sjá nánar kafla 5.9).
- Í landnotkunarflokknum opin svæði til sérstakra nota (sjá kafla 5.10) kemur m.a. inn eitt nýtt tjaldsvæði, þrjú bátlægi, tvö leiksvæði, tveir golfvellir, menningarrjóður og tvö umfansmikil skógarsvæði (Stálpastadaskógur og Vatnshornsskógur). Um opin skógræktarsvæði til sérstakra nota gilda sérstækar reglur varðandi mannvirki (sjá nánar kafla 5.10.2).
- Gert er ráð fyrir lagfæringu slóða frá enda Fellsvegar (5095) að innsta hluta Skorradalsvegar (F508 04), þannig að hann verði fær öllum bílum allt árið. Þá er gert ráð fyrir umbótum á slóða upp úr Skorradal frá Fitjum (F508 04) að Uxahryggjavegi (52) (sjá kafla 5.11). Gerð er grein fyrir göngu-, hjóla- og reiðstígum umfram það sem getið er í SnS 1997 – 2017 m.s.br.
- Þá er gert ráð fyrir lendingarstöðum fyrir þyrlur á sex stöðum í hreppnum. Þá eru sett stefnumörkun varðandi vélknúna umferð á Skorradalsvatni (sjá nánar kafla 5.11).
- Eitt svæði hefur verið friðað, Vatnshornsskógur. Önnur svæði á Náttúruminjaskrá 1996 halda sér sem slík.
- Settar eru fram tillögur að sjö svæðum sem falla eiga undir þjóðminjavardarsvæði og sett fram stefna varðandi skráningu þjóðminja á svæðinu (sjá nánar kafla 5.13).

<sup>92</sup> ASK 2010 – 2022 gerir ráð fyrir að mörk jarða miðist við jarðamörk skv. Jarðaskrá Landbúnaðarráðuneytisins, sem var í gildi árið 1960.



- Gert er ráð fyrir umfangsmikilli hverfisvernd bæði á náttúru og þjóðminjum (sjá nánar kafla 5.14 í aðalskipulagsgreinargerð) á samtals 19 svæðum.
- Gert er ráð fyrir 28 efnistökusvæðum, sem er talsverð fjölgun frá fyrra skipulagi. Þá eru þau flokkuð í þrjá flokka og almennar reglur sem gilda fyrir alla flokkana, sem og sértaekar reglur fyrir hvern þeirra (sjá nánar kafla 5.8).
- Sett er fram stefnumörkun er varðar ár og vötn (sjá nánar kafla 5.15).
- Sett er fram stefnumörkun varðandi viðbrögð við hvers kyns náttúrvá (sjá nánar kafla 5.16).
- Sett er fram stefnumörkun er lýtur að köldu vatni, heitu vatni, fráveitum, rafveitum og fjarskiptum (sjá nánar kafla 5.17).
- Sett er fram stefumörkum er varðar úrgangsmál (sjá nánar kafla 5.18).

#### 4.4 Heildarstefna hreppsnefndar

Stefna hreppsnefndar í landbúnaðarmálum er að landnotkun í sveitarfélagini verði fyrst og fremst til landbúnaðarnota (sbr. skilgreiningu landbúnaðar í jarðalögum nr. 81/2004). Mikill náttúrulegur skógur er í hreppnum, auk þess sem skógrækt hefur verið gildur landnotkunarþáttur. Í ASK 2010 – 2022 er áhersla lögð á endurheimt og verndun náttúrulegra skóga, sem og vöxt og viðgang ræktaðra skóga.

Eitt meginmarkmið ASK 2010 – 2022 er að fylgja íbúum á skipulagssvæðinu og er því mörkuð stefna um íbúðarbyggð á fimm jörðum í sveitarfélagini. Þá er á 10 jörðum gert ráð fyrir frístundabyggð. Lögð er á það áhersla að lóðir á íbúða- og frístundabyggðarsvæðum séu frekar leigðar en seldar undan jörðum enda litið svo á að sjálfbær þróun, sem gegnir veigamiklu hlutverki í ASK 2010 – 2022, taki til skiptingu jarða (sjá nánar í kafla 3 í aðalskipulagsgreinargerð).

Uppbygging verslunar- og þjónustu er talin mikilvægur liður til að skapa góð atvinnu-, búsetu- og frístundaskilyrði. Er gengið út frá því að uppbygging verslunar- og margvíslegrar þjónustu fari að mestu leyti fram vestan Skorradalsvatns í landi Grundar, en auk þess verði önnur svæði, sem bjóði upp á sérhæfðari þjónustu.

Stefna varðandi athafna- og iðnaðarsvæði mótað fyrst og fremst af væntanlegri úrvinnslu skógarafurða, nýtingu heita vatnsins á Stóru-Drageyri og starfsemi sem tengist Andakílsárvirkjun.

Eins og fram kemur í meginforsendum er ASK 2010 – 2022 ætlað að skapa góð skilyrði til búsetu- og frístundaiðkunar og styrkja tengsl milli íbúa og dvalargestu. Því er gengið út frá þeirri forsendu að ólíkir landnokturnarflokkar fái nokkuð jafnt hlutverki í aðalskipulagi í því skyni að skapa fjölbreytilegt og eftirsóknarvert umhverfi.

Í tillögunni er því gert ráð fyrir fjölbreytilegri aðstöðu til frístundaiðkunar og boðið upp á margvísleg opin svæði til sérstakra nota, s.s. tjaldsvæði, bátalægi, golfvelli og útvistarskóga. Einnig eru mörkuð óbyggð svæði sem henta vel til útvistar.

Sömuleiðis er mörkuð stefna um friðun ósa Fitjaár og stækkun friðlands birkiskágavistkerfis skv. lögum um náttúruvernd nr. 44/1999. Hverfisvernd er afmörkuð á stórum svæðum í fremsta hluta dalsins og upp á Botnsheiði, auk fleiri staða. Hvað við kemur náttúru og umgengni um hana eru í ASK 2010 – 2022 sett fram sértaekar reglur er varða bæði skógrækt og efnistöku í hreppnum, og lögð á það áhersla að nýting svæðisins rýri ekki ásýnd og möguleika.



Þá er lögð áhersla á að vernda menningararf svæðisins og lagðar fram tillögur að friðun sjóstaða sem hafa menningarsögulegt gildi, auk þess sem fjöldi staða er hverfiverndaður sem þjóðminjar.

Lagt er upp úr góðum og öruggum samgöngum innan hreppsins, þar sem ólíkum ferðamátum er gert hátt undir höfði. Lögð er á það mikil áhersla að öryggi íbúa og dvalargesta sé hvergi ógnað og í ASK 2010 – 2022 er sett fram stefnumörkun í þeim málaflokkum, s.s. eins og byggingu öryggishúsnæðis, staðsetningu þyrlulendingastaða og lagfæringsar á vegaslóðum, þannig að hringakstur um Skorradalsvatn sé mögulegur í neyðartilvikum og einnig sé tenging við Uxahryggjaveg.

Í ASK 2010 – 2022 er mörkuð stefna er varðar veitur, mengun og úrgangsmál, þar sem þau markmið og áherslur er koma fram í St21 eru höfð að leiðarljósi.

#### 4.5 Yfirlit yfir umfang og efni umhverfismatsins

Í matsáætlun er gert ráð fyrir mati á nokkrum veigamíklum þáttum aðalskipulagsins, með tilliti til áhrifa þeirra á umhverfisþætti. Eins og áður segir, gerir aðalskipulagstillagan ráð fyrir að landbúnaður sé ríkjandi landnotkunarþáttur, auk þess sem ný íbúðarsvæði, frístundabyggð, náttúruvernd og hverfisvernd setja sterkan svip á hana. Jafnframt er lagt upp úr fjölbreyttum svæðum til útvistar og afþreyingar, sem og mikilvægum samgöngubótum, á landi, lofti og legi.

Umhverfismatið snýst fyrst og fremst um að gera grein fyrir umhverfisáhrifum þeirra ákvarðana sem teknar eru í aðalskipulagstillögunni.

Í ASK 2010 – 2022 eru áhrifaþættir sem metnir verða:

- Samgöngur – Tenging Skorradalsvegar (508 04) við Uxahryggjaveg (52) og tenging Fellsvegar (509 05) við fremsta hluta Skorradalsvegar (508 04). Áhrif framkvæmdanna eru metin og borin saman við núllkost.
- Hverfisvernd – Stór svæði fremst í Skorradal sunnan Fitjaár og Botnsheiði lúta skilyrðum hverfisverndar. Áhrif ákvarðanna eru metin og borin saman við núllkost.
- Íbúðarsvæði – Gert er ráð fyrir að 84,9 ha lands fari undir íbúðarbyggð. Áhrif mismunandi þéttleika svæða (þétt íbúðarsvæði og gisin íbúðarbyggð) undir íbúðarsvæði eru metin og borin saman við núllkost.
- Frístundabyggð – Gert er ráð fyrir að 872 ha lands fari undir frístundabyggð og hámarksfjöldi frístundahúsa í hreppnum sé 800 hús. Áhrif ákvarðanna eru metin og borin saman við núllkost.
- Efnistaka – Gert er ráð fyrir 28 efnisnánum, þar af 15 svæðum í árfarvegum og 8 svæðum í innan við 100 m fjarlægð frá árbakka. Áhrif ákvarðana eru metin og borin saman við núllkost.

#### 4.6 Núllkostur

Ef stefnumiðum ASK 2010 - 2022 verður ekki framfylgt verður þróun landnotkunar í Skorradalshreppi væntanlega í samræmi við núllkost, sem hér er miðaður við stefnumið tveggja fyrilliggjandi og staðbundinna áætlana: SnS 1997 – 2017 m.s.br. og St21.

Sá hluti SnS 1997 – 2017 m.s.br. sem á við um Skorradalshrepp sem viðmið núllkosts er eftirfarandi:

- Vinna að úrbótum í vegamálum svæðisins.
- Gæta þess í hvívetna að fylgt sé alþjóðlegum samþykktum á sviði umhverfismála sem Ísland er aðili að.



- Hefja nú þegar samningaviðræður um vatnsmiðlun úr Skorradalsvatni.
- Ganga frá friðlýsingu á náttúrufarselga mikilvægum svæðum og koma þeim á framfæri.
- Vinna að því að frekari forleifarannsóknir fari fram. Lögð verði vinna í að styrkja tengsl svæðisins við þjóðgarðssvæðið á Þingvöllum í því skyni að efla svæðið sem ferðamannasvæði.
- Vinna að því að fá nýjar atvinnugreinar inn á svæðið.
- Vinna að eflingu ferðaþjónustu.

St21 er hinn hluti núllkostsins. Hún var fyrst samþykkt í Skorradalshreppi árið 2005 og er framkvæmdaáætlun sem byggist á aðgerðaáætlun Dagskrár 21. St21 á í raun að vera framkvæmdaáætlun aðalskipulags og því er eðlilegt að St21 verði aðlöguð stefnumiðum ASK 2010 – 2022 um leið og sú síðarnefnda tekur gildi, ef þar gætir ósamræmis.

Í umhverfisskýrslu eru St21 og SnS 1997 - 2017 m.s.br. skilgreindar sem núllkostur og um leið hluti umhverfisviðmiða.

#### 4.7 Umhverfispættir

Við umhverfismat áætlana er lagt mat á umfang þeirra þátta sem hafa áhrif (s.k. umhverfispátt), hvort sem um er að ræða bein áhrif framkvæmda eða áhrif vegna tiltekinnar stefnu hreppsnefndar, á umhverfispætti út frá gefnum viðmiðum (sjá kafla 1).

Þeir umhverfispættir sem liggja til grundvallar umhverfismati ASK 2010 – 2022 byggja á þeim átta umhverfispáttum sem taldir eru upp í kafla 1 og eru þeir eftirfarandi:

- Landslag og jarðmyndanir
- Vistkerfi, vistgerðir, búsvæði
- Gróðurfar
- Fugla- og dýralíf
- Vatnalíf og fiskistofnar
- Þjóðminjar
- Samfélag og atvinnulíf
- Útivist og ferðaþjónusta
- Samgöngur
- Mengun
- Heilsa og öryggi
- Önnur landnotkun

Þessum umhverfispáttum er lýst í köflum 1 og 2.

#### 4.8 Einkenni og vægi áhrifa, einkunnargjöf

Markmið umhverfismatsins er að leiða í ljós þau áhrif sem ólíkir valkostir (áhrifaþættir) hafa á umhverfispætti og hvert eðli og umfang hugsanlegra áhrifa eru, t.d.:

- hvort áhrifin eru varanleg eða til skamms tíma?
- hvort áhrifa áætlunar gæti utan skipulagssvæðisins?
- hvort áætlunin hafi áhrif á heilbrigði fólks og umhverfi?
- hvort ákvörðun hafi takmarkandi áhrif á aðra landnotkun?



Við mat á vægi áhrifa eru þau flokkuð með eftirfarandi hætti:

- |   |                          |
|---|--------------------------|
| + | líkleg jákvæð áhrif      |
| 0 | engin eða óveruleg áhrif |
| - | líkleg neikvæð áhrif     |
| ? | óviss eða óþekkt áhrif   |

#### 4.9 Vöktun – mat á umhverfisáhrifum

Niðurstöður umhverfismats geta leitt í ljós nauðsyn á ráðstöfunum til þess að draga úr áhrifum með mótvægisáðgerðum eða að þörf sé á vöktunaráætlun fyrir viðkomandi umhverfisþátt.

Þar sem óvissa er um áhrif verður gerð grein fyrir hvort nauðsyn sé á að sett verði sérstök ákvæði við gerð deiliskipulags eða hvort viðkomandi framkvæmd fellur undir lög um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda nr. 106/2000.

#### 4.10 Matstöflur

##### 4.10.1 Samgöngur

Í matsskýrslunni er tvær mikilvægar samgöngurbætur, einkum hvað varðar öryggi íbúa og dvaligesta, teknar til athugunar. Annars vegar er um að ræða lagfæringar á fremsta hluta Skorradalsvegar (508 04), um 10 km, og tengingu hans inn á Uxahryggjaveg (52). Um er að ræða lágmarks framkvæmd, sem dugar til að vegurinn geti sinnt því hlutverki að vera flóttaleið úr dalnum ef hættuástand, s.s. vegna gróðurelda og skriðufalla skapast. Tafla 7 sýnir áhrif framkvæmdarinnar þrátt fyrir að ekki liggi fyrir endanleg útfærsla.

Hinsvegar er um að ræða lengingu Fellsvegar (509 05) og tengingu hans við fremsta hluta Skorradalsvegar. Líkt og ofangreind framkvæmd er hér um að ræða lágmarks framkvæmd, en gert er ráð fyrir að núverandi slóði verði lagfærður, þannig að ekki er um að ræða nýlagningu vegar. Framkvæmdinni er ætlað að tryggja að örugg flóttaleið verði sköpuð ef hættuástand skapast, s.s. vegna gróðurelda og skriðufalla. Þar sem vegurinn fer um svæði sem friðað er skv. lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd fellur framkvæmdin undir 2. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Tafla 8 sýnir áhrif framkvæmdarinnar þrátt fyrir að ekki liggi fyrir endanleg útfærsla.

Tafla 9 sýnir áhrif núllkosts.

**Tafla 7. Helstu þættir sem kunna að verða undir áhrifum vegna lagfæringa fremsta hluta Skorradalsvegar (508 04).**

Umhverfisþættir	Áhrif	Vægi
Landslag og jarðmyndanir	Töluverð áhrif á landslag við Fitjaá og Skorradalsháls	-
Vistkerfi, vistgerðir, búsvæði	Lítil og staðbundin áhrif á vistkerfi og búsvæði	0 /-
Gróðurfar	Framkvæmdin hefur staðbundin neikvæð áhrif á gróðurfar.	-
Fugla- og dýralíf	Framkvæmdin gæti haft neikvæð áhrif á fuglalíf í fremsta hluta dalsins en óveruleg áhrif á dýralíf.	-
Vatnalíf og fiskistofnar	Gera má ráð fyrir framkvæmdin muni til lengri tíma litið hafa lítil sem engin áhrif á vatnalíf og fiskistofna.	0
Þjóðminjar	Fornleifaskráning liggur ekki fyrir.	?
Samfélag og atvinnulíf	Aukin umferð rýrir lífsgæði í hluta frístundabyggðar innst í dalnum. Styrkir tengsl milli byggðarlaga og aðgengi að svæðinu.	- / +
Útvist og ferðaþjónusta	Framkvæmdin rýrir fremsta hluta dalsins til náttúruskoðunar og upplifunar. Bætir aðgengi.	- / +
Samgöngur	Umferð um dalinn dreifist betur. Umferð í fremsta hluta dalsins eykst og rýrir gæði frístundabyggðar sem stendur nærrí vegi t.d. í landi Fitja.	- / +
Mengun	Hljóð- og loftmengun eykst. Sjónræn áhrif verða hverfandi.	-
Heilsa og öryggi	Framkvæmdin mun bæta öryggi íbúa og dvalargestu verulega.	+
Önnur landnotkun	Framkvæmdin kemur í veg fyrir aðra landnotkun.	-
Markmið hreppsnefndar	Framkvæmdin fellur mjög vel að markmiðum hreppsnefndar um aukið öryggi íbúa og dvalaresta, dreifingu umferðar um dalinn og betri tengsl svæðisins við nærliggjandi sveitarfélög.	+



**Tafla 8. Helstu þættir sem kunna að verða undir áhrifum ef ráðist verður í framlengingu Fellsvegar (509 05) og tengingar við fremsta hluta Skorradalsvegar (508 04).**

Umhverfisþættir	Áhrif	Vægi
Landslag og jarðmyndanir	Töluverð áhrif á ásýnd Vatnshornsskógar sem er friðaður skv. lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd, sem og hverfisverndaðs svæðis í landi Bakkakots	-
Vistkerfi, vistgerðir, búsvæði	Hugsanleg neikvæð áhrif á lífríki Fitjaár.	-
Gróðurfar	Framkvæmdin hefur staðbundin neikvæð áhrif á gróðurfar.	-
Fugla- og dýralíf	Framkvæmdin gæti haft neikvæð áhrif á fuglalíf í Vatnshornsskógi og við ósa Fitjaár en óveruleg áhrif á dýralíf.	--
Vatnalíf og fiskistofnar	Gera má ráð fyrir framkvæmdin muni til lengri tíma litið hafa lítil sem engin áhrif á vatnalíf og fiskistofna.	0
Þjóðminjar	Fornleifaskráning liggur ekki fyrir.	?
Samfélag og atvinnulíf	Aukin umferð rýrir gæði frístundabyggðar. Bætir aðgengi.	- / +
Útvist og ferðaþjónusta	Framkvæmdin rýrir fremsta svæðið til náttúruskoðunar og upplifunar. Bætir aðgengi.	- / +
Samgöngur	Umferð um dalinn dreifist betur. Umferð í fremsta hluta dalsins eykst og rýrir gæði frístundabyggðar sem stendur nærri vegi t.d. í landi Fitja.	- / +
Mengun	Hljóð- og loftmengun eykst. Sjónræn áhrif verða nokkur á ákveðnum stöðum.	-
Heilsa og öryggi	Framkvæmdin mun bæta öryggi íbúa og dvalargesta verulega.	+
Önnur landnotkun	Framkvæmdin kemur í veg fyrir aðra landnotkun.	-
Markmið hreppsnefndar	Framkvæmdin fellur mjög vel að markmiðum hreppsnefndar um aukið öryggi íbúa og dvalaresta og dreifingu umferðar um dalinn. Framkvæmdin stangast að nokkru leyti á við áherslur hreppsnefndar er lúta að verndun náttúru og þjóðminja.	+



Tafla 9. Helstu þættir sem kunna að verða undir áhrifum ef núllkostur verður valinn.

Umhverfisþættir	Áhrif	Vægi
Landslag og jarðmyndanir	Engin áhrif	0
Vistkerfi, vistgerðir, búsvæði	Engin áhrif	0
Gróðurfar	Engin áhrif	0
Fugla- og dýralíf	Engin áhrif	0
Vatnalíf og fiskistofnar	Engin áhrif	0
Þjóðminjar	Óveruleg áhrif	0
Samfélag og atvinnulíf	Engin áhrif	0
Útvist og ferðaþjónusta	Hefði jákvæð áhrif á upplifun í Vatnshornsskógi sbr. St21. Verra aðgengi að mörgum svæðum.	- / +
Samgöngur	Umferð um dalinn mun ekki dreifast og þ.a.l. umferðarálag aukast á ákveðnum stöðum í dalnum. Áherslur í samræmi við SnS 1997 – 2017 m.s.br. og St21. Slysatiðni gæti aukist á ákveðnum stöðum vegna aukinnar umferðar.	-
Mengun	Engin áhrif	0
Heilsa og öryggi	Núllkostur eykur ekki öryggi íbúa og dvalargesta í dalnum.	-
Önnur landnotkun	Núverandi slóðar koma í veg fyrir aðra landnotkun	-
Markmið hreppsnefndar	Núllkostur samræmist ekki áherslum hreppsnefndar um aukið öryggi á svæðinu, dreifingu umferðar um dalinn og bætt tengsl við nágrannasveitarfélög. Núllkostur samræmist áherslum er lúta að verndun náttúru og þjóðminja.	-

## Niðurstaða

Eins og fram kemur í töflum 7 og 8 hafa fyrirhugaðar framkvæmdirir báðar nokkuð neikvæð áhrif á náttúru, þar sem staðbundin áhrif verða nokkur, tímabundið í það minnsta, en gæti orðið til framtíðar t.d. hvað varðar fuglalíf. Þá má segja framkvæmdirnar rýri að sumu leyti gæði svæðisins, sérstaklega vegna aukinnar umferðar. Í þessu sambandi má nefna tækifæri til náttúruupplifunar og dvalar í kyrrlátu umhverfi. Á móti kemur að framkvæmdirnar auka öryggi íbúa og dvalaresta dalsins til mikilla muna en eins og segir í inngangi aðalskipulagsgreinargerðar er eitt af meginmarkmiðum ASK 2010 – 2020 að skapa góð búsetu- og frístundaskilyrði í öruggu umhverfi. Því er svo litið á að ekki verið unnt að tryggja öryggi íbúa og dvalaresta nema með þeim framkvæmdum sem lagðar eru til.

Með þessu er átt við öryggi gegn náttúrvá en einnig umferðaröryggi, sem mun sennilega batna mikið ef umferð dreifðist betur um svæðið. Í ASK 2010 – 2022 er gert ráð fyrir að allt að 800 frístundahús geti verið reist á skipulagssvæðinu, sem kallar á aðgerðir í umferðaröryggismálum sem og aðgerðir vegna gróðurelda svo dæmi sé tekið.

Ennfremur bæta framkvæmdirnar aðgengi að útvistarsvæðum og gera því fleirum kleift að njóta þess sem svæðið hefur upp á að bjóða.



## Vöktunaráætlun og mótvægisaðgerðir

Lagt er til að athugun á lífríki Fitjaár og fitjanna fari fram áður en vegaframkvæmdin hefst svo grunnástand sé þekkt og hægt sé að fylgjast með áhrifum á lífríkið.

Til að draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmda við veglagningu á fuglalíf er gerð sú tillaga að takmarka þær eins og mögulegt er á varptíma.

### 4.10.2 Hverfisvernd

Í ASK 2008 – 2020 er gert ráð fyrir umfangsmikilli hverfisvernd bæði á stöðum sem eru mikilvægir í náttúrufarslegu tilliti en einnig í menningarsögulegu tilliti. Tafla 10 sýnir áhrif hverfisverndar á umhverfisþætti.

Tafla 11 sýndir áhrif nállkosts.

**Tafla 10. Helstu þættir sem kunna að verða undir áhrifum vegna hverfisverndar.**

Umhverfisþættir	Áhrif	Vægi
Landslag og jarðmyndanir	Gera má ráð fyrir verulegum jákvæðum áhrifum á landslag og jarðmyndanir, þar sem lögð er áhersla á að tryggja sérstöðu svæðisins í náttúrufarslegu tilliti.	+
Vistkerfi, vistgerðir, búsvæði	Gera má ráð fyrir að verulegum jákvæðum áhrifum á vistkerfi, vistgerðir og búsvæði, þar sem lögð er áhersla á að tryggja sérstöðu svæðisins í náttúrufarslegu tilliti.	+
Gróðurfar	Gera má ráð fyrir verulegum jákvæðum áhrifum á gróðurfar.	+
Fugla- og dýralíf	Gera má ráð fyrir verulegum jákvæðum áhrifum á fugla- og dýralíf.	+
Vatnalíf og fiskistofnar	Gera má ráð fyrir verulegum jákvæðum áhrifum á vatnalíf og fiskistofna.	+
Þjóðminjar	Hverfisvernd hefur umtalsverð jákvæð áhrif á þær þjóðminjar sem eru innan skilgreindra verndunarsvæða.	+
Samfélag og atvinnulíf	Gera má ráð fyrir verulegum jákvæðum áhrifum á samfélag og atvinnulíf, varðandi uppbyggingu á ferðaþjónustutengdri atvinnu, menntun og menningu. Verndarsvæði hamla verulega uppbyggingu á stórtækum og mengandi iðnaði svo og annarri mannvirkjagerð sem hafa umtalsverð inngríp í náttúrufarslegu tilliti á skilgreindum svæðum.	- / +
Útvist og ferðaþjónusta	Gera má ráð fyrir að hverfisvernduð svæði hafi veruleg jákvæð áhrif á útvist og ferðaþjónustu.	+
Samgöngur	Gera má ráð fyrir að nokkuð neikvæðum áhrifum á umferð vélknúinna farartækja á skilgreindum svæðum.	-
Mengun	Áhrif á hávaða og loftmengun eru engin.	0
Heilsa og öryggi	Hverfis- og búsvæðavernduð svæði skapa jákvæðar aðstæður að töluverðu leyti til heilsueflingar og hreyfingar meðal almennings.	+
Önnur landnotkun	Hverfis- og búsvæðavernd þarf ekki nauðsynlega að koma í veg fyrir aðra landnotkun, en getur torveldað hana í mörgum tilfellum.	- / 0
Markmið hreppsnefndar	Hverfisvernd samræmist mjög vel markmiðum hreppsnefndar um að tryggja sérstöðu svæðisins í náttúrufarslegu tilliti og vernda þjóðminjar.	+



Tafla 11. Helstu þættir sem kunna að verða fyrir áhrifum ef núllkostur er valinn.

Umhverfisþættir	Áhrif	Vægi
Landslag og jarðmyndanir	Gera má ráð fyrir að núllkostur hefði jákvæð áhrif á fremri hluta Skorradals sem á Náttúruminjaskrá 1996 og Botnsheiði, sem í SnS 1997 – 2017 m.s.br., fellur undir „önnur svæði með sérstakt náttúruverndargildi“. Áhrif núllkosts á önnur svæði eru hverfandi.	+
Vistkerfi, vistgerðir, búsvæði	Gera má ráð fyrir að núllkostur hefði jákvæð áhrif á fremri hluta Skorradals sem á Náttúruminjaskrá 1996 og Botnsheiði, sem í SnS 1997 – 2017 m.s.br., fellur undir „önnur svæði með sérstakt náttúruverndargildi“. Áhrif núllkosts á önnur svæði gætu verið nokkur s.s. í landi Mófellstaða.	- /+
Gróðurfar	Gera má ráð fyrir að núllkostur hefði jákvæð áhrif á fremri hluta Skorradals sem á Náttúruminjaskrá 1996 og Botnsheiði, sem í SnS 1997 – 2017 m.s.br., fellur undir „önnur svæði með sérstakt náttúruverndargildi“. Áhrif núllkosts á önnur svæði gætu verið nokkur s.s. í landi Mófellstaða.	- /+
Fugla- og dýralíf	Gera má ráð fyrir að núllkostur hefði jákvæð áhrif á fremri hluta Skorradals sem á Náttúruminjaskrá 1996 og Botnsheiði, sem í SnS 1997 – 2017 m.s.br., fellur undir „önnur svæði með sérstakt náttúruverndargildi“. Áhrif núllkosts á önnur svæði gætu verið nokkur s.s. í landi Mófellstaða.	- /+
Vatnalíf og fiskistofnar	Gera má ráð fyrir að núllkostur hefði jákvæð áhrif á fremri hluta Skorradals sem á Náttúruminjaskrá 1996 og Botnsheiði, sem í SnS 1997 – 2017 m.s.br., fellur undir „önnur svæði með sérstakt náttúruverndargildi“. Áhrif núllkosts á önnur svæði gætu verið nokkur s.s. í landi Mófellstaða.	- /+
Þjóðminjar	Núllkostur hefði jákvæð áhrif á skráningu þjóðminja á svæðinu sbr. St21 og SnS 1997 – 2017 m.s.br.. Áhrif núllkosts á þjóðminjar gætu verið nokkur vegna ágangs inn á tiltekin svæði.	-
Samfélag og atvinnulíf	Áhrif á samfélag og atvinnulíf eru engin.	0
Útvist og ferðaþjónusta	Áhrif núllkosts á þjóðminjar gætu verið nokkur þar sem menningarverðmæti gætu spillst.	0
Samgöngur	Áhrif á umferð eru engin.	0
Mengun	Áhrif á hávaða og loftmengun eru engin.	0
Heilsa og öryggi	Áhrif á heilsu og öryggi eru engin.	0
Önnur landnotkun	Áhrif á aðra landnotkun eru engin.	0
Markmið hreppsnefndar	Núllkostur samræmist ekki markmiðum hreppsnefndar um að tryggja sérstöðu svæðisins í náttúrufarslegu tilliti með markvissum hætti og vernda þjóðminjar.	-



## Niðurstaða

Eins og fram kemur í töflu 10 mun sú viðamikla hverfisvernd sem ASK 2010 – 2022 gerir ráð fyrir hafa veruleg jákvæð áhrif á landslag, náttúru- og þjóðminjar, gróðurfar, hvers kyns dýra- og fuglalíf, útvist, samfélag og atvinnulíf, t.d. ferðapjónustu.

Á hinn bóginn getur hverfisvernd í einhverjum tilfellum komið í veg fyrir aðra landnotkun, og því lagt ákveðnar hömlur á framkvæmdir, svo sem þær er lúta að stórtækum iðnaði og mannvirkjagerð, sem geta haft umtalsverð áhrif.

Sé horft til markmiða hreppsnefndar þá samræmist hverfisvernd mjög vel þeim áherslum sem settar hafa verið fram um verndun náttúru- og þjóðminja.

### 4.10.3 Íbúðarsvæði

Ef í ASK 2010 – 2022 er gert ráð íbúðarsvæðum – einbýli - á 84,9 ha svæði og miðað er við að íbúðasvæðin fullnýtt rúmi allt að 120 – 140 hús má segja að hér sé um eiginlega þéttbýlismyndun að ræða í skilningi skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br.

Þá er einnig heimilt skv. ASK 2010 – 2022 að allt að þrjú stök íbúðarhús geti staðið á hverri jörð, án þess að aðalskipulagi sé breytt (sjá kafla 5.2 í aðalskipulagsgreinargerð).

Þann 1. desember 2009 voru 25 íbúðarhús í hreppnum og gerir tillagan ráð fyrir að um 40 íbúðarhús geti risið þar til viðbótar. Að gefnum þessum forsendum má gera ráð fyrir að heildarfjöldi íbúðarhúsa geti verið á bilinu 185 – 200 hús. Tafla 12 sýnir áhrif þéttrar íbúðabyggðar.

Ef hinsvegar er gert ráð fyrir íbúðarbyggð þar sem lóðastærðir eru á 5 ha má gera ráð fyrir að fjöldi húsa verði rétt innan við 20.

Ef einnig er gert ráð fyrir því að allt að þrjú stök íbúðarhús geti staðið á hverri jörð án þess að aðalskipulagi sé breytt (sbr. umræðu hér að ofan) má vænta þess að heildarfjöldi íbúðarhúsa á svæðinu geti verið um 85 íbúðarhús. Tafla 13 sýnir áhrif gisinnar byggðar.

Í SnS 1997 – 2020 var ekki gert ráð fyrir íbúðarsvæðum í hreppnum og nýtist því ekki til mats á áhrifum núllkosts. Tafla 14 sýnir áhrif núllkosts.

**Tafla 12. Helstu þættir sem kunna að verða undir áhrifum vegna þéttrar íbúðarbyggðar.**

Umhverfisþættir	Áhrif	Vægi
Landslag og jarðmyndanir	Landnotkunin breytir ásýnd lands tölувert.	--
Vistkerfi, vistgerðir, búsvæði	Landnotkunin hefur veruleg áhrif á vistkerfi, vistgerðir og búsvæði á afmörkuðum svæðum.	--
Gróðurfar	Landnotkunin mun hafa veruleg staðbundin neikvæð áhrif á gróðurfar.	--
Fugla- og dýralíf	Landnotkunin mun hafa nokkur staðbundin áhrif á fugla- og dýralíf.	--
Vatnalíf og fiskistofnar	Hugsanleg áhrif þéttrar íbúðarbyggðar á vatnalíf og fiskistofna gætu verið töluberð, sérstaklega hvað varðar mengun.	--
Þjóðminjar	Landnotkunin gæti haft töluberð staðbundin neikvæð áhrif á þjóðminjar.	--
Samfélag og atvinnulíf	Þétt íbúðarbyggð mun hafa umtalsverð áhrif á samfélag, þar sem íbúum mun fjölgja og byggð styrkist. Einnig styrkir það efnahag hreppsins og um leið kallar á þjónustu af hálfu hreppsins.	++
Útvist og ferðaþjónusta	Takmarkar útvist og rýrir aðdráttarafl svæðisins til ferðamennsku á afmörkuðum svæðum.	--
Samgöngur	Landnotkunin kallar á aukna umferð og þar með aukið álag á samgöngukerfi svæðisins.	--
Mengun	Þétt íbúðarbyggð kallar á aukna umferð og þar með hávaða og loftmengun. Sjónræn mengun verður töluberð. Þá getur íbúðarbyggð aukið líkur á grunnvatnsmengun.	--
Heilsa og öryggi	Óvist er með áhrif íbúðarbyggðar á heilsu og öryggi.	?
Önnur landnotkun	Íbúðarbyggð hefur takmarkandi áhrif á aðra landnotkun.	-
Markmið hreppsnefndar	Þétt íbúðarsvæði samræmast vel hugmyndum hreppsnefndar um að styrkja byggð í sveitarfélagini og fjölgja íbúum þess.	++

**Tafla 13. Helstu þættir sem kunna að verða undir áhrifum vegna gisinnar íbúðarbyggðar.**

Umhverfisþættir	Áhrif	Vægi
Landslag og jarðmyndanir	Landnotkunin breytir ásýnd lands nokkuð	-
Vistkerfi, vistgerðir, búsvæði	Landnotkunin hefur nokkur áhrif á vistkerfi, vistgerðir og búsvæði á afmörkuðum svæðum.	-
Gróðurfar	Landnotkunin mun hafa nokkur staðbundin neikvæð áhrif á gróðurfar.	-
Fugla- og dýralíf	Landnotkunin mun hafa óveruleg áhrif á fugla- og dýralíf.	-
Vatnalíf og fiskistofnar	Hugsanleg áhrif á vatnalíf og fiskistofna gætu verið nokkur, sérstaklega hvað varðar mengun.	-
Þjóðminjar	Landnotkunin gæti haft nokkur staðbundin neikvæð áhrif á þjóðminjar.	-
Samfélag og atvinnulíf	Gisin íbúðarbyggð mun hafa töluberð áhrif á samfélag, þar sem íbúum mun fjölda og byggð styrkist. Skapar atvinnu í hreppnum, styrkir efnahag hreppsins og um leið kallar á þjónustu af hálfu hreppsins.	+
Útvist og ferðaþjónusta	Takmarkar útvist og rýrir aðdráttarafl svæðisins til ferðamennsku á afmörkuðum svæðum.	-
Samgöngur	Landnotkunin kallar á aukna umferð og þar með aukið álag á samgöngukerfi svæðisins.	-
Mengun	Íbúðarbyggð á stórum lóðum kallar á aukna umferð og þar með hávaða og loftmengun. Sjónræn mengun verður töluberð. Þá getur íbúðarbyggð aukið líkur á grunnvatnsmengun.	-
Heilsa og öryggi	Óvist er með áhrif íbúðarbyggðar á stórum lóðum á heilsu og öryggi.	?
Önnur landnotkun	Íbúðarbyggð á stórum lóðum þarf ekki að hafa takmarkandi áhrif á aðra landnotkun	0
Markmið hreppsnefndar	Íbúðarbyggð á stórum lóðum samræmist mjög vel hugmyndum hreppsnefndar um að styrkja byggð í sveitarfélagini og fjölgja íbúum á sama tíma og verndunarsjónarmið eru í heiðri höfð.	+++

**Tafla 14. Helstu þættir sem kunna að verða undir áhrifum ef ekki er gert ráð fyrir íbúðasvæðum.**

Umhverfisþættir	Áhrif	Vægi
Landslag og jarðmyndanir	Engin áhrif	0
Vistkerfi, vistgerðir, búsvæði	Engin áhrif	0
Gróðurfar	Engin áhrif	0
Fugla- og dýralíf	Engin áhrif	0
Vatnalíf og fiskistofnar	Engin áhrif	0
Þjóðminjar	Engin áhrif	0
Samfélag og atvinnulíf	Hugsanlega má vænta neikvæðra áhrifa þar sem erfiðara getur orðið fyrir hreppinn að standa við skyldur sínar.	? / -
Útivist og ferðaþjónusta	Engin áhrif	0
Samgöngur	Engin áhrif	0
Mengun	Engin áhrif	0
Heilsa og öryggi	Engin áhrif	0
Önnur landnotkun	Engin áhrif	0
Markmið hreppsnefndar	Núllkostur samræmist ekki hugmyndum hreppsnefndar um að styrkja byggð í sveitarfélagini og fjölgla íbúum þess.	-

### Niðurstaða

Eins og fram kemur í töflum 12 og 13 munu bæði þétt íbúðarbyggð og íbúðarbyggð á stórum lóðum stuðla að fjölgun íbúa í hreppnum og styrkja byggð. Í báðum tilfellum mun efnahagslegur ávinningur sveitarfélagsins verða umtalsverður, auk þess sem störf kunna að skapast í kringum íbúðarbyggð á stórum lóðum.

Áhrif slíkrar byggðar mun þó alltaf hafa neikvæð áhrif á landslag, náttúru- og þjóðminjar, gróðurfar og hvers kyns dýra- og fuglalíf, í misjafnlega miklum mæli þó. Að þessu leytinu til má gera ráð fyrir að áhrif gisnari íbúðarbyggðar séu mun minni en þétrar íbúðarbyggðar. Af þeim sökum er sú tillaga almennt talin falla betur að meginmarkmiðum ASK 2010 - 2022. Er niðurstaða hreppsnefndar sett fram í reglum um íbúðarsvæði í kafla 5.2.

### Vöktunaráætlun og mótvægisáðgerðir

Þar sem í ASK 2010 - 2022 er um að ræða umfangsmikla íbúðarbyggð sem getur haft neikvæð áhrif t.d. varðandi mengun grunnvatns, Skorradalsvatns, Andakílsár og jarðvegs við rotþrær er afar brýnt að vöktunaráætlun verði sett upp hið fyrsta í samstarfi við Umhverfisstofnun. Myndi sú áætlun ná yfir allt skipulagssvæðið og taka yfir alla þá umhverfisþætti sem rannsaka þarf og fylgjast þarf með í þessu sambandi. Í slíkum rannsóknum þyrfti t.d. að taka sýni af vatni og af botnseti til efnis- og eðlisþáttamælinga, auk þess sem ítarleg botndýrarannsókn á völdum stöðum í Skorradalsvatni þyrfti að fara fram. Í áætluninni þyrfti einnig að koma fram hver beri ábyrgð á vöktuninni og hversu oft hún ætti fara fram. Þá yrði í áætluninni að finnast viðbragðsáætlun ef vöktun leiðir í ljós verulega neikvæð umhverfisáhrif.



Þá leggur hreppsnefnd ríka áherslu á að öllu jarðraski samfara uppbyggingu mannvirkja á íbúðarsvæðum verði haldið í algjöru lágmarki, til að tryggja megi lágmarks röskun á náttúrulegum gróðri, og þá sérstaklega birkikjarri/skógi.

#### 4.10.4 Frístundabyggðarsvæði

Í ASK 2010 -2022 er gert ráð fyrir að 872 ha lands fari undir frístundabyggð. Gera má ráð fyrir að við gildistöku ASK 2010 – 2022 séu um 350 – 400 ha óbyggð frístundabyggðarsvæði. Ekki eru fyrir hendi nýjar tölur um fjölda frístundahúsa í Skorradalshreppi, en þann 1. desember 2005 voru þar 464 frístundahús og 1. desember 2009 eru þau talin vera 494. Í ASK 2010 – 2022 er gert ráð fyrir að heildarfjöldi íbúðarhúsa í dalnum verði að hámarki 800. Tafla 15 sýnir áhrif frístundabyggðar skv. ASK 2010 – 2022.

Í SnS 1997 – 2017 m.s.br. er gert ráð fyrri að fjöldi frístundahúsa geti verið 1200, en þar er áætlaður þéttleiki frístundahúsa mun meiri en í ASK 2010 – 2022. Tafla 16 sýnir áhrif núllkosts.

Tafla 15. Helstu þættir sem kunna að verða undir áhrifum vegna frístundabyggðar.

Umhverfisþættir	Áhrif	Vægi
Landslag og jarðmyndanir	Landnotkunin breytir ásýnd lands verulega.	-
Vistkerfi, vistgerðir, búsvæði	Landnotkunin hefur töluverð áhrif á vistkerfi, vistgerðir og búsvæði á afmörkuðum svæðum.	-
Gróðurfar	Landnotkunin mun hafa töluverð staðbundin neikvæð áhrif á gróðurfar.	-
Fugla- og dýralíf	Landnotkunin mun hafa nokkur áhrif á fugla- og dýralíf.	-
Vatnalíf og fiskistofnar	Hugsanleg áhrif frístundabyggðar á vatnalíf og fiskistofna gætu verið umtalsverð, sérstaklega hvað varðar mengun.	-
Þjóðminjar	Landnotkunin gæti haft nokkur staðbundin neikvæð áhrif á þjóðminjar.	-
Samfélag og atvinnulíf	Frístundabyggð mun hafa töluverð áhrif á samfélag, þar sem dvalargestum mun fjölda. Slíkt kallar á aukna þjónustu og er því atvinnuskapandi, auk þess að styrkja þá byggð og aðstöðu sem fyrir er.	+
Útvist og ferðaþjónusta	Takmarkar útvist og rýrir aðdráttarafl svæðisins til ferðamennsku á afmörkuðum svæðum. Styrkir þó grundvöll ferðaþjónustu.	-
Samgöngur	Landnotkunin kallar á aukna umferð a.m.k. á sumum tínum árs og þar með aukið álag á samgöngukerfi svæðisins.	-
Mengun	Frístundabyggð kallar á aukna umferð a.m.k. á sumum tínum árs og þar með hávaða og loftmengun. Sjónræn mengun verður töluverð. Þá getur frístundabyggð aukið líkur á grunnvatnsmengun.	-
Heilsa og öryggi	Aukin byggð getur aukið hættu á skógareldum. Önnur áhrif óvís.	? / -
Önnur landnotkun	Frístundabyggð takmarkar aðra landnotkun.	0
Markmið hreppsnefndar	Frístundabyggð samræmist mjög vel hugmyndum hreppsnefndar um að styrkja byggð í sveitarfélagini og skapa fjölbreytta atvinnu.	-

**Tafla 16. Helstu þættir sem kunna að verða undir áhrifum vegna núllkosts.**

Umhverfisþættir	Áhrif	Vægi
Landslag og jarðmyndanir	Núllkostur breytir ásýnd lands umtalsvert.	-
Vistkerfi, vistgerðir, búsvæði	Núllkostur hefur umtalsverð áhrif á vistkerfi, vistgerðir og búsvæði á afmörkuðum svæðum.	-
Gróðurfar	Núllkostur mun hafa umtalsverð staðbundin neikvæð áhrif á gróðurfar.	-
Fugla- og dýralíf	Núllkostur mun hafa töluberð áhrif á fugla- og dýralíf.	-
Vatnalíf og fiskistofnar	Hugsanleg áhrif núllkostar á vatnalíf og fiskistofna gætu verið umtalsverð, sérstaklega hvað varðar mengun.	-
Þjóðminjar	Núllkostur gæti haft töluberð staðbundin neikvæð áhrif á þjóðminjar.	-
Samfélag og atvinnulíf	Núllkostur mun hafa töluberð áhrif á samfélag, þar sem dvalargestum mun fjölda. Slíkt kallar á aukna þjónustu og er því atvinnuskapandi, auk þess að styrkja þá byggð og aðstöðu sem fyrir er.	+
Útvist og ferðaþjónusta	Takmarkar útvist og rýrir aðráttarafl svæðisins til ferðamennsku á afmörkuðum svæðum. Styrkir þó grundvöll ferðaþjónustu.	-
Samgöngur	Núllkostur kallar á aukna umferð a.m.k. á sumum tínum árs og þar með aukið álag á samgöngukerfi svæðisins.	-
Mengun	Núllkostur kallar á aukna umferð a.m.k. á sumum tínum árs og þar með hávaða og loftmengun. Sjónræn mengun verður töluberð. Þá getur frístundabyggð aukið líkur á grunnvatnsmengun.	-
Heilsa og öryggi	Aukin byggð getur aukið hættu á skógareldum. Önnur áhrif óvís.	? / -
Önnur landnotkun	Núllkostur takmarkar aðra landnotkun.	0
Markmið hreppsnefndar	Núllkostur samræmist hugmyndum hreppsnefndar um að styrkja byggð í sveitarfélagini og skapa fjölbreytta atvinnu. Núllkostur samræmist hinsvegar ekki hugmyndum hreppsnefndar um æskilegan þéttleika frístundabyggðar og miklum ágangi á afmörkuð svæði.	-

## Niðurstaða

Eins og fram kemur í töflu 15 hefur frístundabyggð jákvæð samfélagsleg áhrif á hreppinn, þar sem byggð styrkist og aukin eftirspurn verður eftir þjónustu af margvíslegu tagi.

Á hinn bóginn er það óhjákvæmilegur fylgiskur frístundabyggðar að landslag, náttúru- og þjóðminjar, gróðurfar og hvers kyns dýra- og fuglalíf, verði fyrir neikvæðum áhrifum, í misjafnlega miklum mæli þó. Í ljósi þeirra áhrifa er mótuð sú stefna að betra sé að draga úr þéttleika frístundabyggðarinnar í dalnum, og þar með er ágangur á afmörkuð svæði minnkaður og á lagi dreift. Afstaða hreppsnefndar til frístundabyggðarhúsa og reglur um þau koma fram í kafla 5.3.

## Vöktunaráætlun og mótvægisaðgerðir

Þar sem í ASK 2010 - 2022 er um að ræða umfangsmikla frístundabyggð sem getur haft neikvæð umhverfisáhrif t.d. varðandi mengun grunnvatns, Skorradalsvatns, Andakílsár og jarðvegs við rotþrær er afar brýnt að vöktunaráætlun verði sett upp hið fyrsta í samstarfi við Umhverfisstofnun. Myndi sú áætlun ná yfir allt skipulagssvæðið og taka yfir alla þá umhverfisþætti sem rannsaka þarf og fylgjast þarf með í þessu sambandi. Í slíkum rannsóknum þyrfti t.d. að taka sýni af vatni og af botnseti til efnis- og eðlisþáttamælinga, auk



þess sem ítarlega botndýrarannsókn á völdum stöðum í Skorradalsvatni þyrfti að fara fram. Í áætluninni þyrfti einnig að koma fram hver beri ábyrgð á vöktuninni og hversu oft hún ætti fara fram. Þá yrði í áætluninni að finnast viðbragðsáætlun ef vöktun leiðir í ljós verulega neikvæð umhverfisáhrif.

Þá leggur hreppsnefnd ríka áherslu á að öllu jarðraski samfara uppbyggingu mannvirkja á frístundasvæðum verði haldið í algjöru lágmarki, til að tryggja megi lágmarks röskun á náttúrulegum gróðri, og þá sérstaklega birkikjarri/skógi.

#### 4.10.5 Efnistaka

Í ASK 2010 – 2022 er gert ráð fyrir 28 efnisnánum víðsvegar um sveitarfélagið en 15 þeirra eru í árfarvegum og 8 í innan við 100 metra fjarlægð frá árbakka. Almennt má gera ráð fyrir að efnistaka hafi margvísleg áhrif á umhverfið en í ASK 2010 - 2022 er í flestum tilfellum gert ráð fyrir minniháttar efnistöku. Víða miðast efnistaka við að koma í veg fyrir að ár flæði yfir bakka sína vegna upphleðslu efna sem ár víða á svæðinu bera fram.

Í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 segir að áætluð efnistaka sem raskar  $25.000 \text{ m}^2$  svæði eða stærra eða er  $50.000 \text{ m}^3$  eða meiri, kunni að vera háð mati á umhverfisáhrifum og meta skuli hvert tilfelli fyrir sig. Það sama gildir þar sem fleiri en einn efnistökustaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir  $25.000 \text{ m}^2$ .

Tafla 17 sýnir áhrif efnistöku á umhverfisþætti og Tafla 18 sýnir áhrif núllkosts.

**Tafla 17. Helstu þættir sem kunna að verða undir áhrifum vegna efnistöku.**

Umhverfisþættir	Áhrif	Vægi
Landslag og jarðmyndanir	Framkvæmdirnar hafa nokkur áhrif á landslag og jarðmyndanir.	--
Vistkerfi, vistgerðir, búsvæði	Efnistaka í ám og á áreyrum mun hafa umtalsverð áhrif á vistkerfi, vistgerðir og búsvæði. Áhrif efnistöku á öðrum stöðum gæti haft talsverð áhrif.	---
Gróðurfar	Efnistaka á landi mun hafa umtalsverð neikvæð áhrif á efnistökusvæðum.	--
Fugla- og dýralíf	Gera má ráð fyrir óverulegum áhrifum efnistöku á fugla- og dýralíf.	0
Vatnalíf og fiskistofnar	Efnistaka í ám og á áreyrum mun hafa töluverð áhrif á vatnalíf og fiskistofna, þar sem búsvæði gætu raskast.	---
Þjóðminjar	Framkvæmdirnar gætu haft nokkur staðbundin áhrif á þjóðminjar.	-
Samfélag atvinnulíf	Efnistaka mun hafa jákvæð áhrif á þeim stöðum þar sem hætta er á að ár flæði yfir bakka sína, s.s. inn á ræktað land, vegna upphleðslu efnis í farvegum	++
Útvist ferðaþjónusta	Gera má ráð fyrir að efnistaka hafi nokkur neikvæð áhrif á náttúruskoðun og náttúruupplifun.	--
Samgöngur	Áhrif efnistöku á samgöngur eru nokkur jákvæð þar sem hluti efnis er notað til uppbyggings og viðhalds á samgöngumannvirkjum	+
Mengun	Efnistaka getur falið í sér töluverða sjónræna mengun. Þar sem efnistaka, í mörgum tilfellum, miðast að því að fjarlægja uppsöfnun framburðar í árfarvegum má gera ráð fyrir að rask muni hverfa að einhverjum tíma liðnum	--
Heilsa og öryggi	Framkvæmdirnar munu hafa óveruleg áhrif á heilsu og öryggi.	0
Önnur landnotkun	Efnistökusvæði á landbúnaðarsvæðum geta komið í veg fyrir aðra landnotkun.	-
Markmið hreppsnefndar	Þar sem efnistaka er víða minniháttar og miðar á mörgum stöðum að því að verja ræktuð lönd og eignir falla framkvæmdirnar að markmiðum hreppsnefndar.	++

**Tafla 18. Helstu þættir sem kunna að verða fyrir áhrifum ef nállkostur er valinn.**

<b>Umhverfisþættir</b>		<b>Áhrif</b>
Landslag jarðmyndanir	og	Áhrif á landslag og jarðmyndanir eru engin. 0
Vistkerfi, vistgerðir, búsvæði		Áhrif á sérstök vistkerfi, vistgerðir og búsvæði eru engin. 0
Gróðurfar		Áhrif á gróðurfar eru engin. 0
Fugla- og dýralíf		Áhrif á fuglalíf og hreindýr eru engin. 0
Vatnalíf fiskistofnar	og	Áhrif á vatnalíf og fiskistofna eru engin. 0
Þjóðminjar		Áhrif á þjóðminjar eru engin. 0
Samfélag atvinnulíf	og	Mikil hætta er á að ár breyti farvegum sínum og/eða flæði yfir bakka sína og yfir mikilvæg svæði, s.s. ræktað land, með tilheyrandi raski og óöryggi fyrir samfélag og atvinnulíf ---
Útvist ferðaþjónusta	og	Nállkostur hefur töluverð jákvæð áhrif á útvist og ferðaþjónustu, þar sem náttúruupplifun verður sterkari. ++
Samgöngur		Nállkostur hefði óveruleg áhrif á samgöngur. 0
Mengun		Áhrif á mengun eru engin 0
Heilsa og öryggi		Nállkostur gæti haft í för með sér aukna hættu á að ár breyti farvegum sínum og/eða flæði yfir bakka sína vegna uppsöfnunar framburðar í árfarvegum. ---
Önnur landnotkun		Áhrif á aðra landnotkun eru engin. 0
Markmið hreppsnefndar		Nállkostur fellur ekki að markmiðum hreppsnefndar um að skapa góð atvinnu- og búsetuskilyrði í öruggu umhverfi. --

## Niðurstaða

Eins og fram kemur í töflu 17 hefur efnistaka neikvæð áhrif í för með sér í náttúrufarslegu tilliti. Hinsvegar eins og kemur fram í kafla 2.8 er framburður margra áa í Skorradal mjög mikill og nauðsynlegt er, til að koma í veg fyrir að ár breyti farvegum sínum og/eða flæði yfir bakka sína með tilheyrandi raski, að efnistaka fari fram í þeim árfarvegum.

Aðrar námur í sveitarfélaginu, sem ASK 2010 - 2022 gerir ráð fyrir, tengjast margvíslegum verkefnum á vegum heimamanna.

## Mótvægisþættir

Í ASK 2010 - 2022 leggur hreppsnefnd ríka áherslu á að efnistöku sé haldið í eins miklu lágmarki og kostur er. Í grundvallaratriðum samræmist efnistaka illa markmiðum hreppsnefndar er lúta að verndun og ásýnd náttúru og þjóðminja og er því lögð á það þung áhersla af hálfu hreppsnefndar að vandað sé vel til verka við efnistöku og að gengið sé frá nánum í samræmi við lög og reglugerðir, eins fljótt að kostur er eftir að efnistöku er lokið (sjá kafla 5.8).



#### 4.11 Greinargerð hreppsnefndar Skorradalshrepps

**Samkvæmt lögum nr. 105/2006 gerir hreppsnefnd grein fyrir því hvernig höfð hefur verið hliðsjón af umhverfisskýrslu og hvernig umhverfissjónarmið hafa verið felld inn í ASK 2010 – 2022. Þá gerir hreppsnefnd jafnframt, skv. 9. gr. sömu laga, grein fyrir athugasemdum sem bárust á kynningartíma.**

- Við aðalskipulagsvinnuna er tekið mið af gildandi skipulagsáætlunum á sveitarfélagsmörkum og af stefnu stjórnvalda á landsvísu í ýmsum málaflokkum, t.d. samgönguáætlun og „Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Stefnumörkun til 2022.“ Þá er og reynt að hafa til hliðsjónar alþjóðlega samninga og skuldbindingar sem Ísland hefur undirgengist í umhverfismálum.
- Það leiðir af framansögðu að eitt helsta leiðarljos aðalskipulagstillögunnar er að landnýting/-not skuli vera á forsendum sjálfbærrar þróunar. Stærsti landnotkunarflokkur tillögunnar er „landbúnaður“ og er þar byggt á víðri skilgreiningu jarðalaga nr. 81/2004. Þannig er mælst til þess að lóðir á frístundasvæðum verði fremur leigðar en seldar út úr jörðum, til að tryggja sjálfbærni jarðanna til lengri tíma. Þar með er stigið skref í þá átt að líta á lóðarleigu sem hlunnindi og hluta af landbúnaði viðkomandi jarðar. Vafamál kann að vera um lögmæti þessarar stefnu hreppsins, en henni er þó fylgt í þeirri von að landeigendur tileinki sér hana og sjái kosti þess að jarðirnar haldi „dýrleika“ sínum.
- Við stefnumörkunina eru innbyrðis áhrif einstakra málaflokka metin og samlegðaráhrif þeirra, í samræmi við hlutverk aðalskipulags. Þannig er t.d. áætlað að stækka verndarsvæði (hverfisvernd, náttúruvernd og þjóðminjaværnd) til mótvægis við stækkun svæða undir frístundabyggð. Sett eru fram sértæk ákvæði er líuta að skógrækt og efnistöku og áhersla er á vernd menningarminja á eyðibýlum.
- Bent er á mikilvægi þess að gróðureldar verði skilgreindir sem náttúrvá í lögum og reglum og að unnið verði hættumat vegna gróðurelda á landsvísu. Nú er unnið að viðbragðsáætlun vegna skógar- og gróðurelda í Skorradal í samvinnu við Almannavarnadeild RLS. Þá hefur hreppurinn hafið vinnu við gagnasöfnun vegna hættumats með opinberu framlagi. Hér er um frumkvöðlastarf að ræða sem lítur bæði að öryggis- og umhverfismálum, staðbundið og á landsvísu.
- Þá bendir hreppurinn í áætluninni á að endurskoða þurfi lagalegar skilgreiningar á annars vegar þéttbýli og hins vegar frístundabyggð vs. íbúðarsvæði. Núverandi skilgreiningar eru úreltar miðað við notkun og gerð húsa, sem og umfang og dreifingu byggðar í Skorradalshreppi.

**Við umhverfismat áætlunarinnar eru fimm áhrifaþættir metnir; samgöngur, hverfisvernd, íbúðarsvæði, frístundabyggð og efnistaka.**

#### Samgöngur

Niðurstöður umhverfismats sýna að uppbygging Skorradalsvegar 508 annars vegar og Fellsvegar 509 hins vegar getur haft nokkuð neikvæð áhrif á náttúru og rýrt umhverfisgæði Fram-Skorradals. Hreppsnefnd telur hins vegar að öryggi íbúa og gesta í Skorradal stafi ógn af mögulegum skógareldum og ónórum flóttaleiðum. Þau sjónarmið vega þyngst. Liður í því að minnka áhættuna er að tryggja framangreinda vegi sem flóttaleiðir, þótt það kunni að hafa neikvæð umhverfisáhrif að sínu leyti. Ekki er þó um nýlagningu vegar að ræða, heldur



lagfæringu slóða sem um leið hefur jákvæð umhverfisáhrif þar sem lokað verður utanvegaslóðum sem myndast hafa, einkum yfir gömul tún.

Veiðimálastofnun (13/09/10) „gerir ekki athugasemd“ við vegalagfæringar í Fram-Skorradal og telur þær „til lengri tíma litíð ekki [hafa] mikil áhrif á vatnalíf og fiskstofna.“ Umhverfisstofnun (16/11/19) „bendir á að mögulegt sé að minnka neikvæð áhrif [...] með því að takmarka þær eins og mögulegt er á varptíma“ og að „athugun á lífríki árinnar [Fitjaá] fari fram áður en vegaframkvæmdin hefst svo að grunnástand sé þekkt og hægt að fylgjast með áhrifum á lífríki“.

*Niðurstaða umhverfismatsins* er að leggja til að lífríki Fitjaár og fitjanna verði athugað, svo grunnástand sé þekkt áður en vegaframkvæmdir hefjast. Sömuleiðis er mælst til þess að takmarka framkvæmdir á varptíma fugla. Þetta er fellt inn í áætlunina.

### Hverfisvernd

Í áætluninni er lagt til að landslag og gróðurfar á fimm svæðum sé hverfisverndað. Umhverfisstofnun (16/11/10) tekur undir að svæðin séu hverfisvernduð. Skógrækt ríkisins (10/09/10) „mótmælir að lönd í eigu eða umsjá hennar verði hverfisvernduð“. Hreppsnefnd leggur til stækkan friðlands birkiskógvistkerfis í Vatnshorni, en Skógrækt ríkisins „hefur ekki áhuga á að stækka hið friðlýsta land eins og áður hefur komið fram“.

*Niðurstaða umhverfismats* hverfisverndar er að hún geti „í einhverjum tilfellum komið í veg fyrir aðra landnotkun, og því lagt ákveðnar hömlur á framkvæmdir“ en umhverfisáhrif séu þau að hverfisvernd hafi „veruleg jákvæð áhrif á landslag, náttúru- og þjóðminjar, gróðurfar, hvers kyns dýra- og fuglalíf, útvist, samfélag og atvinnulíf. Þetta samrýmist þeim sjónarmiðum sem fram eru sett í kafla 4.14 í áætluninni.

### Íbúðarsvæði

Hreppsnefnd leggur til ýmist gisna eða þétta íbúðarkjarna á íbúðarsvæðum sem valkost til búsetu án búskapar, til að fjölga íbúum sveitarfélagsins. Umhverfisstofnun (16/11/10) telur að það ætti að koma fram í áætluninni að á íbúðarsvæðum sé „skyld [sé] að halda jarðraski í lágmarki svo að náttúrulegur gróður fari sem minnst forgörðum, með áherslu á birkikjarr/skógi“. Þetta telur UST að eigi að gilda á öllum framkvæmdasvæðum. Þá leggur stofnunin ríka áherslu á „að heilsteypt vöktunaráætlun vegna mengunar verði útbúin sem fyrst yfir þá umhverfisþætti sem rannsaka á og fylgjast með“. Bent er á forgangsmál s.s. ástand grunnvatns, Skorradalsvatns, Andakílsár og ástand jarðvegs við rotþrær og tún sem liggja í grennd við þétta byggð.

Skipulagsstofnun (18/11/10) telur að skýra þurfi stefnu um stakar íbúðarhúsalóðir vs. stök hús á landbúnaðarsvæðum. Það er gert í kafla 4.2. Þá telur Skipulagsstofnun að það beri „að forðast að blanda saman íbúðarbyggð og frístundabyggð“. Í því sambandi er bent á að umhverfisráðuneytið staðfesti í maí 2006 breytingu á 0,7 ha frístundalóð í íbúðarlóð. Hreppsnefnd telur að það geti vel farið saman að hafa íbúðarlóð á frístundasvæði. Það geti haft fælingarmátt og dregið úr líkum á gripdeildum á svæðinu. Skipulagsstofnun „telur tímabært, og í anda laga um umhverfismat áætlana, að skilgreina hvaða þætti þarf að vakta“ o.s.frv. vegna stefnu um íbúðarsvæði og „tekur undir ábendingar“ UST 16. nóvember 2010 þar um.

*Niðurstaða umhverfismats* er að áhrif íbúðarbyggðar hafi alltaf neikvæð áhrif á landslag, náttúru- og þjóðminjar, gróðurfar og hvers kyns dýra- og fuglalíf. Áhrif gisnari íbúðarbyggðar séu þó „mun minni en þéttrar íbúðarbyggðar“. Stórar íbúðarhúsalóðir með yfirbragði dreifbýlis eru því taldar heppilegri kostur en þétt byggð, vegna minni neikvæðra umhverfisáhrifa. Umhverfismatið dregur fram sem mikilvægan lið í mótvægisáðgerðum að



„afar brýnt“ sé að gera heilsteypta vöktunaráætlun fyrir skilgreinda umhverfisþætti sbr. ábendingar UST og Skipulagsstofnunar, sem ítrekað er í umsögn Skipulagsstofnunar (18/2/11).

Hreppsnefnd tekur það upp sem eitt af *meginmarkmiðum* sínum hvað varðar „æskilegar rannsóknir, jarðrask o.fl.“ að vöktunaráætlun fyrir valda umhverfisþætti liggi fyrir sem fyrst, ekki síðar en 2013. Jafnframt tekur hreppsnefnd upp sem meginmarkmið að skyld sé að halda jarðraski í lágmarki á framkvæmdasvæðum svo náttúrulegur gróður fari sem minnst forgörðum, sbr. kafla. 4.2.

### Frístundasvæði

Í áætluninni er gert ráð fyrir að hámarksfjöldi frístundahúsa í Skorradalshreppi verði 800 og er það umtalsverð fækkun frá SnS 1997 – 2017. Þá birtir áætlunin stefnu um að stækka lágmarksstærð líða í 0,5 ha, en gildandi viðmið er 0,33 ha. Því miður liggja ekki fyrir neinar niðurstöður um þolmörk svæðisins gagnvart stærð og umfangi frístundasvæða, og er því hér um að ræða huglægt mat sveitarstjórnar. Það byggir á því að vegakerfi dalsins er óburðugt gagnvart frekari umferð og sömuleiðis eru öryggismál vegna íkveikjuhættu skógarelda ófullnægjandi. Þá eru mengunarmál ekki nægilega rannsökuð eða neysluvatnsmöguleikar á svæðinu tryggðir. Samanlagt eru þessi atriði talin vega það þungt að ekki sé forsvaranlegt að fylgja þeim fjölda sem gert var ráð fyrir í SnS 1997 – 2017.

Veiðimálastofnun (13/9/10) bendir á að erfitt sé að áæta áhrif á lífríki Skorradalsvatns af þeirri byggð sem liggur að um helmingi af bakkalengd þess. Ennfremur að „víða bæði erlendis og hér á landi hafa verið sett verndarsvæði meðfram ár- og vatnsbökkum með það að markmiði að mynda einskonar „buffer“ svæði sem hlíft er við raski“. Slíkt sé ekki gert í áætluninni, en „vert er að hugleiða slíkt“. Landsnet (20/9/10) „bendir á að innan helgunarsvæðis raflína gilda ákveðnar takmarkanir á landnotkun“ og fer Landsnet fram á að ekki verði skipulagðar byggingarlóðir og leiksvæði innan þess svæðis og að tryggja verði aðgang að línum. Umhverfisstofnun (16/11/10) ítrekar almannarétt á vatns- og árbökkum um að ekki má byggja nær vötnum en 50 metra. Þá sé mikilvægt að móta skýra stefnu um það „hvar bátaskýli megi vera og hvar ekki og hver fjöldi þeirra megi vera að hámarki á hverju svæði við vatnið“. Um frístundasvæði eiga við sömu ábendingar UST hvað varðar mótvægisáðgerðir mengunarþátta og í tilfelli íbúðarsvæða „sem og á öðrum framkvæmdasvæðum“ einnig er varðar jarðrask er hætta gæti stafað af fyrir náttúrulegan gróður. Þá bendir UST á að það vanti umfjöllun „um hvernig neysluvatn fyrir ný íbúðar- og frístundasvæði verði tryggt“.

*Niðurstaða umhverfismats* er að óhjákvæmilegur fylgifiskur aukinnar byggðar séu neikvæð umhverfisáhrif. Með þeirri stefnumörkun að draga úr þéttleika byggðarinnar sé þó dregið úr álaginu. Gera þurfi áætlun um vöktun viðkvæmra umhverfisþátta og viðeigandi viðbragðsáætlun og tryggja að öllu jarðraski sé haldið í „algjöru lágmarki“.

Hreppsnefnd stefnir að því að móta stefnu um bátaskýli við Skorradalsvatn fyrir árið 2014 á grundvelli úttektar, sbr. kafla 4.3. Þá tekur hreppsnefnd það upp sem eitt af *meginmarkmiðum* sínum hvað varðar „æskilegar rannsóknir, jarðrask o.fl.“ að vöktunaráætlun fyrir valda umhverfisæþætti liggi fyrir sem fyrst, ekki síðar en 2013. Jafnframt tekur hreppsnefnd upp sem meginmarkmið að skyld sé að halda jarðraski í lágmarki á framkvæmdasvæðum/frístundasvæðum svo náttúrulegur gróður fari sem minnst forgörðum, sbr. kafla. 4.3.



## Efnistaka

Í áætluninni kemur fram að gert er ráð fyrir 28 efnisnánum, þar af 15 í árfarvegum og 8 innan við 100 metra frá árbakka. Í flestum tilfellum er þó gert ráð fyrir „minniháttar efnistöku“ og að hún miðist við að koma í veg fyrir að ár flæði yfir bakka sína vegna upphleðslu sem er t.d. mjög mikil úr Skarðsheiði. Þessi umhverfisáhrif vega því hvort annað upp að hluta til.

Skógrækt ríkisins (10/9/10) „leggst gegn efnistökusvæði í Fitjaá í landi Fitja og Bakkakots“. Veiðimálastofnun (13/9/10) gerir athugasemd „við að skipuleggja efnistöku úr Fitjá neðan við Keilufoss“ þar sem áin sé hrygningarsvæði urriða í Skorradalsvatni og „mikilvægt að þar verði ekkert rask sem geti haft neikvæð áhrif á hrygningarsvæði urriðans“. Þá bendir stofnunin á að í því felist mótsögn að ætla bæði að bæta skilyrði í Andakílsá ofan virkjunarhúss, sem búsvæði fiska og að skipuleggja efnistöku á sama svæði. Leggur stofnunin til að „gerð verði úttekt á fyrirhuguðum nýjum efnistökusvæðum áður en þau eru afmörkuð í aðalskipulagi“. Borgarbyggð (10/9/10) bendir á að í aðalskipulagi Borgarbyggðar sé inntakslón Andakílsárvirkjunar skilgreint sem *vatn* en ekki framkvæmdaleyfisskyld efnistaka. Vegagerð ríkisins (27/8/10) fer fram á að náma við Dragá verði „áfram opin tilefnistöku“ og að nýta megi „bergskeringa við Skorradalsveg í landi Hálsa“ og svæðið sýnt á skipulagskorti og tilgreint í greinargerð.

Umhverfisstofnun (16/11/10) leggur til að efnistökusvæði verði „auðkennd með t.d. bókstaf og hlaupandi númerum“ Þá vanti „nánari útlistun á stöðu efnistökumála, þ.e. hvar efnistaka fer nú fram og hvar efnistaka er fyrirhuguð.“ Jafnframt að gera þurfi „grein fyrir áætlaðri efnisþörf innan sveitarfélagsins og nauðsyn“ þess að hafa þær svo margar og litlar, í stað færri og stærri á afmörkuðum svæðum. UST telur óljóst hvað við er átt með orðalaginu „í eða við“ vatnið og óskar skýringa á því. Jafnframt óskar UST eftir því að fá „þennan þátt skipulagsins aftur til umsagnar á seinni stigum skipulagsgerðarinnar“.

*Niðurstaða umhverfismats* er að efnistaka hafi neikvæð umhverfisáhrif. Stór hluti þeirra svæða sem áætluð eru til þessarar landnotkunar eru í eða við árfarvegi (100m eða minna) og því er hætta á að efnistaka raski lífríki. Í þeim tilfellum þarf að leita leyfis Fiskistofu og álits Umhverfisstofnunar og metur hreppsnefnd þá varnagla fullnægjandi gagnvart hættu á neikvæðum umhverfisáhrifum efnistöku í og við árfarvegi. Þá telur hreppsnefnd að á móti komi að efnistakan dregur úr þeirri hættu sem stafar af framburði áa og upphleðslu efna á þessum svæðum.

Hreppsnefnd mun ekki heimila framkvæmdaleyfi án mats fagaðila á umhverfisáhrifum efnistökunnar og setur ströng viðmið um stærð og magn í því augnamiði að vernda ásýnd og yfirbragð dalsins sbr. reglur um efnistöku í kafla 4.8

## Aðrar umsagnir um áætlunina og umhverfismatið á kynningartíma og viðbrögð hreppsnefndar

Á vinnuferli áætlunarinnar frá 1999 hefur hún tekið miklum breytingum og verið til umsagnar á ýmsum stigum. Árið 2010 var hún send 20 aðilum til kynningar og fékk svör eftirtalinna aðila á tímanum 17. ágúst 2010 til 16. nóvember 2010: Borgarbyggð og Hvalfjarðarsveit. Flugstoðir ohf, Fornleifarvernd ríkisins, Húsafriðunarnefnd, Landhelgisgæslan, Landsnet, Orkustofnun, Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið, Skipulagsstofnun, Skógrækt ríkisins, Umhverfisstofnun, Veðurstofa Íslands, Vegagerðin og Veiðimálastofnun.

Borgarbyggð og Hvalfjarðarsveit gera athugasemdir við sveitarfélagamörk. Þá óska sveitarfélögin „að unnið verði að samræmingu reiðleiða“.



**Viðbrögð:** Á skipulagsuppdrátti kemur fram að mörk sveitarfélaga og jarða séu ónákvæm og hafi enga lögformlega þýðingu. Fornleifavernd ríkisins ítrekar að skylt sé að skrá fornleifar.

**Viðbrögð:** Stefnt er að því að áætlun um fornleifaskráningu fyrir hreppinn allan liggi fyrir árið 2018, en þegar liggur fyrir skráning á nokkrum bæjarhólum í Fram-Skorradal.

Húsafriðunarfnd leggur til að við gerð bæjar- og húsakönnunar á býlum þá verði einnig litið til elstu sumarbústaðanna og þeir skoðaðir m.t.t. varðveislugildis. **Viðbrögð:** Yfirstandandi bæja- og húsakönnun mun taka á þessu atriði.

Landsnet taldi að tryggja þyrfti helgunarsvæði háspennulína gagnvart skógrækt og fristundabyggð. **Viðbrögð:** Ekki var tekið tillit til athugasemdarinnar en vísað til samningaumleitana við landeigendur. Orkustofnun lýsir ánægju með markmið í kafla 4.17 og býður samstarf við hreppinn um hnitsetningu vatnsbóla og verndarsvæða og bendir á heimildir sem gætu nýst við mögulega notkun á vatni úr Skorradalsvatni til neyslu. Skipulagsstofnun telur að skýra þurfi stefnu um stakar íbúðarhúsalóðir. Telur stofnunin að „forðast“ beri að blanda saman íbúðarlóðum og fristundabyggð. **Viðbrögð:** Hreppsnefnd er ósammála sbr. skýringar í kafla 4.2. Skipulagsstofnun bendir á að fram þurfi að koma í greinargerð að „stefnt sé að niðurfellingu svæðisskipulagsins“ **Viðbrögð:** Framkvæmt. Skipulagsstofnun minnir á að hlutverk umhverfisskýrslu er að „upplýsa almenning um áhrif stefnu sveitarfélagsins og því er mikilvægt að hún sé skýr og auðlæsileg“. **Viðbrögð:** Aðferðafræði og framsetning umhverfisskýrslunnar var ákvörðuð af ráðgjafastofu aðalskipulags, sem valdi jafnframt þá umhverfisþætti (-vísa) sem eru notaðir í umhverfismatinu á grundvelli samantektar „yfir þau atriði í stefnu aðalskipulagsins sem mögulega gætu haft í för með sér óæskileg umhverfisáhrif“ (Sjá kafla 2. Helstu leiðir)

Skógrækt ríkisins gerir annars vegar athugasemd við að skógrækt umfram 20 ha sé a) deiliskipulags- og framkvæmdaleyfisskyld og b)framkvæmdaleyfisskyld, efir að hreppsnefnd tók tillit til a. **Viðbrögð:** Hreppsnefnd telur hvorki íþyngjandi eða hamlandi fyrir skógrækt að óska þurfi framkvæmdaleyfis, svipað og gera þarf varðandi efnistöku. Þótt lagaleg skylda miðist við 200 ha, þá er það von hreppsins að samvinna geti verið um þetta atriði, þar sem skógrækt er nú þegar hlutfallslega stór hluti af landnotkun sveitarfélagsins. Ýmis fleiri atriði þarf að taka upp beint við Skógrækt ríkisins, sem er stór landnotandi í Skorradalshreppi.

Veiðimálastofnun fagnar því að gert sé ráð fyrir að ná samkomulagi við eigendur Andakílsárvirkjunar um að yfirborðssveiflur í Skorradalsvatni verði sem næst náttúrulegri sveiflu vatnsins en bendir á (eins og ýmsir fleiri) „mikilvægi þess að greiða för fisks um útfall Skorradalsvatns og leggur Veiðimálastofnun til að það verði sett inn í stefnu aðalskipulagsins varðandi ár og vötn.“ **Viðbrögð:** Framkvæmt. Þá telur Veiðimálastofnun æskilegt að setja frekari reglur um hámarksafl/-hraða farartækja á Skorradalsvatni og setja reglur un notkun vélá sem menga lítið „t.d. fjórgengis í stað tvígengismótora“. **Viðbrögð:** Verður tekið til nánari skoðunar við endurskoðun ASK 2010 – 2022 og í samráði við Veiðifélag Skorradalsvatns.

Umhverfisstofnun tekur undir mikilvægi friðunar ósasvæðis Fitjaár. Þá tekur stofnunin undir mikilvægi þess að stækka friðlandið í Vatnshorni þannig að það nái til allrar jarðarinnar. UST bendir á mikilvægi þess að „ströngustu kröfum um rotþrær og fráveitir sé fylgt“ og telur „afar brýnt að tæming allra rotþróa á aðalskipulagssvæðinu fari fram þriðja hvert ár“. **Viðbrögð:** Framkvæmt. Þá telur UST að fjalla eigi um „sérstaka söfnun og meðhöndlun frárennslis frá landbúnaði og að stefna verði mörkuð um „takmörkun á notkun húsdýraáburðar og ólífraens áburðar á tunn næst Skorradalsvatni.“ **Viðbrögð:** Hreppsnefnd telur að þessi atriði eigi ekki við í hreppnum. Þá ítrekar UST mikilvægi mótvægisáðgerða, vöktunar- og viðbragðsáætlanagerðar. **Viðbrögð:** Sjá meginmarkmið hreppsnefndar og kafla 4.10.3 og 4.10.4.



## V. Skipulagsáætlun

Tafla 19 sýnir samanburð á landnotkun einstakra jarða samkvæmt ASK 2010 - 2022 og SnS 1997 – 2017 m.s.br., sem og ástæður breyttrar landnotkunar ef um slíkt er að ræða.

**Tafla 19. Landnotkun jarða í Skorradalshreppi. Samanburður er gerður á þeirri landnotkun, sem sett var fram í SnS 1997 – 2017 m.s.br. og landnotkun í Aðalskipulagi Skorradalshrepps 2010– 2022**

Jörð	Landnotkun skv. ASK 2010 – 2022	Landnotkun skv. SNS 1997 – 2017 m.s.br.
Bakkakot	Landbúnaður(skógrækt), svæði á náttúruminjaskrá, athafnasvæði, efnistökusvæði, hverfisvernd (náttúra/mannvirki). Sultartangalínur 1 og 3.	Landbúnaður (útivist), skógrækt og náttúruverndarsvæði Sultartangalínur 1 og 3 Græn ferðamennska
Dagverðarnes	Óbyggjt svæði, frístundabyggð, íbúðarsvæði, opið svæði til sérstakra nota, opið skógarsvæði til sérstakra nota, þjóðminjaverndarsvæði (rúst), athafnasvæði, efnistökusvæði, jarðstrengur (rafmagn) og lendingarstaður þyrla.	Landbúnaður (útivist), óbyggjt svæði, sumarbústaðasvæði, skógrækt, atvinnusvæði, verslun og þjónusta
Efri- Hreppur	Landbúnaður (skógrækt), hverfisvernd (mannvirki), verslun og þjónusta, athafnasvæði, efnistökusvæði, hitaveitulagnir OR, háspennulína (66 kV) og lendingarstaður þyrla	Landbúnaður og skógrækt Hreppslaug Lögn HVSK Lögn HAB Háspennulína (66 kW)
Efstibær	Landbúnaður (skógrækt), hverfisvernd (náttúra) og efnistökusvæði og Sultartangalínur 1 og 3 og athafnasv..	Landbúnaður (útivist), skógrækt. Sultartangalínur 1 og 3 Græn ferðamennska
Fitjakirkjuland afréttur	Landbúnaður, hverfisvernd (náttúra) Sultartangalínur 1 og 3	Landbúnaður Sultartangalínur 1 og 3
Fitjar	Landbúnaður (frístundabyggð, skógrækt), svæði á náttúruminjaskrá, hverfisvernd (náttúra), þjónustustofnanir, friðuð kirkja, verslun og þjónusta, opin svæði til sérstakra nota, efnistökusvæði, Sultartangalínur 1 og 3 og jarðstrengur (rafmagn).	Landbúnaður (útivist), náttúruverndarsvæði, kirkja/kirkjugarður, sumarbústaðasvæði, sumarbústaður, skógrækt og efnistaka Sultartangalínur 1 og 3 Græn ferðamennska
Grund	Landbúnaður (frístundabyggð), þjóðminjaverndarsvæði, stakt frístundahús, íbúðarbyggð, opið svæði til sérstakra nota, verslun og þjónusta, athafnasvæði, þjóðminjaverndarsv. (rúst), efnistökusvæði, þjónustustofnun, hitaveita OR, kaldavatnslögn, og jarðstrengur (rafmagn).	Landbúnaður, sumarbústaður, þjónustumíðstöð og efnistaka Lögn HVSK
Hagi	Landbúnaður (frístundabyggð), hverfisvernd (náttúra), þjónustustofnun og háspennulína (66 kV)	Landbúnaður (útivist), sumarbústaðasvæði og skógrækt og þjónustustofun



Háafell	Landbúnaður, hverfisvernd (skógrækt og mannvirki), opið svæði til sérstakra nota, stakt frístundahús, efnistökusvæði, jarðstrengur (rafmagn) og lendingarstaður þyrla.	Landbúnaður (útvist), sumarbústaðasvæði, skógrækt, náttúruverndarsvæði og efnistaka
Hálsar	Landbúnaður, hverfisvernd (mannvirki), frístundabyggð, íbúðarbyggð, opið svæði til sérstakra nota, athafnasvæði, efnistökusvæði, hitaveitulögn OR, raflína (66 kV) og vatnsból	Landbúnaður (útvist), íbúðarbyggð, sumarbústaðasvæði og golfvöllur. Lögn HVSK
Horn	Landbúnaður, efnistökusvæði, hitaveitulögn OR og háspennulína (66 kV).	Landbúnaður og skógrækt. Lögn HVSK
Hvammur	Landbúnaður (skógrækt), óbyggt svæði, frístundabyggð, athafnasvæði, íbúðarsvæði, þjóðminjaverndarsvæði (rústir), opið svæði til sérstakra nota, opið skógarsvæði til sérstakra nota bátalægi, og jarðstrengur (rafmagn).	Landbúnaður (útvist), sumarbústaðasvæði og skógrækt.
Indriðastaðir	Landbúnaður, opið svæði til sérstakra nota, Selskógor, þjóðminjaverndarsvæði (sel og varða), verslun og þjónusta, frístundabyggð, athafnasvæði, efnistökusvæði, hitaveitulögn OR, háspennulína (66 kV) og lendingarstaður þyrla.	Landbúnaður, skógrækt, sumarbústaðasvæði og efnistökusvæði. Lögn HVSK
Kirkjutungur	Landbúnaður	Landbúnaður
Litla- Drageyri	Landbúnaður (frístundabyggð), hverfisvernd (náttúra), hitaveitulögn OR og háspennulína (66 kV).	Landbúnaður og sumarbústaður Lögn HVSK
Mófellsstaðakot	Landbúnaður, stakt frístundahús, hitaveitulögn OR og háspennulína (66 kV).	Landbúnaður og sumarbústaðir Lögn HVSK
Mófellsstaðir	Landbúnaður, stakt frístundahús hverfisvernd (náttúra/mannvirki), iðnaðarsvæði, efnistökusvæði og hitaveitulögn OR og háspennulína (66 kV).	Landbúnaður, sumarbústaður, iðnaðarlóð og efnistaka Lögn HVSK
Neðri- Hreppur	Landbúnaður, efnistökusvæði, verslun og þjónusta, hitaveitulögn OR, Vatnshamralína 132 kV og háspennulína (66 kV)	Landbúnaður Byggðalína Lögn HAB
Sarpur	Landbúnaður (skógrækt), hverfisvernd (mannvirki) athafnasvæði og efnistökusvæði. Sultartangalína 1.	Landbúnaður (útvist), skógrækt og sumarbústaður Sultartangalína 1 Græn ferðamennska
Stálpastaðir	Landbúnaðarsvæði (skógrækt), opið svæði til sérstakra nota, athafnasvæði og efnistökusvæði.	Landbúnaður (útvist) og skógrækt
Stóra- Drageyri	Landbúnaður (skógrækt, frístundabyggð), íbúðarbyggð, verslun og þjónusta, efnistökusvæði, iðnaðarsv. (borhola fyrir heitt vatn), athafnasvæði, opið svæði til sérstakra nota, hitaveitulögn OR, háspennulína (66 kV) og lendingarstaður þyrla.	Landbúnaður (útvist), skógrækt, sumarbústaðasvæði, skátar, efnistaka, borhola fyrir heitt vatn, ræktunararlóðir/smábýli og iðnaður Lögn HVSK
Vatnsendi	Landbúnaður (frístundabyggð), frístundabyggð, borhola fyrir kalt vatn, kaldavatnslögn og jarðstrengur (rafmagn).	Landbúnaður (útvist), skógrækt og sumarbústaðasvæði
Vatnshorn	Landbúnaður, efnistaka, stök frístundalóð, hverfisvernd (mannvirki), friðlýst svæði, þjóðminjaverndarsvæði (brunnstæði), opið svæði til sérstakra nota (bátalægi), efnistökusvæði og lendingarstaður þyrla	Náttúruverndarsvæði, landbúnaður (útvist) og sumarbústaðasvæði. Græn ferðamennska



## 5.1 Landbúnaðarsvæði

Skv. 5. gr. jarðalaga nr. 81/2004 nær landbúnaðarsvæði yfir allt land jarða eða lögbýla, sem ekki hefur verið tekið úr landbúnaðarnotum skv. 6. gr. laganna. Gert er ráð fyrir því í reglugerð nr. 400/1998 að í aðalskipulagi sé gerð „sérstaklega grein fyrir ræktuðum svæðum, uppgræðslusvæðum og skógræktarsvæðum innan landbúnaðarsvæða“.

Það er stefna ASK 2010 - 2022 að meginlandnotkun í hreppnum verði áfram skilgreind til landbúnaðar, þar sem byggt er á eftirfarandi skilgreiningu á „landbúnaði“ í jarðalögum:

- *Landbúnaður merkir hvers konar vörlu, verndun, nýtingu og ræktun búfjár.*
- *Landbúnaður merkir hvers konar vörlu, verndun, nýtingu og ræktun ferskvatnsdýra.*
- *Landbúnaður merkir hvers konar vörlu, verndun, nýtingu og ræktun lands og auðlinda þess til atvinnu og verðmætasköpunar, matvælaframleiðslu og þjónustu, er tengist slíkri starfsemi.*

### Víðtæk skilgreining landbúnaðar

Á grundvelli hinnar víðtæku skilgreiningar á landbúnaði er mörkuð sú meginsteftna í ASK 2010 – 2022 að landnotkun á skipulagssvæðinu verði fyrst og fremst til *landbúnaðar*. Er þetta í samræmi við bókun hreppsnefndar Skorradalshrepps frá ágúst 2007.

Skilgreining á landbúnaði hefur breyst í áranna rás og er nú t.d. viðurkennt að skógrækt er landbúnaður. Með sama hætti telur Skorradalshreppur réttmætt að skilgreina leigu á lóðum undir frístundahús sem landbúnað, enda fer þá fram „nýting auðlinda þess [lands] til atvinnu- og verðmætasköpunar“ viðkomandi jarðar.

Mælst er til þess að möguleikum „jarða“<sup>93</sup> til sjálfbærni, verði ekki spiltt með sölu einstakra lóða eða skika undan þeim. Komi þó til sölu á landspildu, þarf að deiliskipuleggja spilduna, áður en framkvæmdir hefjast á henni.

### Eftirfarandi byggingar (lóðir, aðstaða) er heimilaðar á landbúnaðarsvæðum í samráði við byggingar- og/eða skipulagsnefnd, án breytinga á aðalskipulagi:

- Nýbyggingar sem tengjast landbúnaðarnotum viðkomandi jarðar.
- Þá er heimilt að sækja um niðurrif á mannvirkjum, þó að teknu tilliti til húsakönnunar á vissum stöðum.
- Staðsetning sorpgáma og minni háttar fjarskiptamastra.
- Staðsetning öryggishúss vegna brunavarna.
- Minni háttar efnistaka, til nota á bújörðum. Sjá nánar í kafla 5.8.
- Afmörkun lóða og/eða bygging þriggja íbúðar- og þriggja frístundahúsa á jörð. Sjá nánar í köflum 5.2 og 5.3.

Þá er sett fram sú meginregla að heildstætt deiliskipulag sé unnið af jörð þegar þrír eða fleiri afmarkaðir deiliskipulagsreitir hafa verið sambykktir á viðkomandi jörð (sjá töflu 20).

<sup>93</sup> „Jörð“ merkir land með ákveðnum landamerkjum skv. landamerkjálýsingum Gylfa M. Guðbergssonar í SnS 1997-2017, landamerkjabréfum og/eða þinglýstum jarðamörkum.

93 ASK. 2010-2022 gerir ráð fyrir að mörk jarða miðist við jarðamörk skv. jarðaskrá landbúnaðarráðuneytisins, sem var í gildi árið 1960.



Landbúnaðarsvæði eru sýnd í ljósmosagrænum lit á uppdrætti aðalskipulagsins. Innan þeirra eru einnig sýnd með skærgrænum lit, tún og land, sem hentar vel til ræktunar. Mælst er til þess að þeim svæðum verði ekki raskað, eða landnoktun breytt, vegna mikilvægis slíkra svæða til matvælaframleiðslu. Engin afmörkuð *uppgræðslusvæði* eru innan áætlunarinnar.

**Mælst er til þess að öll mannvirki á landbúnaðarsvæðum séu í góðri umhirðu og að sú starfsemi sem þar er stunduð sé dalnum til sóma og gestum til ánægju.**

### Skógrækt

Opinber stefna um skógrækt liggur ekki fyrir, en í stefnu um „sjálfbæra nýtingu auðlinda“ segir m.a.:

„Ræktun skóga á tímabilinu mun hafa fjölpætt markmið, þar á meðal að endurheimta fjölbreytt vistkerfi landsins, vernda jarðveg, binda kolefni, auka tækifæri almennings til útvistar, byggja upp skógarauðlind og efla þar með sjálfbæra byggðaþróun og atvinnu í dreifbýli“<sup>94</sup>.

Þá segir að á skipulagsstigi skógræktar „skuli taka tillit til fjölbættra landnýtingarsjónarmiða og líffræðilegs fjölbreytileika.“ Auk þess er lögð áhersla á að skógrækt „verði til að efla byggð og atvinnu í dreifbýli og falli sem best að landslagi og vistkerfi landsins“<sup>95</sup>.

Skógrækt á Íslandi hefur sjálfbæra þróun að leiðarljósi, sem felst í því að Íslendingar ætli að byggja upp og varðveita skógarauðlind, sem þjóni fjölpættum hagrænum, félagslegum og umhverfistengdum markmiðum í þágu aukinna lífsgæða og almennrar velferðar.

Í ljósi fyrirliggjandi rannsókna (sjá kafla 1.4) er mælst til þess að áhersla verði lögð á endurheimt og vernd birkiskógavistkerfa, sem og umhirðu ræktaðra skóga á svæðinu. Við skógrækt sé þess gætt að mikilvægum vistkerfum, náttúruminjum og þjóðminjum verði ekki raskað.

Margskonar möguleikar geta falist í vörsu, nýtingu og frekari uppbyggingu og umhirðu þjóðskóga<sup>96</sup> sem eru stór landnotkunarþáttur skipulagsins (sjá kafla 2.4). Því er mikilvægt að Skógrækt ríkisins og hreppsnefnd hafi gott samstarf um mótu framtíðarsýnar fyrir þær jarðir.

Þá geta falist möguleikar í vörsu, verndun og nýtingu minja á landbúnaðarsvæðum sem hafa (þjóð)menningarsöglegt gildi (sjá kafla 2.1). Því er mikilvægt að Fornleifavernd ríkisins, hreppsnefnd og landeigendur hafi gott samstarf um fornleifarannsóknir á svæðunum (sjá nánar í köflum 5.12 - 5.14).

**Tafla 20. Óráðstöfuð heimild til deiliskipulags án þess að heildarskipulag jarðar sé gert.**

Bakkakot	3	Indriðastaðir	0
Dagverðarnes	0	Kirkjutungur	3
Efri -Hreppur	3	Litla -Drageyri	3
Efstibær	3	Mófellsstaðakot	3
Fitjar	0	Mófellsstaðir	3
Grund	0	Neðri -Hreppur	3
Hagi	2	Sarpur	3
Háafell	3	Stálpastaðir	3
Hálsar	0	Stóra -Drageyri	1
Horn	3	Vatnsendi	0
Hvammur	0	Vatnshorn	3

<sup>94</sup> Velferð til framtíðar. Áherslur 2006-2009, s 23.

<sup>95</sup> Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Stefnumörkun til 2020, s. 46.

[www.skogur.is/skograektarstefna](http://www.skogur.is/skograektarstefna)

<sup>96</sup> „þjóðskógar“ eru skóglendi eða önnur lönd í eigu ríkisins þar sem skógrækt er helsta tegund landnýtingar



Skógræktarsvæði, eins og þau voru í upphafi gildistíma ASK 2010 – 2022, eru sýnd á Æðalskipulagsuppdraðtti með grænni línu á landbúnaðarsvæðum.

### Reglur um skógrækt innan landbúnaðarsvæða

- Um nýræktun skóga gildir sú regla að fari stærð skógræktarsvæðis að og yfir 200 ha og/ef skógræktarsvæði fer yfir verndarsvæði, þarf að tilkynna framkvæmdina til Skipulagsstofnunar samkvæmt 2. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, auk þess sem sækja ber um framkvæmdarleyfi til hreppsnefndar áður en hafist er handa. Gera þarf skógræktaráætlani fyrir nýskógrækt og skulu þær taka mið af vistkerfi, jarðmyndunum, sjónrænum áhrifum, brunavörnum, varðveislu menningarminja og sérkenna í landslagi.
- Um friðlandið í Vatnshorni gildir skv. auglýsingi í B deild Stjórnartíðinda nr. 164/2009, að plöntun annarra trjátegunda, en staðarafbrigðis birkis er óheimil.
- Um svæði á Náttúrumínjaskrá 1996 gildir að þau þurfa sérstaka umfjöllun Umhverfisstofnunar og Skógræktar ríkisins sbr. 39. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999.
- Samkvæmt 6. gr. laga um skógrækt frá 1955 segir: „Í skógum eða kjarri má hvorki höggva tré né runna á annan hátt en þann, að höggið sé innan úr, þannig, að skógrinn eða kjarrið sé grisjað, enda sé það gert í samráði við skógarvörð. Ekkert svæði má rjóðurfella nema með samþykki skógræktarstjóra, og þó því aðeins, að sá, sem heggur, skuldbindi sig til þess að breyta landinu í tún eða græða upp skóg að nýju á öðru jafnstóru svæði og hafa byrjað á því innan tveggja ára“.
- Skógrækt er heimil á hverfisverndarsvæði innst í Skorradal nema í votlendi. Sjá nánar kafla 5.14.
- Skógrækt, umfram 20 ha er háð framkvæmdaleyfi, einkum m.t.t. brunavarna. Skipulags- og byggingarnefnd metur hins vegar hvort gera þurfi deiliskipulag fyrir viðkomandi svæði.
- Skjólbeltarækt er háð umsögn skipulagsfirvalda, einkum til að gætt sé að sjónarmiði heildaryfirbragðs á skipulagssvæðinu.



## 5.2 Íbúðarsvæði

Þann 1. desember 2009 var 61 íbúi í Skorradalshreppi. Eins og áður er komið fram er gert ráð fyrir að íbúum fjölgi á skipulagstímabilinu og stefnt er að því að bjóða upp á íbúðarsvæði fyrir þá, sem vilja hafa fasta búsetu í hreppnum án þess að stunda búskap.

Hér er bæði um að ræða aukahús á bújörð, íbúðarsvæði á nokkrum jörðum sbr. töflu 21 og hús á tilteknum opnum svæðum í Hvammi og Dagverðarnesi sbr. töflu 33.

Hér er verið að koma til móts við þá sem vilja búa í dreifbýli allt árið og

stunda þar t.d. ræktun af ýmsu tagi eða skapa sér möguleika til ýmis konar iðju, sem samræmist íbúðarbryggð. Í umhverfismati íbúðarsvæða eru bornir saman 3 kostir; þétt íbúðabyggð, gisin íbúðabyggð og nállkostur, en þar er átt við stefnu Sns 1997 – 2017 m.s.br. þar sem ekki er gert ráð fyrir íbúðarsvæðum, en fjölgun íbúðarhúsa á jörðum heimil. Í matinu kemur fram að stækkun íbúðarsvæða með litlum lóðum myndu leiða til eiginlegrar þéttbýlismyndunar í hreppnum. Það er niðurstaða matsins að stórar íbúðarhúsalóðir með yfirbragði dreifbýlis séu heppilegri kostur en þétt byggð, þar sem hún hefur minni neikvæð umhverfisáhrif. Þar er ekki gert ráð fyrir malbikuðum götum, gangstéttum eða götulýsingum. Í kafla 5.4 er gerð grein fyrir þjónustusvæðum sem nýtast íbúðarsvæðunum.

Til upplýsingar er þess getið hér að stök íbúðarhús hafa verið reist á Grund (Grund 2 á 300 m<sup>2</sup> lóð og Óshól á 2.520 m<sup>2</sup> lóð), Hvammsskógar 10 (lóð 6.800 m<sup>2</sup>) og á Stóru Drageyri, Fell á 7.150 m<sup>2</sup> lóð).

Íbúðarsvæði eru sýnd í dökkfjólubláum lit á aðalskipulagsuppdraætti, merkt I-1 og I-2.

Tafla 21. Yfirlit yfir íbúðarsvæði, flokk þeirra og stærð

Jörð	Flokkur	Ný byggingarsvæði (ha) f. íbúðarbyggð
Dagverðarnes	I-1	6,4
Grund	I-1	61
Grund	I-2	8
Hálsar	I-1	5
Lerkihvammur í Hvammslandi	I-1	2,5
Litla-Drageyri	I-1	1,0
Neðri Hreppur	I-2	2,5
Stóra Drageyri	I-2	4,5
Samtals		90,9

Tafla 22. Óráðstöfuð heimild til stakra íbúðarhúsa á jörð án breytinga á ASK 2010 – 2022.

Bakkakot	3	Indriðastaðir	2
Dagverðarnes	3	Kirkjutungur	3
Efri -Hreppur	3	Litla -Drageyri	1
Efstibær	3	Mófellsstaðakot	3
Fitjar	3	Mófellsstaðir	2
Grund	3	Neðri -Hreppur	3
Hagi	3	Sarpur	3
Háafell	3	Stálpastaðir	3
Hálsar	1	Stóra -Drageyri	3
Horn	3	Vatnsendi	3
Hvammur	2	Vatnshorn	3

### Reglur um íbúðarsvæði

- Lóðir I-1 verði minnst 5.000 m<sup>2</sup>. Ef lóðir eru fleiri en 10 þarf að sýna fram á a.m.k. 25% af heildaríbúðarsvæði fari undir vegi, stíga og útvistarsvæði.
- Lóðir I-2 verði minnst 600 m<sup>2</sup>. Ef lóðir eru fleiri en 10 þarf að sýna fram á a.m.k. 25% af heildaríbúðarsvæði fari undir vegi, stíga og útvistarsvæði.
- Heiti lóða eða íbúðarhverfis skal tengjast nafni jarðar, annaðhvort allt nafnið eða sem forskeyti í upphafi eða enda nafns.
- Í deiliskipulagi eða þegar sótt er um byggingarleyfi skal gera grein fyrir vatnsöflun neysluvatns og til brunavarna og sýna nærsvæði vatnsbóla.



- Leggja skal áherslu á heildaryfirbragð bygginga og að þær falli vel að landslagi.
- Sýna skal að svæði séu í góðum tengslum við stofnvegakerfi dalsins og áfangaskipta uppbyggingu íbúðarsvæða til að nýta sem best þá grunngerð og þjónustu sem ráðast þarf í og koma þannig í veg fyrir óhagkvæmni dreifðrar byggðar.
- Sýna skal göngustíga meðfram vegum og tengsl þeirra við aðliggjandi byggð og útvistarsvæði.
- Lágmarksfjarlægð lóðarmarka frá veginn innan íbúðarvæðis skal vera 4 m.
- Ekki er heimilt að byggja nær stofn- og tengivegum en 100 m og ekki nær öðrum þjóðvegum og almennum vegum en 50 m, skv. lið 4.16.2 í skipulagsreglugerð nr. 400/1998.
- Minnt er á ákvæði í 23. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999, en þar segir að óheimilt sé að setja niður girðingu á vatns-, ár-, eða sjávarbakka þannig að hindri umferð gangandi manna og í kafla 4.15 í skipulagsreglugerð nr. 400/1998 segir að ekki megi byggja nær vötnum en 50 m.
- Sýna skal aðkomu frá stofnvegi og sýna fram á að burðarþol vega innan svæða nægi 20 tonna bifreið.
- Liggja skal fyrir úttekt eða hættumat á náttúrvá, þ.m.t. hættu sem skapast getur vegna gróðurelda.
- Skráning á fornminjum skal liggja fyrir, skv. 11. gr. þjóðminjalaga nr. 107/2001.
- Fjarlægð loðdýrabúa, alifuglabúa og svínabúa skal vera sem nemur a.m.k. 500 m, skv. 24. gr. reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002.
- Skytt er að halda jarðraski í lágmarki svo náttúruleggur gróður fari sem minnst forgörðum.
- Stefnt er að gerð og framkvæmd heilsteyptrar vöktunaráætlunar vegna mengunarhættu í sveitarféluginu.

Í ASK 2010 – 2022 er heimilt að reisa þrjú stök íbúðarhús á hverri jörð, óháð búrekstri, án þess að aðalskipulagi sé breytt. Slíkar framkvæmdir eru deiliskipulagskyldar skv. 2. mgr. 43. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br.og er það meginreglan. Þó getur 3.tl. bráðabirgðaákvæðis skipulags- og byggingarlaga, sem er undanþáguákvæði hvað þetta varðar, átt við. Kanna þarf í hverju tilviki fyrir sig hvort svo geti verið. Í töflu 22 kemur fram hve mörg íbúðarhús er eftir að reisa á viðkomandi jörð, miðað við reglu um þrjú íbúðarhús á jörð óháð búrekstri. Í hverju tilfelli þarf samráð við skipulags- og byggingarnefnd. Um þessi hús gilda sömu reglur og um íbúðarsvæði, eftir því sem við á.

Í bréfi dags. 16. maí 2006 frá Umhverfisráðuneytinu til Skorradalshrepps er greint frá því, að ráðuneytið hafi þann 10. apríl 2006 staðfest breytingu á SnS 1997 – 2017, þar sem það telji sig ekki hafa lagalegar forsendur til að synja um staðfestingu á tiltekinni beiðni.

Ráðuneytið hafi því staðfest sbr. 2. mgr. 14. gr. skipulags og byggingarlaga nr. 73/1997.

Beiðni þessi gekk út á að heimila að 0,7 ha svæði (lóð) fyrir frístundabyggð í landi Hvamms í Skoradalshreppi breytist í íbúðarsvæði.



### 5.3 Frístundabyggð

Stefnt er að því í ASK 2010 – 2022 að frístundahús í Skorradalshreppi verði að há marki 800. Í SnS 1997 – 2017 var miðað við 1200 húsa hámarkssfjölda og 3 hús á ha. Á vinnslutíma aðalskipulagsins var tekin sú ákvörðun að stækka lágmarksstærð lóða í 0,5 ha.

Í ASK 2010 – 2022 er frístundabyggð skipt upp í two flokka:

- F1 merkir að lóðir eru ýmist leigðar eða seldar undan jörðum.
- F2 merkir að lóðir verði eingöngu leigðar og ekki seldar undan jörðum.

Tafla 23. Heiti frístundabyggðar á einstökum jörðum, flokkun og stærð svæða

Jörð	Svæði	Flokkur	Stærð svæða (ha)
Dagverðarnes	A + B	F-1	88
Dagverðarnes	C+D	F-2	22
Fitjar		F-2	69
Grund		F-2	9
Hagi	A+B+C	F-2	75
Hálsar	A+B	F-1	106
Hálsar	C	F-2	16
Hvammur	A	F-1	38
Hvammur	B	F-2	18
Hvammur / Efling	C	F-2	14
Indriðastaðir	A+B+C	F-1	160
Litla-Drageyri		F-2	60
Stóra-Drageyri		F-2	11
Vatnsendi	A+B+C	F-2	93
Vatnsendi	D+E+F+G	F-2	53
Samtals			832



Tafla 24. Lýsing á afmörkun einstakra svæða (og hnitasetning) eftir jörðum

Jörð	Heildarstærð svæða (ha)	Flokkur	Svæði	Lýsing á afmörkun*	
Dagverðarnes	54	F1	A	Að norðan: Skorradalsvegur (508). Að austan: Stöðulgil. Að sunnan: Skorradalsvatn. Að vestan: Landamerki við Hvamm.	
	34	F1	B	Að norðan: Skorradalsvegur (508). Að austan: Landamerki við Stálpastaði. Að sunnan: Skorradalsvatn. Að vestan: Stöðulgil.	
	10	F2	C	Að sunnan gildir Skorradalsvegur (508), að vestan landamerki við Hvamm í 380114/449910. Þaðan í austur í 380646/449815) og þá suður að Skorradalsvegi.	
	12	F2	D	Að sunnan: Skorradalsvegur (508). Að vestan: 381036/449419 norður í 381128/449619. Þá austur með 200 m hæðarlínu að skógarsvæði 381415/44951. Þá til suðurs 381377/449434 og þaðan til austurs (flái) 381886/449690 og síðan til austurs að skógræktarsvæði 381491/449336 og til suðurs að Skorradalsvegi í 381408/449177.	
Fitjar	69	F2		Að vestan: Landamerki við Háafell. Að sunnan: Skorradalsvatn. Í austri 389049/444086 til norðurs í 389164, y = 444250. Þá vestur að merkjum við Háafell.	
Grund	9	F2		Úr 375451/451945) ofan Skorradalsvegar, nálægt merkjum við Vatnsenda. Þá austur í 375500/451955. Þá NA í 375619/452100). Til vesturs í 375331/452372, þaðan í SV í 375259/452226 og SA í 375341/451949 og þaðan í upphafspunkt.	
Hagi	(A+B+C) 75	F2	A	Landamerki við Stóru Drageyri að 381711/447434. Þaðan í austur í 382219/447624) og þá í 382963, y = 447574, norður í 383125/447744) og vestur með vegin að 381578, y = 447719 í Þófagili.	
		F2	B	Úr 383401/447378 austur í 383934/447031. Þaðan í norður í 384088/447192). Þá vestur, samsíða vegin í 50 m fjarlægð frá miðlinu vegar í 383523/447569.	
		F2	C	Úr 384026/446907, austur að landamerkjum við Vatnshorn 384761/446267. Þaðan í norður í 385019/446481. Þá vestur með vegin í 384142/447070. Þaðan í 384093/447039.	
Hálsar	59	F1	A	Að austan: Vesturmörk svæðis B og Dragavegar að merkjum við Hest í 374134/453808. Vestur með merkjum Hests og Hálsa í 374025/453795. Þaðan suður um: 373687/453589; 373586/453615; 373469/453558; 373150/453010; 372977/452940; 372852/452966, að landamerkjum S-Fossa, 372822/452887. Þaðan austur í upphaf 373513/452616.	
		47	F1	B	Að austan: Landamerki við Grund, norður að Dragavegi. Með vegin að 375074/453519. Að vestan: 373998/453518; 373899/453434; 373869/453353; 373868/453148; 373785/452957; 373641/452785; 373513/452616 og 373422/452380, að merkjum við Grund.
		16	F2	C	Að vestan: Dragavegur. Að norðan: Landamerki við Hest. Að austan: Landamerki við Grund.
Hvammur	38	F1	A	Að norðan: Skorradalsvegur til austurs að merkjum S.r. Með landi S.r. í 379467/449836, að Skorradalsvatni í 379468/449812. Að sunnan: Skorradalsvatn vestur að gili í 378376/440572 upp að vegin.	
		18	F2	B	Að vestan: Landamerki við Vatnsenda. Að norðan: Skorradalsvegur. Að austan: Vesturmörk svæðis A. Að sunnan: Skorradalsvatn.
		14	F2	C (Svæði Eflingar)	Allt svæði innan landamerka.



Indriðastaðir	49	F1	A	Að norðan: Skorradalsvatn. Að austan: Landamerki við Djúpalækjarmýri í 375777/449764. Þaðan í vestur í 375011/450020 og um 375033/450141; 374989/450173; 375027/150388 í 3750129/450410, með Skorradalsvegi í 374812/450487; 374848/450555 í Skorradalsvatn.
	59	F1	B	Að norðan: Mörk við svæði A og landamerki við Djúpalækjarmýri. Að austan: Landamerki við Selsskóglínu suður í 375656, y = 449420. Það í gegnum eftirtalda punkta 375552/449426; 375327/449475; 375218/449337 og 374889/449298. Eftir lækjarfarvegi norður í til vesturs og norður í 375011/449660; 374685/449709; 374631/449896; 375027/450388 að svæði A.
	52	F1	C	Að norðan og austan: Mörk við svæði B. Að sunnan: í 150 m hæðarlínu að Kaldá í vestur. Með Kaldá að 373458/449435. Að norðan: Útmörk 9 holu golfvallar.
<b>Djúpalækjareyrar/mýri</b>				Öll spildan er afmörkuð til frístundabyggðar
Litla Drageyri	10	F2	A	Að austan: Upp við veg úr 378065/448827), norður í 378115/448876) og þá gegnum: 378118/448932; 378051/449009); 377764/449198); 377533/449316), að vegi í 377468/449211) að upphafi.
Litla-Drageyri	50	F1		
Stóra Drageyri	11	F2		Að norðan: Fellsvegur austur að landamerkjum Haga. Að austan: Landamerki Haga. Þá úr 381659/447527; 381451/447354). Þaðan vestur í 381217/447437. Síðan norður í 381247/447644.
Vatnsendi	32	F2	A	Að norðan: Skorradalsvegur úr 376678/451544 í 377558/441388 suður með Stekkjargili að Skorradalsvatni. Meðfram því til vesturs í 376598/451238 og upp með gili í upphafspunkt.
	30	F2	B	Að norðan: Skorradalsvegur í 378343/451146. Þaðan í suður með landamerkjum Hvamms að mörkum Skorradalsvatns. Að sunnan gildir Skorradalsvatn að mörkum svæðis A og með því að Skorradalsvegi.
	31	F2	C	Að sunnan: Skorradalsvegur. Að austan: Landamerki við Hvamm. Þá úr 378308/451375 vestur með hæðarlínu gegnum 377332/451713 í 376758/451816, suður í veg 376688/451586.
	13	F2	D	Við Bæjargil 375996/451647, austur í 376134/451641). Þá til suðurs í 376139/451551. Til austurs í 376303/451549 og suðurs 376288/451373). Þá til austurs í lækjarfarveg að svæði A og eftir honum suður að Skorradalsvatni. Að vestan gildir Bæjargil.
	17	F2	E	Úr upphafi 375578/451722 austur með Skorradalsvegi að Bæjargili. Með því í Skorradalsvatn. Vestur með vatninu í 3757481/451238; 375739/451304; 375728/451341; 375605/451397; 375637/451448; 375428/451471; 375473/45179; 375527/451563 í upphaf
	16	F2	F	Að sunnan: Skorradalsvegur, að vestan gilda landamerki við Grund. Að norðan úr punkti 375720/452095) til austurs í 376051/451997. Þaðan til suðurs með lækjarfarvegi aftur að Skorradalsvegi.
	7	F2	G	Að sunnan er Skorradalsvegur og að vestan er Bæjargil að 376051/451997. Þaðan til austurs í 376258/451930 og til suðurs að Skorradalsvegi í 376216/451672..

\* Lýsing á afmörkuðu svæði gildir ef kemur til misrämis á stærð svæðis.

Eins og áður segir var í SnS 1997 – 2017 mörkuð sú stefna að hámarksfjöldi frístundahúsa í Skorradal væri 1200 hús. Þetta var huglægt mat, sem studdist við endurbætur þær sem áætlunin gerði ráð fyrir að gerðar væru á vegakerfi/umferðarkerfi dalsins, frárennsliskerfi, strangari vörnum gegn mengun af ýmsu tagi, nægt neysluvatn væri fyrir hendi og því hvenær búast mætti við að umfang frístundabyggðar í dalnum færi að stríða gegn hlutverki dalsins sem hvíldar og afþreyingarstaðar.

Á gildistíma SnS 1997 – 2017 hafa ekki farið fram neinar rannsóknir sem hnekkt geta eða rennt styrkum stoðum undir þessa ákvörðun matið er því en huglægt. Hins vegar hafa heldur



ekki farið fram ákvarðanataka um, né úrbætur á t.d. vegakerfi dalsins, sem líklegt er að þjónað gæti svo umfangsmikilli byggð. þá eru menn einnig meðvitaðri um t.d. brunahættu í dalnum og aðgerðir sem grípa þarf til í neyðartilvikum og ýmis önnur hugsanleg mengunarmál.

Hámarksfjöldi frístundahúsa er því hafður 800 í ASK 2010 – 2022, lóðir stækkaðar og settar viðameiri reglur um byggðina á ýmsum sviðum.

Því er í umhverfisskýrslu áætlunarinnar stuðst við töluna 800 en ekki 1200.

Skv. upplýsingum frá Skorradalshreppi voru sumarbústaðir/frístundahús þar 464 í lok árs 2005. Þann 1. desember 2009 voru þau orðin 494, skv. sömu upplýsingum og hafði þá aðeins fjölgæð um 30 hús á þremur árum.

Frístundasvæði eru merkt með ljósþjólbláum lit á aðalskipulagsuppdrátti.

### Reglur um frístundabyggð

- Nýtingarhlutfall lóða verði 0,05 með þeim frávikum að:
  - a) á lóðum allt að  $2.000 \text{ m}^2$  má byggja að hámarki  $100 \text{ m}^2$  á hverri lóð.
  - b) á lóðum  $6.000 \text{ m}^2$  og stærri má byggja að hámarki  $300 \text{ m}^2$  á hverri lóð.
- Samanlagt byggingarmagn á hverri lóð undir frístundabyggð verði því aldrei meira en  $300 \text{ m}^2$ .
- Byggingarmagn er reiknað sem birt flatarmál.
- Á hverri lóð má að jafnaði mest byggja 3 hús; frístundahús, gestahús, geymslu og/eða bátaskýli. Sjá sérreglur. Samanlagt byggingarmagn þeirra má ekki vera meira en ofangreindar reglur heimila.
- Hámarksstærð gestahúss og/eða geymslu má vera  $35 \text{ m}^2$ .
- Á þeim lóðum þar sem þegar hafa verið byggð aukahús minni en  $10 \text{ m}^2$  er heimilt að byggja gestahús eða geymslu að frádregnum þegar byggðum fermetrum.
- Þessi stefnumörkun á við um alla frístundabyggð í Skorradal. Nánar er kveðið á um stærðir í deiliskipulagi fyrir hvert svæði undir frístundabyggð og geta þær verið mismunandi.
- Hér er um hámarksþjóðunarástærðir að ræða. Við deiliskipulagsgerð og endurskoðun eldra deiliskipulags verður litið til þessara viðmiða sem ýtrastu marka um byggingarmagn á hverri lóð, en heimilt er að deiliskipuleggja minna byggingarmagn á frístundalóðum.

Vegna deiliskipulagsbreytinga þar sem stærðarskilmálar eru óljósir skal skipulags- og byggingarnefnd taka mið af nálægri byggð við endanlega ákvörðun um stærðir.

- Að minnsta kosti 25% deiliskipagðra svæða undir frístundabyggð skal fara undir götur, göngustíga og leik- eða útvistarsvæði.
- Landeigendur sem hyggjast taka land úr landbúnaðarnotum (sjá nánar kafla 5.1) og leggja til frístundabyggðar þurfa að leita álits hreppsnefndar og afla samþykkis landbúnaðarráðherra fyrir breyttri landnotkun. Samkvæmt skilgreiningu sveitarfélagsins (sjá nánar sérstakar forsendur í kafla 3 og meginmarkmið hreppsnefndar) telst frístundabyggð til hlunninda og getur túlkast því einnig sem landbúnaður (sjá einnig flokka F1 og F2 á bls. 90).
- Heiti lóða eða frístundahverfis skal tengjast nafni jarðar, annaðhvort allt nafnið eða sem forskeyti í upphafi eða enda nafns.



- Gera skal skýra grein fyrir vatnsöflun neysluvatns og til brunavarna og sýna nærsvæði vatnsbóla í deiliskipulagi eða með umsókn um byggingarleyfi.
- Leggja skal áherslu á heildaryfirbragð bygginga og að þær falli vel að landslagi.
- Sýna skal að svæði séu í góðum tengslum við stofnvegakerfi dalsins.
- Sýna skal göngustíga meðfram vegum og tengsl þeirra við aðliggjandi byggð og útvistarsvæði.
- Lágmarksfjarlægð lóðarmarka frá vegi innan fristundabyggðar skal vera 4 m.
- Sýna skal aðkomu frá stofnvegi og sýna fram á að burðarþol vega innan viðkomandi svæðis nægi 20 tonna bifreið.
- Ekki er heimilt að gera ráð fyrir byggingum nær stofn- og tengivegum en 100 m og ekki nær öðrum vegum en 50 m, skv. lið 4.16.2 í skipulagsreglugerð nr. 400/1998.
- Minnt er á 23. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999, en þar segir; „óheimilt er að setja niður girðingu á vatns-,ár-,eða sjávarbakka þannig að hindri umferð gangandi manna“ og kafla 4.15 í skipulagsreglugerð nr. 400/1998, en þar er fjallað um að ekki megi byggja nær vötnum en 50 m.
- Liggja skal fyrir úttekt eða hættumat á náttúruvá, þ.m.t. hættu sem skapast getur vegna gróðurelda.
- Semja skal við landeigendur um helgunarsvæði háspennulína.
- Skráning á fornminjum skal liggja fyrir, skv. 11. gr. þjóðminjalaga nr. 107/2001.
- Fjarlægð loðdýrabúa, alifuglabúa og svínabúa skal vera sem nemur a.m.k. 500 m, skv. 24. gr. reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002.
- Heimilt er að reisa allt að 3 stök fristundahús á hverri jörð án þess að aðalskipulagi sé breytt. Slíkar framkvæmdir eru deiliskipulagsskyldar skv. 2. mgr. 43 gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br. og er það meginregla. Hreppsnefnd getur í vissum tilvikum nýtt sér heimildarákvæði til undanþágu fyrir stökum framkvæmdum sbr. 3. tl. bráðabirgðaákvæðis skipulags og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br. Slíkt þarf að skoða í hverju tilviki.
- Stefnt er að gerð heilsteyptrar vöktunaráætlunar vegna mengunarhættu í sveitarfélagini. Sjá nánar í kafla 5.15.
- Í töflu 25 kemur fram hve mörg fristundahús má reisa á viðkomandi jörð án þess að breytingar séu gerðar á ASK 2010 – 2022. Í hverju tilfelli þarf samráð við skipulags- og byggingarnefnd.

### Bátaskýli

Sumarhúsabyggð hefur byggst upp við Skorradalsvatn frá því upp úr 1960. Jafnframt hafa margir lóðarhafar sótst eftir að byggja bátaskýli sem næst vatninu. Landeigendur hafa með

**Tafla 25. Óráðstöfuð heimild til stakra frist.húsa á jörð, án breytinga á ASK 2010 – 2022.**

Bakkakot	3	Indriðastaðir	1
Dagverðarnes	3	Kirkjutungur	3
Efri -Hreppur	3	Litla -Drageyri	2
Efstibær	3	Mófellsstaðakot	2
Fitjar	3	Mófellsstaðir	2
Grund	3	Neðri -Hreppur	3
Hagi	0	Sarpur	3
Háafell	1	Stálpastaðir	3
Hálsar	3	Stóra -Drageyri	3
Horn	3	Vatnsendi	3
Hvammur	3	Vatnshorn	2



mismunandi hætti reynt að mæta þessum óskum og nú eru bátaskýli yfirleitt alveg við vatnið, ýmist stök inni á einkalóðum eða nokkur saman í lengjum á sérstökum bátaskýlalóðum. Engin bátaskýli eru þó í landi Háafells og Stálpastaða og einungis eitt í landi Vatnshorns. Hreppsnefnd telur mikilvægt að leitað verði til fagaðila um úttekt á núverandi stöðu bátaskýla m.a. um útlit, fjarlægðir frá vatni, staðsetningu í landslagi og sjónrænum þáttum. Á grundvelli úttektarinnar verði mótuð stefna um bátaskýli á vatnsbakkanum.

- Stefnt er að því að móta stefnu um bátaskýli við Skorradalsvatn á grundvelli úttektar fyrir 2014. Úttektin beinist m.a. að útliti, fjarlægð frá vatnsbakka, staðsetningu í landslagi og mögulega öðrum lausnum fyrir bátaeigendur.
- Óheimilt er að reisa ný bátaskýli við Skorradalsvatn, innan 100 m frá vatninu þar til fyrir liggur úttekt á núverandi stöðu bátaskýla við vatnið.

#### 5.4 Verslunar- og þjónustusvæði

Gert er ráð fyrir að íbúum hreppsins fjölgi á skipulagstímabilinu. Hvað húsnæðisþörf viðkemur er því mætt bæði með fjölgun íbúðarhúsa á jörðum og byggingarsvæðum fyrir íbúðarbyggð (sjá kafla 5.1 og 5.2). Þá ere gert ráð fyrir að frístundahúsum geti fjöldað um 306 í sveitarfélagit á skipulagstímabilinu eða um 25 - 26 hús á ári. Til að koma til móts við þarfir íbúa, dvalaresta og aukna þjónustu er í tillöggunni gert ráð fyrir uppbyggingu verslunar og þjónustu á 5 stöðum í sveitarfélagit. Tafla 26 sýnir yfirlit yfir verslunar- og þjónustusvæði, stærð þeirra, staðsetningu og eðli.

Verslunar- og þjónustusvæði eru merkt gulum lit á aðalskipulagsuppdrætti.

#### Reglur um verslunar- og þjónustusvæði

- Skráning á fornminjum verður að liggja fyrir þegar svæði er deiliskipulagt, skv. 11. gr. þjóðminjalaga nr. 107/2001.
- Fjarlægð loðdýrabúa, alifuglabúa og svínabúa verður að vera sem nemur a.m.k. 500 m frá vinnustöðum annarra en sjálfs búsins skv. 24. gr. reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002.

Tafla 26. Yfirlit yfir verslunar- og þjónustusvæði, stærð, staðsetningu og eðli.

Jörð	Stærð (ha)	Staðsetning	Eðli
Efri Hreppur		Hreppslaug	Sundl./ heilsuböð o.fl.
Fitjar	0,1	Við Skorradalsveg 508-4	Þjónusta við hestamenn
Grund	5,5	Við vegamót Skorradalsvegar 508 og Dragavegar 520.	Upplýsingamiðstöð, verslun, eldsneytis- og veitingasala
Indriðastaðir	2	Í tengslum við golfvöll	Þjónusta við golfvöll
Neðri-Hreppur	0,5	Við Andakílsá	Verslun og veitingasala
Stóra- Drageyri	0,5	Skátaskáli og umhverfi	Aðstaða til samkomuhalds
Samtals	8,6		



## 5.5 Svæði fyrir þjónustustofnanir

Ekki er reiknað með að íbúafjöldi nægi til þess að tryggja uppbyggingu dagheimilis, skóla, öldrunarþjónustu o.b.h. innan hreppsins. Því er gert ráð fyrir að opinber þjónusta verði tryggð með samningum við nágrannasveitarfélög sbr. stefnu SnS 1997 – 2017 m.s.br.

Hér er gert ráð fyrir þjónustu-stofnunum á fjórum stöðum. Tafla 27 sýnir yfirlit yfir þjónustu-

Tafla 27. Yfirlit yfir þjónustustofnanir, eðli og þjónustu.

Jörð/staðsetning	Stofnun	Þjónusta
Fitjar	Kirkja í eigu jarðarinnar	Guðsbjónustur og sérathafnir eftir óskum fólks
Fitjar	Kirkjugarður	Legstæði, eftir óskum fólks
Við vatnsósinn	Öryggishús / endurvarpsstöðvar	Búnaður til brunavarna og fjarskipta

stofnanir og þá þjónustu sem þær veita.

Þjónustustofnanir eru merktar með appelsínugulum punkti á aðalskipulagsuppdrætti. Stærð merkinga segir ekki til um stærð lóða.

## 5.6 Athafnasvæði

Hér er gert ráð fyrir átta athafnasvæðum, og er hluti þeirra á svæðum sem afmörkuð voru sem iðnaðarsvæði í SnS 1997 – 2017 m.s.br. Tafla 28 sýnir yfirlit yfir athafnasvæði, stærð þeirra, staðsetningu og eðli.

Áður skilgreint athafnasvæði eru merkt með stjörnu (\*).

Tafla 28. Yfirlit yfir athafnasvæði, stærð, staðsetningu og eðli.

Nr.	Jörð	Stærð (ha)	Staðsetning	Eðli
1a	Bakkakot	1,3	Við Bakkakotsgil	Skógarumhirða
2a	Dagverðarnes*	1,4	Við loðdýrahús	Létt og hreinleg starfsemi
3a	Efstibær	1,4	Vestan túns	Skógarumhirða
4a	Hálsar	0,3	Norðan íbúðarhúss	Létt og hreinleg starfsemi
5a	Hvammur	0,8	Starfsstöð Skógræktar ríkisins	Skógarumhirða
6a	Indriðastaðir	1,4	Selskógor	Skógarumhirða
7a	Sarpur	1,0	Norðan íbúðarhúss	Skógarumhirða
8a	Stóra – Drageyri*	4,4	Vestan íbúðarhúss	Nýting heita vatnsins / skógarumhirða
9a	Stálpastastaðir	1,5	Utan við bæjarrústir	Skógarumhirða
10	Umráðasvæði Andakílsárvirkjunar úr landi Grundar og Indriðastaða		Meðfram Andakílsá við útfallið úr Sk.vatni og nær 1000 m niður með ánni og 40 m frá árbakkanum. Að norðan ræður Andakílsá. Að austan Skorradalsvatn. Að sunnan skurðurinn úr ánni og upp í vatn.	Samkomulag (afsal) milli Grundar og Andakílsárvirkjunar 5. apríl 1954. Samkomulag (afsal) milli Andakílsárvirkjunar og Indriðastaða 10. ágúst 1954.
11 og 12	Umráðasvæði Andakílsárvirkjunar úr landi Efra-Hrepps	óstaðfest stærð	a) 70 m breið spilda með suðurbakka Andakílsár, á móts við vesturstafn smíðahúss virkjunarinna handanvert við ána, og upp að stíflu b) Landspilda frá stíflunni upp að Álfseinsá, sem liggur frá Andakílsá og upp að 69 m hæðalínu, skv. Uppdr. Steingríms Jónssonar 1925.	Veiðiréttur eða nýtingarréttur á heitu vatni fylgir ekki spildunum, heldur Efri-Hrepp. Samkomulag (afsal) milli Andakílsárvirkjunar og Efra-Hrepps 5.apríl 1954.
Samtals			>12,6	



Athafnasvæði eru merkt með ljósgráum lit á aðalskipulagsuppdrætti.

### Reglur um athafnasvæði

- Áður en framkvæmdir hefjast á athafnasvæði, skal gera deiliskipulag af svæðinu.
- Skráning á fornminjum verður að liggja fyrir þegar athafnasvæði er skipulagt, skv. 11. gr. þjóðminjalaga nr. 107/2001.
- Sýna þarf fram á að gerð hafi verið úttekt eða hættumat á náttúrvá, þ.m.t. hættu sem skapast getur vegna gróðurelda, þegar svæði er deiliskipulagt.
- Sýna skal aðkomu frá stofnvegi þegar athafnasvæði er deiliskipulagt.
- Gera skal skýra grein fyrir vatnsöflun, bæði til neyslu og slökkvistarfa.
- Fjarlægð loðdýrabúa, alifuglabúa og svínabúa verður að vera sem nemur 500 m frá matvælafyrirtækjum og vinnustöðum annarra en sjálfs búsinns skv. 24. gr. reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002.

### 5.7 Iðnaðarsvæði

Gert er ráð fyrir tveimur iðnaðarlóðum og er það í samræmi við SnS 1997 – 2017 m.s.br.

Í töflu 29 má sjá yfirlit yfir iðnaðarsvæði, stærð þeirra, staðsetningu og eðli.

Tafla 29. Yfirlit yfir iðnaðarsvæði, stærð, staðsetningu og eðli.

Jörð	Stærð (ha)	Staðsetning	Eðli
Stóra-Drageyri	1	Lóð OR við heitavatnsborholu	Borhola fyrir heitt vatn
Mófellstaðir	0,5	Lóð Stofnunga	Kynbóta- og einangrunarstöð Félags eggjaframleiðenda og Félags kjúklingabænda
Andakílsárvirkjun		Stíflan	

Iðnaðarsvæði eru merkt með dökkgráum lit á aðalskipulagsuppdrætti.

### Reglur um iðnaðarsvæði

- Fjarlægð loðdýrabúa, alifuglabúa og svínabúa verður að vera sem nemur 500 m frá matvælafyrirtækjum og vinnustöðum annarra en sjálfs búsinns skv. 24. gr. reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002.

### 5.8 Efnistökusvæði

Efnistaka er helst úr árfarvegum á landbúnaðarsvæðum. Almennt er hún minniháttar og miðast einkum við eyrasvæði, en einnig við ósasvæði þar sem upphleðsla verður (sjá kafla 2.8). Efnistaka úr Skorradalsvatni er óheimil. Þótt efnistaka samræmist illa markmiðum ASK 2010 - 2022 er minna rask ef námurnar væru litlar og þá jafnvel fleiri (sjá töflu 30) þannig að stór áberandi sár myndist ekki í viðkvæmt landslag dalsins og notkun efnisins væri sem næst efnistökustað.

Tafla 30 sýnir efnistökusvæði, staðsetningu, rétthafa, gerð og áætlaða stærð.

Flokkun eftir staðsetningu:

- Flokkur 1 – í árfarvegum.
- Flokkur 2 – á landi allt að 100 m frá árbakka.
- Flokkur 3 – á landi lengra en 100 m frá árbakka.

Efnistökusvæði eru merkt inn á aðalskipulagsuppdrátt með gulbrúnum lit.



Tafla 30. Yfirlit yfir efnistökusvæði, staðsetningu, rétthafa, gerð og áætlaða stærð.

Nr.	Flokkur	Staðsetning	Jörð	Rétthafi	Gerð námu	Áætluð stærð (ha)
1	1	Í Andakílsá	Grund / Kirkjuvaðstangi	Landeigendur	Möl	0,7
2	1	Í Andakílsá	Grund / Kirkjuvaðstangi	Landeigendur	Möl	0,7
3	1	Í inntakslóni Andakílsárvirkjunar	Efri Hreppur / Horn/Syðstu-Fossar	Landeigendur – að hluta í Borgarbyggð	Möl	4,0
4	1	Á mörkum Kaldár og Andakílsár	Vatnsendaengi / Mófellstaðir	Landeigendur	Möl	1,0
5	1	Í Kaldá	Vatnsendaengi / Mófellstaðir	Landeigendur	Möl	2,2
6	1	Í Álfsteinsá ofan Mófellstaðavegar	Efri Hreppur / Horn	Landeigendur	Möl	0,3
7	1	Í Álfsteinsá neðan Mófellstaðavegar	Efri Hreppur / Horn	Landeigendur	Möl	0,2
8	1	Í Kaldá neðan Mófellstaðavegar	Mófellstaðir	Landeigendur	Möl	0,5
9	1	Í Kaldá ofan Mófellstaðavegar	Mófellstaðir	Landeigendur	Möl	0,5
10*	2	Melur vestan tún	Bakkakot	Landeigendur	Möl	0,1
11	1	Í Fitjaá (vestara svæði)	Fitjar / Bakkakot	Landeigendur	Möl	1,0
12	1	Í Fitjaá (eystra svæði)	Fitjar / Bakkakot	Landeigendur	Möl	0,5
13	2	Í og við Dragá neðan Dragavegar	Stóra Drageyri	Landeigendur	Möl	2,5
14*	2	Neðan Skorradalsvegar	Hálsar	Landeigendur	Möl	0,9
15	2	Við Andakílsá	Hálsar	Landeigendur	Möl	1,3
16	2	Við Grundarlæk	Indriðastaðir	Landeigendur	Möl	0,3
17*	3	Melur vestan/ofan Gunnunes	Vatnshorn	Landeigendur	Möl	0,1
18*	2	Melur austan túngarðs Vatnshorns	Vatnshorn	Landeigendur	Möl	0,1
19*	3	Við vegslóða	Bakkakot	Landeigandi	Möl	0,98
20	2	Við Skorradalsveg á vesturmörkum túns	Háafell	Landeigendur	Möl	0,2
21	3	Ofan Skorradalsvegar	Dagverðarnes	Landeigendur	Möl	0,2
22	3	Norðan við Skorradalsveg	Hálsar	Landeigandi	Grjót	0,4
23	3	Vestan Borgarfjarðarbr.	Neðri-Hreppur	Landeigendur	Möl	0,5
24*	1	Milli vegar og ár	Efstibær	Landeigandi	Möl	0,25
25*	1	Nálægt á	Efstibær	Landeigandi	Möl	0,3
26	1	Lækjarós	Bakkakot	Landeigandi	Möl	0,5
27	1	Í læk við tjaldsv.	Selskógor	Landeigandi	Möl	1,1



28	2	Við veginn	Stálpastaðir	Landeigendur	Möl	0,5
29*	2	Við Hrafnagilslæk	Neðri Hreppur	Landeigendur	Möl	1,0
30	1	Hrafnagilslækur, neðan brúar	Neðri Hreppur	Landeigendur	Möl	0,5

Samtals 22,6

\* Nýjar námur

## Lög og reglur um efnistöku

Tafla 31. Almennar reglur um efnistöku.

Hvernig leyfi þarf?	Hvenær?	Skv. lögum
Leyfi landeiganda	Þarf alltaf	
Framkvæmdaleyfi Skrifleg umsókn framkvæmdaaðila með nauðsynlegum uppl. um staðsetningu, magn og gerð efnis, vinnslutíma og frágang (matsskýrsla)	Þarf alltaf að sækja um til hreppsnefndar, nema ef landeigandi þarf „minniháttar“ efnisnám á landbúnaðarsvæði Hreppsnefnd kannar matsskyldu hjá Skipulagsstofnun ef þarf <sup>97</sup> og leitar umsagnar Umhverfisstofnunar og Fiskistofu (þ.e. veiðimálastjóra) ef svæðið er í ár- eða vatnsbotni. <b>Leyfið byggir á æðalskipulagi, er bundið ákveðnum tíma, stærð efnistökusvæðis, vinnsludýpi, magni og gerð efnis sem heimilt er að nýta, vinnslutíma og frágangi á efnistökusvæði.</b>	nr. 73/1997 (27. gr.) nr. 44/1999 (47. gr.) nr. 44/1999 (48. og 49. gr.) nr. 61/2006 (33.gr.)
Leyfi Umhverfisstofnunar	Efnistaka á friðlýstum svæðum og svæðum á náttúruminjaskrá	nr. 44/1999 (38. gr.)
Leyfi Fiskistofu þ.e. veiðimálastjóra	Efnistaka úr ám og vötnum	nr. 61/2006 (33.gr.)
Leyfi Fornleifarverndar ríkisins	Efnistakan getur raskað fornminjum	nr. 107/2001 (10. gr.)
Leyfi Landgræðslu ríkisins	Er verið að treysta varnir gegn landbroti	nr. 91/2002 (6. gr)
Mat á umhverfisáhrifum Hvenær?	Framkvæmdaaðili þarf alltaf að kanna hvort efnistaka falli undir lög um mat á umhverfisáhrifum.	nr. 106/2000 (5. / 6. gr.)

**Hreppsnefnd Skorradalshrepps mun ekki veita framkvæmdaleyfi án mats fagaðila á umhverfisáhrifum efnistökunnar, ef áætluð efnistaka raskar 15.000 m<sup>2</sup> svæði eða stærra eða er 25.000 m<sup>3</sup> eða meiri. Þessi viðmið eru sett í því augnamiði að vernda ásýnd og yfirbragð dalsins og viðkvæmt lífríki hans, þar sem efnistökusvæðin eru flest í eða við ár eða á viðkvæmum svæðum.**

Sérreglur um flokk 1	Dýpt efnistökusvæðis sé ekki meiri en 1 m (m.v. yfirborð meðalrennslis) Umfang efnistökusvæðis eða samanlagðra efnistökusvæða vegna sömu framkvæmdar verði ekki meiri en 2 ha.
Sérreglur um flokk 2	Dýpt efnistökusvæðis sé ekki meiri en 2 m Umfang efnistökusvæðis eða samanlagðra efnistökusvæða vegna sömu framkvæmdar verði ekki meiri en 2 ha.

Óheimilt er að láta efnistökusvæði standa ónotað eða ófrágengið lengur en í þrjú ár.

Þegar vinnslutíma efnistökusvæðis lýkur skal ganga snyrtilega frá þannig að ummerki nánast hverfi.

<sup>97</sup> Samkvæmt lögum 106/2000, viðauka II: „21. Efnistaka á landi eða úr hafslotni þar sem áætluð efnistaka raskar 50.000 m<sup>2</sup> svæði eða stærra eða er 150.000 m<sup>3</sup> eða meiri.“ Þetta á einnig við ef fleiri en einn efnistökustaður ná þessum mörkum til samans.



## 5.9 Óbyggð svæði

Gert er ráð fyrir óbyggðum svæði á tveimur stöðum, í Dagverðarnesi og í Hvammi. Svæðin hafa verið úr landbúnaðarnotum og skilgreind sem óbyggð svæði, en slík svæði eru ætluð til almennrar útiveru eða takmarkaðrar umferðar fólks og þar er ekki gert ráð fyrir mannvirkjagerð.

Óbyggð svæði eru merkt með ljósgrænum lit á aðalskipulagsuppdrætti.

## 5.10 Opin svæði til sérstakra nota

Gert er ráð fyrir í áætluninni að þessum svæðum verði skipt upp í two flokka, þ.e. útvistarsvæði (sbr. töflu 32) sem hér fer á eftir og tvö opin skógarsvæði með sértækum reglum, sem um þau gilda (sbr. töflu 33).

### Opin svæði til sérstakra nota

Stefnt er að því að skapa rými fyrir fjölbreytta útvist og afþreyingu í dalnum. Um sum eftirtalinna svæða var mörkuð stefna í Sns 1997 - 2017 m.s.br.

Gert er ráð fyrir 11 opnum svæðum til sérstakra nota.

Tafla 32 sýnir yfirlit yfir opin svæði til sérstakra nota, staðsetningu þeirra og eðli.

Opin svæði til sérstakra nota eru merkt með dökkgrænum lit og bókstaf á aðalskipulagsuppdrætti.

Tafla 32. Yfirlit yfir opin svæði til sérstakra nota, staðsetningu og eðli.

Jörð	Eðli
Fitjar	Leiksvæði tengt frístundabyggð
Fitjar	Menningarrjóður
Grund	Tjaldsvæði / leiksvæði
Háafell	Háafellsreitur / skógur (hverfisvernd)
Hálsar	Golfvöllur
Hvammur	Bátalægi
Indriðastaðir	Golfvöllur / bátalægi
Indriðastaðir / Selsskógar	Tjaldsvæði / skógur
Stóra-Drageyri	Tjaldsvæði tengt skátaskála
Stálpastastaðir	Stálpastastaðaskógar – skógur
Vatnshorn	Bátalægi / skógur

### Opin skógarsvæði til sérstakra nota

Gerð er tillaga að opnum skógarsvæðum til sérstakra nota á tveimur stöðum. Tafla 33 sýnir yfirlit yfir opin skógarsvæði til sérstakra nota og sértækar reglur sem um þau svæði gilda.

Opin skógarsvæði til sérstakra nota eru merkt á aðalskipulagsuppdrætti með dökkgrænum lit, dökkgrænni línu og bókstafnum Q á þeim jörðum sem um getur í töflu 33.

Tafla 33. Yfirlit yfir opin skógarsvæði til sérstakra nota.

Jörð	Reglur
Dagverðarnes	Áhersla á skógarumhirðu. Heimilt er að reisa íbúðarhús á 7 ha lóðum innan hvers svæðis, að teknu tilliti til takmarkana af völdum náttúruvár, án þess að breyta aðalskipulagi, enda tengist húsið varðveislu og viðhaldi skógræktarsvæðisins og samrýmist þar með stefnu um „vöxt og viðgang ræktaðra skóga“ á aðalskipulagssvæðinu.
Hvammur	Pegar / ef fram kemur beiðni um að reisa íbúðarhús að hámarki $300\text{ m}^2$ , innan þessara svæða skal deiliskipuleggja lóð sem framkvæmdin nær til. Auk þess er heimilt sbr. gr. 4.16 í skipulagsreglugerð, að reisa mannvirki í tengslum við notkun svæðisins s.s. geymslu o.þ.h.



## 5.11 Samgöngur

### Vegir

Gert er ráð fyrir að vegakerfi hreppsins haldi sér í meginatriðum miðað við þá stefnu sem mörkuð var í SnS 1997 - 2017 m.s.br.

Til viðbótar er mörkuð sú stefna að:

- Vinna að bættu umferðaröryggi, takmörkun á umferðarhávaða og minni mengun af umferð.
- Lagt verði bundið slitlag á Mófellsstaðaveg (507) og Dragaveg (520).
- Endurbætur og lagning bundins slitlags á Skorradalsveg (508 03), á milli Hvamms og Fitja, fari fram. Eins og fram kemur í umhverfisskýrslu hefur hluti leiðarinnar á sér yfirbragð húsagötu, þar sem byggð stendur nærri veginum og innkeyrslur / aðkomuleiðir að þeim eru tíðar. Mikilvægt er að sérstaklega sé hugað að þessum hluta við gerð vegarins, t.d. hvað varðar umferðarhraða, gerð útskota og bílastæða við veginn.
- Gerðar verið umbaetur á slóða upp úr Skorradal frá Fitjum (F508 04) að Uxahryggjavegi (52). Gert er ráð fyrir óbreyttu vegarstæði, en að slóðinn geti þjónað sem flóttaleið.
- Unnið verði að lagfæringum á núverandi slóða frá innri enda Fellsvegar (509 4) að innsta hluta Skorradalsvegar (F508 04). Gert er ráð fyrir að vegstæðið sé óbreytt, en ástand slóðans verði með þeim hætti að hann geti þjónað sem flóttaleið, ef kemur til náttúruvár af völdum gróðurelda í norðurhlíðum Skorradals. Fram kemur í umhverfismati ASK 2010 – 2022 að þessi vegtenging hafi í för með sér nokkur umhverfisáhrif. Á móti kemur að hreppsnefnd leggur áherslu á að þetta þjóni öryggi og hagsmunum íbúa og dvalargesta á svæðinu. Lagt er til að athugun á lífríki árinna og fitjanna fari fram áður en vegaframkvæmdin hefst svo grunnástand sé þekkt og hægt sé að fylgjast með áhrifum á lífríkið.

Svæðið við austurenda Skorradalsvatns, þar sem Fitjaá kemur út í vatnið við Vatnshorn er „ósasvæði Fitjaár“ eða hinan eiginlegu „fitjar“. Búsvæði fugla er viðkvæmt fyrir truflun og því mikilvægt að sérstakrar varúðar sé gætt á vorin, þegar varp stendur yfir á fitjunum og friðlandinu öllu – frá 20. apríl til 1. júlí.

Á aðalskipulagsupprætti eru sýndir stofnvegir, tengivegir, héraðsvegur og slóðar sem gegna hlutverki flóttaleiða.


### Göngu-, hjóla- og reiðleiðir

Í kafla 2.6 er gerð grein fyrir gömlum þjóðleiðum á svæðinu sem nýtast ýmist eða allt í senn sem göngu-, hjóla- og reiðleiðir (sjá kort 6).

Í ASK 2010 – 2022 er stefnt að:

- Gerð göngu- og reiðleiða eins og kostur er meðfram þjóðvegum í dalnum, einkum meðfram Dragavegi frá móturnum við Fellsveg, norður fyrir Hestháls og að Hvammi.
- Merkingum á göngu-, hjóla- og reiðleiðum samkvæmt þemakorti 6.

Á aðalskipulagsupprætti og þemakorti eru sýndar þær meginleiðir sem tengja Skorradalshrepp við aðliggjandi sveitarfélög sem og meginleiðir innan sveitarfélagsins.

Skýringarkort 6. Vegir, megin göngu- og reiðleiðir í Skorradalshreppi<sup>98</sup>.

<sup>98</sup> Heimild: Svæðisskipulag sveitarfélaganna norðan Skarðsheiðar 1997 – 2017. Kort TGJ



### Lendingarstaðir þyrla

Gert er ráð fyrir lendingarstöðum þyrla meðfram Skorradalsvatni á jörðunum Dagverðarnesi, Efri-Hreppi, Háafelli, Indriðastöðum, Stóru Drageyri (2 staðir) og Vatnshorni. Lendingarstaðirnir eru sýndir sem hvít númeruð doppa á aðalskipulagsuppdrætti og eru ætlaðir til lendinga í neyðartilfellum.

### Vélknúin umferð á Skorradalsvatni

Sú almenna regla gildir um vélknúna umferð á Skorradalsvatni að:

- Öll umferð vélknúinna farartækja á Skorradalsvatni er bönnuð frá kl. 22:00 til 10:00, allt árið.
- Öll umferð vélknúinna farartækja er bönnuð við austurenda Skorradalsvatns, þ.e. á ósasvæði Fitjaár og við Álftarhólma og Álftatanga, frá 20. apríl til 1. júlí vegna viðkvæms fuglavars á friðlandinu. Með þessu er átt við svæðið við austurenda Skorradalsvatns, þar sem Fitjaá kemur út í vatnið við Vatnshorn en það telst vera „ósasvæði Fitjaár“ eða hinar eiginlegu „fitjar“.
- Veiðifélag Skorradalsvatns getur sett nánari reglur um umferð.

### 5.12 Náttúruverndarsvæði

Eins og fram kemur í kafla 1.5 hefur Vatnshornsskógur verið friðlýstur sem friðland skv. náttúruverndarlögum nr. 44/1999 árið 2009, en skógurinn var hluti af svæði nr. 238 á Náttúruminjaskrá 1996, sjá kafla 1.5. Markmið og reglur friðlýsingar koma fram í Viðauka II.

Hér er mörkuð sú stefna að:

- Vinna að stækkun friðlands birkiskógvistkerfis skv. lögum um náttúruvernd nr. 44/1999, er taki til allrar jarðarinnar Vatnshorns, að undanskildum lóðum vestast á jörðinni, sem eru í einkaeign og svæði sem afmarkast af merkjum við Bakkakot að austan, Fitjaá að norðan Skorradalsvatni að vestan og vegarslóða að sunnan, en þetta svæði er hverfisverndað m.t.t. menningarsögulegs gildis.
- Vinna að friðlýsingu á ósasvæði Fitjaár (Fitjaengjar) skv. lögum um náttúruvernd nr. 44/1999. Í gróðurfarsúttekt Náttúrufræðistofnunar Íslands árið 1999 segir: „Votlendissvæðið á Fitjum telst vera einstök mýrargerð og því verðmæt ekki einungis fyrir Skorradal heldur allt Borgarfjarðarhérað.“ Mörk svæðisins eru Skorradalsvegur í norðri að austurenda Skorradalsvatns, þaðan inn með Fitjaá í punkt (x = 389491, y = 443212) og þaðan sjónhending að Skorradalsvegi í punkt (x = 389706, y = 443322) í austri. Þar til friðun nær fram að ganga, mun svæðið njóta hverfisverndar (sjá nánar kafla 5.14).
- Hreppsnefnd Skorradalshrepps beiti sér fyrir samstarfi við háskólastofnanir um rannsóknir á náttúruverndarsvæðum Skorradals.

Friðuð svæði skv. lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd og svæði á Náttúruminjaskrá 1996 eru strikuð með misþéttum svörtum línum á aðalskipulagsuppdrætti.

### 5.13 Þjóðminjaverndarsvæði

Engar friðlýstar fornminjar skv. þjóðminjalögum nr. 107/2001 eru í Skorradalshreppi.

Fitjakirkja er friðuð skv. lögum nr. 104/2001 um húsaþriðun.

Hér á eftir eru nefndir sjö staðir sem gerð er tillaga um að verði friðlýstir skv. þjóðminjalögum nr. 107/2001:



- Nr. 1. Ytristekkur í landi Dagverðarness (Bo-137:008). Sjá nánar kafla 2.1.
- Nr. 2 og 3. Tvær rústir í landi Hvamms, (Bo-136:011 og Bo-136:001). Sjá kafla 2.1
- Nr. 4. Grund: Rúst hálfkirkju Brynjólfss biskups.
- Nr. 5. Stráksvarða í landi Indriðastaða. Sjá nánar kafla 2.1.
- Nr. 6. Sel í landi Indriðastaða. Sjá nánar kafla 2.1.
- Nr. 7. Brunnstæði í landi Vatnshorns. Um er að ræða meira en aldargamalt brunnstæði, nokkuð djúpu og haganlega gerðu, sem hefur mikið varðveislugildi.

Mælst er til að framkvæmdum sé beint frá framangreindum minjastöðum, en skv. 14. gr. þjóðminjalaga skal tilkynna allar framkvæmdir „er haggað geti við fornleifum“ til Fornleifaverndar ríkisins.

Ennfremur er í ASK 2010 – 2022 mörkuð sú stefna að:

- Semja skuli við fagaðila um skráningu fornleifa og menningarminja á þjóðminjavérndarsvæðum í Fram – Skorradal.
- Almennt skal fornleifaskráningu fyrir hreppinn allan vera lokið árið 2018. Komi til deliskipulags einstakra svæða fyrir þann tíma þarf að liggja fyrir fornleifaskráning af viðkomandi svæði.

Svæði sem gerð er tillaga í ASK 2010 – 2022 um friðlýsingu á skv. þjóðminjalögum nr. 107/2001, eru merkt með rauðum þríhyrningi með holum hring. Fitjakirkja sem friðlýst er skv. lögum um húsafríðun nr. 104/2001 er merkt með rauðum þríhyrningi.

## 5.14 Hverfisvernd

Skv. skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, er „hverfisvernd“ það tæki sem sveitastjórnir hafa til að ákveða vernd án þess að um lögformlega friðun sé að ræða. Hér er litið á hverfisvernd heildstæðra svæða sem mótvægisáðgerð til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum frístundabyggðar í Skorradal.

Lagt er til að eftirfarandi svæði njóti hverfisverndar:

- **Innsti hluti Skorradals og heiðarlönd sunnan Fitjaár og votlendi 3 ha að flatarmáli eða stærri, ofan 300 m y s**

Um er að ræða hluta svæðis nr. 238 á Náttúruminjaskrá 1996, sem er utan áforma um friðland Vatnshorns. Að auki er allt land Efstabæjar, Fitja og Bakkakots sunnan Fitjaár hverfisverndað, auk alls Fitjakirkjulands. Svæðið er að stórum hluta heiðarland með votlendisflákum, ríkt af fuglalífi og með mikið útivistargildi.

Að auki er lagt til að votlendissvæði sem eru 3 ha eða stærri njóti verndar. Hverfisvernd neðan 300 mys er ætlað að stuðla að endurheimt birkiskógarvistkerfis, en ofan 300 mys er vistkerfisvernd votlendis.

Búfjárheit er heimil utan friðunargirðingar á Botnsheiði. Skógrækt er heimil í samræmi við reglur í kafla 5.1. Svæðinu má ekki spilla með frekara jarðraski.

- **Svæði í landi Vatnshorns milli vegslóða og Fitjaár út að Skorradalsvatni**

Svæðið afmarkast af merkjum Vatnshorns og Bakkakots að austan, Fitjaá að norðan, Skorradalsvatni að vestan og vegarslóða að sunnan. Um er að ræða nánast óraskaðar menningarminjar, þ.e. bæjarstæði og tún, úthaga og áróisasvæði, sem hafa margbætt fræðslu- og rannsóknargildi. Svæðinu má ekki raska með neinum hætti án leyfis þar til bærra yfirvalda.

Vegna menningarlegs mikilvægis munu eftirfarandi staðir innan svæðisins lúta sértækum skilyrðum:

- Túngarður u.p.b. 700 – 800 m að lengd, hruninn að hluta, umhverfis túnið að sunnan-, austan- og vestanverðu. Túngarðurinn ber fornum búskaparháttum fagurt vitni og hefur fræðslugildi. Lagt er til að túngarðurinn verði hverfisverndaður sem þjóðminjar, en gera megi nauðsynlegar lagfæringar á honum, að fengnu leyfi Fornleifaverndar ríkisins.
  - Bæjarstæði. Á jörðinni er ekki heimilt að reisa íbúðarhús nema á núverandi bæjarstæði og þá aðeins ef niðurstaða húsakönnunar Húsafríðunarnefndar, sem unnið er að, heimili niðurrif eða brotthvarf núverandi íbúðarhúss og að leyfi Fornleifaverndar ríkisins liggi fyrir, sbr. 10. gr. þjóðminjalaga. Komi ekki til slíkra aðgerða er þó heimilt að stækka núverandi íbúðarhús án þess að aðalskipulagi sé breytt, skv. nánari skilyrðum, fyrirmælum og/eða leyfum þar til bærra yfirvalda.
- **Ósasvæði Fitjaár (Fitjaengjar)**
- Búsvæði sjaldgæfra fuglategunda og einstök mýrargerð.
- Hverfisverndað á meðan unnið er að friðlysingu (sbr. 5.12). Jarðrask óheimilt og forðast skal umferð gangandi fólks og hunda og vélknúinna tækja á Skorradalsvatni við ósinn, um varptíma frá 20. apríl – 1. júlí ár hvert.
- **Votlendi í landi Mófellsstæða**

Um er að ræða svæði sem markast af Kaldá, Andakílsá, landamerkjum við Mófellsstæðakot og norðurmörkum ræktaðs lands norðan Mófellsstæðavegar (507) í landi Mófellsstæða. Hverfisverndað vegna fuglalífs og gróðurfars. Mikilvægur varpstæður margra fuglategunda. Búfjárbeit er heimiluð á svæðinu utan varptímans en mikilvægi svæðisins fyrir fugla má ekki spilla með jarðraski af neinu tagi.

- **Skógarlundur í landi Háafells. Háafellsreitur.**

Um er að ræða skógarreit þar sem fyrstu barrtré í Skorradal voru gróðursett árið 1938 af ungmannafélögum í Dagrænningu. Lundurinn hefur menningarsögulegt gildi. Reitnum má ekki spilla með jarðraski, sem ekki flokkast undir eðlilega umhirðu.

Hverfisvernduð svæði eru merkt á aðalskipulagsuppdraðetti með hvítum línum yfir aðra landnotkun.



Auk þeirra svæða sem talin eru upp hér á undan eru 12 mannvirki hverfisvernduð, þar til húsakönnun hefur farið fram í sveitarfélagini í samvinnu við Húsafríðunarnefnd ríkisins. Eru í tillögunni settar fram meginreglur varðandi hvert mannvirki og munu þær gilda þar til húsakönnunin hefur farið fram og stefna, byggð á niðurstöðum könnunarinnar, hefur verið mótuð um hvert og eitt þeirra. Mannvirkin eru eftirfarandi:

Mynd 34. Háafellsreitur

- **Steypt íbúðarhús frá 1916 að Hásum.** Mælt með varðveislu ytra útlits.
- **Íbúðarhús úr timbri frá 1926 á Mófellsstöðum**  
Minjagildi hússins á Mófellsstöðum felst að miklu leyti í því að blindur maður vann að smíði þess. Viðgerðir þurfa að taka mið af því að verkum hans sé haldið til haga.
- **Hús Hauks Thors (Eflingarhúsið) og umhverfi þess í landi Hvamms**  
Húsið og umhverfi þess hefur fagurfræðilegt gildi. Mælt með úttekt á húsinu.
- **Íbúðarhús úr timbri frá 1930 á Háafelli og umhverfi þess**  
Hús og bæjarhóll hefur fagurfræðilegt gildi. Varðveisla heildarmyndar; hús og nánasta umhverfi.
- **Rúst af baðlaug Guðmundar bónda í landi Háafells**  
Varðveisla menningarsögu frá 19. öld. Mælt með með söguskilti við veginn.
- **Steypt íbúðarhús frá 1931 í Bakkakoti**  
Eitt örfárra húsa sinnar tegundar, teiknað af Jóhanni Fr. Kristjánssyni, sem enn standa. Mælt með endurgerð og varðveislu ytra útlits.
- **Steypt hús í Sarpi.**  
Hús og bæjarhóll hefur menningarsögulegt gildi. Varðveisla heildarmyndar þarf að athuga.
- **Steypt íbúðarhús frá 1937 í Vatnshorni og umhverfi þess**  
Hús og bæjarhóll hefur menningarsögulegt gildi. Varðveisla heildarmyndar, húss og nánasta umhverfis (hluti hverfisverndarsvæðis).
- **Bakkakotsrétt í landi Bakkakots**  
Hlaðin fjárrétt Fram-Skorrdælinga, nú aflögð sem skilarétt. Óheimilt er að taka grjót úr réttinni.
- **Hagi íbúðarhús.**  
Varðveisla heildarmyndar. Hús í Landslagi.
- **Hreppsrétt í landi Efri-Hrepps**  
Hlaðin fjárrétt fyrir niðurdalinn, nú aflögð sem skilarétt. Óheimilt er að taka grjót úr réttinni.
- **Hreppslaug í Efri-Hrepp frá 1928.**  
Hefur menningarsögulegt gildi. Samráð skal hafa við hreppsnefnd um allar viðgerðir.



Mynd 35. Mófellstaðir

Öll mannvirkin, sem að framan greinir, eru merkt á aðalskipulagsuppdraetti með svörtum punkti og hvítu striki. Rétt er að geta þess að nú þegar hefur Fornleifastofnun Íslands unnið að skráningu á nokkrum bæjarhólum/heimatúnum í hreppnum í tengslum við húsakönnunarverkefnið.

## 5.15 Vötn og ár

Helstu ógnir sem geta steðjað að náttúrulegu vistkerfi Skorradalsvatns stafa af nýtingu þess sem miðlunarlóns fyrir Andakílsárvirkjun með yfirborðssveiflu sem getur numið allt að 2 metrum. Viðræður við rekstraraðila virkjunarinnar um úrbætur hafa staðið yfir með hléum í



áratugi, en án árangurs. Þá stafar búsvæði fugla, á varptíma á verndarsvæði Fitjaengja, ógn af vélknúnum og háværum tækjum sem fara um ósasvæði Fitjaár og innfyrir Álftarhólma. Landi í dalnum hallar að Skorradalsvatni, Fitjaá og Andakílsá. Talið er afar brýnt að heilsteypit vöktunaráætlun verði sett upp sem fyrst í samráði við Umhverfisstofnun yfir alla þá umhverfisþætti, sem rannsaka þarf og fylgjast með í þessu sambandi innan aðalskipulagssvæðisins. Þar er talið forgangsmál að vakta mengunarástand grunnvatns og jarðvegs við rotþrær á völdum stöðum o.fl. Í slíkum rannsóknum ætti auk sýnatöku á vatni að taka sýni af botnseti til efnis- og eðlisþáttamælinga og ýtarlega botndýrarannsókn á völdum stöðum í Skorradalsvatni. Í áætluninni þarf einnig að koma fram hver beri ábyrgð á vöktuninni og hversu oft hún skuli fara fram. Einnig þarf að huga að viðbrögðum ef vöktun leiðir í ljós verulega neikvæð umhverfisáhrif.

Hér er sett fram stefna hreppsnefndar um nokkra mikilvæga þætti þessa mál:

- Ná samkomulagi við eigendur Andakílsárvirkjunar um að yfirborðssveifla í Skorradalsvatni verði sem næst náttúrulegri sveiflu vatnsins, til búsvæðaverndar fugla og fiska.
- Gera samning um vöktun á framvindu við endurheimt náttúrulegrar yfirborðssveiflu Skorradalsvatns.
- Efnistaka í og við Skorradalsvatn er bönnuð, nema að fyrir liggi jákvæð umsögn Umhverfisstofnunar og leyfi Fiskistofu (veiðimálastjóra) sbr. 33. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006.
- Komið verði á reglubundnu eftirliti (vöktunaráætlun) með mengun í Skorradalsvatni og ánum.
- Umferð vélknúinna ökutækja á Skorradalsvatni er bönnuð milli kl. 22:00 og 10:00, og á ósasvæði Fitjaár og við Álftarhólma á varptíma fugla frá 20. apríl til 1. júlí.
- Skoðaðar verði aðferðir við að setja reglugerð um umferð um vatnið (sbr. St21).
- Veiðifélag Skorradalsvatns verði endurvakið.
- Gerður verði samningur við háskólastofnanir um Skorradalsvatn og Eiríksvatn sem rannsóknarvötn (sjá St21).
- Séð verði til þess að fór fisks verði greið um útfall Skorradalsvatns.
- Bætt verði skilyrði í Andakílsá ofan virkjunarhúss, sem búsvæði fiska.

## 5.16 Náttúruvá

Heildarhættumat vegna ofanflóða hefur ekki verið framkvæmt. Veðurstofan áætlar að vinna slíkt hættumat í dreifbýli um allt land. Meðan niðurstöður liggja ekki fyrir mælist Veðurstofa Íslands til að ASK 2010 – 2022 verði staðfest með fyrirvara um gerð ofanflóðahættumats, samkvæmt lögum 49/1997 við gerð deiliskipulags og afgreiðslu einstakra byggingar- og framkvæmdaleyfisumsókna.

Á vinnslutíma tillögunnar hefur komið í ljós mikilvægi þess að afla nýrrar þekkingar vegna hættu á skógareldum í Skorradal. Sú þekking liggur ekki fyrir, en gæti haft mikil áhrif á stefnumörkun í annarri landnotkun. Viðbrögð við náttúruvá af völdum gróðurelda er hvorki skilgreind í skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 né skipulagsreglugerð nr. 400/1998. Þá er ekki tekið á þessari tegund af náttúruvá í frumvarpi til nýrra skipulagslaga (þskj. 616-



374. mál) sem lagt var fyrir 135. löggjafarþing og „hingað til hefur ekki verið unnið sérstaklega að þessum málaflokki á Veðurstofunni (VÍ)“.<sup>99</sup>

Hér er stefnt að því að:

- Ofanflóðahættumat fari fram samhliða deiliskipulagsgerð fyrir einstök svæði.
- Gera hættumat og viðbragðsáætlun vegna mögulegra gróðurelda í Skorradal og lagfæra flóttaleiðir.
- Lendingarstaðir þyrla, sem sinnt geta björgunar- og slökkvistörfum, séu á sjö stöðum í hreppnum(sbr. kafla 5.11).
- Tryggja vatnsöflun vegna hættu á gróðureldum, einkum úr Skorradalsvatni.

## 5.17 Veitur og vatnsvernd

### Kalt vatn/vatnsveitir

Eins og kemur fram í kafla 2.7 hefur flokkun vatns og skilgreining langtímarkmiða ekki farið fram í Skorradalshreppi, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns m.s.br.

Þá hefur ekki verið unnið að viðeigandi ráðstöfunum til að draga úr hættu á mengun vatns völdum köfnunarefnissambanda, né að skilgreiningu og kortlagningu viðkvæmra vatnasvæða sbr. 5. og 9. gr. reglugerðar nr. 804/1999 um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda m.s.br.

Í Staðardagskrá 21 fyrir Skorradalshrepp hafa verið settar fram leiðir sem tryggja eiga hreint og ómengáð drykkjarvatn.

Rétt er að geta þess að nú þegar er hafin vinna við hnítsetningu vatnsbóla og vatnsverndarsvæða þeirra sem þurfa starsleyfi Heilbrigðiseftirlitsins með það að markmiði að birta niðurstöður á vefsíðu Orkustofnunar.

Í ASK 2010 - 2022 er mótuð sú stefna að:

- Ljúka allri skráningu vatnsbóla, afmörkun vatnsverndarsvæða og veitingu starfsleyfa fyrir þau vatnsból, sem falla undir ákvæði 12. gr. reglugerðar nr. 536/2001 um neysluvatn, árið 2014.
- Flokka vatn og skilgreina langtímarkmið um varnir gegn mengun vatns sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 796 /1999, eins fljótt og kostur er.
- Þeirri framtíðarsýn varðandi drykkjarvatn sem getið er um í St21 fyrir Skorradalshrepp verði fylgt eftir og unnið verði að þeim brýnu verkefnum sem þar er getið um.
- Kanna möguleika á samrekstri vatnsveitna á svæðinu og samvinnu við önnur sveitarfélög um vatnsöflun
- Tryggja vatnsöflun vegna hættu á gróðureldum, t.a.m. úr Skorradalsvatni.
- Kanna hvort hægt er að geisla vatn úr Skorradalsvatni og nýta sem neysluvatn.

Þau vatnsból sem vitað er um að séu í notkun eru merkt inn á aðalskipulagsupprátt með bláum punkti. Þá er vatnsból á Vatnsendaengi, merkt með bókstafnum V og vatnslögn frá vatnsbólinu að jarðamörkum Vatnsenda, merkt með blárri brotalínu.

<sup>99</sup> Sigrún Karlssdóttir, yfirverkefnisstjóri náttúruvárví Tölvupóstur 2.6.09. Ennfremur segir Sigrún: „Á síðasta ári, 23.05.2008 tók ví þátt í málþingi um brunavarnir í skógum, en engin sérstök verkefni fóru af stað í kjölfar þess. Þetta er hins vegar málaflokkur sem er mjög æskilegt að sinna, sérstaklega þar sem skóglendi á Íslandi hefur vaxið mjög undanfarin ár.“



## Reglur varðandi kalt vatn/vatnsveitur

- Við deiliskipulagsgerð fyrir einstök svæði skal gera grein fyrir ástandi vatnsmála, skv. 9. gr. reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.

## Heitt vatn

Eins og getur um í kafla 2.7 rekur Orkuveita Reykjavíkur hitaveitu í hreppnum. Í ASK 2010–2022 er mörkuð sú stefna að:

- Flest hús á svæðinu tengist hitaveitunni á komandi árum. Er sú stefna í anda stefnu Orkuveitu Reykjavíkur, sem er rekstraraðili hitaveitunnar á svæðinu,
- Láta kanna efnasamsetningu uppsprettunnar sem Hreppslaug notar og möguleika á frekari nýtingu hennar t. d. til heilsueflingar.

Borhola hitaveitu á Stóru-Drageyri fellur innan iðnaðarsvæðis sem þar er merkt á aðalskipulagsuppdrætti. Stofnlögn veitunnar er merkt með rauðri brotalínu.

## Fráveitur

Hér er mörkuð sú stefna að:

- Gerð verði úttekt á staðsetningu allra rotþróa í sveitarféluginu.
- Öll hús verði komin með viðurkenndar rotþrær fyrir lok skipulagstímabils. Sbr. lög nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna og ábyrgð sveitarfélaga á uppbyggingu fráveitna.
- Hreinsun rotþróa fari fram á 3ja ára fresti.
- Stuðla að rannsóknum á hugsanlegri mengun frá rotþróm í jarðvegi og hugsanlegri mengun í Skorradalsvatni og Andakílsá.

Fráveitur eru ekki sýndar á aðalskipulagsuppdrætti.

## Rafveita

Hér er mörkuð sú stefna að:

- Raforka sé aðgengileg fyrir alla íbúa, dvalargesti og atvinnurekendur á svæðinu og viðhald lína / mannvirkja sé ávallt í góðu lagi.
- Vinna að því að landbúnaðar- og athafnastarfsemi eigi kost á 3ja fasa rafmagni.
- Unnið verði að því að SU1 verði aflögð, lögð samhliða SU3, eða lögð í jörð, ef kemur til endurnýjunar á línumundi. Núverandi háspennulínur draga úr náttúruupplifun fólks og gildi svæðisins vegna neikvæðra sjónrænna áhrifa.
- Semja skal við landeigendur um helgunarsvæði nýrra rafveitna en einnig skal stefnt að samningum um eldri línum.

Á aðalskipulagsuppdrætti eru rafveitur/háspennulínur sýndar með brotinni fjólublárrí línu.

## Fjarskipti

Fyrirtækið eMax hefur viðhaft töluverða uppbyggingu á svæðinu og ætlar að halda þeirri uppbyggingu áfram.

Síminn hefur engin áform um frekari uppbyggingu fjarskipta á svæðinu á næstu árum, umfram það að tengja nýja notendur við núverandi kerfi eftir því sem ný hús og ný hverfi byggjast upp í hreppnum.



Vodafone íhugar kosti þess að koma þjónustu Digital Ísland í hreppinn. Í skoðun eru fjárhagslegar forsendur þess. Vodafone hefur ekki áform um frekari uppbyggingu fjarskipta á svæðinu á næstu árum. Fyrirtækið er þó í stakk búið að auka bandvídd, gerist þess þörf.

Endurvarpsstöðvar fyrir fjarskipti eru sýndar á aðalskipulagsupprætti með appelsínugulum punkti og bókstafnum E.

## 5.18 Úrgangsmál

Í ASK 2010 – 2022 er mörkuð sú stefna að:

- Samstarfi við Sorpurðun Vesturlands hf. í Fíflholtum um urðun heimilissorps verði haldið áfram.
- Upplýsingar um staðsetningu gáma, ásamt leiðbeiningum um flokkun úrgangs verði aðgengilegar á vef hreppsins.
- Gert er ráð fyrir að íbúar/dvalargestir fari sjálfir á viðurkennda móttökustaði með spilliefni (rafhlöður, viðarvörn og olíuleifar) sbr. reglugerð nr. 806/1999 umspilliefni.
- Upplýsingar um losun byggingarúrgangs og spilliefna mun fylgja byggingarleyfum.
- Öllum úrgangi á borð við dýrahræ frá landbúnaði og úrgangi frá kynbóta-og einangrunarstöðinni á Mófellsstöðum verður fargað á viðeigandi hátt.
- Unnið verði í samræmi við lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 8. gr. rgl. nr. 737/2003, sbr. skýrslu UST-2004:14 *Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs 2004 – 2016*.
- Með vísan í reglugerð um skrá yfir spilliefni og annan úrgang nr. 184/2002, sbr. viðauka 1 (B. skrá yfir úrgang, úrgangur frá landbúnaðim o.fl., 02. 01. 06) mun hreppsnefnd ræða og setja sér reglur um söfnun og meðhöndlun frárennslis frá landbúnaði vegna dýrasaurs, hlands og mykju (þar með talinn hálms) frá húsdýrum.
- Unnið verði að frekari úrbótum í þessum málaflokki til samræmis við St21 fyrir Skorradalshrepp.

Sökum þess að einungis eru tvær jarðir með tún að Skorradalsvatni og engin aukning er fyrirhuguð á skipulagstímabilinu í þeim efnum telur hreppsnefnd ekki ástæðu til að marka í aðalskipulagi sérstaka stefnu um takmörkun á notkun húsdýraáburðar og ólífræns áburðar á þessi tún.

Ekki gert ráð fyrir sorpförgunarsvæði á skipulagssvæðinu.





## VI. Heimildir

Áherslur umhverfisráðherra. *Loftslagsbreytingar, sjálfbær þróun og neytendur, náttúruvernd og auðlindir, Lýðræði og fræðsla. Þórunn Sveinbjarnardóttir (2007).*  
*Umhverfisráðuneytið.*

Alþjóðasambykkt um fuglaverndun (International Convention for the Protection of Birds)  
*Stjórnartíðindi A 14/1956.*

Auðlindir, arfleifð og lífsgæði. Stefna Landgræðslu ríkisins 2008-2020. *Landgræðsla ríkisins 2008.* Bjarni Diðrik Sigurðsson, Lbhí, verkefnisstjóri SKÓGVIST. Erindi flutt á aðalfundi FsV 2009.

Búnaðarfélag Íslands

*Búnaðarfélag Skorradalshrepps 100 ára. 1983. Guðmundur Þorsteinsson. Ljósrit Byggðir Borgarfjarðar II.* 1989. Ritstjórar: Jakob Jónsson, Jón G. Guðbjörnsson og Þorsteinn Guðmundsson. Búnaðarsamband Borgarfjarðar.

Bændasamtök Íslands: Ólafur Dýrmundsson og Guðlaug Eyþórsdóttir  
Dagskrá 21 (Agenda 21). Sótt í september 2008 á vef Umhverfisráðuneytisins um alþjóðlegt samstarf <http://habitat.igc.org/agenda21/index.html>

Evrópusamningur um vernd dýra í landbúnaði. (e. European Convention for the Protection of Animals Kept for Farming Purposes.). *Stjórnartíðindi C 17/1989.*

Erindi flutt á Skipulagsþingi 1. nóvember 1996. *Skipulag ríkisins í apríl 1997. Reykjavík; Stensill.*

eMax ehf.: Hákon Óli Guðmundsson og Daniel Gunnarsson

Fasteignaskrá Íslands: Jón Ingi Jósafatsson

*Ferðafélags Íslands. Árbók 2004. Borgarfjarðarhérað milli Mýra og Hafnarfjalla.* Freysteinn Sigurðsson. Reykjavík, Oddi.

Ferðamálastofa

Fornleifastofnun Íslands, FS016-95033 (1996). „Menningarminjar í Borgarfirði norðan Skarðsheiðar: Svæðisskráning.“

Fornleifastofnun Íslands, bréf 9.12. 2002. Úttekt á fornleifum í landi Eflingar, Hvammi.

Fornleifastofnun Íslands, FS 224-03131 (2003). Úttekt á fornleifum í landi Dagverðarness.

Fornleifastofnun Íslands, verknr. 0639 (2007). Úttekt á fornleifum á 50-60 ha skika í Hvammi.

Fornleifastofnun Íslands, bréf 29.01.2007. Úttekt á fornleifum á 11 ha deiliskipulagsreit, Vatnsenda.

Fornleifarvernd ríkisins

*Friðlýstar fornleifar í Borgarfjarðarsýslu. Guðmundur Ólafsson. 1996. Rit Hins íslenska forleifafélags og Þjóðminjasafns Íslands 2.*

Gámaþjónusta Vesturlands: Tölvupóstur 13. mars 2009.

Grunnskóli Borgarfjarðar: Jóna Ester Kristjánsdóttir, tölvupóstur 18. mars 2009.

Gunnar Þór Hallgrímsson og Hallgrímur V. Gunnarsson (2004). „Fuglalíf Fitjahlíðar í Skorradal.“ Fyrirlestur höfunda 31. mars.

Gylfi Már Guðbergsson (1996). Skráningarblöð jarða og annarra landareigna.

Handbók um aðgerðaráætlanir og flokkun vatns. *Skýrsla UST-2004:32. Sótt í september 2008 á slóðina [http://www.ust.is/media/skyrslur2004/Handbok\\_um\\_flokkun\\_vatns.pdf](http://www.ust.is/media/skyrslur2004/Handbok_um_flokkun_vatns.pdf)*



Heilbrigðisáætlun til 2010. Langtíma markmið í heilbrigðismálum. Sótt á slóðina  
<http://www.heilbrigdisraduneyti.is/media/Skyrslur/htr2010.pdf>

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands: Helgi Helgason

Heimsráðstefna Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun. Ríó de Janeiró 3.-14. júní 1992.  
*Umhverfisráðuneytið, 1992. Fjöldit.*

Hlynur Óskarsson. 1998. „Framræsla votlendis á Vesturlandi.“ Í Jón S. Ólafsson (ritstj.),  
Íslensk votlendi – verndun og nýting. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Hnattrænar loftslagsbreytingar og áhrif þeirra á Íslandi. *Skýrsla vísindanefndar um loftslagsbreytingar, 6.8.2008. Sótt í september 2008 á slóðina*  
<http://www.umhverfisraduneyti.is/visindaskyrsla2008>

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. *Borgarfjarðar- og Mýrasýsla. IV. Bindi.* 1982.  
Gefin út af Hinu íslenska fræðafjelagi í Kaupmannahöfn með styrk úr dansk-íslenska  
sáttmálasjóðnum. Reykjavík; Oddi, Ljósprent.

Ólafur Arnalds o.fl. 1997. Jarðvegsrof á Íslandi. *Skýrsla. Landgræðsla ríkisins og Rannsóknarstofnun landbúnaðarins.*

Kjartan Ragnarsson. Borgfirðingabók, ársrit sögufélags Borgarfjarðar 2007 „Landnámssetur eftir tú mánaða starf.“

Kulturmiljöet i landskabet. Handlingsplan for den 3. dimension i det nordiske miljösamarbejde. *Íslensk þýðing: „Menningarmínjar í landslagi.“ Nord 1996:36. Fjöldit.*  
„Kröfur til vatnsveitna um vatn til slökkvistarfa.“ (2002), Brunamálastofnun.

Erindi, Guðmundur Gunnarsson. Sótt 8. febrúar 2008 á slóðina  
<http://www.samorka.is/Apps/WebObjects/Samorka.woa/swdocument/1000074/ERKrofertilvatn sveitnaGuðmundurGunnarsson.pdf>

Landgræðsluáætlun. Markmið, leiðir og helstu verkefni til aldamóta. *Landgræðsla ríkisins 1997.*

Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs 2004-2016. *Umhverfisstofnun. Skýrslur UST-2004:14.*

Leiðbeiningar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa.

*Skipulagsstofnun(2005 og 2008): Sótt á slóðina*  
[http://www.skipulag.is/focal/webguard.nsf/key2/leidbeiningar\\_umhverfisvidmid](http://www.skipulag.is/focal/webguard.nsf/key2/leidbeiningar_umhverfisvidmid).

Leiðbeiningar um gerð aðalskipulags – Ferli og aðferðir. *Skipulagsstofnun (2003).*

Leiðbeiningar um umhverfismat áætlana. *Skipulagsstofnun (2007)*

Leiðbeiningar um skógrækt í sátt við umhvefið. Sótt í ágúst 2008 á slóðina  
<http://www.skog.is/leidbeiningar.htm>

Leikskólinn Andabær: Valdís Magnúsdóttir, tölvupóstur 13. mars 2009.

Líffræðileg fjölbreytni. Stefnumörkun Íslands um framkvæmd Samningsins um líffræðilega fjölbreytni. Sótt í september 2008 á slóðina

[http://www.umhverfisraduneyti.is/media/PDF\\_skrar/liffjolbreytni.pdf](http://www.umhverfisraduneyti.is/media/PDF_skrar/liffjolbreytni.pdf).

Líffræðistofnun Háskóli Íslands: Gísli Már Gíslason og Páll Hersteinsson

Vistkerfisnálgunin (*ecosystem approach*). Sótt í september 2008 á slóðina

<http://www.ust.is/Mengunarvarnir/Mengunhafsogstranda/utgafaogfraedsla/Fraedsluefnir/nr/2297>

Davíð Bjarnason o.fl. Maður og umhverfi. Erlent ferðafólk í náttúru Íslands. *Könnun á viðhorfum og hugmyndum erlendra ferðamanna til náttúru og umhverfismála á Íslandi sumarið 1996.* Nýsköpunarsjóður námsmanna og Ferðamálaráð Íslands.

Malartekja úr ám. Erindi flutt á *Fræðabingi landbúnaðarins 8. feb. 2008. Þórólfur Antonsson o.fl. Veiðimálastofnun, Keldnaholti.*



Námur. Efnistaka og frágangur (2002). *Embætti veiðimálastjóra, Hafrannsóknarstofnun, Iðnaðarráðuneyti, Landgræðslu ríkisins, Landsvirkju, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Siglingastofnun Íslands, Umhverfisráðuneyti, Vegagerðinni og Veiðimálastofnun.*

Náttúrufræðistofa Kópavogs. *Hilmar J. Malmquist o.fl. „Áhrif vatnsmiðlunar á vatnalífríku Skorradalsvatns: Forkönnun og rannsóknartillögur. Greinargerð unnin fyrir Orkuveitu Reykjavíkur“* (2003). Sótt á slóðina <http://www.natkop.is/page3.asp?ID=193>

Náttúruminjaskrá 7. útgáfa (1996) m.s.br. Náttúruverndaráð. Sótt í september 2008 á slóðina [http://www.ust.is/media/fraedsluefni/Natturuminjaskra\\_1996.pdf](http://www.ust.is/media/fraedsluefni/Natturuminjaskra_1996.pdf) (72 bls. tölvuútg.) [http://www.ust.is/media/fraedsluefni/pdf-skjal//vidbot\\_v\\_nmskra\\_sept\\_2008.pdf](http://www.ust.is/media/fraedsluefni/pdf-skjal//vidbot_v_nmskra_sept_2008.pdf)

Náttúruvernd á vegum sveitarfélaga. Fimmtán góð dæmi. (m.a. Dalvík) *Norden, Norræna ráðherranefndin. Íslensk þýðing Ingrid Markan. 1998. Finnland, Vasa.*

Náttúruverndaráætlun 2004-2008. *þskj 1842 - mál 477. Samþykkt á 130 lþ. 2004.*

Náttúrufræðistofnun Íslands. Ársskýrsla 2003-2004. Sótt á slóðina [http://www.ni.is/media/midlunogthjonusta/utgafa/NI-arsskýrsla\\_03\\_til\\_04\\_final.pdf](http://www.ni.is/media/midlunogthjonusta/utgafa/NI-arsskýrsla_03_til_04_final.pdf)

Náttúrufræðistofnun Íslands 99-002 (1999). Gróðurfar í votlendi á Fitjum í Skorradal. Kristbjörn Egilsson og Guðmundur Guðjónsson.

Norræn framkvæmdaáætlun á sviði umhverfismála 2005-2008. *Skýrsla með nýjum áherslum og forgangsmálum. Umhverfisráðuneytið. Sigríður A. Þórðard. f.h. norrænu umhverfisráðherranna. Norden, (Norræna ráðherranefndin. Samstarfsvettvangur ríkisstjórna Norðurlanda.)*

Nýting jarðhita til ferðaþjónustu einkum m.t.t. baðlækninga (OS-2000/025). *Hrefna Kristmannsdóttir o.fl. Unnið fyrir Auðlindadeild Orkustofnunar og Orkusjóð.*

Ráðstefna um græna ferðamennsku. Erindi. *Landnáma, vistvæn ferðaskrifstofa. Apríl 1996.*

Ríó yfirlýsingin 1992. Sótt í september 2008 á slóðina <http://habitat.igc.org/agenda21/rio-dec.htm>

Samningur um líffræðilega fjölbreytni (e. *Convention on Biological Diversity (CBD)*). *Stjórnartíðindi C 11/1995*

Samningur um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu. (e. *Convention on International Trade in Endangered Species of Wild Fauna and Flora (CITES)*). Sótt í september 2008 á slóðina <http://www.umhverfisraduneyti.is/althjodlegt-samstarf/samningar/nr/51>

Samningur um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu - Bernarsamningurinn (e. *Convention on the Conservation of European Wildlife and Natural Habitats*.) *Stjórnartíðindi C 17/1993.*

Samningur um verndun menningar- og náttúruarfleifðar heims (e. *World Heritage Convention*). Sótt í september 2008 á slóðina <http://brunnur.stjr.is/mrn/logogregl.nsf/nrar/auglysingar421995>

Samþykkt um votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf. Ramsar-samningurinn (e. *Convention on Wetlands of International Importance Especially as Waterfowl Habitat (Ramsar Convention)*).

Samgönguáætlun 2007-2010. Sótt í september 2008 á slóðina <http://www.samgonguraduneyti.is/utgefid-efni/ny-samgonguaetlun/>

Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Framkvæmdaáætlun til aldamóta. *Umhverfisráðuneytið í júní 1997.*

Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi 20.8.1999. *Nefnd um endurskoðun framkvæmdaáætlunar um sjálfbæra þróun. Mat á stöðu framkvæmdaáætlunar.* Sótt á slóðina <http://www.umhverfisraduneyti.is/utgefid-efni/1999>



Sjálfbær þróun. Ný stefna fyrir Norðurlönd. Endurskoðuð útgáfa með markmiðum og verkefnum 2005-2008. Pólítískar megináherslur APN 2004:784. *Norden. Norræna ráðherranefndin. Kaupmannahöfn; Rosendahls Bogtrykkeri AS.*

*Skref fyrir skref. Umhverfisvænni lífsstíll. Landvernd/Umhverfisráðuneytið. Sótt í september 2008 á slóðina [http://www.umhverfisraduneyti.is/media/PDF\\_skrar/Skreffyrikskref.pdf](http://www.umhverfisraduneyti.is/media/PDF_skrar/Skreffyrikskref.pdf)*

Skógrækt í skipulagsáetlunum sveitarfélaga.. *Skipulagsstofnun og Skógrækt ríkisins. Sótt í september 2008 á slóðina <http://www.skogur.is/lisilib/getfile.aspx?itemid=1490>*

*SKÓGVIST rannsóknarupplýsingar. Sótt á slóðina <http://www.rannis.is/sjodir/rannsoknasjodur/rannsoknsjodur--frettasida/nr/1187/>*

SKÓGVATN rannsóknarupplýsingar: [www.skogvatn.is](http://www.skogvatn.is)

Skógrækt ríkisins: Þróstur Eysteinsson, Birgir Hauksson, Hallgrímur Indriðason.

Staðardagskrá 21. Skorradalur (2005). *Skorradalshreppur. Fjölrít*

*Stálpastadír, Skorradalsprepp. Fornleifaskráning (2001) Þjóðminjasafn Íslands. Magnús A. Sigurðsson, Rannsóknarskýrslur.*

Stefnumörkun í loftslagsmálum( 2007). Sótt í september 2008 á slóðina :

[http://www.umhverfisraduneyti.is/media/PDF\\_skrar/Stefnumorkun\\_i\\_loftslagsmalum.pdf](http://www.umhverfisraduneyti.is/media/PDF_skrar/Stefnumorkun_i_loftslagsmalum.pdf)

*Stefnumörkun um skógrækt í Skotlandi The Scottish Forestry Strategy. Sótt á slóðina [\\$FILE/SFS2006fcfc101.pdf](http://www.forestry.gov.uk/pdf/SFS2006fcfc101.pdf)*

Svæðisskipulag sveitarfélagana norðan Skarðsheiðar 1997-2017 (1998). *Teiknistofa Guðrúnar Jónsdóttur, Samvinnunefnd um svæðisskipulag norðan Skarðsheiðar og Skipulagsstofnun.*

Tónlistarskóli Borgarfjarðar: Theodóra Þorsteinsdóttir, tölvupóstur 16. mars 2009

Úttekt OECD á stöðu og þróun umhverfismála á Íslandi (2001). Sótt í september 2008 á slóðina <http://www.umhverfisraduneyti.is/utgefid-efni/nr/143>

*Veðurstafa Íslands. Sigrún Karlsdóttir. Tölvupóstur 2. júní 2009*

Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Stefnumörkun til 2020.

*Rammaáætlun með rætur í Ríó-ráðstefnunni um umhverfi og þróun 1992.*

*Umhverfisráðuneytið.*

Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Áherslur 2006-2009. *Fyrsta endurskoðun á stefnumörkun stjórvalda frá 2002. Umhverfisráðuneytið.*

Vernd og endurheimt íslenskra birkiskóga. Skýrsla og tillögur nefndar (2007).

*Umhverfisráðuneytið.*

Verndun svæða, vistgerða og tegunda. Tillögur Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna náttúruverndaráætlunar 2009-2013. Sótt á slóðina

[http://www.ni.is/media/midlunogthjonusta/utgafa/tillogur\\_v\\_naturuv\\_loka.pdf](http://www.ni.is/media/midlunogthjonusta/utgafa/tillogur_v_naturuv_loka.pdf)

Vodafone: Sigurður Ingi Hauksson

Yfirlit um efnahagslega þætti er varða aðgerðir til að takmarka eða draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og aðild Íslands að Rammassamningi S.þ. um loftslagsbreytingar (1999). Unnið af ráðgjafanefnd um efnahgaselga þætti samninga um minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda í apríl 1999.

„Þættir um borgfirska fugla.“ Kristinn Haukur Skarphéðinsson í Borgfirðingabók – ársrit Sögufélags Borgarfjarðar(2004), s. 45 – 57.



## Viðauki I

### Tilgangur og hlutverk mats á umhverfisáhrifum

Í gr. 3.3 í skipulagsreglugerð nr. 400/1998 segir hvernig fjalla beri um lög um mat á umhverfisáhrifum í skipulagsáætlunum.

Í 1. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 segir eftirfarandi:

- „Markmið laga þessara er:
  - Að tryggja að áður en leyfi er veitt fyrir framkvæmd, sem kann vegna staðsetningar, starfsemi sem henni fylgir, eðlis eða umfangs að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, hafi farið fram mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar.
  - Að stuðla að samvinnu þeirra aðila sem hafa hagsmuna að gæta eða láta sig málið varða vegna framkvæmdar sem áhrif hefur á umhverfið.
  - Að kynna fyrir almenningi umhverfisáhrif framkvæmdar sem kann að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og mótvægisáðgerðir vegna þeirra og aða almenningur komi að athugasemdum og upplýsingum áður en úrskurður um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar er kveðinn upp.“

### Framkvæmdir sem alltaf eru háðar mati á umhverfisáhrifum

Í 5. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum segir meðal annars eftirfarandi:

- „Þær framkvæmdir sem tilgreindar eru í 1. viðauka við þessi lög skulu ávallt háðar mati á umhverfisáhrifum.“
  - Liður 20. í 1. viðauka gæti átt við um stefnumörkun sem sett er fram í ASK 2010 - 2022:
    - Efnistaka þar sem áætluð efnistaka raskar  $50.000 \text{ m}^2$  svæði eða stærra eða er  $150.000 \text{ m}^3$  eða meiri. Efnistaka þar sem fleiri en einn efnistökustaður ná til samans yfir  $50.000 \text{ m}^2$  svæði eða stærra. Efnistaka á verndarsvæðum.

### Framkvæmdir sem kunna að vera háðar mati á umhverfisáhrifum

- Í 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum segir meðal annars eftirfarandi: „Framkvæmdir sem tilgreindar eru í 2. viðauka við lög þessi skulu háðar mati á umhverfisáhrifum þegar þær geta haft í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif vegna umfangs, eðlis eða staðsetningar.“ Ef fyrirhuguð framkvæmd fellur undir 2. viðauka er hægt að óska ákvörðunar Skipulagsstofnunar um hvort framkvæmdin teljist matskyld samkvæmt lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.
  - Eftirfarandi liðir úr 2. viðauka gætu átt við um þá stefnumörkun sem sett er fram í ASK 2010 – 2022:
    - Liður 1a. Framkvæmdir til endurskipulagningar á landareignum í dreifbýli sem taka til stærra landsvæðis en 20 ha.
    - Liður 1d. Nýræktun skóga á 200 ha svæði eða stærra eða á verndarsvæðum og ruðningur á náttúrulegum skógi.
    - Liður 3b. Flutningskerfi gass, gufu eða heits vatns; flutningur á raforku með jarðstrengjum utan þéttbýlis sem eru 10 km eða lengri og eru grafnir niður eða lagðir í stokk.



Skipulagsstofnun tekur ákvörðun um matsskyldu framkvæmda og kveður upp úrskurð um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda. Ákvarðanir og úrskurði Skipulagsstofnunar má kæra til umhverfisráðherra.

Í 7. grein sömu laga segir: „*Umhverfisráðherra er heimilt, að fenginni umsögn Skipualagsstofnunar, að mæla svo um í reglugerð að framkvæmd sem ekki er talin upp í 1. og 2. viðauka við lög þessi skuli háð mati ef sýnt þykir að hún geti haft í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Sama gildir um framkvæmd sm varðar alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að. Við ákvöðunina skal ráðherra fylgja viðmiðunum í 3. viðauka við lög þessi og leita álits Skipulagsstofnunar, leyfiveitenda, framkvæmdaraðila og annarra eftir eðli máls hverju sinni.*“



## Viðauki II

### Friðlýsing Vatnshornsskógar

Umhverfisráðherra, Þórunn Sveinbjarnardóttir, undirritaði í janúar 2009 friðlýsingu á 247 ha birkiskógarvistkerfis í landi Vatnshorns í Skorradal. Markmið friðlýsingarinnar og reglur eru eftirfarandi:

#### 2.gr.

Markmið friðlýsingarinnar er að vernda náttúrulegan, lítt snortinn og hávaxinn birkiskóg með gróskumiklum botngróðri, ásamt erfðaeiginleika og erfðafjölbreytileika íslenska birkisins. Á svæðinu er líffræðileg fjölbreytni mikil og þar er fundarstaður sjaldgæfra tegunda, m.a. eini fundarstaður fléttutegundarinnar flókakræðu (*Alectoria sarmentosa* ssp. *sarmentosa*).

Meðal markmiða friðlýsingarinnar er að tryggja að líffræðileg fjölbreytni vistgerða og vistkerfa svæðisins verði viðhaldið með því að vernda tegundir dýra, plantna og annarra lífvera ásamt erfðaaauðlindum sem tegundirnar búa yfir og búsvæði þeirra.

Ennfremur er það markmið friðlýsingarinnar að treysta rannsókna- útvistar- og fræðslugildi svæðisins.

#### 4. gr.

Óheimilt er að spilla náttúrulegu gróðurfari, trufla dýralíf og hrófla við jarðmyndunum og öðrum náttúruminjum í friðlandinu.

Vatnshornsskógar skal vaxa villtur en ekki hirða eins og um nytjaskóg væri að ræða. Þó er heimilt að grisja skógin í þágu náttúruverndar og útvistar í samræmi við markmið friðlýsingarinnar, svo sem vegna stígagerðar og grisjun meðfram stígum.

#### 5. gr.

Vernda skal náttúrulegt gróðurfar og skapa skilyrði til náttúrulegrar endurnýjunar birkis á svæðinu, en ekki skal raska framvindu skógarins. Við endurheimt birkis og umsjón friðlandsins að öðru leyti skal tryggt að ekki sé raskað líffræðilegum fjölbreytileika á svæðinu. Plöntun annarra trjátegunda en staðarafbrigðis birkis er óheimil. Óheimilt er að rækta framandi plöntutegundir í friðlandinu sbr. reglugerð um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda nr. 583/2000.

#### 6. gr.

Mannvirkjagerð, jarðrask og aðrar breytingar á landi eru óheimilar nema með leyfi Umhverfisstofnunar, Skógræktar ríkisins og hreppsnefndar Skorradalshrepps. Til verndar Vatnshornsskógi er jarðrask innan friðlýsta svæðisins, sem truflað getur vistkerfiseiginleika skógarins, óheimilt. Óheimilt er að beita búpeningi innan friðlýsta svæðisins.

Að höfðu samráði við Umhverfisstofnun eru heimilar nauðsynlegar aðgerðir til verndar náttúrulegu gróðurfari svæðisins og þess að almenningur geti notið hins friðlýsta svæðis, t.d. með lagningu stíga, uppsetningu fræðsluskilta, bekkjum og öðrum búnaði í þágu náttúruverndar og útvistar þar sem því verður við komið. Umhverfisstofnun hefur frumkvædi að gerð verndaráætlunar fyrir svæðið þar sem friðlýsingarskilmálar og framkvæmdir tengdar þeim eru útfærðar nánar.



Óheimilt er að urða sorp í friðlandinu eða losa jarðefni eða annan úrgang á svæðinu. Einnig er óheimilt að dreifa lífrænum úrgangi, þ.m.t. lífrænum úrgangi sem getur borið með sér fræ af óþekktum uppruna. Óheimilt er að kveikja eld í friðlandinu.

**7. gr.**

Almenningi er heimil för um svæðið og dvöl þar í lögmætum tilgangi, enda sé góðrar umgengni gætt. Umferð vélknúinna ökutækja í friðlandinu er aðeins leyfð á vegi. Ríðandi mönnum er heimil för um svæðið eftir afmörkuðum reiðleiðum og veg. Heimilt er að fara á reiðhjólum um friðlandið en fylgja skal vegi og stígum, ætluðum til hjóreiða, svo ekki hljótist af náttúruspjöll. Óheimilt er að vera með lausa hunda í friðlandinu.

**8. gr.**

Notkun skotvopna er bönnuð á svæðinu nema til minkaveiða á grundvelli laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994.

**9. gr.**

Skógrækt ríkisins hefur umsjón með svæðinu, en Umhverfisstofnun hefur eftirlit með framkvæmd friðlýsingarinnar. Umhverfisstofnun og Skógrækt ríkisins gera sérstakan samning um umsjón og rekstur friðlandsins, sem umhverfisráðherra staðfestir.

**10. gr.**

Umhverfisráðherra getur, að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar, Skógræktar ríkisins, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Skorradalshrepps, veitt heimild til þess að vikið verði frá reglum þessum í einstökum tilfellum.

**11. gr.**

Brot gegn friðlýsingu þessari varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum sbr. lög um náttúruvernd, nr. 44/1999.



Mynd 36. Í janúar 2009 skrifaði þáverandi umhverfisráðherra undir auglýsingu um friðun Vatnshornsskógar. Heildarstærð svæðis er 250ha. Á myndinni eru í fremstu röð: Þórunn Sveinbjarnardóttir ráðherra og Magnús Jóhannesson ráðuneytisstjóri. Í aftari röð eru fulltrúa svetarstjórnar, skógarvörður og forstjóri Umhverfisstofnunar.



## Viðauki III

### Samkomulag um sameiginlega friðun lands

Skógrækt ríkisins og forráðamenn eftirlalinna jarða og jarðarhluta í Hvalfjarðarstrandarhreppi og Skorradalshreppi gera með sér svosellt

#### Samkomulag um sameiginlega friðun lands

sem tilheyrir eftirtöldum jörðum: Dragháls, Grafardal, afréttarland Akraneskaupstaðar svonefnt kirkjuland, Efstabæ, Fitjum, Bakkakoti, Vatnshorni, Haga, Stóru-Drageyri, Litlu-Drageyri, Indriðastöðum og Selskógi.

Samkomulag er um að reist verði sameiginleg girðing úr Geitabergsvatni í Eiríksvatn og einnig á milli Mófellsstaða og Indriðastaða og þaðan yfir í girðingu Vegagerðar ríkisins við Villingadalsá. Girðingalínan hefur verið merkt inn á uppdrátt sem forráðamenn jarðanna hafa sengið í hendur. Með girðingu þessari er ætlunin að friða fyrir búsjárbeit það land sem innan girðingarinnar verður og tryggja þar betri skilyrði til skógræktar.

Stofnkostnaður og viðhald greiðist samkvæmt hlutfallsskiptingu sem lögð var fram á almennum fundi hinn 12. maí 2002. Yfirlit yfir þessu hlutfallsskiptingu er fylgiblað með samkomulagi þessu. Á þessu fylgiblaði er greiðsluhlutfall hvorrar jarðar skilgreint. Þegar framkvæmdum er lokið verður þessi hlutfallsskipting endurskoðuð með tilliti til endanlegs girðingastæðis. Skógrækt ríkisins annast allt viðhald girðingarinnar til að halda búfé utan hennar. Tilkynna skal til Skógræktar ríkisins um búfé sem vart verður innan girðingar og ber stofnuninni að sjá til þess að það verði fjarlægt við fyrsta tækifæri. Eftirlit að vori skal fara fram svo tímanlega sem kostur er vegna aðstæðna.

Eigendur og/eða umráðamenn ofantalinna jarða skuldinda sig til að hafa ekki gripi innan friðlandsins nema í heldum girðingum á vel grónu landi. Eigendur og/eða umráðamenn ofantalinna jarða samþykka að þær girðingar verði nægilega traustar fyrir þann búpening sem þar verður og í samræmi við gildandi girðingalög.

Samkomulag þetta gildir í 40 ár frá undirritunardegri en aðilar geta á 5 ára fresti óskað endurskoðunar á því. Samkomulaginu skal þinglýst á ofangreindar jarðir á kostnað eigenda.

Með samkomulagi þessu, um sameiginlega girðingu til þess að friða hið afgjerta land í heild fyrir búsjárbeit, hefur enginn aðilanna afsalað sér neinum þeim réttindum sem hann á yfir landi sinu samkvæmt gildandi lögum, samningum eða öðrum heimildum, svo sem um umferð almennings, mannvirkjagerð eða stærð þeirra beitarhólfra sem hann vill gera fyrir búfé. Á sama hátt fer sér hver landeigandi eða umráðamaður með forsvar fyrir sitt land eins og verið hefur, þrátt fyrir samkomulag þetta, að örðu leyti en því að Skógrækt ríkisins annast viðhald girðingar þessarar eins og áður getur og kemur fram fyrir hönd aðilanna allra hvað hana varðar.

Þau sveitarfélög, sem lönd ofangreindra jarða eru í, skuldbinda sig til að vinna að breytingu á fjallskila-reglugerð þannig að fjallskilavöð falli af því landi þessara sömu jarða, sem er utan hins friðaða lands.

Þannig samþykkt hinn \_\_\_\_\_ október 2002,

f.h. Skógræktar ríkisins

vegna Dragháls	vegna Grafardals
vegna Efstabæjar	vegna Fitja
vegna Efstabæjar	vegna Fitja
vegna Vatnshorns	vegna Haga
vegna Vatnshorns	vegna Haga
vegna Stóru-Drageyrar	vegna Indriðastaða
vegna afréttarlands Akraneskaupstaðar	vegna Litlu-Drageyrar
vegna Bakkakots	vegna Selskógs
f.h. Hvalfjarðarstrandarhrepps	f.h. Skorradalshrepps



## Viðauki IV

### Grunnástand og viðmið til grundvallar mati á áhrifum áhrifaþátta á umhverfisþætti.

Umhverfisþáttur	Grunnástand (kaflar greinargerð)	í	Viðmið til grundvallar mati á áhrifum áhrifaþátta Mun áhrifaþáttur hafa áhrif á ...
Landslag og jarðmyndanir	1.1 og 1.8		Viðkvæm svæði? Svæði sem lúta verndun með einhverjum hætti?
Vistkerfi, vistgerðir, búsvæði	1.6 og 1.8		Viðkvæm svæði? Svæði sem lúta verndun með einhverjum hætti? Stærð svæða? Mikilvægi svæða? Votlendissvæði? Sjaldgæf vistkerfi, vistgerðir eða búsvæði? Válistategundir?
Gróðurfar	1.6		Viðkvæm svæði? Svæði sem lúta verndun með einhverjum hætti? Stærð svæða? Mikilvægi svæða? Líffræðilegan fjölbreytileika? Votlendissvæði? Sjaldgæf vistkerfi, vistgerðir eða búsvæði? Válistategundir?
Fiskistofnar, vatna-, dýra- og fuglalíf	1.6		Líffræðilegan fjölbreytileika? Sjaldgæfar tegundir? Válistategundir?
Þjóðminjar	2.1		Stærð svæða? Friðuð svæði? Mikilvægi svæða? Húsvernd?
Samfélag og atvinnulíf	2.2 og 2.4		Fjölða starfa? Fjölbreytni starfa? Samsetningu samfélags? Fjölða íbúa? Fjölða dvalaresta?
Útvist og ferðaþjónusta	2.4		Upplifun íbúa og ferðamanna? Aðgengi? Fjölða ferðamanna? Samsetningu ferðamanna? Lengd dvalartíma? Fjölbreytileika í afþreyingu?
Heilsa og öryggi			Heilsufar íbúa og/eða dvalaresta? Öryggi íbúa og/eða dvalaresta?
Samgöngur	2.5		Aðgengi gangandi, ríðandi og hjólandi vegfarenda? Ferðavenjur og fjöldi ferða? Vegalengdir? Gæði samgöngumannvirkja?
Neysluvatn	2.7		Vatnsgæði? Vatnsmagn/Vatnsstöðu? Vatnsnotkun?
Mengun			Sjónræn gæði? Loftgæði? Hljóðvist? Jarðveg? Ár og/eða læki? Grunnvatn? Gróður og/eða dýralíf?
Önnur landnotkun			Áhrif á áðra landnoktun?



## Viðauki V

### Athugasemdir og svör hreppsnefndar

#### 1. Ár 2010, vinnutillaga

Athugasemdir og ábendingar umsagnaraðila við vinnutillögu að Aðalskipulagi Skorradalshrepps 2010-2022, dags. í júlí 2010 (tillagan var send þeim í ágúst 2010) og viðbrögð hreppsnefndar Skorradalshrepps við þeim.

Umsagnaraðild/ dags. athugasemda / efni athugasemda:	Meðferð sveitarfélagsins
<i>Landhelgisgæsla Íslands</i> / tölvupóstur 10. sept. 2010 / Engin athugasemd	Engin
<i>Isavia</i> / 11. ágúst 2010 / Engin athugasemd	Engin
<i>Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið</i> / 1. október 2010 / Engin athugasemd	Engin
<i>Orkustofnun</i> / 17. ágúst 2010 / Engin athugasemd	Engin
<i>Fornleifavernd ríkisins</i> / 30. ágúst 2010 / Skyld er að skrá fornleifa áður en gengið er frá aðalskipulagi, en ekki er hægt að varpa þeirri ábyrgð yfir á deiliskipulagsgerðinni. Skráning sem unnin var af Fornleifastofnun Íslands 1996 er svokölluð svæðaskráning, en ekki hefur verið gerð vettvangsathugun.	Í kf. 4.13 tvennskonar viðbrögð: Samið skuli við fagaðila um skráningu fornleifa og menningarminja á þjóðminjasvæðum í Fram-Skorradal. Almennt skal fornleifaskráningu fyrir hreppinn allan vera lokið árið 2018.
<i>Vegagerðin</i> / 27. ágúst 2010 / Bent er á að vegaflokkurinn „safnvegur“ er ekki lengur til. Vegur sem tilgreindur er safnvegur er „héraðsvegur“. Farið er fram á að náma við Dragá nr. 5500109 verði áfram opin.	Tvennskonar viðbrögð: Í kf. 2.6. leiðr. á vegaflokki í héraðsveg. Í kf. 4.8 er tilgreind þessi náma nr. 13.
<i>Hvalfjarðarsveit</i> / 9. september 2010 / Óskað eftir frest til að skila athugasemdum fram yfir fund sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar 14. september 2010.	Sjá næsta svar
<i>Hvalfjarðarsveit</i> / 16. september 2010 / Sveitarfélagsmörkin falla ekki að hvoru öðru.	Tekið er fram á aðalskipulagsuppdrætti að sveitarfélagsmörkin séu ónákvæm.



<p><i>Borgarbyggð / 10. september 2010 / Sveitarfélagsmörkum ber ekki saman / Bent er á að virkjanir falla undir iðnaðarsvæði. Andakílsárvirkjun er í ask. Skorradalshrepps athafnasvæði en í ask. Borgarbyggðar iðnaðarsvæði / Bent er á ósamræmi reiðleiða á sveitarfélagsmörkum / Bent er á ósamræmi nokkur örnefni.</i></p>	<p>Tekið er fram á skipulagsuppdraðetti að sveitarfélagamörkin séu ónákvæm. Einungis stíflumannvirkin eru iðnaðarssvæði 4.7 að skilningi hreppsnefndar. Svæðið sem um ræðir er athafnasvæði 4.6 í skilningi hreppsnefndar. Manngert lón A.virkjunar áfram efnistaka. Reiðleiðir samræmdar á uppdrætti. Örnefni leiðrétt á uppdrætti.</p>
<p><i>Landsnet / 20. september 2010 / Farið er frá á að við kaflan um frístundabyggð og kaflann um skógræktarsvæði verði bætt við eftifarandi setningum: „Við skipulag frístundabyggðasvæða skal virða helgunarsvæði háspennulína og tryggja að byggingarlóðir og leiksvæði verði ekki skipulögð innan þess svæðis. Jafnframt skal tryggja greiðan aðgang að línum vegna eftirlits, viðhalds og viðgerða. Um getur verið að ræða ýmiss vélknúin tæki, allt eftir eðli verkefna hverju sinni“. „Skógrækt sé ekki viðhöfð innan helgunarsvæðis háspennulína. Þess sé og gætt að plönturnarái sér ekki innan helgunarsvæðis. Einnig þarf að tryggja aðgengi meðfram línum til viðhalds og eftirlits. Um getur verið að ræða ýmiss vélknúin farartæki, allt eftir eðli verkefna hverju sinni“. Þá er bent á skilgreiningu helgunarsvæða háspennulína. / Bent er á að Landsnet á og rekur háspennulínur, en ekki Landsvirkjun.</i></p>	<p>Ekki er orðið við kröfunni um „helgunarsvæði“, þar sem það er skilningur hreppsnefndar að semja verði við landeigendur í hverju tilfelli fyrir sig.</p> <p>Leiðrétt: Landsnet í stað Landsvirkjunar</p>
<p><i>Húsaþriðunarnefnd / 15. september 2010 / Lagt er til að í fyrirhugaðri vinnu við gerð húsakönnunar verði elstu sumarbústaðirnir einnig skoðaðir með tilliti til varðveislugildis.</i></p>	<p>Ábendingu komið á framfæri. Vinna við húsakönnun stendur yfir.</p>
<p><i>Umhverfisstofnun / 16. nóvember 2010 / 1) Almannaréttur: talið er brýnt að mörkuð verði skýr stefna um það hvar bátaskýli megi vera og hver fjöldi þeirra megi vera að hámarki. 2) Talið er vanta umfjöllun um hvernig neysluvatn fyrir ný íbúðar- og frístundasvæði verði tryggt. 3) UST telur þörf á að gera grein fyrir áætlaðri efnisþörf innan sveitarfélagsins og nauðsyn þess að hafa 25 námur í aðalskipulagi þess. 4) Óskað er eftir nánari skilgreiningu á hvað er átt við með</i></p>	<p>1) Í kf. 4.3 er stefnt að úttekt á stöðu bátaskýla við Skorradalsvatn fyrir 2014 sem beinist m.a. að útliti, fjarlægð frá vatnsakka, staðsetningu í landslagi og mögulega öðrum lausnum fyrir bátaeigendur.</p> <p>2) Í kf. 4.2 og 4.3 segir að í deiliskipulagi eða þegar sótt er um byggingarleyfi skuli gera grein fyrir vatnsöflun neysluvatns og til brunavarna og sýna nærsvæði vatnsbóla</p> <p>3) Í 4.8 er tekið fram að efnistaka sé helst úr árfarvegum og minniháttar, einkum á eyrar-</p>



<p>orðalaginu „Í eða við“ vatnið“ á bls. 63. 5) Á skipulagsupprætti eru tvö efnistökusvæði í Fitjaá staðsett innan svæðis á náttúruminjaskrá. UST óskar eftir því að fá þennan þátt skipulagssins aftur til umsagnar á seinni stígum skipulagsgerðar. 6) Stofnunin telur brýnt að tæming allra rotþróa fara fram þriðja hvert ár í ljósi þess að Skorradalsvatn er skilgreint sem viðkvæmur viðtaki. 7) Talið er að fjalla eigi um söfnun og meðhöndlun frárennslis frá landbúnaði vegna dýrasaurs, hlands og mykju frá húsdýrum. Þá er lagt til að í ask. verði mörkuð stefnu um takmörkun á notkun húsdýraáburðar og ólífraens áburðar á tún næst Skorradalsvatni. 8) Talið er mikilvægt að á móttökustöðum fyrir sorp verði sér gámur fyrir spilliefni. Þá er bent á að ekki komi fram hvort og þá hvar mottaka sé staðsett innan svæðisins fyrir úrgang á borð við dýrahræ frá landbúnaði. 9) Talið er að skýra þurfi betur hvað hugtakið umhverfisvíslar standur fyrir. 10) Koma þarf fram að skyld sé að halda jarðraski í lágmarki svo að náttúrulegur gróður fari sem minnst forgörðum. 11) Greina þarf frá mótvægisáðgerðum vegna stefnu um íbúðarbyggð og frístundabyggð. 12) Útbúa á heilsteypt vöktunaráætlun vegna mengunar. 13) Athugun á lífríki Fitjaár þarf að fara fram áður en vegaframkvæmd við framlenging Fellsvegar hefjist.</p>	<p>og ósasvæðum þar sem upphleðsla verður. Eðli málsins skv. eru efnistökusvæðin því mörg og fremur smá. 4) Í kf. 4.8 er „Í eða við vatnið“ breytt. 5) Efnistökusvæðin við Fitjaá koma til umsagnar UST við framkvæmdir. 6) Í kf. 4.17 er sett stefna um tæmingu rotþróa á 3ja ára fresti. 7) Í kf. 4.18 vísað í viðbrögð við reglugerð um úrgang og spilliefni og Staðardagskrá 21. 8) Ekki fyrirhugað að koma á móttöku fyrir spilliefni. 9) Hugtakið „umhverfisvísl“ er skilgr. í umhverfisskýrslu. 10) Ítrekað í „meginmarkmiðum“ og kf. 4.2 og 4.3. 11) Mótvægisáðgerðir felast fyrst og fremst í skyldu við að halda jarðraski í lágmarki og vöktun mengunarhættu. 12) Þetta er gert í samráði við UST. 13) Fer vætanlega í umhverfismat.</p>
<p><i>Veiðimálastofnun / 13. september 2010 /</i> Gert er athugasemd við efnistökusvæði í Fitjaá neðan við Keilufoss. Lagt er til að gerð verði úttekt á fyrirhuguðum nýjum efnistökusvæðum. / Bent er á að gæta skal þess að þverun vatnsfalla hindri ekki för fiska og raski ekki botngerð þverunarstaðs. / Hvatt er til að sett verði upp vöktunaráætlun fyrir Skorradalsvatn.</p>	<p>Í kf. 4.8 er listi efnistökusvæða. Öll svæði við Fitjaá fylgja reglum um leyfisskyldu sjá töflu.</p> <p>Í kf. 4.17 er mörkuð stefna um rannsóknir á mengun frá rotþróm í Skorradalsvatni og Andakílsá.</p>
<p><i>Skipulagsstofnun / 16. september 2010</i> 1) Skýra þurfi betur töflu í kafla 4.1. „Óráðstöfuð heimild til deiliskipulag...“ 2) Skýra þarf hvort átt er við allt land sveitarfélagsins, jarðir eða einstök svæði í sambandi við umfjöllun á bls. 53 um gerð</p>	<p>1) Engin viðbrögð 2) Í kf. 4.1 er lagfært orðalag um skógræktaráætlanir „umfram 20 ha“ 3) Orðalag skýrt betur í kf. 4.2 og 4.3 4) Huglægt mat liggur til grundvallar stefnu um fjölda íbúðar- og frístundahúsa.</p>



<p>skógræktaráætlunar. 3) Endurskoða þarf orðlag um stök íbúðarhús og frístundahús á bújörðum á bls. 55 og 60. Útskýra þarf betur töflur 8 og 11. 4) Gera þarf nánari grein fyrir því hvaða forsendur og greining liggur að baki stefnu um fjölda íbúðar- og frístundahúsa. Uppfæra þarf upplýsingar um fjölda frístundahúsa. 5) Að mati Skipulagsstofnunar þarf að koma fram hvort eða hvernig aðgangur að vatni á nýjum íbúðar- og frístundabyggðarsvæðum verði tryggður. 6) Talið er að fram þurfi að koma hvað sveitarfélagið sér fyrir sér mikinn fjöldu bátaskýla við vatnið og hvar þeim sé best fyrirkomið. Nákvæmar reglur um bátaskýli eiga ekki heima í Æðalskipulag. 7) Umfjöllun um svæði 238 á náttúruminjaskrá vantar. 8) Í kafla 4.13 um Þjóðminjaværndarsvæði kemur fram að engar friðaðar fornminjar sé að finna. Rétt er að engar friðlýstar fornminjar eru í Skorradal. 9) Ekki öll hverfisverndarsvæði eru lýst. 10) Í kafla 4.17 kemur fram að borhola á Stóru-Drageyri sé merkt með rauðum punkti. Á uppdrætti er merkt iðnaðarsvæði á Stóra-Drageyri. 11) Starfsemi Hreppslaugar rúmast betur á verslun- og þjónustusvæði heldur en svæði fyrir þjónustustofnanir. 12) Skýra þarf betur hugtakið „umhverfisvísir“. 13) Koma á fram í Umhverfisskýrslu að niðurfelling Svæðisskipulags norðan Skarðsheiðar 1997-2017 er í auglýsingi. 14) Gera þarf grein fyrir því til hvaða aðgerða verður gripið til að draga úr eða koma í veg fyrir neikvæð umhverfisáhrif. 15) Í vöktunaráætlun þarf að koma fram hvað þurfi að vakta, hver beri ábyrgð á vöktunni og hversu oft hún skuli fara fram. Þá þarf að huga að viðbrögðum við neikvæð umhverfisáhrif. 16) Horfa á til samlegðaráhrifa áætlunarinnar. 17) Birta þarf samantekt umhverfisskýrslu sbr.j-lið í 6. gr. laga um umhverfismat áætlana.</p>	<p>Í kf. 2.3 er uppfærður fjöldi frístundahúsa í dalnum (um 540 talsins). Sett sem skilyrði í deiliskipulagi. 6) Stefnt er að mótn stefnu um bátaskýli á grundvelli úttektar (sjá kf. 4.3) 7) Fjallað er um svæði 238 í kf. 1.5 og vísað í skrána í kf. 4.12. 8) Leiðrétt í „friðlýstar“. 9) Lagfært. 10) Lagfært. 11) Lagfært. 12) Sjá umhverfisskýrslu. 13) Sjá umhverfisskýrslu. 14) Sjá greinargerð Skorradalshrepps í umhverfisskýrslu. 15) Tekið til frekari umræðu. 16) Sjá umfjöllun um samlegðaráhrif í kafla III um Sérstakar forsendur. 17) Sjá umhverfisskýrslu.</p>
<p>Skógrækt ríkisins / 10. September 2010 / 1) Vegna umræðu á bls. 53, kafla 4.1. Skógræktaráætlun verður að fjalla um markmið og leiðir skógræktar en ekki aðeins þau atriði sem skógrækt þarf að taka tillit til. 2) Vegna umræðu á bls. 54 kafla 4.1. Talið er</p>	<p>1) Ekki er ástæða til viðbragða. 2) Ekki er ástæða til viðbragða. 3) Lagfært í kafla. 2.3 og töflu 3. 4) Ekki er ástæða til viðbragða 5) Farið er að reglum um efnistökusvæði</p>



að krafa um deiliskipulagning 20 ha spildna sé íþyngjandi og mun virkja hamlandi á skógrækt í sveitarfélagini. Sr. telur áformin ganga þvert á viðmið í umhverfisskýrslu. 3) Athugasemdir er varðar eignahald jarða og upplýsingar í töflum. 4) Sr. mótmælir því að lönd í eigu eða umsjá henner verði hverfisvernduð. 5) Sr. leggst gegn efnistökusvæði í Fitjaá í landi Fitja og Bakkakots.

**2. Ár 2010, Aðalskipulag Skorradalshrepps 2010-2022, auglýst tillaga.**

Athugasemdir við auglýsta tillögu að Aðalskipulagi Skorradalshrepps 2010-2022, sem auglýst var 22.12.2010.

Umsagnaraðild/dags. athugasemda/ efni athugasemda:	Meðferð sveitarfélagsins:
<i>Félag sumarhúsa eigenda í Hvammi / 16.febrúar 2011 / 1) Mótmælt er að gert sé ráð fyrir nokkurri byggð ofan vegar. Lýst er yfir áhyggjum vegna skorts á neysluvatni 2) Greint er frá því „að almennt eru áhyggjur af því að byggðin við Skorradalsvatn sé þegar orðin mikil og að ekki sé ábætandi með tilliti til mengunar og annarra umhverfisþáttu“. 3) Minnt er á rétt sumarhúsa eiganda til að nýta svæði fyrir neðan Hvammsbæinn sem útvistarsvæði og bátlægi til samræmis við gildandi deiliskipulag.</i>	1) Bent á að nægt neysluvatn er forsenda þess að deiliskipulag verði samþykkt. 2) Það er eitt af meginmarkmiðum hreppsnefnar að gera vöktunaráætlun fyrir valda umhverfisþætti. 3) Bent er á að umrædd útvistarsvæði er innan deiliskipulagsmarka frístundarbyggðarinnar og að engin breyting verði á skilgreiningu þess með aðalskipulaginu.
<i>Landsamband hestamannafélaga/ 7. febrúar 2011 / Bent er á að ósamræmi sé á milli reiðleiða í aðalskipulagi Skorradalshrepps 2010-2022 og aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2008-2020 á nokkrum stöðum.</i>	Reiðleið verður sýnd meðfram Dragavegi. Jafnframt verður skoðað hvað valdi ósamræmi í skilgreiningu annarra reiðleiða og brugðist við eftir atvikum, en taka þarf tillit til staðsetninga á hliðum sem eru á girðingu frá Indriðastöðum austur að Eiríksvatni.
<i>LEX lögmannsstofa / 22. Febrúar 2011 / 1) Gerð er athugasemd við það meginmarkmið hreppsnefnar að skilgreina landnotkun fyrst og fremst til landbúnaðar og að skilgreina lóðir sem hlunnindi jarða. Jafnframt er því mótmælt að Skipulagsstofnun hafi ekki gert athugasemdir við framangreinda hlunnindaskilgreiningu lóða og skilgreiningin talin brot gegn „eignaréttindum landeigenda“ og „ráðstöfunarheimildum“. 2) Gerðar eru „verulegar athugasemdir“ við sérstakar forsendur sem fram koma í kafla III. 3) Gerðar eru „verulegar athugasemdir við þær takmarkanir sem lagðar eru á land ofan vegar á jörðinni og til fjalla.“ Núverandi og fyrri eigendur jarðarinnar hafi áformað og unnið að því að „skipuleggja dreifða frístundabyggð. Með stefnu aðalskipulags Skorradalshrepps sé búið að loka með öllu móti fyrir einhverskonar frístundabyggð á</i>	1) Sveitarstjórn telur ekki ástæðu til að breyta fyrirliggjandi tillögu vegna athugasemdarinnar. 2) Sveitarstjórn telur ekki ástæðu til að breyta fyrirliggjandi tillögu vegna athugasemdarinnar. 3) Sveitarstjórn telur ekki ástæðu til að breyta fyrirliggjandi tillögu vegna athugasemdarinnar. 4) Hreppsnefd minnir á að hún hefur aldrei samþykkt skipulag frístundabyggðar ofan Skorradalsvegar í landi Hvamms. Hún hefur því ekki brotið gegn 33.gr. laga nr. 73/1997 hvað þetta atriði varðar.




öllum efri hluta landsins.“ Ennfremur kemur fram sá skilningur að skipulag lands ofan Skorradalsvegar „skuli vera útvistarsvæði fyrir alla byggð í dalnum og takmarkanir á nýtingu jarðarinnar umfangsmeiri af þeim sökum heldur en á öðrum jörðum í dalnum.“ 4) Sú athugasemd er gerð að samþykkt fyrirliggjandi aðalskipulagstillögu í óbreyttri mynd kunni að leiða af sér skaðabótaskyldu hreppsnefndar vegna skerðingar á eingarréttindum landeiganda og rýrnum verðmæta.	
<i>Landslög lögfræðistofa / 24. febrúar 2011 / Farið er fram á að 7 ha spilda lands úr landi Hvamms ofan Skorradalsvegar við merkin að Dagverðarnesi, sem nefnd er Lynghvammur, verði ekki skilgreind sem opið skógræktarsvæði til sérstakra nota, heldur „verði breytt í sumarbústaðaland“.</i>	Sveitarstjórn telur ekki ástæðu til að breyta fyrirliggjandi tillögu vegna athugasemdarinnar.
<i>Pálmi Ingólfsson / 20. febrúar 2011 / Bent er á að merki fyrir neysluvatnstöku á áreyrum, austast í landi Hálsa vanti inn á aðalskipulags-uppdrátt og óskað er leiðréttigar á þessu.</i>	Sveitarstjórn telur ekki ástæðu til að breyta fyrirliggjandi tillögu vegna athugasemdarinnar.
<i>Bjarni Guðmundsson / 22. febrúar 2011 / 1) Gerð er athugasemd við tjaldsvæðið og „óhæfilegum grenndaráhrifum sem umræddur rekstur hefur á Þrætueyri með margvíslegu ónæði og ágangi.“ 2) Bent er á að „rask í farveginum ofan landareignar okkar leiðir til þess að losað er um efni sem í vatnavöxtum berast niður farveginn og sest þar til, með þeim afleiðingum að hann fyllist þannig að áin hleypur úr honum og ber grjót og möl inn á gróið land. 3) Talið er að almennur umferðarréttur um vatnsbakka skv. 23. gr. náttúruverndarlaga nr. 41/1999 eigi ekki við umræddar landareignir. 4) Bent er á að á uppdrætti hafi orðið ruglingur með merkingu Þrætueyrar og Djúpalækjarmýrar. 5) Bent er á að sýnt sé frístundasvæði í landi Djúpalækjarmýrar sem á að vera landbúnaðarland. 6) Nefnt er að „tún Þrætueyrar er ekki sýnd á uppdrættinum“.</i>	1) Sveitarstjórn telur ekki ástæðu til að breyta fyrirliggjandi tillögu vegna athugasemdarinnar. 2) Sveitarstjórn telur ekki ástæðu til að breyta fyrirliggjandi tillögu vegna athugasemdarinnar. 3) Sveitarstjórn telur ekki ástæðu til að breyta fyrirliggjandi tillögu vegna athugasemdarinnar. 4) Athugasemdinni er komið á framfæri við skipulagsráðgjafa. 5) Tekið er tillit til athugasemdarinnar og landnotkun spildanna breytt í landbúnaðarland. 6) Tún >1 ha verða sýnd á skipulagsuppdrætti. 7) Sveitarstjórn telur ekki ástæðu til að breyta fyrirliggjandi tillögu vegna athugasemdarinnar. 8) Sveitarstjórn telur ekki ástæðu til að breyta fyrirliggjandi tillögu vegna athugasemdarinnar.



7) Kallað er eftir umfjöllun um lúpínu. 8) Kallað er eftir rökstuðningi fyrir því að efnt verði „til rasks í Vatnshornsskógi til þess að gera „flóttaleið“ vegna gróðurelda.“	
<p><i>Runólfur V. Gunnlaugsson, Þórdís Magnúsdóttir, Jónas Snæbjörnsson og Jón M. Benediktsson/ 21. febrúar 2011 / 1)</i></p> <p>Gerð er athugasemd við að „opið svæði, skógræktarsvæði og þjónustusvæði, sem liggja miðsvæðis í landi Dagverðarness neðan Skorradalsvegar, er tekið undir fristundabyggð.“</p> <p>2) Gerð er athugasemd við að ekki komi fram „hversu mörgum lóðum er áformað að bæta við núverandi byggð“. 3) Talið er að núverandi vegakerfi „sem er í umsjá sumarhúsafélagsins á svæðinu“ þoli ekki aukna umferð. 4) Lagst er „gegn hugmyndum um þéttingu lóða neðan Skorradalsvegar“ þ.e. svæðið sé í gildandi aðalskipulag Dagverðarness „frátekið sem opið svæði eða skógrækt“. 5) Farið er fram á að frestur til að skila inn athugasemdu verði framlengdur til 1. apríl.</p>	1) Sveitarstjórn telur ekki ástæðu til að breyta fyrirliggjandi tillögu vegna athugasemdarinnar. 2) Sveitarstjórn telur ekki ástæðu til að breyta fyrirliggjandi tillögu vegna athugasemdarinnar. 3) Sveitarstjórn telur ekki ástæðu til að breyta fyrirliggjandi tillögu vegna athugasemdarinnar. 4) Sveitarstjórn telur ekki ástæðu til að breyta fyrirliggjandi tillögu vegna athugasemdarinnar. 5) Sveitarstjórn telur ekki ástæðu til að breyta fyrirliggjandi tillögu vegna athugasemdarinnar.
<p><i>Haukur Engilbertsson / 20. febrúar 2011 / 1)</i></p> <p>Bent er á að landamerki og örnefni séu ekki rétt staðsett á uppdrætti og að reiðleið meðfram þjóðvegi að Vatnsenda vanti. 2) Óskað er eftir því að málarnáma verði skilgreind neðst í Vatnsendaengi austan Kaldár og sunnan Andakílsára.</p>	1) Þessar ábendingar hafa verið sendar til skipulagsráðgjafa. 2) Sveitarstjórn telur ekki ástæðu til að breyta fyrirliggjandi tillögu vegna athugasemdarinnar.
<p><i>Dagverðarnes ehf./ 21. febrúar 2011 / Óskað var eftir fundi með sveitarstjórn til að ræða ýmis mál.</i></p>	Fundur hefur verið haldinn.
<p><i>Skipulagsstofnun / 18. febrúar 2011 / Bent er á „að upplýsa þurfi um hvenær áætlað sé að vöktunaráætlunin verði tilbúin og vöktun geti hafist“ vegna hugsanlegra neikvæðra áhrifa á náttúrufarslega þætti sem áætlunin hefur í för með sér. / Ítrekað er að skýra þurfi „með hvaða hætti umhverfisvízar eru notaðir í umhverfismatinu“.</i></p>	Hreppsnefnd hefur sett sér það sem hluta af meginmarkmiðum að fyrir liggi áfangaskipt vöktunaráætlun fyrir valda umhverfisþætti árið 2013 svo vöktun geti hafist./ Athugasemdinni er komið á framfæri við skipulagsráðgjafa.



--	--



### Kort 13. Aðalskipulagsuppdráttur 2010-2022 smækkaður